ÍSAFJARÐARBÆR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Desember 2009

Skipulagsáætlunin er unnin fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Teiknistofan Eik ehf.
Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður
s. 4560160 • www.teiknistofan.is

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br., var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann _____

_____

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

þann _____

_____

_____

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra

þann _____

_____

_____

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Staðfesting á þátttöku hagsmunaaðila í skipulagshópi

Undirritaðir eru fulltrúar hagsmunaaðila í skipulagshópum, sem unnið hafa að Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Þeir eru sammála þeirri meginstefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, m.t.t. hagsmuna þess félags eða hóps sem þeir eru fulltrúar fyrir. Ágreiningur getur þó verið um afmarkaða þætti þess. Fulltrúar skipulagshópanna bera ekki ábyrgð á aðalskipulaginu, að hluta eða í heild, enda er það á forræði sveitarstjórnar, í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.br. og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. Sjá nánari upplýsingar um hagsmunaaðila í töflum 1.2. og 1.3.

Ísafirði 3.2. 2010

Skipulagshópur sunnan Djúps

F.h. umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar

F.h. Landverndar

F.h. Íbúasamtakanna Átaks á Þingeyri

F.h. fatlaðra og eldri borgara

F.h. Íbúasamtaka Önundarfjarðar

F.h. innflytjenda

F.h. íbúa á Suðureyri

F.h. Miðbæjarsamtaka Ísafjarðar

F.h. Íbúasamtakanna í Holtahverfi

F.h. Ferðamálasamtaka Vestfjarða

F.h. Íbúasamtakanna í Hnífsdal

F.h. Búnaðarsambands Vestfjarða

F.h. íbúa á Eyrinni og Efribæ á Ísafirði

F.h. Sjávarútvegsklasa Vaxtarsamnings Vestfjarða

F.h. Héraðssambands Vestfirðinga

F.h. Menntunar og rannsókna

F.h. hestamannafélaganna Storms og Hendingar

Skipulagshópur norðan Djúps

F.h. Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar

Landvörður í Hornstrandafriðlandi

F.h. Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

F.h. Skorar, landeigendafélags

F.h. Landeigendafélags Snæfjallastrandar

F.h. Átthagafélags Sléttuhrepps

F.h. Grunnvíkingafélagsins

F.h. Landverndar

F.h. Ferðamálasamtaka Vestfjarða

F.h. Samtaka Útivistarfélaga

Efnisyfirlit

INNGANGUR 10
1 AÐALSKIPULAG 11
1.1 Skipulagssvæðið 11
1.2 Framsetning 11
1.3 Vinnuferli 12
1.4 Samráð og þátttaka hagsmunaaðila 12
1.5 Afgreiðsla skipulagsins 16
1.6 Umhverfismat 18
1.7 Framkvæmd og eftirfylgni 20

LEIÐARLJÓS OG MARKMIÐ 21
NÁTTÚRA 23
2 STAÐHÆTTIR 24
2.1 Jarðfræði 24
2.2 Veðurfar 24
2.3 Gróður 26
2.4 Dýralíf 27
3 NÁTTÚRUVÁ 28
3.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof 28
3.2 Ofanflóð 29
4 LÍFRÍKI OG LANDSLAG 35
4.1 NÁTTÚRUMINJAR 35
4.1.1 Hverfisvernd í dreifbýli og friðlýst svæði 41
4.2 Skógrækt 46
5 VATN , LOFT OG HLJÓÐ 51
6 ÓBYGGÐ SVÆÐI 54

SAMFÉLAG 55
7 BYGGÐ 56
7.1 Saga byggðar 56
7.2 Íbúaþróun 57
7.2.1 Íbúafjöldi 57
7.2.2 Samsetning íbúafjölda 59
7.3 Menningar- og búsetuminjar 62
7.4 Byggð í þéttbýli 70

Efnisyfirlit frh.

7.4.1 Yfirbragð byggðar ... 70
7.4.2 Íbúðarsvæði ... 72
7.4.3 Miðsvæði ... 78
7.4.4 Hverfisvernd í þéttbýli ... 80
7.5 Byggð í dreifbýli ... 84
7.5.1 Eignarhald og landamerki ... 84
7.5.2 Lögbýli í ábúð ... 86
7.5.3 Eyðijarðir ... 87
7.5.4 Frístundabyggð ... 88

8 ATVINNA ... 99
8.1 Atvinnuþróun ... 99
8.2 Sjávarútvegur ... 101
8.2.1 Veiðar ... 101
8.2.2 Eldi ... 103
8.3 Hafnarsvæði ... 103
8.4 Landbúnaður ... 106
8.5 Ferðaþjónusta ... 111
8.6 Verslun og þjónusta ... 117
8.7 Iðnaðar- og athafnasvæði ... 120
8.8 Efnistaka og vinnsla ... 128

9 FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL ... 132
9.1 Skólar og íþróttahús ... 132
9.1.1 Leik- og grunnskólar ... 132
9.1.2 Framhaldsskólar ... 133
9.1.3 Háskólastofnanir ... 133
9.1.4 Aðrir skólar og þekkingarsetur ... 134
9.1.5 Íþróttahús og sundlaugar ... 135
9.2 Menning ... 138
9.2.1 Söfn og menningarhús ... 138
9.2.2 Kirkjur og kirkjugarðar ... 140
9.2.3 Vitar ... 145
9.3 Félags- og heilbrigðismál ... 146

10 ÚTIVIST, OPIN SVÆÐI OG ÍÞRÓTTIR ... 150
10.1 Hverfisvernd - skrúðgarðar ... 157

Efnisyfirlit frh.

INNVIÐIR 158
11 VEITUR OG SORP 159
11.1 Sorp 159
11.2 Veitur 164
11.2.1 Vatnsveita 164
11.2.2 Hitaveita 165
11.2.3 Fráveita 165
11.2.4 Rafveita 166
11.2.5 Fjarskipti 170
12 SAMGÖNGUR 172
12.1 Þróun samgangna 173
12.2 Göngu- og hjólaleiðir 174
12.3 Reiðleiðir 175
12.4 Gatnakerfi í þéttbýli 176
12.5 Vegir og jarðgöng 177
12.6 Almenningssamgöngur 186
12.7 Hafnir 187
12.8 Flugvellir 192
Heimildaskrá 196

inngangur

Í þessum fyrsta hluta greinargerðarinnar er fjallað um framsetningu og vinnuferli aðalskipulagsins. Auk þess er fjallað um framkvæmd og eftirfylgni aðalskipulagsins.

1 AÐALSKIPULAG

Þann 1. janúar 1998 gengu í gildi ný skipulags- og byggingarlög. Þar segir að í aðalskipulagi skuli fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Í aðalskipulagi skal marka stefnu um framtíðarþróun viðkomandi sveitarfélags og leggja grunn fyrir deiliskipulag. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 ber að fjalla um stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Helstu verkþættir við gerð aðalskipulags eru; tillögugerð, umhverfismat, kynning, samráð og ákvarðanataka. Í skipulags- og byggingarlögum og lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, er skýrt kveðið á um mikilvægi sjálfbærrar þróunar við nýtingu, stefnumörkun og áætlanagerð.

1.1 Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar. Sveitarfélagið nær til norðvesturhluta Vestfjarða, þ.e. frá Geirólfnúpi í norðri að Langanesi í Arnarfirði í suðri, að landi Bolungarvíkurkaupstaðar undanskildu. Sveitarfélagið skiptist í tvö landfræðilega aðskilin svæði, sem eru annars vegar norðan og hins vegar sunnan eða vestan Ísafjarðardjúps. Í aðalskipulaginu eru þessi svæði kölluð norðan og sunnan Djúps.

Í sveitarfélaginu eru fimm þéttbýliskjarnar, þ.e. Þingeyri við Dýrafjörð, Flateyri við Önundarfjörð, Suðureyri við Súgandafjörð, Ísafjörður í Skutulsfirði og Hnífsdalur. Ísafirði, sem er stærsti kjarninn, er skipt í þrjú meginhverfi í aðalskipulaginu, þ.e. Holtahverfi, Efribæ og Eyrina.

Ísafjarðarbær er sameinað sveitarfélag margra fyrrum hreppa og Ísafjarðarkaupstaðar, s.b.r. kafla 7.1 um sögu byggðar.

1.2 Framsetning

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er fyrsta aðalskipulagið sem tekur til alls lands sveitarfélagsins. Eldra skipulag náði að mestu aðeins til þéttbýlis:

- Aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009
- Aðalskipulag Suðureyrar 1983-2003
- Aðalskipulag Flateyrar 1987-2007
- Aðalskipulag Mosvallahrepps 1996-2017
- Aðalskipulag Þingeyrar 1985-2005

Skipulagstillagan er sett fram í tveimur hlutum. Annars vegar í þessari greinargerð og hins vegar sem uppdrættir af skipulagssvæðinu. Sjá töflu 1.1. Uppdrættirnir eru settir fram í þremur hlutum:

Tafla 1.1. Meðfylgjandi skipulagsuppdrættir.

Uppdráttur	Dags	Blaðstærð	Mælikvarði
Sveitarfélagsuppdráttur norðan Djúps	desember 2009	A0	1 : 50 000
Sveitarfélagsuppdráttur sunnan Djúps	desember 2009	A0	1 : 50 000
Þéttbýlisuppdráttur	desember 2009	A0	1 : 10 000

Í fyrsta hluta greinargerðarinnar er fjallað um helstu gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna. Greinargerðinni er skipt upp í sex meginhluta þar sem fjallað er um grunnforsendur hvers málaflokks, umhverfismat þar sem fléttað er saman mati á því hvernig skipulagið muni hafa áhrif á umhverfi og samfélag og þá stefnu sem mörkuð er í málaflokkunum. Meginflokkarnir sex eru:

1. Inngangur, þar sem fjallað er um helstu gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna.
2. Leiðarljós aðalskipulagsins.
3. Náttúra, þar sem fjallað er um staðhætti, náttúruvá, landslag, lífríki, óbyggð svæði, vatn og loft.
4. Samfélag, þar sem fjallað er um byggð, atvinnu, félags- og velferðarmál og opin svæði, útivist og íþróttir.
5. Innviðir, þar sem fjallað er um veitur, sorp og samgöngur.
6. Viðaukar, þar sem ýmsar viðbótarupplýsingar eru settar fram, m.a. umhverfismat aðalskipulagsins.

Áhersla er lögð á skýra stefnu og framsetningu og þannig reynt að forðast óvissu og óöryggi fyrir alla þá er eiga hagsmuna að gæta m.t.t. aðalskipulagsins.

1.3 Vinnuferli

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst vorið 2006 en þá samdi sveitarfélagið Ísafjarðarbær við Teiknistofuna Eik um ráðgjöf í verkefninu. Fyrir hönd Teiknistofunnar unnu eftirtalin að aðalskipulaginu; Erla Bryndís Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt, Gunnar Páll Eydal, umhverfisstjórnunarfræðingur, Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt, Helga Þuríður Magnúsdóttir, nemi í umhverfisskipulagi og María Guðbjörg Jóhannsdóttir, meistaranemi í skipulagsfræðum. Helstu tengiliðir við Ísafjarðarbæ voru Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur og Svanlaug Guðnadóttir formaður umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.

Stefnumörkunin var unnin annars vegar af nefndum Ísafjarðarbæjar og hins vegar af skipulagshópum sem skipaðir voru fulltrúum hagsmunaaðila. Nefndirnar og hóparnir greindu helstu áhersluatriði skv. ákveðnu verklagi og varð það grunnur að þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu. Niðurstöður íbúaþings, sem haldið var á Ísafirði 21.5. 2005, voru einnig lagðar til grundvallar við stefnumörkunina.

1.4 Samráð og þátttaka hagsmunaaðila

Skv. skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð ber að kynna skipulagstillögur á þremur stigum:

1. Með samráði við almenning og aðra hagsmunaaðila um mótun tillögu.
2. Með kynningu á tillögu áður en hún er afgreidd frá bæjarstjórn.
3. Með formlegri kynningu á tillögu eins og kveðið er á um í skipulags- og byggingarlögum.

Í skipulagsvinnunni var gengið nokkru lengra í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila en krafist er í fyrrnefndum lögum og reglugerð. Frá upphafi vinnunnar var leitast við að taka tillit til ólíkra hagsmuna og gilda. Settir voru á fót tveir skipulagshópar sem unnu að gerð skipulagstillögunnar undir leiðsögn ráðgjafa. Auglýst var eftir fulltrúum í skipulagshópana í fjölmiðlum og á opnum fundum og ráðstefnum sem tengdust skipulaginu. Annar hópurinn fjallaði eingöngu um svæðið norðan Djúps og hinn um svæðið sunnan Djúps. Hóparnir samþykktu að gangast undir fyrirfram ákveðið verklag, þar sem m.a. var fjallað um hlutverk, þátttöku og ábyrgð fulltrúa hópanna ásamt vinnuferlinu. Fulltrúar voru málsvarar

hópa eða félaga með ákveðna hagsmuni og var ætlast til þess að þeir miðluðu upplýsingum til síns hóps og tækju ákvarðanir í samráði við hann.

Landeigendur sunnan Djúps hafa ekki stofnað félag og því reyndist erfitt að ná til þeirra. Þeir áttu ekki fulltrúa í skipulagshópnum en haldnir voru sérstakir fundir með þessum hópi, eins og fram kemur í töflu 1.4.



Mynd 1.1. Skipulagshópurinn sem fjallaði um aðalskipulagið sunnan Djúps.

Tafla 1.2. Fulltrúar skipulagshóps sunnan Djúps.

Geiri		1.4.1 Félög / hópar	
1.4.2	Ísafjarðarbær	1.4.3	-Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar, formaður
1.4.4	Íbúasamtök / íbúar	1.4.5	-Íbúasamtökin Átak Þingeyri
		1.4.6	-Íbúasamtök Önundarfjarðar
		1.4.7	-Íbúar á Suðureyri
		1.4.8	-Íbúasamtökin í Holtahverfi
		1.4.9	-Íbúar á Eyrinni og Efribæ á Ísafirði
		1.4.10	-Íbúasamtökin í Hnífsdal
1.4.11	Íþróttir, útivist og náttúruvernd	1.4.12	-Héraðssamband Vestfirðinga
		1.4.13	-Hestamannafélögin Stormur og Hending
		1.4.14	-Landvernd
1.4.15	Félagsmál	1.4.16	-Fatlaðir og eldri borgarar
		1.4.17	-Innflytjendur, tilnefndir af Rótum, félagi áhugafólks um menningarlega fjölbreytni

1.4.18 Atvinnumál	1.4.19 -Miðbæjarsamtök Ísafjarðar
	1.4.20 -Ferðamálasamtök Vestfjarða
	1.4.21 -Búnaðarsamband Vestfjarða
	1.4.22 -Sjávarútvegsklasi Vaxtarsamnings Vestfjarða
	1.4.23 -Menntun og rannsóknir

Tafla 1.3. Fulltrúar skipulagshóps norðan Djúps.

Geiri	Félög / hópar
Ísafjarðarbær	- Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar, formaður - Landvörður Hornstrandafriðlands. Varð síðar starfsmaður Umhverfisstofnunar.
Landeigendur	- Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps (tveir fulltrúar) - Skor, landeigendur utan friðlands (tveir fulltrúar) - Landeigendafélag Snæfjallastrandar
Átthagafélög	- Átthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík og á Ísafirði - Grunnvíkingafélagið á Ísafirði og í Reykjavík
Útivist og náttúruvernd	- Landvernd - Samtök útivistarfélaga
Ferðaþjónusta	- Ferðamálasamtök Vestfjarða

Virk þátttaka þessara aðila, með öflugu upplýsingaflæði og samræðum, gerði það kleift að greina vandamál og tækifæri snemma í skipulagsferlinu sem mun væntanlega skila sér í færri hagsmunaárekstrum til lengri tíma litið. Áhersla var lögð á það að fulltrúar hópanna kæmust að sameiginlegri niðurstöðu og sættust á eina skipulagslausn. Jafnframt var leitast við að hafa skipulagið eins skýrt og kostur var með það að markmiði að bæta lífsgæði íbúa og efla fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu. Vonast er til þess að skipulagstillagan muni njóta víðtæks stuðnings innan sveitarfélagsins. Fulltrúar skipulagshópanna hafa staðfest þátttöku sína í skipulagsvinnunni með undirskrift eins og sjá má á bls. 2 í greinargerðinni. Með staðfestingunni eru undirritaðir í grundvallaratriðum sammála þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, einkum þó m.t.t. hagsmuna þess hóps sem viðkomandi er fulltrúi fyrir. Ágreiningur getur þó verið um einstaka afmarkaða þætti í skipulagstillögunni.

Samhliða vinnu skipulagshópanna var leitað eftir áliti sérfræðinga þegar þörf var á faglegu mati, umsögn eða öðrum sérhæfðum upplýsingum.

Til að gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri voru, auk skipulagshópanna, aðrar leiðir einnig notaðar:

- Upplýsingaveita um aðalskipulagið var á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Á síðunni var yfirlit yfir stöðu aðalskipulagsins og öll helstu skjöl og gögn, þar á meðal fundargerðir skipulagshópa og vinnufunda íbúasamtaka. Þar var einnig hægt að senda inn ábendingar og athugasemdir
- Póstkassar voru settir upp á þéttbýlisstöðum, þar sem hægt var að senda inn ábendingar og athugasemdir
- Fundir voru haldnir með íbúum, félagasamtökum og stofnunum
- Haldin var ráðstefna um skipulagsmál norðan Djúps og málþing um skipulagsmál sunnan Djúps (sjá hér að neðan)

Tafla 1.5. Opnir kynningarfundir og helstu fundir ráðgjafa og nefnda sveitarfélagsins. Til viðbótar fjölluðu nefndir bæjarins um aðalskipulagið og málefni þess. Þeir fundir eru ekki sýndir í töflunni.

Opnir fundir og ráðstefnur	Fundir ráðgjafa og nefnda Ísafjarðarbæjar
Ráðstefna um skipulagsmál á Hornstrandasvæði 26.-27. janúar 2007.	Kynning á aðalskipulagsvinnu fyrir umhverfisnefnd 24. maí 2006.
Auðlindir og lífsgæði sunnan Djúps.	Undirbúningur aðalskipulagsvinnu með sviðsstjóra umhverfissviðs, formanni umhverfisnefndar og bæjarstjóra 28. júní 2006.
Málþing um skipulagsmál í Ísafjarðarbæ sunnan Djúps, haldið á Þingeyri 9. júní 2007.	Kynning á áfangaskýrslu fyrir umhverfisnefnd 4. október 2006.
Kynning á vinnu við aðalskipulagið. Þingeyri 27. mars 2007. Suðureyri 26. mars 2007. Flateyri 26. mars 2007. Holtahverfi 28. mars 2007. Hnífsdalur 28. mars 2007. Eyrin og Efribær 29. mars 2007.	Stefnumörkun umhverfisnefndar vegna aðalskipulags. Fundur haldinn 13. desember 2006.
Kynning á skipulagstillögu - borgarafundir. Suðureyri 20. janúar 2009. Flateyri 20. janúar 2009. Þingeyri 21. janúar 2009. Ísafjörður 22. janúar 2009.	Stefnumörkun umhverfisnefndar vegna aðalskipulags. Fundur haldinn 17. janúar 2007.
	Vinnufundur með sviðsstjóra umhverfissviðs og formanni umhverfisnefndar þann 26. febrúar 2007.
	Fulltrúar félagsmálanefndar, aðkoma innflytjenda að skipulagsvinnunni. Fundur haldinn 2. maí 2007.
	Stefnumörkun Íþrótta- og tómstundanefndar. Fundur haldinn 7. mars 2007.
	Erindi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um framtíðartækifæri í Ísafjarðarbæ, haldið fyrir nefndarmenn og bæjarfulltrúa þann 30. janúar 2008.
	Kynning á stefnumótunarvinnu fyrir formenn nefnda þann 2. apríl 2008.
	Kynning á framvindu fyrir bæjarráð þann 6. ágúst 2008.
	Kynning á skipulagstillögu fyrir bæjarstjórn og umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar þann 30. október 2008.
	Fundur ráðgjafa og umhverfisnefndar, þar sem m.a. var farið yfir umsagnir umsagnaraðila aðalskipulagsins, 9. febrúar 2009.

Tafla 1.4. Fundir með skipulagshópum og íbúasamtökum.

Sunnan Djúps
Skipulagshópur 6. júní 2007, 11. september 2007, 10. október 2007, 5. nóvember 2007, 6. desember 2007, 28. maí 2008, 29. maí 2008, 26. nóvember 2008.
Eigendur eyðijarða 6. október 2008, 16. október 2008, 5. nóvember 2008.

Íbúasamtök
14. febrúar 2008 á Þingeyri, 13. febrúar 2008 á Suðureyri, 14. febrúar 2008 á Flateyri, 13. febrúar 2008 í Holtahverfi, 3. mars 2008 í Hnífsdal, 5. mars 2008 á Eyrinni og Efribæ Skutulsfirði.

Norðan Djúps
Skiplagshópur
14. mars 2007, 15. mars 2007, 4. maí 2007, 5. maí 2007, 15. maí 2007, 29. maí 2007, 19. september 2007, 17. október 2007, 28. nóvember 2007, 6. febrúar 2008, 18. mars 2008, 23. apríl.2008, 14. maí 2008, 3. desember 2008.

Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög
Í skipulagsreglugerð kemur fram að við aðalskipulagsgerð skuli hafa samráð við eftirfarandi stofnanir:

- Flugmálastjórn Íslands
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Kirkjugarðaráð
- Landbúnaðarráðuneyti
- Landsnet
- Orkubú Vestfjarða
- Siglingastofnun
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofu Íslands
- Vegagerðin

Þessum aðilum voru send bréf, í lok maí 2006, þar sem greint var frá aðalskipulagsvinnunni og óskað eftir viðeigandi upplýsingum. Drög að aðalskipulaginu voru send til umsagnar þessara aðila þann 10.12. 2008. Á sama tíma voru drög að skipulagstillögunni kynnt fyrir aðliggjandi sveitarfélögum:

- Bolungarvíkurkaupstað
- Súðavíkurhreppi
- Strandabyggð
- Vesturbyggð
- Reykhólahreppi

Svör bárust frá öllum umsagnaraðilunum og var tekið mið af þeim við gerð skipulagsins. Fornleifavernd ríkisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerðu engar athugasemdir. Ekkert nágrannasveitarfélaganna gerði athugasemd við drögin. Einnig var haft samráð við fleiri stofnanir og fagaðila samhliða skipulagsvinnunni.

1.5 Afgreiðsla skipulagsins

Á 310. fundi sínum, þann 25. mars 2009, lagði umhverfisnefnd það til við bæjarstjórn að drög að aðalskipulaginu yrðu auglýst.

Bæjarstjórn fjallaði um fundargerð 310. fundar umhverfisnefndar á 259. fundi sínum, þann 2. apríl 2009 og samþykkti að sett yrði hverfisvernd fyrir svæðið norðan Djúps utan friðlands skv. kafla 4.1.2 um hverfisvernd í dreifbýli. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að senda Skipulagsstofnun drögin til athugunar skv. tillögu umhverfisnefndar.

Skipulagsdrögunum var breytt til samræmis við samþykkt bæjarstjórnar og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar. Skipulagsstofnun samþykkti að drög að aðalskipulaginu ásamt umhverfisskýrslu yrðu auglýst eftir að nokkrar lagfæringar hefðu verið gerðar.

Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu var auglýst frá 28. júní til 26. júlí 2009, en frestur til að skila inn athugasemdum var til 9. ágúst. 10 athugasemdir bárust. Þær gerðu eftirtaldir aðilar:

Orkubú Vestfjarða, dags. 7. ágúst 2009.

Kristjana Einarsdóttir, dags. 8. ágúst 2009.

Oddur Þorbergur Hermannsson, dags. 7. ágúst 2009.

Hermann Þorsteinsson, dags. 6. ágúst 2009.

Þröstur Jóhannsson, dags. 4. ágúst 2009.

Sólberg Jónsson, dags. 6. ágúst 2009.

Sveinn D. K. Lyngmo, dags. 30. júlí 2009.

Guðmundur Óli K. Lyngmo, dags. 30. júlí 2009.

Kristján Hilmar Lyngmo, dags. 30. júlí 2009.

Sigurður Hreinsson, dags. 5. ágúst 2009.

Á 318. fundi sínum, þann 14. september 2009, fjallaði umhverfisnefnd um athugasemdirnar, auk formlegra bréfa sem bárust frá Edward H. Finnssyni og Jósef H. Vernharðssyni, dags. 22. janúar 2009 og Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, dags. 16. mars 2009. Umhverfisnefnd lagði það til við bæjarstjórn að tekið yrði tillit til nokkurra minniháttar athugasemda, auk annarra lítilsháttar leiðréttinga.

Bæjarstjórn fjallaði um tillögur umhverfisnefndar um afgreiðslu athugasemda á 265. fundi sínum, þann 24. september 2009 og samþykkti þær á 266. fundi sínum þann 22. október 2009.

Í samræmi við afgreiðslu bæjarstjórnar voru eftirfarandi breytingar og leiðréttingar gerðar á skipulagstillögunni:

Breytingar:

- Umfjöllun og ákvæðum um ágengar tegundir bætt inn í kafla 4.2 um skógrækt.
- Umfjöllun og ákvæðum um landgræðslu bætt inn í greinargerð.
- Hugtakinu *umhverfismat deiliskipulags* breytt í *greining á áhrifum deiliskipulags*.
- Hugtakinu *umhverfismat skógræktar* breytt í *greining á áhrifum skógræktar*.
- Landnotkun á afmörkuðu svæði á jörðunum Leiru og Kjós breytt úr óbyggðu svæði í landbúnaðarsvæði.

Leiðréttingar:

- Fjöldi húsa á Læk í Aðalvík leiðréttur, breytist úr engu í eitt hús.
- Fjöldi húsa í Efri-Miðvík leiðréttur, breytist úr einu í tvö hús.
- Horn í Hornvík bætt inn í töflu í greinargerð og á uppdrátt, þar sem þar er gert ráð fyrir sjö frístundahúsum.
- Kjós í fyrrum Grunnavíkurhreppi bætt inn í greinargerð og á uppdrátt, þar sem þar er gert ráð fyrir sex frístundahúsum.
- Gullhúsá á Snæfjallaströnd bætt inn í töflu í greinargerð og á uppdrátt, þar sem þar er gert ráð fyrir sex frístundahúsum.
- Stærð virkjunar í botni Súgandafjarðar breytt. Hún er um 550 kW en ekki 40 kW eins og stóð í greinargerð.
- Flokkunarstöð við Klofning felld út.
- Upplýsingum um starfsleyfi urðunarstaðarins Klofnings breytt til samræmis við nýtt starfsleyfi.
- Stærðarmörk virkjana, í töflu 8.3. í kafla 8.4. um landbúnað, breytt til samræmis við almennan texta í kaflanum.
- Fjöldi tengivirkja leiðréttur, í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði, breytist úr þremur í fimm.
- Þjóðvegur 622 færður suður fyrir Þingeyrarflugvöll á uppdrætti.

Bæjarstjórn samþykkti 4.3.2010 að skipulagstillagan yrði send Umhverfisráðherra til staðfestingar. Tillagan var send til Skipulagsstofnunar þann **xx.xx.xxxx** og óskað eftir að lagt yrði til við ráðherra að staðfesta tillöguna. Ráðherra staðfesti tillöguna þann **xx.xx.xxxx**.

1.6 Umhverfismat

Umhverfismati er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun og að metin séu áhrif áætlana og ráðgerðra framkvæmda á umhverfið, m.t.t. náttúrulegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.

Mat á umhverfisáhrifum áætlana

Skv. lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, skal meta hvaða áhrif aðalskipulagsáætlunin mun hafa á náttúrlegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Umhverfismat aðalskipulagsins er að finna í viðauka greinargerðarinnar. Þar eru metin áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem ætlað er að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg áhrif eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða tekur mið af niðurstöðum þessa mats. Notast er við venslatöflur við matið, þar sem skýrt er umfang og vægi umhverfisáhrifa. Til að meta umfang og vægi áhrifa er notast við skilgreind viðmið sem m.a. er að finna í lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum og ýmsum stefnuskjölum stjórnvalda (sjá töflu 1.6.).

Tafla 1.6. Helstu umhverfisþættir, viðmið og vísar sem notast er við í umhverfismatinu.

Umhverfisþáttur	Viðmið	Vísar
Atvinnulíf og þjónusta	- Byggðaáætlanir - Efnahagsspár - Vaxtarsamningur Vestfjarða - Samanburður við önnur sveitarfélög - Staðardagskrá 21	Staða atvinnulífs - Hagvöxtur - Fjölbreytni - Þjónustustig
Íbúaþróun	- Byggðaáætlanir - Fasteignamat - Staðardagskrá 21	- Íbúafjöldi - Þróun fasteignaverðs - Eignarhald og nýting fasteigna
Menningarminjar	- 107/2001 þjóðminjalög - Stefna íslenskra stjórnvalda um byggingarlist - Staðardagskrá 21	- Fornleifaskráning - Húsasaga
Náttúra og landslag	- 44/1999 lög um náttúruvernd - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Náttúruverndaráætlun - Staðardagskrá 21 - Evrópski landslagsáttmálinn	- Gróðurfar - Fuglalíf - Náttúruminjar - Fágæti landslags - Nýtingarsaga - Mengun - Röskun
Samgöngur og öryggi	- Samgönguáætlun - Byggðaáætlanir - Stefna Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum - Reglugerð 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - 933/1999 Reglugerð um hávaða	- Umferð - Vegalengd - Vegflokkun - Áhætta vegna ofanflóða - Hljóðstig
Útivist og félags- og velferðarmál	- Stefnuskjöl um menntamál, menningarmál, félagsmál og heilbrigðismál - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Staðardagskrá 21	- Framboð og eftirspurn þjónustu - Aðgengi að þjónustu - Aðgengi að útivist og tómstundum

Í matstöflunum er áhrifum gefin einkunn og matið nánar skýrt í texta. Eftirfarandi eru skýringar á einkunnum:

?	Óvissa. Ekki ljóst hvaða áhrif valkosturinn hefur á umhverfisþáttinn, t.d. vegna skorts á grunnupplýsingum, eða að áhrifin eru háð útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmd.
+ +	Valkosturinn er líklegur til að hafa talsverð jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.
+	Valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.
0	Áhrif valkostsins eru óveruleg.
-	Valkosturinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn.
- -	Valkosturinn er líklegur til að hafa talsverð neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

Matslýsing var send skipulagsstofnun í júní 2008. Þar var fjallað um umfang, áherslur, gögn, framsetningu og aðferðir umhverfismatsins. Mismunandi valkostir voru skoðaðir fyrir eftirfarandi þætti aðalskipulagsins.

- Vegur á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar
- Vegur á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar
- Vegur á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar
- Vegalagning norðan Djúps
- Stofnbraut um Skutulsfjarðareyri
- Stórskipahöfn
- Millilandaflugvöllur
- Iðnaðarsvæði fyrir stóriðnað
- Snjóflóðavarnir
- Íbúðarbyggð
- Bygging frístundahúsa
- Meðhöndlun á brennanlegu sorpi
- Urðunarstaður fyrir óbrennalegt sorp
- Svæði fyrir aksturíþróttir

Umhverfismatið er í viðauka, eins og áður sagði, en samantekt er að finna í viðkomandi köflum í greinargerðinni, þ.e. áður en stefnan er sett fram.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana en óheimilt er að staðfesta skipulagsáætlanir nema ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum hafi verið framfylgt. Aðalskipulagið er því staðfest með fyrirvara um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, þar sem það á við.

Greining á áhrifum fyrir deiliskipulag og skógrækt
Í aðalskipulaginu er sett fram sú stefna að við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum og friðlýstum svæðum í dreifbýli skuli gerð greining á áhrifum vegna deiliskipulags, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Markmiðið með þessu er að tryggja að við ákvarðanatöku sé tillit tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Þannig er auðveldara fyrir framkvæmdaaðila og sveitarstjórn að taka faglegar ákvarðanir þar að lútandi.

Sambærileg stefna er sett fram í aðalskipulaginu um skógrækt á hverfisvernduðum svæðum. Þar er gert ráð fyrir því að greining á áhrifum fari fram áður en ráðist er í framkvæmdir.

Það er á ábyrgð þess sem gerir deiliskipulagið og framkvæmdaaðila í tilviki skógræktar, að gera viðeigandi greiningu vegna deiliskipulags og undirbúning skógræktar á umræddum svæðum. Nánar er vísað í matstöflurnar í greinargerðinni, þar sem það á við.

1.7 Framkvæmd og eftirfylgni

Öll vinna við aðalskipulagið, stefnumörkunin, aðkoma hagsmunaaðila, framsetning og fleiri þættir, hafa miðað að því að unnið verði markvisst eftir aðalskipulaginu. Reynt hefur verið að tímasetja einstaka þætti sem koma eiga til framkvæmda á tímabilinu. Verði stefnubreyting í einstökum málaflokkum, eða upplýsingar bætast við þann gagnagrunn sem þegar er til staðar, er mikilvægt að uppfæra aðalskipulagið í takt við það. Áframhaldandi samvinna og þátttaka hagsmunaaðila í skipulagsmálum og ákvarðanatöku er einnig mikilvæg við framkvæmd aðalskipulagsins. Gott aðgengi almennings að skipulagi sveitarfélagsins er forsenda fyrir því að svo megi verða.

leiðarljós og markmið

Hér er sett fram leiðarljós aðalskipulagsins. Leiðarljósið er framtíðarsýn og lýsir þeim grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Nánari stefnumörkun, byggir á leiðarljósinu og er sett fram í hverjum málaflokki.

Leiðarljós aðalskipulagsins er það að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannauði sem er til staðar. Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.

Aðalskipulagið er ekki spá um líklega þróun í sveitarfélaginu, heldur er það stefna sveitarfélagsins um æskilega þróun í þeim málaflokkum sem eru til umræðu. Til að sú þróun verði að veruleika er lögð áhersla á raunsæ markmið, sem m.a. byggja á niðurstöðum umhverfismats aðalskipulagsins.

Tekið er tillit til þeirra laga, reglna og skuldbindinga sem snerta viðfangsefnin. Í skipulags- og byggingarlögum er kveðið á um það að skipulagsáætlanir skuli hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Lögunum er jafnframt ætlað að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta, koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stefnan sem hér er mörkuð er í takt við stefnu íslenskra stjórnvalda um velferð til framtíðar, þar sem fjallað er um lífsgæði núverandi og komandi kynslóða.

náttúra

Í þessum hluta er greint frá staðháttum og öðrum náttúrulegum forsendum sem lagðar eru til grundvallar við gerð aðalskipulagsins. Sett er fram stefna um verndun gegn náttúruvá, lífríki og landslag, vatns- og loftgæði, landnotkun á óbyggðum svæðum og nýtingu og verndun annarra auðlinda. Nokkuð af upplýsingum er snerta náttúrufar og aðra grunnþætti sveitarfélagsins eru ekki fyrirliggjandi. Æskilegt er að hraða öflun þessara gagna og færa niðurstöður inn í Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.

2 STAÐHÆTTIR

Í þessum kafla er fjallað um náttúrulegar forsendur, einkum jarðfræði, veðurfar, gróður og dýralíf.

2.1 Jarðfræði

Landsvæði sveitarfélagsins er hálent með sæbröttum fjöllum og takmörkuðu undirlendi. Strandlínan er mjög vogskorin og inn í hálendið ganga firðir, dalir og önnur form sem jöklar fyrri tíma hafa skorið út og mótað. Á Hornströndum eru tilkomumiklir sjávarhamrar, mótaðir af sjávarrofi. Margar ár falla af hálendi svæðisins sem er nú jökullaust, ef frá er talinn Drangjökull sem teygir sig til Ísafjarðarbæjar.

Svæðið liggur utan virku gosbeltanna og tilheyrir jarðsögutímabilinu tertíer. Berggrunnurinn er að mestu leyti basalt sem hlóðst upp á um þremur milljónum ára, fyrir 12-15 milljónum ára og er því elsti hluti landsins. Samhliða upphleðslu jarðlaganna hafa þau hallast og haggast. Nokkrir helstu fundarstaðir steingervinga landsins eru í sveitarfélaginu, m.a. í Svalvogum við Dýrafjörð og í Botni í Súgandafirði.

Finna má fornar megineldstöðvar sem hafa mótað landslag svæðisins með fjölbreyttum bergtegundum og formum. Á meðal þeirra er Tjaldaneseldstöðin, á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, sem er elsta megineldstöð landsins. Lághitasvæði er að finna á afmörkuðum svæðum.

2.2 Veðurfar

Veðrátta svæðisins hefur áhrif á lífríki og aðra náttúrulega þætti, en einnig mótar hún byggðina og samfélagið. Birt eru gögn um úrkomu, hita og vind á þremur stöðum í sveitarfélaginu; á Ísafirði, á Hólum og í Æðey. Sjá myndir 2.1 til 2.5. Veðurfar á svæðinu er mjög breytilegt eftir legu og landslagi og því nýtast þessar staðbundnu upplýsingar á takmarkaðan hátt við nánari skipulagákvarðanir í sveitarfélaginu. Við frekara skipulag verður því að ákvarða hvort ástæða sé til frekari gagnaöflunar eða skoðunar á veðurfari. Þetta á sérstaklega við um vind.



Mynd 2.1. Meðalhiti í Æðey (1971-2001), á Hólum í Dýrafirði (ágúst 1983-júlí 2008) og Ísafirði (ágúst 1999-júlí 2008) (Veðurstofa Íslands 2008).



Mynd 2.2. Meðalúrkoma í Æðey (1971-2001), á Hólum í Dýrafirði (ágúst 1983-júlí 2008) og Ísafirði (júlí 1980-júní 2008) (Veðurstofa Íslands 2008).



Mynd 2.3. Tíðni vindátta á Ísafirði (%) á tímabilinu september 1998–júlí 2008. Meginvindáttir eru suðvestan- og norðaustanátt (Veðurstofa Íslands 2008).



Mynd 2.4. Tíðni vindátta í Æðey (%) á tímabilinu ágúst 1978-júlí 2008. Meginvindáttir eru suðaustan- og norðaustanátt (Veðurstofa Íslands 2008).



Mynd 2.5. Tíðni vindátta (%) á Hólum í Dýrafirði á tímabilinu júlí 1983–júlí 2008. Meginvindáttir eru norðvestan- og sunnan- og suðaustanátt (Veðurstofa Íslands 2008).

2.3 **Gróður**

Í sveitarfélaginu þrífst fjölskrúðugur gróður. Samfelldur gróður nær þó sjaldnast í meira en 200-400 m h.y.s. Ræktanlegt land er tiltölulega lítill hluti af flatarmáli svæðisins, enda er undirlendi lítið. Á láglendi og í neðri hlíðum fjalla er mikill gróður. Mest áberandi er lyng- og kjarrgróður, einkum birki og birkiskógar. Í sveitarfélaginu, m.a. í Lónafirði, er að finna einar elstu minjar um gróðurfar á landinu. Mosar og fléttur eru á hásléttum en annars er gróðurlítið eða gróðursnautt efst til fjalla. Fuglabjörg eru þó vel gróin.

Sjaldgæfar plöntur og plöntur með alþjóðlegt verndargildi finnast hér, t.d. burknar, hrísastör og dvergtungljurt. Beitarálag er lítið á svæðinu og á snjóþungum svæðum hlífir snjórinn viðkvæmum tegundum. Hornstrandafriðland hefur verið friðað fyrir beit í nokkra áratugi. Svæðið einkennist af mikilli grósku blómgróðurs á bæjarstæðum og í skjólsælum brekkum og þar hafa fundist um 260 tegundir háplantna, margar þeirra sjaldgæfar.

Tafla 2.1. Útbreiðsla gróðurs í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum (Ólafur Arnalds o.fl. 1996).

Útbreiðsla gróðurs	Norður-Ísafjarðarsýsla (%)	Vestur-Ísafjarðarsýsla (%)
Auðnir	34	35
Rýrt	18	22
Fremur rýrt	19	14
Vel gróið	30	29

Skriðujarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum. Lítið er um móajarðveg nema helst á heiðum. Einn alvarlegasti umhverfisvandi Íslendinga er gróður- og jarðvegseyðing. Nær allir skógar, kjarr og meira en helmingur af gróðurþekjunni er talið hafa tapast síðastliðin 1100 ár. Aðeins ríflega 11% landsins flokkast sem svæði með litlu eða engu rofi. Gróður- og jarðvegseyðing sem þessi er óþekkt í löndum með svipað loftslag. Talið er að ástæður þessa megi rekja til mikillar gjóskuframleiðslu, vinda og umsvifa mannsins.

Tafla 2.2 sýnir jarðvegsrof í Ísafjarðarsýslum. Ríflega helmingur landsins flokkast undir talsvert rof,

flokk 3, sem orsakast m.a. af hinu bratta landslagi. Lítið er um svæði með miklu rofi miðað við aðra landshluta.

Tafla 2.2. Hlutfall rofs í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum (Ólafur Arnalds o.fl. 1996).

Rof	Norður-Ísafjarðarsýsla (%)	Vestur-Ísafjarðarsýsla (%)
0, 1 og 2	43	35
3	54	48
4 og 5	5	15

0: Ekkert rof – engar tillögur / 1: Lítið rof – engar tillögur
2: Nokkurt rof - aðgát / 3: Talsvert rof – draga úr og stjórna beit
4: Mikið rof – friðun / 5: Mjög mikið rof – friðun

2.4 **Dýralíf**

Fuglalíf er fjölskrúðugt í sveitarfélaginu enda eru álitleg búsvæði fugla í björgum, á leirum og víðar. Um 30 fuglategundir verpa í Hornstrandafriðlandi. Gríðarlegur fjöldi fugla er í Hornbjargi, Hælavíkurbjargi og Rit. Þar eru stuttnefja, langvía, snjótittlingur og þúfutittlingur á meðal algengustu tegunda. Æðey er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði og eru teista, æður, lundi og kría algengir varpfuglar. Þar er eitt stærsta æðarvarp í landinu. Hagamýs eru algengar en af spendýrum er refurinn mest áberandi. Refurinn er eina landspendýrið sem var hér á landi við landnám. Í Hornstrandafriðlandi er refurinn friðaður. Selir eru áberandi við ströndina og silungur er víða í ám og vötnum.

Fuglaskoðun (ÁA).

3 NÁTTÚRUVÁ

Í þessum kafla er fjallað um náttúruvá í sveitarfélaginu, m.a. flóð í ám, sjó og ofanflóð, fárviðri og loftslagsbreytingar sem taka þarf til greina við aðalskipulag.

Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðarís og fárviðri. Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun. Ytri öflin hafa á hinn bóginn sett mark sitt á nýtingu og menningu svæðisins, einkum ofanflóð, flóð frá sjó og fárviðri.

Líklegt er talið að fyrirsjáanlegar loftslagsbreytingar muni hafa veruleg áhrif á náttúrufar hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki. Breytingarnar munu einnig hafa áhrif á samfélagið, þ.e. innviði þess og undirstöðuatvinnuvegi, s.s. sjávarútveg og landbúnað (Halldór Björnsson o.fl. 2008).

Stefna

Markmið

- Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár

Stuðla ber að öryggi fólks með almennum viðbúnaði og öryggisáætlunum. Bæta þarf upplýsingar og efla vitund íbúa og gesta vegna náttúruvár. Lagt er til að gert verði sérstakt vákort af Hornstrandasvæðinu fyrir þá sem fara inn á svæðið.

Þar sem ekki eru fyrirliggjandi gögn um náttúruvá ber að afla þeirra við nánari útfærslur skipulagstillagna og leita álits hjá viðkomandi fagmönnum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúruvár. Leggja þarf meiri áherslu á vöktun umhverfis til að hægt sé að skilja umhverfisbreytingar og áhrifin sem þær geta haft á umhverfið og auðlindirnar.

3.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof

Líklegt er talið að það muni hlýna um rúmlega 0,2°C á áratug hér á landi á fyrri hluta 21. aldar. Gert er ráð fyrir því að mest muni hlýna að vetrarlagi og að aukning verði í úrkomu. Loftslagsbreytingar munu því líklega hafa áhrif á stærð og útbreiðslu jökla, gróðurfar, fuglategundir, sjávarborð og náttúruvá.

Búast má við aukinni uppskeru á þeim fóður- og matjurtum sem nú eru ræktaðar og fleiri möguleikum á ræktun nýrra tegunda. Séð er fram á fleiri möguleika í trjárækt en jafnframt aukna ágengni meindýra og plöntusjúkdóma og áhrif vegna breytts veðurlags og hækkandi sjávarstöðu. Breytingar á búsvæðum munu gera ákveðnum tegundum erfitt um vik en stuðla að landnámi annarra tegunda. Vetrar- og haustflóð gætu orðið meiri og útbreiddari í kjölfar aukinnar úrkomu. Talið er að hnattræn sjávarhækkun á þessari öld verði 0,2-0,6 metrar en veruleg óvissa er í því mati. Staðbundin sjávarstaða er einnig háð lóðréttum hreyfingum lands.

Á heimsvísu er talið að tjón vegna veðurtengdra náttúruhamfara aukist umtalsvert á 21. öldinni. Hækkandi sjávarborð mun valda aukinni tíðni hamfara á strandsvæðum en auk þess hefur fólksfjöldi, breytt landnýting og búsetuþróun áhrif á áhættu vegna náttúruhamfara.

Ekki hefur verið gerð heildarúttekt vegna sjávarrofs og ágangs sjávar á mannvirki í sveitarfélaginu. Vitað

er þó að við ákveðnar aðstæður gengur sjór og grjót á land á Eyrinni á Ísafirði, bæði við Fjarðarstræti og frá Pollgötu á Suðurtanga. Við þessar aðstæður geta vegir lokast og vatn flætt inn í hús. Hækkandi sjávarstaða mun auka enn á þennan vanda ef ekkert verður að gert. Við Brimnesveg á Flateyri hafa einnig orðið skemmdir af völdum ágangs sjávar.

Skv. yfirlitsskýrslu um sjóvarnir árið 2006 er forgangsraðað þeim framkvæmdum sem sveitarfélög hafa óskað eftir. Forgangsröðunin var metin með hliðsjón af sjávarógn, verðmætum að baki sjávarkambs, fjarlægð frá fjörukambi í mannvirki, landhæð og jarðfræði strandar. Fjögur svæði í sveitarfélaginu eru í forgangsflokki C, þar sem hættan er metin minni en á A og B svæðum en sjóvarnir þó nauðsynlegar. Fjórir staðir eru nefndir í Ísafjarðarbæ, tveir á Þingeyri og tveir í Skutulsfirði.

Takmarkaðar upplýsingar eru um náttúruvá í dreifbýli.

Stefna

Markmið

— Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð
— Ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir sjóvörnum í öllum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir framkvæmdum á Þingeyri, bæði utan við höfnina við gömlu vélsmiðjuna og innan smábátahafnar. Á Ísafirði er gert ráð fyrir sjóvörnum innan skipasmíðastöðvar og í botni Skutulsfjarðar við Sigurðarbúð. Þetta er í samræmi við Sjóvarnaráætlun Siglingastofnunar.

Í Hnífsdal er gert ráð fyrir sjóvörnum samhliða vegalagningu neðan byggðar. Framkvæmdin er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Afla þarf upplýsinga um sjávarrof og áhrif hækkandi sjávaryfirborðs á Suðurtanga í Skutulsfirði áður en deiliskipulag verður gert af svæðinu. Þar er gert ráð fyrir umtalsverðri byggð og starfsemi í aðalskipulaginu, eins og fram kemur í köflum 7 og 8 um byggð í þéttbýli og atvinnuþróun. Horfa þarf mjög langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Líftími hafnarmannvirkja er yfirleitt talinn vera um 40-50 ár. Ráðast þarf í frekari rannsóknir á hæðarbreytingum lands og öðrum þáttum er snerta sjóvarnir til að hægt sé að meta það með hvaða hætti er best að verja byggð og mannvirki fyrir ágangi sjávar á svæðinu. Við skipulag og hönnun sjóvarna þarf jafnframt að huga að útsýni og ásýnd Eyrarinnar. Lagt er til að varnargarður verði byggður nokkru sunnan við grjótgarðinn við Pollgötu. Þannig er hægt að halda í ásýnd Eyrarinnar en speglun byggðarinnar í pollinum hefur verið eitt helsta myndefni ljósmyndara í bænum og samofin ímynd hans. Einnig er fjallað um þetta í kafla 12.7 um hafnir. Vegagerðin, Ísafjarðarbær og Siglingastofnun vinna nú þegar að lausn mála við Pollgötu.

Áhersla er lögð á gott aðgengi að varnargörðunum til að hægt sé að sinna viðhaldi. Efnisnámur vegna framkvæmda eru tilgreindar í töflu 8.9 um efnistöku í Ísafjarðarbæ.

Á hverfisverndduðum svæðum skal þess gætt að ákvæði hverfisverndar séu uppfyllt, sbr. viðeigandi kafla um hverfisvernd í dreifbýli og þéttbýli. Sjóvarnargarðar eru sýndir á meðfylgjandi skipulagsuppdráttum en upptalning þeirra hér er ekki tæmandi.

3.2 **Ofanflóð**

Skv. reglugerð nr. 505/2000 m.s.br., um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, skal sveitarstjórn láta meta hættu á ofanflóðum þar sem saga er um það að ofanflóð hafi fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð á milli húsa er að jafnaði ekki meiri en 200 m.

Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins. Skv. hættumatsreglugerðinni er óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum, nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða sé ásættanleg.

Við afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa og við gerð deiliskiplags á svæðum þar sem ofanflóð eru möguleg og ekki er til staðfest hættumat, skal sveitarstjórn setja fyrirvara um gerð staðbundins hættumats, í samræmi við lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og áðurnefnda hættumatsreglugerð.

Hættusvæði skiptast í þrjá flokka út frá staðaráhættu sem eru árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Sjá töflu 3.1. Hættusvæðin, A, B og C, afmarkast af jafnáhættulínum. Heimilt er að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B en á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis.

Tafla 3.1. Nýtingarreglur á hættusvæðum vegna ofanflóða (Tómas Jóhannesson o.fl. 2007).

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
C	$3 \cdot 10^{-4}$	-	Engar nýbyggingar nema frístundahús* og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
B	$1 \cdot 10^{-4}$	$3 \cdot 10^{-4}$	Atvinnuhúsnæði má byggja án styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, sjúkrahús, skólar o.þ.h.) ef þau eru styrkt.
A	$0{,}3 \cdot 10^{-4}$	$1 \cdot 10^{-4}$	Styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, skólar, sjúkrahús o.þ.h.) og stærri íbúðir (fleiri en 4 íbúðir).

*Ef áhætta er minni en $5 \cdot 10^{-4}$

Ofanflóð hafa fallið mjög víða í sveitarfélaginu, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Á síðustu árum hafa fjögur snjóflóð valdið hvað mestu tjóni í sveitarfélaginu. Árið 1994 eyðilagði snjóflóð í Tungudal 40 sumarhús og skíðalyftu á Seljalandsdal, auk þess sem einn maður fórst. Ári síðar féll snjóflóð á Flateyri þar sem 20 manns fórust og sama ár féll snjóflóð á Sorpbrennsluna Funa og skemmdi hana mikið. Árið 1999 skemmdust nýbyggðar skíðalyftur á Seljalandsdal í snjóflóði.

Í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri var byggður varnargarður þar og lauk framkvæmdum við hann haustið 1998. Árið 2003 staðfesti umhverfisráðherra hættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal og á árinu 2007 var snjóflóðahættumati allra þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu lokið. Í samræmi við hættumatið var Seljalandshverfi í Skutulsfirði varið með varnargarði og keilum. Mannvirkin voru tekin í notkun 2004 og hafa því hættusvæðin þar minnkað miðað við eldra hættumat sem unnið var árið 2002. Á mynd 3.1. og 3.2. má sjá eldra hættumat, fyrir byggingu varnarvirkja á Flateyri og við Seljaland. Hættumat mun breytast á þeim stöðum þar sem snjóflóðavarnir verða byggðar.

Í greinargerð Veðurstofu Íslands með hættumati undir Seljalandshlíð er bent á það að fræðilegur skilningur á áhrifum varnargarða og keilna á snjóflóð sé takmarkaður og því erfitt að meta snjóflóðahættu neðan slíkra mannvirkja (Tómas Jóhannesson o.fl. 2007). Sveitarfélögum ber, skv. reglugerð um hættumat, að „stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu“ á svæðum sem varin hafa verið með varnarvirkjum.

Nú eru engin íbúðarhús á C svæði á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Mörg íbúðarhús eru hins vegar á A og B svæðum á þessum stöðum. Í Hnífsdal, neðan Gleiðarhjalla og í Holtahverfi er fjöldi húsa á C svæði. Hættumatslínur neðan Gleiðarhjalla lýsa samanlagðri hættu vegna snjóflóða, aurflóða og grjóthruns. Byggingar á Ísafjarðarflugvelli, atvinnuhúsnæði neðan Seljalandshlíðar, Tungudalur, Dagverðardalur og Engidalur eru einnig á C svæði. Aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009 gerir ráð fyrir varnarvirkjum til að verja íbúðarhús í Holtahverfi fyrir snjóflóðum.

Á C svæðum þarf Ísafjarðarbær að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja öryggi með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum á húsnæði, sbr. reglugerð nr. 505/2000 m.s.br. Hættumatslínurnar eru sýndar á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti. Aðalskipulagið er samþykkt með fyrirvara um hættumat ofanflóða á þeim svæðum þar sem það liggur ekki fyrir.

Í dreifbýli hefur aðeins verið gert staðbundið hættumat á nokkrum stöðum. Ofanflóðasjóður og Veðurstofa Íslands stefna að því að gera könnun á ofanflóðaaðstæðum fyrir helstu ofanflóðasvæði í dreifbýli. Mögulega verður gerð slík úttekt fyrir svæði sem þetta skipulag nær yfir, s.s. dreifbýli í Dýrafirði.

Til viðmiðunar má nefna það að snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. Blaut flóð, krapaflóð, geta þó fallið í minni halla. Yfirleitt má miða við að byggingarsvæði teljist utan hættusvæða ef úthlaupshorn er undir 15°. Þetta á þó ekki við um krapa- og aurflóðahættu neðan gilskorninga. Úthlaupshorn er hornið frá viðkomandi stað upp í upptakasvæði flóðs.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka, voru skoðaðir tveir valkostir til að verja byggð fyrir ofanflóðahættu, þ.e. bygging snjóflóðavarnarvirkja eða flutningur byggðar. Skv. matinu er bygging snjóflóðavarnarvirkja álitlegri kostur m.t.t. áhrifa á náttúrulegt umhverfi og samfélag. Sjá nánar kafla 3.3 um byggð, í umhverfismatinu, í viðauka.



Mynd 3.1. Hættumat vegna ofanflóða fyrir Seljalandshverfi og Tunguskeið (Veðurstofa Íslands 2008b).



Mynd 3.2. Hættumat vegna ofanflóða fyrir Flateyri (Veðurstofa Íslands 2004).

Stefna

Markmið

— Öll íbúðar- og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á snjóflóðahættusvæðum

Stefna sveitarfélagsins er að verja byggð í þéttbýli á snjóflóðahættusvæðum, skv. reglugerð 505/2000 m.s.br., með byggingu varnarvirkja eins og fram kemur í aðgerðaráætlun bæjarins vegna ofanflóða. Meta þarf þó í hverju tilviki þá valkosti sem leitt geta til ásættanlegrar áhættu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Neðan varnarvirkja verða snjóflóðahættusvæði A og B eingöngu nýtt til að byggja stöku hús á þegar þéttbyggðum svæðum en ekki skipulögð ný byggð. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir því að leggja af atvinnustarfsemi á hættusvæðum C, þar sem mikillar viðveru yfir vetrartímann er krafist. Almennt skal snjóflóðahættusvæði nýtt á þann hátt að þar sé ekki sé mikill mannsafnaður yfir vetrartímann og jafnframt skal reyna að nýta náttúrulegt landslag og móta landslag þannig að öryggi íbúa verð sem mest.

Gert er ráð fyrir snjóflóðavarnarvirkjum til að verja byggð á snjóflóðahættusvæði C í Hnífsdal, neðan Bakkahyrnu. Nákvæm úfærsla á hönnun varnarvirkja liggur ekki fyrir en í yfirsýnarskýrslu Veðurstofu Íslands frá árinu 1996 er miðað við stoðvirki að utanverðu og þvergarð innar.

Gert er ráð fyrir snjóflóðavarnarvirkjum til að verja byggð á snjóflóðahættusvæði C neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði. Í forathugun á ofanflóðavörnum undir Gleiðarhjalla er lagt til að byggðir verði jarðvegsgarðar undir endilangri hlíðinni til að koma í veg fyrir hættu vegna aurflóða og grjóthruns. Einnig er lagt til að byggðir verði snjóflóðavarnargarðar neðan líklegustu snjóflóðafarvega í hlíðinni, þ.e. neðan Stakkaneshryggjar og neðan Stórurðar, sjá töflu 3.2 og meðfylgjandi þéttbýlisuppdrátt af Ísafirði.

Tafla 3.2. Tillögur að ofanflóðavörnum undir Gleiðarhjalla skv. forathugun. Stærðir varnarvirkja geta breyst við frekari hönnun (Hallgrímur Daði Indriðason og Kristín Martha Hákonardóttir 2009).

Svæði	Gerð	Lengd	Virk hæð	Breidd rásar framan garðs
Innan Stakkaneshryggjar ofan Seljalandsvegar 76-102	Þvergarður til varnar snjóflóðum og aurskriðum	300 m	6-13 m	30 m
Stakkaneshryggur ofan Seljalandsvegar 68-72 og Urðarvegar 78-80	Þvergarður til varnar snjóflóðum	150 m	14 m	30 m
Utan Stakkaneshryggjar ofan Urðarvegar 37-76 og	Aurvarnargarður og framræsluskurður neðan skógræktar til varnar aurflóðum	230 m	5 m	4 m
Stórurð. Ofan Urðarvegar 15-34	Snjóflóðavarnargarður Snjóflóðavarnargarður	180 m 110 m	10-13 m 6 m	30 m 10 m
Utan Stórurðar. Ofan ysta hluta Urðarvegar og út fyrir Hjallaveg	Aurvarnargarður	640 m	4 m	4 m

Í Kubbanum ofan Holtahverfis er fyrirhugað að reisa um 260 m langan og 12-18 m háan varnargarð, auk upptakastoðvirkja í hlíðum fjallsins. Markmið framkvæmdarinnar er að auka öryggi íbúa með tilliti til snjóflóða. Framkvæmdin verður í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 og tilheyrandi deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin féll undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana en matið var kynnt samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Mikilvægt er að draga úr grjóthruni ofan byggðar með því að sprengja reglulega lausagrjót

þar sem það á við. Einnig er nauðsynlegt að halda við skurðum sem draga úr áhættu og minnka líkur á tjóni vegna krapaflóða, aurskriðna og grjóthruns.

Við hönnun og frágang snjóflóðavarnarvirkja skal sérstaklega huga að aðgerðum til að milda neikvæð áhrif framkvæmda á landslag og náttúru. Jafnframt skal leitast við að auka gildi útivistar við varnarvirki með bættu aðgengi og þannig reyna að milda neikvæð umhverfisáhrif.

Tafla 3.3. Snjóflóðahættusvæði skv. hættumati og aðgerðir og áætlanir til að stuðla að auknu öryggi.

Svæði	Lýsing	Ákvæði og aðgerðir
Dagverðardalur. Hættumat frá 2002 og 2007	Stór hluti efra hverfis í Holtahverfi á hættusvæðum A, B og C.	Varnargarður fyrirhugaður ofan Holtahverfis í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1 um almenn útivistarsvæði.
Seljalandshverfi og Tunguskeið. Hættumat frá 2007	Eftir byggingu varnargarðs er Seljalandshverfi á hættusvæði A og B. Tunguskeið er utan hættusvæða.	Varnargarður var byggður 2004 til að verja byggð. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1 um almenn útivistarsvæði
Tungudalur. Hættumat frá 2007	Sumarhúsahverfi er á svæði C. Hætta í innanverðum Tungudal er mun minni en neðan stærri upptakasvæða í Seljalandshlíð.	Takmörkuð viðvera er í húsunum og ekki er gert ráð fyrir fleiri sumarhúsum.
Innri Kirkjubólshlíð. Hættumat frá 2007	Flugvallarsvæði er á svæði C. Svæði fyrir frístundabúskap er á svæði B og C. Sorpbrennslan Funi er á svæði B.	Varnargarður var byggður við Funa 2002. Gert er ráð fyrir eftirliti og rýmingu á flugvallarsvæði. Nýbyggingar vegna frístundabúskaps verði utan hættusvæða.
Gleiðarhjalli. Hættumat frá 2002	Fjöldi húsa á hættusvæði A, B og C.	Unnið er að hönnun varnarvirkja, sbr. töflu 3.2. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1 um almenn útivistarsvæði.
Hnífsdalur norður. Hættumat frá 2002	Allt svæðið er á hættusvæði C.	Áður voru íbúðarhús á hættusvæði C en þau hafa verið flutt og rifin niður. Landnotkun feli ekki í sér langvarandi viðveru og mikinn mannsafnað yfir vetrartímann. Öryggi tryggt með eftirliti.
Hnífsdalur suður. Hættumat frá 2002	Mjög mörg hús eru á hættusvæði A, B og C.	Gert er ráð fyrir varnarvirkjum undir Bakkahyrnu til að verja hættusvæði C. Hönnun liggur ekki fyrir. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1 um almenn útivistarsvæði.

Tafla 3.3. Snjóflóðahættusvæði skv. hættumati og aðgerðir og áætlanir til að stuðla að auknu öryggi. Framhald

Svæði	Lýsing	Ákvæði og aðgerðir
Þingeyri. Hættumat frá 2005	Engin íbúðarhús eru á hættusvæðum C og B en þrjú hús eru á svæði A. Á nokkrum stöðum er hætta á aurskriðum, aurblönduðum krapaflóðum og grjóthruni sem valdið geta eignatjóni.	Skurðir ofan byggðar draga verulega úr áhættu og minnka líkur á tjóni. Viðhalda skal skurðunum í þeim tilgangi að verja mannvirki.
Flateyri. Hættumat frá 2004	Engin hús eru á svæði C. Bensínstöðin og Sólbakki eru á B svæði. Fjöldi húsa er á A svæði.	Varnargarður ofan byggðar var byggður árið 1998. Varnargarður er einnig ofan Sólbakka. Öryggi er einnig tryggt með eftirliti. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1 um almenn útivistarsvæði.
Suðureyri. Hættumat frá 2005.	Engin íbúðarhús eru á svæði C en allmörg íbúðarhús eru á svæðum A og B. Veitumannvirki eru á svæði C. Hætta er á grjóthruni úr brúnum Upsa en hættan hefur lítil áhrif á hættumatið. Flóðbylgjur vegna snjóflóða úr norðurhlíðum Súgandafjarðar geta ógnað mannvirkjum við sjóinn á Suðureyri.	Eftirlit, þ.m.t. vegna flóðbylgju og grjóthruna. Taka skal tillit til hugsanlegrar flóðbylgju við deiliskipulag og allar framkvæmdir á áhrifasvæði hennar.

4 LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Í þessum hluta er fjallað um náttúruminjar og skógrækt í sveitarfélaginu en einnig er umfjöllun um þau svæði í dreifbýli sem eru hverfisvernduð skv. aðalskipulaginu.

Markmið

— Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar
— Öll nýting lifandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt

4.1 NÁTTÚRUMINJAR

Skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd skiptast náttúruminjar í:

1. Náttúruverndarsvæði
   - Friðlýst svæði: þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti
   - Önnur svæði og náttúruminjar sem eru á náttúruminjaskrá
   - Afmörkuð svæði og náttúrumyndanir sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags
2. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta auk þess sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun
- Stöðuvötn og tjarnir, 1000 m2 að stærð eða stærri
- Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m2 eða stærri
- Sjávarfitjar og leirur

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum í sveitarfélaginu. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á því að slíkum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað.

Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um svæði og fyrirbæri sem eru friðlýst eða rétt þykir að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda, þar sem hætta er á því að spillt verði friðlýstum náttúruminjum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á því að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.

Náttúruverndarsvæði í sveitarfélaginu eru tvö, Hornstrandafriðland og Dynjandi.

Hornstrandafriðland, 580 km^2, var friðlýst árið 1975 og friðlýsing endurskoðuð árið 1985 með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 332/1985. Hornstrandafriðland afmarkast af landsvæðinu norðan Skorarheiðar sem er á milli Hrafnfjarðar og Furufjarðar. Svæðið er verndað vegna stórbrotins landslags, fjölbreytilegs gróðurfars og iðandi dýralífs, einkum fugla. Svæðið geymir einnig vel minjar um forna búskaparhætti enda er svæðið einangrað, því engir vegir liggja innan friðlandsins.

Dynjandi, 0,7 km^2, var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1981 og friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 348/1986

Göngugarpar við Hornbjarg (HP).

Reglur um friðland á Hornströndum.

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar.
2. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
3. Leyfi landeigenda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytjar á svæðinu. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax-og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
4. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Umhverfisstofnun setur nánari reglur við víkjandi Umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Umhverfisstofnun og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Ísafjarðarbæ um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Umhverfisstofnun setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. Umhverfisstofnun og Landeigendafélag Sléttu-og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Reglur um náttúruvætti við Dynjanda og fossa í Dynjandisá.

1. Í friðunni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við Umhverfisstofnun.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.
3. Stefnt skal að verndun kjarrlendis á hinu friðlýsta svæði. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. Umhverfisstofnun getur sett nánari reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar.

   Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Aðrar náttúruminjar sem eru á náttúruminjaskrá eru níu:

Kaldalón: Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf. Svæðið er að hluta utan sveitarfélagsins.

Snæfjallahreppur hinn forni: Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

Skaginn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar: Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.

Ketilseyri í Dýrafirði: Jarðlög með plöntusteingervingum í norðurhlíð fjallsins Töflu, við bæinn Ketilseyri. Einstæður fundarstaður plöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer.

Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð: Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði. Svæðið er að hluta utan sveitarfélagsins.

Holtsengi og Vöð í Önundarfirði: Fjörur og grunnsævi í innsta hluta Önundarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi á milli Þórustaða og óss Bjarnardalsár. Fjölbreytt lífríki.

Botn í Súgandafirði, Seljalandsdalur og Tungudalur: Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa, á meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis.

Fjörur í botni Skutulsfjarðar: Víðáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.

Arnarnes: Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.

Í tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að Snæfjallaströnd og Kaldalón verði friðlýst vegna sjaldgæfra háplantna, m.a. dílaburkna, stóraburkna, fjöllaufungs, þúsundblaðarósar, fjallabláklukku, skollaberja og sandmunablóms. Markmið áætlunarinnar er að halda áfram að byggja upp net verndarsvæða til að tryggja verndun náttúru, einkum landslags, tegunda og líffræðilegrar fjölbreytni.

Hlutfallslegt flatarmál friðlýstra svæða í sveitarfélaginu er meira en á lands- og heimsvísu, eins og sjá má í töflu 4.1 og á mynd 4.1. Er þetta til vitnis um sérstöðu svæðisins.

Óspillt náttúra hefur margvísleg gildi, m.a., fagurfræðilegt, siðferðilegt, menningarlegt, hagrænt, vistfræðilegt, sálrænt og vísindalegt en einnig með tilliti til útivistar og fræðslu. Óspillt náttúra er þannig forsenda margvíslegra grunngæða og mannlífs sem erfitt getur verið að meta hagrænt.

Tafla 4.1. Hlutfall (%) friðlýstra svæða og annarra svæða á náttúruminjaskrá í Ísafjarðarbæ, á landinu öllu og á heimsvísu. Tölur miðast við nóvember 2002 (Umhverfisstofnun 2003).

Svæði	Friðlýst svæði	Önnur svæði á náttúruminjaskrá	Samtals
Ísafjarðarbær	24,7	43,2	67,9
Ísland	18,9	16,4	26,1
Heimurinn	13	-	-

Í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun er fjallað um mikilvægi verndunar og óspilltrar eða lítt snortinnar náttúru. Þar er bent á það að íslenskri náttúru hefur verið minna breytt af mannavöldum en víðast hvar í iðnvæddum löndum. Lífríkið á Íslandi hefur þó breyst mikið vegna áhrifa mannsins, m.a. vegna skógareyðingar, jarðvegsrofs og framræslu votlendis. Samfelld víðerni þar sem áhrifa mannsins gætir lítt eða ekkert er vart lengur að finna í Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Ætla má að slík víðerni fái aukið gildi í framtíðinni og verði því verðmætari.



Mynd 4.1. Náttúruminjar í sveitarfélaginu. Hornstrandir eru friðland og Dynjandi er náttúruvætti. Önnur svæði eru ekki friðlýst en á náttúruminjaskrá.

Ósnortið víðerni er landsvæði sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum (Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd).

Stefna íslenskra stjórnvalda er að tryggja að samfelld víðerni verð áfram að finna í óbyggðum landsins, m.a. með takmörkun framkvæmda. Hugtökin víðerni og ósnortið eru þó fremur ný í náttúruverndarumræðu og þarf að skilgreina þau betur í náinni framtíð.

Skv. skilgreiningu víðerna í lögum um náttúruvernd eru slík svæði í Ísafjarðarbæ, norðan Djúps og á hálendinu sunnanmegin.

Stefna

Markmið

- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar
- Sérkenni svæðisins verði vernduð, en þau felast m.a. í lítt snortnum svæðum, fjörum, fjöllum, skógum og fuglalífi

- Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við alþjóðaskuldbindingar
- Verndun landslagsheilda og fjölbreytileika landslags
- Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins

Rík áhersla er lögð á varðveislu **sérkenna** svæðisins en þau felast m.a. í lítt snortnum svæðum, þar sem hið manngerða og náttúrulega umhverfi hafa varðveist vel sem ein heild. Sérstök ákvæði gilda um friðlýst svæði og önnur svæði sem talin eru hafa sérstakt gildi, sbr. umfjöllun í næsta kafla.

Hefðbundin landnýting í dreifbýli er tryggð, en verður þó að vera í samræmi við ástand svæðisins, í anda sjálfbærrar þróunar og má ekki skerða sérstöðu svæðisins. Almennt er ekki gert ráð fyrir miklum framkvæmdum á óbrotnu landi.

Aðgengi að náttúrunni er hluti af lífsgæðum íbúa og gesta á svæðinu. Aðalskipulagið tryggir að hægt sé að njóta ósnortinnar náttúru og einnig þeirra svæða sem eru raskaðri og nær byggð. Gæta þarf þess m.a. að nýframkvæmdir skerði ekki aðgengi að útivistarsvæðum. Nánar er fjallað um gönguleiðir og reiðleiðir í kafla 12 um samgöngur. Umferð skal stýrt inn á ákveðnar leiðir og staði á viðkvæmum svæðum. Nánar er fjallað um umferð í kafla 12 um samgöngur og kafla 8.5 um ferðaþjónustu.

Atvinnuvegir, s.s. landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta, eru háðir ástandi og gæðum náttúrunnar. Náttúruauðlindir ber að vernda í samræmi við Staðardagskrá 21 og frekari verndaráætlanir þar sem þess er þörf. Áhersla er lögð á sjálfbæra ferðaþjónustu, þ.e. að mæta þörfum ferðamanna, landeigenda og annarra heimamanna en stuðla jafnframt að verndun náttúru og búsetuminja. Nánar er fjallað um atvinnumál í kafla 8.

Jarðrask vegna framkvæmda ber að lágmarka eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Áður en ráðist er í framkvæmdir sem valda umhverfisáhrifum skal skoða mismunandi valkosti og meta áhrif þeirra á umhverfið. Í vegagerð skal leggja áherslu á jarðgangagerð fremur en nýtt landbrot, s.s. þveranir fjarða. Ganga skal sómasamlega frá öllum framkvæmdarsvæðum. Nánar er fjallað um efnistöku í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Upplýsingaflæði og fræðsla er varðar náttúru og umhverfi verður aukin. Þannig má auka þekkingu, meðvitund og ábyrgð fólks og fyrirtækja í þessum málum. Hornstrandastofa mun gegna lykilhlutverki hvað varðar Hornstrandafriðlandið.

Um **skógrækt og landgræðslu** er fjallað í kafla 4.2 um lífríki og landslag. Þar er lögð áhersla á verndun náttúrulegra skóga og að skógarauðlind skerði ekki önnur mikilvæg gæði.

Bæta skal **eftirlit og eftirfylgni** með stefnumörkun, reglum og áætlunum sem varða náttúru og umhverfi og í gildi eru á skipulagssvæðinu. Einnig þurfa að fara fram rannsóknir á náttúru og nýtingu svæðisins og nánari stefnumörkun þar sem það á við, m.a. með gerð verndaráætlana í samstarfi við viðeigandi stofnanir.



Mynd 4.2. Hverfisverndarsvæði í dreifbýli.

4.1.1 Hverfisvernd í dreifbýli og friðlýst svæði

Í skipulagsáætlunum getur sveitarstjórn sett sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Þau kveða á um verndun sérkenna vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Hér á eftir eru sett fram skipulagsákvæði fyrir friðlýst og hverfisvernduð svæði.

Sérstaða svæðisins norðan Djúps er mikil en svæðið frá Snæfjallaströnd er án vegtengingar og því hafa náttúru- og menningarminjar varðveist vel. Svæðið er vinsælt til sumardvalar og gönguferða. Stór landsvæði sunnan Djúps eru einnig sérstæð eins og náttúruminjaskrá sýnir glöggt.

Samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunaárekstrum fjölgar. Á sama tíma er löggjöf sem snertir náttúru, umhverfi og skipulag landsins orðin strangari og ítarlegri en áður.

Stefna

Markmið

— Tryggja langtíma verndun þeirra auðlinda sem geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu

Við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum og friðlýstum svæðum ber þeim er stendur að gerð deiliskipulags að gera greiningu á áhrifum í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Þannig er reynt að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Greiningin tryggir jafnframt

faglega málsmeðferð við ákvarðanatöku sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila. Nánar er fjallað er um þetta í kafla 1.5 og í viðauka greinargerðarinnar.

Norðan Djúps

Norðan Djúps er lögð meginánhersla á það að viðhalda ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð og því er ekki gert ráð fyrir nýju landbroti á svæðinu, t.d. vegalagningu. Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908, en ekkert verður þó byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins eða Ísafjarðarbæjar, sbr. töflur 7.12 um jarðir í eigu Ísafjarðarbæjar og 7.13 um lögbýli í ábúð. Sjá nánar í kafla 7.5.4 um frístundabyggð. Landsvæðið norðan Djúps utan friðlands er hverfisverndað (svæði H18) með það að markmiði að varðveita sérkenni þess, sbr. ákvæði í töflu 4.2.

Lífríki og ásýnd Hælavíkurbjargs og Hornbjargs er verndað sérstaklega. Í því felst að öllum framkvæmdum skal haldið í algeru lágmarki og eingöngu miða að verndun svæðisins. Ekki er þó gert ráð fyrir því að hefðbundin hlunnindanýting breytist vegna þessa. Lítt snortin svæði og landslagsheildir, sem ná til Lónafjarðar og Barðsvíkur og hálendisins þar á milli, eru einnig vernduð sérstaklega. Í því felst að öllum framkvæmdum skal haldið í algeru lágmarki og eingöngu miða að verndun svæðisins. Ekki er þó gert ráð fyrir því að hefðbundin hlunnindanýting breytist vegna þessa.

Ekki er gert ráð fyrir framræslu lands eða öðru meiriháttar jarðraski á svæðinu. Þó er gert ráð fyrir því að hægt verði að verja mannvirki í augljósri hættu með viðeigandi leyfum Ísafjarðarbæjar. Lágmarka skal það jarðrask sem verða kann vegna framkvæmda, þ.m.t. við hús.

Ekki er gert ráð fyrir skógrækt í Hornstrandafriðlandi. Á hverfisverndaða svæðinu (H18) er ekki gert ráð fyrir skógrækt, utan landbúnaðarsvæða. Nánar er jallað um skógrækt í kafla 4.2.

Ferðamönnum verður beint inn á ákveðin ferðaþjónustusvæði, sbr. kafla 8.5 um ferðaþjónustu. Umferð um friðlandið verður einnig stýrt inn á ákveðnar leiðir sem skilgreindar eru á skipulagsuppdrætti, sbr. kafla 12 um samgöngur. Til að hefta ekki för fólks, eru girðingar ekki heimilar. Hægt er þó að girða af húsagarða með látlausum hætti.

Innan Hornstrandafriðlandsins verður meðferð skotvopna bönnuð, nema með sérstakri heimild sýslumanns, frá 1. júní til 1. september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja, sbr. friðlandsreglur.

Á fyrri hluta skipulagstímabilsins verði settur saman hópur hagsmunaaðila og fulltrúa aðliggjandi sveitarfélaga til að skoða kosti og galla stækkunar friðlands og stofnunar þjóðgarðs. Þar verði könnuð áhrif hugsanlegrar friðlýsingar og þörf á stýringu umferðar m.t.t. landeigenda, ferðaþjónustu, náttúru og menningarminja. Sérstaklega verði skoðaðir, bæði kostir og gallar á verndun Drangajökuls, bættu aðgengi eins og með vegslóða og stýringu á umferð, bæði sumar og vetur.

Tafla 4.2. Verndarákvæði í Hornstrandafriðlandi og á hverfisvernduðu svæði, H18, norðan Djúps. Einnig er fjallað um ákvæði svæðanna í töflum 4.7 og 7.17 um skógrækt og frístundabyggð.

Svæði	Ákvæði
H18 - Utan friðlands norðan Djúps: Snæfjallaströnd, sunnanverðir Jökulfirðir og norður fyrir Drangajökul. Sjá afmörkun á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti.	Ákvæðin skerða ekki hlunnindanýtingu.
Svæði	Ákvæði
Hornstrandafriðland.	Ákvæðin skerða ekki hefðbundna hlunnindanýtingu. Öllum framkvæmdum í nágrenni Hælavíkurbjargs og Hornbjargs skal haldið í algeru lágmarki og eingöngu miða að verndun svæðisins. Sömu ákvæði gilda um lítt snortin svæði og landslagsheildir sem ná til Lónafjarðar og Barðsvíkur og hálendisins þar á milli. Innan Hornstrandafriðlandsins verði meðferð skotvopna bönnuð, nema með sérstakri heimild sýslumanns, frá 1. júní til 1. september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

Sameiginleg ákvæði

Ásýnd svæðanna viðhaldið eins og þau voru þegar þau voru í byggð.

Ekki gert ráð fyrir nýju landbroti, t.d. vegalagningu.

Ekki er gert ráð fyrir framræslu lands eða öðru meiriháttar jarðraski á svæðinu. Hægt verður þó að verja mannvirki í augljósri hættu með viðeigandi leyfum.

Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi. Sjá nánar í viðauka og kafla 1.5.

Ákvæði um frístundabyggð er að finna í kafla 7.5.4.

Ákvæði um skógrækt er að finna í kafla 4.2.

Hverfisvernduð svæði H1-H4 sunnan Djúps
Hverfisverndinni er ætlað að varðveita sérkenni svæðanna, þ.e. menningar- og náttúruminjar á afskekktum svæðum og hálendi. Hluti hverfisvernduðu svæðanna er á náttúruminjaskrá. Á hverfisvernduðu svæðunum gilda ákvæði í töflu 4.3 en einnig almenn skipulagsákvæði greinargerðarinnar. Auk þess eru hverfisverndarákvæði svæðisins sett fram í kafla um skógrækt og kafla um frístundabyggð.

Dynjandi (Fjallfoss) í Arnarfirði (HG).

Tafla 4.3. Verndarákvæði hverfisverndaðra svæða H1-H4. Einnig er fjallað um ákvæði svæðanna í köflum 4.2 um skógrækt og 7.5.4 um frístundabyggð.

Svæði	Ákvæði
H1 - Innanverður **Dýrafjörður** og suður um **Arnarfjörð** að sveitarfélagsmörkum. Landbúnaðarsvæði í ábúð og góðri tengingu við innviði falla ekki undir hverfisvernd, sbr. uppdrátt. 607 km². Stór hluti svæðisins er lítt snortinn. Svæðið einkennist af fjölbreyttu og stórbrotnu landslagi, jökulhvilftum, árgljúfrum framhlaupum, jökulminjum og plöntusteingervingum. Á svæðinu eru einnig gróðursælar hlíðar og dalir með fjölskrúðugu gróður, kjarr- og skóglendi. Dynjandi og nágrenni er náttúruvætti stór hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá. Jarðir geyma minjar um sögu og menningu, m.a. Hrafnseyri en einnig eyðijarðir. H2 - Hluti af utanverðum skaganum á milli **Dýrafjarðar** og **Önundarfjarðar**. 334 km². Lítt snortin landslagsheild frá fjöru að fjallstoppum. Fjallstopparnir eru dæmigerðar rofsléttur sem einkennandi eru fyrir Vestfirði. H3 - Utanverður sunnanverður skaginn á milli **Önundarfjarðar** og **Súgandafjarðar**. 256 km2. Lítt snortin landslagsheild frá fjöru að fjallstoppum. Fjallatopparnir eru dæmigerðar rofsléttur sem einkennandi eru fyrir Vestfirði. Járnnáma í Eyrarfjalli ofan Flateyrar. H4 - Svæðið við norðanverðan **Súgandafjörð** utanverðan, að sveitarfélagsmörkum. 0,2 km². Lítt snortin landslagsheild frá fjöru að fjallstoppum. Fjallstopparnir eru dæmigerðar rofsléttur sem einkennandi eru fyrir Vestfirði.	Ákvæði hverfisverndar hafa ekki áhrif á hefðbundnar nytjar og landbúnað á landbúnaðarsvæðum. Ekki verði gert ráð fyrir framræslu lands eða öðru meiri háttar jarðraski utan landbúnaðarsvæða. Þó er gert ráð fyrir því að hægt verði að verja mannvirki í augljósri hættu með viðeigandi leyfum Ísafjarðarbæjar. Svigrúm er fyrir virkjanaframkvæmdir á Glámuhálendinu og viðhald og uppbyggingu á iðnaðarsvæði Mjólkár í Arnarfirði. Framkvæmdir skulu þó vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins. Öllu raski við hús utan landbúnaðarsvæða verði haldið í lágmarki. Allar framkvæmdir og öll nýting landeigenda eyðijarða verði í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi. Sjá nánar í viðauka og kafla 1.5. Hverfisverndarákvæði um frístundabyggð og varðveislu menningarminja er að finna í kafla 7.5.4. Hverfisverndarákvæði um skógrækt er að finna í kafla 4.2.

Hverfisvernduð svæði H5-H7 sunnan Djúps
Markmið hverfisverndarinnar er að varðveita og vernda náttúru svæðisins - fjörur, grunnsævi, klettastrandir, fjölbreytt lífríki, víðáttumiklar lífauðugar leirur og mikið fuglalíf - þannig að hægt sé að nýta svæðið til almennrar útivistar. Öll svæðin eru á náttúruminjaskrá, a.m.k. að hluta til. Um hverfisvernduðu svæðin gilda almenn skipulagsákvæði greinargerðarinnar, en auk þess ákvæðin í töflu 4.4.

Tafla 4.4. Verndarákvæði hverfisverndaðra svæða H5-H7. Einnig er fjallað um ákvæði svæðanna í töflum 4.7 og 7.17 um skógrækt og frístundabyggð.

Svæði	Ákvæði
H5 - **Holtsengi og Vöð í Önundarfirði**. 1239 ha. Fjörur og grunnsævi og fjölbreytt lífríki. H6 - Fjörur í botni **Skutulsfjarðar**. 148 ha. Víðáttumiklar, lífauðugar leirur og mikið fuglalíf. Sjá þéttbýlisuppdrátt. H7 - **Arnarnes** við **Skutulsfjörð**. 209 ha. Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.	Ákvæði hverfisverndar hafa ekki áhrif á hefðbundnar nytjar (æðarvarp o.fl.) og landbúnað á landbúnaðarsvæðum. Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og skal hún valda eins lítilli röskun á útivist og umhverfi, þ.e. lífríki, landslagi, fjörum, grunnsævi og leirum, eins og kostur er. Umferð verði beint á ákveðnar leiðir til að hlífa náttúru og hámarka upplifun gesta og íbúa. Ekki verði gert ráð fyrir framræslu lands eða öðru meiri háttar jarðraski utan landbúnaðarsvæða. Þó er gert ráð fyrir því að hægt verði að verja mannvirki í augljósri hættu með viðeigandi leyfum Ísafjarðarbæjar. Ný sorpförgunarsvæði eða námur mega ekki vera innan hverfisvernduðu svæðanna. Ísafjarðarbær skal meta hvort leita skuli umsagnar Fornleifaverndar ríkisins ef til stendur að spilla, granda, breyta, hylja eða flytja úr stað minjar um byggð og búskarparhætti frá því fyrir 1950. Framkvæmdir til að endurheimta fyrri gæði, s.s. lífríki, eru heimilar. Slíkar framkvæmdir geta einnig náð til aðliggjandi svæða. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi. Sjá nánar í viðauka og kafla 1.5. Ákvæði um frístundabyggð er að finna í kafla 7.5.4. Ákvæði um skógrækt er að finna í kafla 4.2.

4.2 Skógrækt

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, veðurfar, samfélag og svæði sem njóta verndar, t.d. vegna vatns, náttúrufars eða söguminja.

Nýræktun skóga á stærra svæði en 200 ha eða á verndarsvæðum, eins og þau eru skilgreind í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, er framkvæmdaleyfisskyld og jafnframt tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Þetta á einnig við um ruðning á náttúrulegum skógi og skógrækt á hverfisverndarsvæðum.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Undirbúningur skógræktarverkefnisins Skjólskógar hófst árið 1999 og hefur verkefnið verið starfrækt síðan. Í verkefninu er gert ráð fyrir því að allir þeir sem ráða yfir lögbýli á Vestfjörðum geti tekið þátt í Skjólskógaverkefninu. Samningssvæði er að lágmarki 10 ha. Eitt af markmiðum verkefnisins er að sköpuð verði skógarauðlind í sveitarfélaginu með ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta. Skógræktarverkefninu er ætlað að treysta byggð og efla atvinnulíf svæðisins, eins og segir í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95 / 2006. Til lengri tíma, þ.e. út fyrir ramma aðalskipulagsins, er gert ráð fyrir ræktun skóga á allt að 5% af flatarmáli láglendis á Vestfjörðum neðan 400 m h.y.s. Alls eru 14 jarðir með gilda samninga við Skjólskóga og fjórar jarðir með samning sem eftir á að staðfesta. Fleiri landeigendur og ábúendur hafa sýnt verkefninu áhuga, þannig að búast má við að samningsaðilum eigi eftir að fjölga á skipulagstímabilinu.

Tafla 4.5. Aðilar að Skjólskógum.

Jarðir með samning		Jarðir með samning í undirbúningi
Horn í Mosdal	Mýrar	Heimabær í Arnardal
Borg	Fell	Ytri-Veðrará
Ketilseyri	Klukkuland	Ytri-Hjarðardalur
Kjaransstaðir	Hóll í Firði	Brekka
Lambadalur	Tröð	
Höfði	Kirkjuból Valþjófsdal	
Neðri-Hjarðardalur	Botn í Súgandafirði	

Í nágrenni við þéttbýli eru skógræktarsvæði sem skógræktarfélög hafa ræktað, m.a.:

- Stórurð neðan Gleiðarhjalla, Tunguskógar í Tungudal og Kubbinn: Skógræktarfélag Ísafjarðar
- Í Önundarfirði, við Klofning: Skógræktarfélag Önundarfjarðar
- Ofan byggðar á Suðureyri
- Botn, Sandar og Garðshlíð: Skógræktarfélag Dýrafjarðar

Einnig hefur verið skógrækt í smærri sniðum, á vegum skógræktarfélaga og einstaklinga, m.a. á Dröngum í Dýrafirði, í Haukadal, á Læk í Dýrafirði, á Gerðhömrum, á Núpi, í Alviðru, á Ketilseyri, í Keldudal, á Auðkúlu, á Hrafnseyri, á Kirkjubóli í Kirkjubólsdal og á Sæbóli.

Fjallað er um gróður, jarðveg og rof í kafla 2.3. um gróður. Þar kemur m.a. fram að lítið er um svæði með miklu rofi í sveitarfélaginu, miðað við aðra landshluta.

Stefna

Markmið

— Sköpuð verði skógarauðlind til útivistar og til atvinnusköpunar

— Skógrækt skerði ekki önnur náttúruleg gæði eða hafi neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar

— Ágengar tegundir, eins skógarkerfill og lúpína, verði ekki nýttar utan skrúðgarða og útbreiðsla þeirra verði heft

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir frekari skógrækt til útivistar, einkum við þéttbýli. Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein, þ.e. í samræmi við verkefni Skjólskóga. Aðalskipulagið gerir jafnframt ráð fyrir viðhaldi birkiskóga.

Skógræktarsvæði og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsuppdrætti en um þau gilda skýr ákvæði sem nefnd eru hér á eftir.

Skógrækt er m.a. möguleg á landbúnaðarsvæðum, óbyggðum svæðum, opnum svæðum til

sérstakra nota og hverfisvernduðum svæðum. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt í Hornstrandafriðlandi. Á hverfisvernduðu svæði norðan Djúps, H18, er ekki er gert ráð fyrir skógrækt, utan landbúnaðarsvæða. Á hverfisvernduðum svæðum H1-H7 og H18 og á óbyggðum svæðum skulu eingöngu gróðursettar plöntur heyra til náttúrulegrar flóru svæðisins.

Nytjaskógrækt, þ.e. ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, er aðeins heimil á landbúnaðarsvæðum. Fjölnytjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum til sérstakra nota.

Skógrækt er tilkynningarskyld til Ísafjarðarbæjar, á hverfisvernduðum svæðum, óbyggðum svæðum, þar sem skógrækt nær til 100 ha eða meira og ef skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld (stærri en 200 ha). Auk þess ber framkvæmdaraðila á þessum svæðum að gera greiningu á áhrifum skógræktar með því að nota staðlaða matstöflu sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Þar skal m.a. fjallað um hvaða tegundum er áætlað að planta, umfangi og staðsetningu fyrirhugaðra skógræktarsvæða. Greiningunni er ætlað að tryggja að skógrækt sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins og faglega málsmeðferð sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila við ákvarðanatöku. Ákvarðanataka um skógrækt byggir á niðurstöðum greiningarinnar. Nánar er greint frá þessu í kafla 1.5 og í viðauka greinargerðarinnar.

Við alla skógrækt er lögð áhersla á það að skerða ekki gott landbúnaðarland, sérstaklega ekki svæði sem notuð eru til matvælaframleiðslu. Jafnframt er mikilvægt að við skógrækt sé tekið tillit til náttúrulegs gróðurfars og búsvæða dýra.

Skógræktarsvæðið í Stórurð í Skutulsfirði (MGJ).

Við alla skógrækt er lögð áhersla á það að skerða ekki gott landbúnaðarland, sérstaklega ekki svæði sem notuð eru til matvælaframleiðslu. Jafnframt er mikilvægt að við skógrækt sé tekið tillit til náttúrulegs gróðurfars og búsvæða dýra.

Öll skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi. Skógrækt má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. kafla 4.2, þ.e.:

- Stöðuvötn og tjarnir sem eru 1000 m² eða stærri
- Mýrar og flóar, 3 ha eða stærri

- Fossar, hverir og aðrar heita uppsprettur
- Sjávarfitjar og leirur

Við skipulagningu og skógrækt ber jafnframt að leggja áherslu á góðar tengingar á milli skógræktar, útivistar og ferðaþjónustu.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu 4.6.

Tafla 4.6. Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Ákvæði
Landamerki	25 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vatnsbakki	50 m	Ekki skógrækt.
Fornminjar	20 m	Ekki skógrækt, skv. þjóðminjalögum nr. 107 / 2001. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Veitulagnir	25 m	Ekki skógrækt, sbr. kafla 11.2 um veitur. Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir 15-30 m Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla 12 um samgöngur.

Varast ber að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd svæðisins.

Mikilvægt er að farið sé varlega með innfluttar tegundir innan sveitarfélagsins. Sumar tegundir, s.s. skógarkerfill og lúpína, geta verið mjög ágengar og rutt náttúrulegum gróðri og vistkerfum úr vegi. Þessar tegundir breyta ásýnd landsins og erfitt getur reynst að halda þeim í skefjum eða uppræta þær. Því er mikilvægt að flytja ekki slíkar tegundir inn í landið og reyna að uppræta eða hefta útbreiðslu þeirra sem þegar eru komnar.

Við landgræðslu ber að forðast að skerða náttúrleg gæði viðkomandi svæða. Jafnframt skal taka tillit til héraðsáætlana Landgræðslu ríkisins.

Tafla 4.7. Skipulagsákvæði m.t.t. skógræktar.

Svæði	Ákvæði
Hornstrandafriðland	Ekki gert ráð fyrir skógrækt eða flutningi plantna inn á svæðið.að finna í kafla 4.2.
Hverfisverndað svæði H18 - **Snæfjallaströnd**, sunnanverðir **Jökulfirðir** og norður fyrir **Drangajökul**.	Ekki er gert ráð fyrir skógrækt, utan landbúnaðarsvæða. Þar er skógrækt tilkynningarskyld til Ísafjarðarbæjar. Ákvörðun bæjaryfirvalda um skógrækt á þessum svæðum skal byggja á sérstakri greiningu framkvæmdaraðila á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins.

Tafla 4.7. Skipulagsákvæði m.t.t. skógræktar. Framhald.

Svæði	Ákvæði
	Gróðursett tré skulu falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og ekki skerða útsýni. Ekki má raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Gróðursett tré skulu ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Sjá einnig hverfisverndarákvæði í köflum um hverfisvernd í dreifbýli og frístundabyggð, m.a. töflur 4.2, 4.3, 4.4 og 7.17.
Hverfisvernduð svæði H1-H7 - **Dýrafjörður** og suður um **Arnarfjörð** að sveitarfélagsmörkum. Utanverður skaginn á milli **Dýrafjarðar** og **Önundarfjarðar**. Utanverður sunnanverður skaginn á milli **Önundarfjarðar** og **Súgandafjarðar**. Svæðið við norðanverðan **Súgandafjörð** utanverðan. Holtsengi og Vöð í **Önundarfirði**. Fjörur í Botni **Skutulsfjarðar**. **Arnarnes** við **Skutulsfjörð**. Óbyggð svæði	Öll skógrækt er tilkynningarskyld til Ísafjarðarbæjar. Ákvörðun bæjaryfirvalda um skógrækt skal byggja á sérstakri greiningu á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins. Ekki skal spilla landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Sjá einnig hverfisverndarákvæði í köflum um hverfisvernd í dreifbýli og frístundabyggð, m.a. töflur 4.2, 4.3, 4.4 og 7.17.
Landbúnaðarsvæði	Skógrækt, þ.m.t. nytjaskógrækt, er heimil á landbúnaðarsvæðum. Ekki skal spilla landi til matvælaframleiðslu. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu og landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Á hverfisvernduðum landbúnaðarsvæðuðm gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.
Opin svæði til sérstakra nota	Fjölnytjaskógrækt er heimil, m.a. þar sem er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu og landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Á hverfisvernduðum svæðuðm gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

5 VATN , LOFT OG HLJÓÐ

Í þessum hluta er fjallað um vatns- og loftgæði og hljóðvist. Víða er mengun lofts og vatns eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál sem glímt er við í heiminum í dag og ein mesta ógn við lífríki og vistkerfi jarðar.

Heilsa og vellíðan fólks, lífverur og vistkerfi eru háð vatns- og loftgæðum. Mengun getur haft skaðleg áhrif á helstu atvinnuvegi sveitarfélagsins, s.s. sjávarútveg, ferðaþjónustu og landbúnað, sem allir byggja á gæðum náttúrunnar og ímynd svæðisins. Almennt má segja að ástand vatns og lofts sé gott í sveitarfélaginu og orsakast það m.a. af smæð samfélagsins. Hér á landi eru í gildi lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir er varða mengun, þar á meðal:

- Lög nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar
- Lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó
- Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni
- Lög nr. 107/2006 um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda
- Vínarsamningur og Montrealbókun um verndun ósonlagsins
- Rammasamningur um loftslagsbreytingar og Kyotobókun
- Samningur um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL 73/78)
- Lundúnasamningur um varnir gegn mengun hafsins
- Samningur um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)
- Samningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun (OPRC)
- Kaupmannahafnarsamningur um mengun sjávar
- Baselsamningur

Reglugerð nr. 796/1999 m.s.br., um varnir gegn mengun vatns er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Skv. reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Jafnframt skal skilgreina vatnsverndarsvæði vatnsbóla. Vatnasvið vatnsbólanna, þ.e. vatnsverndarsvæðið, skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Reglugerðin tilgreinir takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðisins.

Búið er að kortleggja vatnsverndarsvæði fyrir þéttbýli í sveitarfélaginu og eru þau merkt inn á skipulagsuppdrátt. Vinna við flokkun vatns, skv. ofangreindri reglugerð, er hins vegar ekki hafin í Ísafjarðarbæ. Til að sú vinna geti hafist þarf að kortleggja álagsþætti, þ.e. þá þætti sem valdið geta álagi á vatnasvæðum, t.d. þéttleika byggðar og starfsemi á svæðinu. Jafnframt þarf að greina ástand vatnsins með tilliti til mengunarefna. Þá skulu metnar afleiðingar ástandsins á lífríki, heilsufar og fleira. Út frá þessum gögnum ber heilbrigðisnefnd að skilgreina langtímamarkmið og vinna aðgerðaráætlanir.

Seinni hluta ársins 2009 er gert ráð fyrir því að tilskipun Evrópusambandsins og -ráðsins 2000/60/EB, svokölluð vatnatilskipun, verði lögleidd á Íslandi. Tilgangur skipunarinnar er að koma á heildstæðri

stjórn vatnsmála. Á meðal markmiða tilskipunarinnar er að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa, tryggja haldbæra vatnsnotkun með verndun nytjavatns, auka vernd og bæta vatnakerfi. Auk þess er tilskipuninni ætlað að draga úr áhrifum flóða og bæta ástand sjávar. Eftir innleiðingu tilskipunarinnar verða ríkari kröfur gerðar um upplýsingagjöf og flokkun alls vatns.

Vatnasvið vatnsbóla

I flokkur. Brunnsvæði
Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

II. flokkur. Grannsvæði
Á grannsvæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði
Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II flokki. Stærri geymslur fyrri slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Reglugerð nr. 796/199 m.s.br.

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Skv. reglugerð um hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það í við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlanir séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar. Ekki var gert sérstakt hávaðakort fyrir þéttbýli samhliða þessu aðalskipulagi.

Stefna

Markmið

- Íbúar sveitarfélagsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu
- Notkun og losun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi
- Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma, hverfi með öllu
- Ísafjarðarbær verði vettvangur rannsókna á umhverfisbreytingum á haf- og strandsvæðum
- Íbúar sveitarfélagsins eigi kost á nægu heilnæmu og ómenguðu vatni til neyslu og annarra nytja
- Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi
- Tekið verði tillit til hljóðvistar í öllu skipulagi

Hér er lögð áhersla á það að íbúar búi við hreint og heilnæmt umhverfi. Jafnframt þarf sveitarfélagið að axla þá ábyrgð að draga úr hnattrænum umhverfisvandamálum í samræmi við lög landsins og alþjóðlegar skuldbindingar. Sérstök áhersla verður lögð á það að halda strandsvæðum og hafinu hreinu og ómenguðu.

Markmiðunum má m.a. ná með því að auka meðvitund almennings og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja sömu aðila til að forðast slíka mengun. Við skipulagningu verður lögð áhersla á gott net göngustíga og góðar almenningssamgöngur sem dregið geta úr loftmengun.

Til að ná settum markmiðum um vatnsvernd er mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Tryggja verður að fokrusl og önnur mengun frá Klofningi berist ekki inn á vatnsverndarsvæði ofan Flateyrar, sbr. kafla 11.1 um sorp. Ráðist skal í vinnu við flokkun vatns í samræmi við reglugerðir. Í því felst kortlagning álagsþátta, greining ástands vatns m.t.t. mengunar og mat á afleiðingum ástandsins á lífríki, heilsufar og fleiri þætti. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en árið 2011.

Áhersla er lögð á það að framfylgja reglugerðum er varða hljóðvist, með gerð hávaðakorta sem nýtist í gerð skipulags.

Nánari framkvæmd markmiða aðalskipulagsins varðandi gæði vatns og lofts og hávaða skal útfærð í staðardagskrá 21.

6 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Til óbyggðra svæða telst hálendi sveitarfélagsins og önnur afskekkt svæði eða svæði þar sem mannvirkjagerð er ekki fyrirhuguð.

Stefna

Markmið

— Nýting svæðisins sé í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins

— Heimilt verði að nýta eyðijarðir utan landbúnaðarsvæða til hefðbundinna hlunnindanytja, þar sem tekið er mið af hefð og sögu svæðisins

Á óbyggðum svæðum er að finna óbrotið land og oft á tíðum landsvæði sem eru auk þess vernduð sérstaklega sem náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, hverfisverndarsvæði eða vatnsverndarsvæði. Mikilvægt er að stefna um landnotkun þessara verðmætu ósnortnu svæða sé skýr í aðalskipulaginu. Verndarmarkmið aðalskipulagsins, sem sett eru fram í kafla 2 um náttúru, kveða m.a. á um sjálfbæra nýtingu auðlinda, aðgengi að náttúru, verndun sérkenna, líffræðilegrar fjölbreytni og landslags.

Hefðbundnar hlunnindanytjar landeigenda og ábúenda geta m.a. falið í sér, allt eftir hefð og sögu hvers svæðis, beit, mannvirkjagerð, útivist, veiðar og skógrækt, en þó ekki nytjaskógrækt.

Nánar er fjallað um

- Skógrækt í kafla 4.2
- Hverfisvernd í dreifbýli og friðlýst svæði í kafla 4.1.1
- Nýtingu eyðijarða í kafla 7.5.3
- Frístundabyggð í kafla 7.5.4
- Smávirkjanir í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði
- Gönguleiðir í kafla 12.2 og reiðleiðir í kafla 12.3
- Vatnsvernd í kafla 5

samfélag

Í þessum hluta er fjallað um byggð í þéttbýli og dreifbýli,
atvinnumál, félags- og velferðarmál, útivist,
opin svæði og íþróttir.

7 BYGGÐ

Í þessum hluta er fjallað um byggð í sveitarfélaginu, helstu breytingar á byggðamynstri og þróunarmöguleika byggðarinnar í þéttbýli og dreifbýli. Fjallað er sérstaklega um einstaka byggðakjarna.

Markmið

- Áhersla verði lögð á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi í góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni
- Skapað verði umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn, m.a. með varðveislu menningarverðmæta
- Boðið verði upp á fjölbreytt sumarhúsasvæði án þess að skerða sérstöðu og ásýnd svæðisins og í sátt við aðra landnotkun
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á eyðijörðum

7.1 Saga byggðar

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til árið 1996 þegar sex sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum sameinuðust, þ.e. Þingeyrarhreppur, Mýrarhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur, Suðeyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Áður hafði Grunnavíkurhreppur sameinast Snæfjallahreppi árið 1964, Eyrarhreppur sameinast Ísafjarðarkaupstað árið 1971 og Auðkúluhreppur sameinast Þingeyrarhreppi árið 1990. Snæfjallahreppur sameinaðist Ísafjarðarkaupstað árið 1994 og Sléttuhreppur í lok árs 1995, en Sléttuhreppur fór í eyði árið 1953.

Landfræðilegar aðstæður og þróun í sjávarútvegi hafa ráðið miklu um byggðaþróun á svæðinu. Í Ísafjarðarbæ eru góðar aðstæður til sjósóknar og því myndaðist snemma þéttbýli með öflugri útgerð og verslun. Fólksfjölgun varð með tilkomu þilskipaútgerðar á seinni hluta 19. aldar og í kjölfar vélvæðingar bátaflotans á fyrsta áratug 20. aldarinnar. Um aldamótin 1900 var Ísafjarðarkaupstaður þriðji stærsti kaupstaður landsins. Sjávarútvegur er enn undirstaða byggðarinnar en þróun síðustu 25 ára hefur einkennst af fólksfækkun sem hefur þó dregið úr síðustu ár.

Í Landnámu er greint frá því að Helgi Hrólfsson nam land í Skutulsfirði og gaf honum þá þetta nafn. Staðurinn hét fyrst Eyri við Skutulsfjörð svo Skutulsfjarðareyri en síðar Ísafjörður. Eyri var löngum höfuðból í Skutulsfirði og þar var kirkja sveitarinnar frá um 1200. Heimildir geta fyrst um Kirkjuból árið 1333, Arnardal árið 1460 og Hnífsdal árið 1562. Á seinni hluta 16. aldar, er kaupskapur hófst á Skutulsfjarðareyri, varð Skutulsfjörður að miðstöð við Ísafjarðardjúp. Kaupmenn frá meginlandi Evrópu komu sér upp aðstöðu á Skutulsfjarðareyri sem varð helsti verslunarstaður á Vestfjörðum. Eyrin varð að verslunarstað Dana sem versluðu þar með fisk. Ísafjörður fékk fyrst kaupstaðarréttindi árið 1786 og svo aftur árið 1866. Mannfjöldi í Skutulsfirði á 18. öld og fram á byrjun 19. aldar var nokkuð stöðugur, um og yfir 200 manns. Talsverð fólksfjölgun varð á seinni hluta 19. aldar, í kjölfar vaxandi gengis þilskipaútgerðar og á fyrsta áratug 20. aldarinnar varð mikil fólksfjölgun samhliða vélvæðingu bátaflotans. Eftir það fjölgaði fólki jafnt og þétt til ársins 1940. Segja má því að á tímabilinu 1830-1945, þegar íbúar Ísafjarðar voru orðnir rúmlega 2900, hafi bærinn þróast úr litlu sjávarþorpi í kaupstað með fjölbreyttri þjónustu og öflugri útgerð.

Eitt af einkennum byggðarinnar á Ísafirði eru þær byggingar sem hér voru reistar. Frumkvöðlar í

byggingarlist settu mark sitt á umhverfið og byggt var af framsýni og stórhug. Auk þess má nefna að fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi náði yfir Skutulsfjarðareyri.

Hnífsdalur, sem er aðeins í fimm km fjarlægð frá Ísafirði, óx eins og aðrir byggðakjarnar í sveitarfélaginu upp í kringum útgerð og fiskvinnslu. Fólksfjöldi var þar mestur í kringum aldamótin 1900 en á síðustu árum hefur byggð dregist talsvert saman þar, einkum vegna niðurrifs húsa á snjóflóðahættusvæði.

Heimildir eru um búsetu á Þingeyri á 10. öld en staðurinn er forn þingstaður. Atvinnurekstur erlendra aðila var mikill og settu útlendir sjómenn mark sitt á bæinn. Kauptún tók að myndast um miðja 19. öld, þó svo að þorpsmyndun hafi verið mest á tveimur síðustu áratugum 19. aldar. Á Framnesi, í firðinum norðanverðum, var um tíma rekin norsk hvalveiðistöð sem veitti fjölda manns atvinnu. Árið 1890 voru íbúar 66 talsins en árið 1910 voru þeir orðnir 337. Íbúafjöldi næstu áratugi var nokkuð stöðugur.

Á Flateyri var verslun allt frá upphafi 18. aldar og varð þorpið löggiltur verslunarstaður árið 1823. Með þilskipaútgerð, sem hófst á síðari hluta 19. aldar, varð mikil þorpsmyndun og fólksfjölgun. Í lok 19. aldar var starfrækt hvalveiðistöð sem var eitt stærsta fyrirtæki landsins í seinni tíð, reist árið 1889. Á þessum tíma varð Flateyri næst stærsta útflutningshöfn landsins. Árið 1890 bjuggu um 100 manns á Flateyri, 249 manns árið 1900 og 300 manns árið 1920. Þróun byggðarinnar á Flateyri á 20. öld hefur verið í takt við sveiflur í sjávarútvegi.

Á Suðureyri myndaðist þorp seinna en í öðrum þéttbýliskjörnum, en verbúðir voru þar lengi áður. Þorpsmyndunin varð þó mjög hröð í byrjun 20. aldar. Aðeins tvö íbúðarhús voru á Suðureyri í byrjun 20. aldar en upp úr því fór þeim að fjölga verulega samfara uppgangi í sjávarútvegi. Fyrsti vélbáturinn á Suðureyri var keyptur árið 1906 og stuttu síðar, eða árið 1911, voru íbúarnir orðnir 200.

Minni þéttbýliskjarnar mynduðust einnig við sjávarsíðuna vegna aukinna fiskveiða og áttu þeir blómatíma frá árinu 1880 og fram yfir aldamótin 1900. Á meðal þessara staða eru Arnarnes við Skutulsfjörð, Hesteyri og Aðalvík á Hornströndum og Keldudalur og Haukadalur í Dýrafirði.

Í kafla 7.5 er fjallað um fjölda bæja í dreifbýli sem farið hafa í eyði síðustu áratugina.

7.2 **Íbúaþróun**

7.2.1 Íbúafjöldi

Íbúum Ísafjarðarbæjar, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust í Ísafjarðarbæ, hefur fækkað úr 4894 árið 1990 í 3968 árið 2008 miðað við 1. desember. Fækkunin nemur um 19% en á sama tíma hefur

Sæludagar á Suðureyri (PÖ).

íbúum á landinu fjölgað um ríflega 22%. Sé litið lengra aftur í tímann kemur í ljós að Vestfirðingar voru tæp 15% af mannfjölda landsins árið 1915 en árið 1990 var þetta hlutfall komið niður undir 4%. Straumur fólks á 20. öldinni og fyrstu árum þeirrar 21. hefur legið frá landsbyggðinni og á suðvesturhornið. Breyting varð á þessu árið 2008 en þá fjölgaði íbúum á Vestfjörðum um 65, eða um tæpt eitt prósent, eftir langvarandi fólksfækkun.

Mesta fækkunin í Ísafjarðarbæ, sjá mynd 7.1, varð upp úr 1995 en heldur hefur dregið úr fólksfækkun síðustu ár ef undan er skilið árið 2007. Ýmsar skýringar hafa verið settar fram um þessa þróun og ber þar helst að nefna mannskæð snjóflóð á árinu 1995 og miklar breytingar í undirstöðuatvinnugrein svæðisins, þ.e. sjávarútvegi. Þó fólksfjölgun hafi verið einstaka ár á þessu tímabili var síðasta afgerandi tímabil fólksfjölgunar um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Í einstökum byggðakjörnum sveitarfélagsins hefur mest fólksfækkun orðið í Hnífsdal og á Þingeyri en minni breytingar hafa orðið á Suðureyri og Flateyri. Í Hnífsdal voru 19 íbúðir, í eigu Ísafjarðarbæjar við Árvelli, jafnaðar við jörðu, því þær voru staðsettar á snjóflóðahættusvæði. Auk þess voru 10 einbýlishús við Árvelli flutt á aðra staði af sömu ástæðu.



Mynd 7.1. Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæ 1. desember á tímabilinu 1990-2008 (Hagstofa Íslands 2009).

Tafla 7.1. Mannfjöldi í þéttbýliskjörnum Ísafjarðarbæjar 1. janúar 1998 og 2008, ásamt hlutfallslegri breytingu á þessu tímabili (Hagstofa Íslands 2008).

Bær	Íbúafjöldi 1998	Íbúafjöldi 2008	Breyting (%)
Ísafjörður	2997	2690	-10,2
Þingeyri	359	297	-17,3
Flateyri	290	285	-1,7
Suðureyri	282	304	+7,8
Hnífsdalur	312	236	-24,4

Íbúaþróun er háð búferlaflutningum og náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæddra umfram dána. Búferlaflutningar hafa jafnan verið neikvæðir síðustu 20 ár, þ.e. fleiri flytja frá sveitarfélaginu en í það, eins og sjá má á mynd 7.3. Neikvæðastir voru flutningarnir á tímabilinu 1995-2000 en síðan hefur dregið úr þeim ef frá er talið árið 2007.

Síðustu 10 ár hefur flutningsjöfnuður kvenna verið heldur neikvæðari en karla. Náttúruleg fjölgun á tímabilinu hefur hins vegar verið jákvæð, þ.e. fæðingar hafa verði fleiri en dauðsföll og hefur það unnið á móti fólksfækkuninni.



Mynd 7.2. Mannfjöldi í byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar 1. Janúar á tímabilinu 1998-2008 (Hagstofa Íslands 2008).



Mynd 7.3. Búferlaflutningar, þ.e. aðfluttir umfram brottfluttra, innan skipulagssvæðisins á tímabilinu 1986-2006 (Hagstofa Íslands 2008).

7.2.2 Samsetning íbúafjölda

Á næstu myndum er litið á aldur, kyn, fjölskyldugerð og þjóðerni. Skv. súluriti aldursdreifingar íbúa Ísafjarðarbæjar í samanburði við aldursdreifingu alls landsins, er hlutfall yngstu barna 0-4 ára lægra í Ísafjarðarbæ en á landsvísu. Það sama má segja um aldursbilið 25-34 og 55-59. Hlutfallið er hins vegar heldur hærra í Ísafjarðarbæ fyrir aldurinn 10-24 ára og hjá þeim sem eru eldri en 65 ára. Hlutfall karla og kvenna er nokkuð jafnt því sem það er á landsvísu, þar sem konur eru um 49% en karlar um 51% af mannfjölda.



Mynd 7.4. Samsetning íbúafjölda í Ísafjarðarbæ og á Íslandi 1. janúar 2008 (Hagstofa Íslands 2008).

Hlutfall erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ er nú um 8,5% sem er heldur meira en landsmeðaltalið sem er innan við 7%. Dregið hefur þó saman með fjölda erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ og á landsvísu. Af mynd 7.5 má ráða að kynjahlutfall erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ hefur jafnast síðustu ár og munar þar mest um fjölda erlendra karla sem nú er orðinn meiri en fjöldi kvenna. Meira en helmingur þeirra sem eru með erlent ríkisfang í Ísafjarðarbæ kemur frá Póllandi en aðrir fjölmennir hópar eru frá Taílandi, Filippseyjum og Þýskalandi. Margir erlendir ríkisborgarar hafa sótt í það að vinna við fiskvinnslu. Breytingar í greininni, m.a. kvótaniðurskurður, eru líkleg til að hafa áhrif á fjölda erlendra ríkisborgara.



Mynd 7.5. Hlutfall erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ á tímabilinu 1998-2008 (Hagstofa Íslands 2008).

Litlar breytingar hafa orðið á fjölskyldugerð í sveitarfélaginu síðustu 10 ár. Á mynd 7.6 má þó sjá að fólki sem er í sambúð eða hjónabandi og með börn hefur fækkað. Minni sveiflur eru hjá öðrum hópum. Hafa verður í huga fólksfækkun síðustu 10 ára í sveitarfélaginu.



Mynd 7.6. Fjölskyldumynstur íbúa í Ísafjarðarbæ á tímabilinu 1998-2008 (Hagstofa Íslands 2008).

Stefna

Markmið

— Fólksfjölgun verði í Ísafjarðarbæ á skipulagstímabilinu

Þróun íbúafjölda næstu ára munu m.a. ráðast af þeirri stefnu sem aðalskipulagið markar. Óljós stefna er ekki líkleg til að snúa mannfjöldaþróuninni við, en skýr stefna í aðalskipulaginu getur haft afgerandi áhrif á mannfjöldaþróun sem og aðra þætti sem tekið er á í skipulaginu. Forsenda þessa viðsnúnings eru m.a. bættir innviðir sem leiða til öflugra og fjölbreyttara atvinnulífs, þannig að hægt verði að nýta sérstöðu svæðisins betur en verið hefur. Mikilvægt er að hér skapist sterkur grunnur sem verði sem óháðastur sveiflum í efnahagslífi landsins. Ísafjörður hefur verið skilgreindur sem byggðakjarni og í því munu felast tækifæri til eflingar svæðisins í samvinnu við stjórnvöld.

Margir þættir geta haft áhrif á íbúaþróun og því er erfitt að segja til um það hverjar mannfjöldabreytingarnar munu verða á gildistíma aðalskipulagsins. Í Vaxtarsamningi Vestfjarða er sett fram framtíðarsýn fyrir Vestfirði sem gerir ráð fyrir því að íbúum á Vestfjörðum fjölgi árlega á tímabilinu 2004-2020 um 0,5% eða 40 og að íbúafjöldinn verði 8300 árið 2020. Í vaxtarsamningi er framtíðarsýnin sú að hér verði fjölskylduvænt samfélag sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Í spá Hagstofu Íslands (2008) er gert ráð fyrir fólksfækkun á árunum við upphaf skipulagstímabilsins en frá árinu 2013 er spáð um 0,9% fjölgun. Spáin á við Ísland í heild sinni og er ekki gerður greinarmunur eftir svæðum.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir lítilsháttar fólksfjölgun árið 2010 en að fjölgunin muni aukast eftir því sem líður á tímabilið og verði orðin 0,6% í lok tímabilsins. Skv. þessu mun íbúum fjölga um u.þ.b. 180 manns á skipulagstímabilinu. Gert er ráð fyrir svipaðri fjölgun, hlutfallslega, í einstökum byggðakjörnum bæjarins.



Mynd 7.7. Þróun mannfjölda í Ísafjarðarbæ frá árinu 1990 og áætluð mannfjöldaþróun til ársins 2020.

7.3 Menningar- og búsetuminjar

Fornleifar eru þær minjar sem eru eldri en 100 ára og eru friðaðar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Skv. lögunum eru fornleifar hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- Búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, s.s. kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum
- Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, s.s. leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri
- Gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita
- Gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra
- Virki og skansar og önnur varnarmannvirki
- Gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð
- Áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum
- Haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið
- Skipsflök eða hlutar úr þeim

Sumar fornleifar eru jafnframt friðlýstar sérstaklega en einnig er hægt að friðlýsa yngri minjar skv. 9. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001. Rétt er að hafa í huga að margar minjar nálgast 100 ára aldur og því mun fornleifum fjölga hratt á næstu árum miðað við núgildandi lög. Í 11. grein þjóðminjalaga segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Ef jarðrask, vegna framkvæmda, getur haggað fornleifum skal framkvæmdaaðili, landeigandi, ábúandi eða annar aðili skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Setur þá Fornleifavernd skilmála sem ætlað er að tryggja vernd fornleifanna. Skv. friðlýsingaskrá eru skráðar 22 friðlýstar fornminjar í Ísafjarðarbæ, sjá töflu 7.2.

Tafla 7.2. Friðlýstar fornminjar í Ísafjarðarbæ skv. friðlýsingaskrá (Fornleifavernd 1990).

Auðkenni	Staðsetning	Lýsing
	Haukadalur, Dýrafirði	Sæbóls-rústir * Annmarkastaða-rúst * Seltóftir við Lambadalsá þar sem Orrastaðir voru * Gömul tóft ofan við Skammfótarengi * Nefsstaða-rúst *
Ú5	Ísafjarðarkaupstaður	Hið forna bæjarstæði Eyrar við Skutulsfjörð
T6	Hof við Múla, Dýrafirði	Goðatóft
T7	Hrafnseyri, Arnarfirði	Kirkjutóft Rafns Hróftóft Rafns Lögrjetta Grelutóttir og aðrar fornar rústir
T8	Sandar, Dýrafirði	Þingeyrar-þingstaður, búðatóftir fornar og aðrar rústir og fornleifar
	Alviðra, Dýrafirði	Þrælsgerði *
Þ6	Hraun Keldudalur	Hringur nefndur lögrjetta / dómhringur og lögrjettubúðir
T13	Höfði, Dýrafirði	Fornar tóftir * Blóttóft * Fornar tóftir á Höfðaoddanum Merkjagarður á landamærum Höfða og Næfraness *
	Lambadalur, Dýrafirði	Valseyrar-þingstaður, búðartóftir fornar o.fl. forn mannvirki *
T14	Sæból, Önundarfirði	Leifar Ingjalds-dysjar Fornar girðingar, Akrar, Austan Sæbóls *
T1	Kirkjuból, Bjarnardal	Káraleiði í Bænhúshól. Staður, sem auðkenndur hefur verið í norðvesturhluta matjurtagarðs
T2	Álfsstaðir, Hrafnfirði	Rústir og önnur forn mannvirki á eyðibýlinu Sviðinsstöðum
T3	Dyrðilmýri, Snæfjallaströnd	Rústir Hávarðsstaða
T4	Lónseyri, Snæfjallaströnd	Ólafsleiði
	Æðey	Forntóftaleifar *
T11	Hrafnfjarðareyri, Hrafnfirði	Sigurfljóðarhaugur og Úlfhildarhaugur. Rúst Írsku-Krambúðar á Skipeyri
	Steinólfsstaðir, Veiðileysufirði	Steinólfs-dys *
T12	Atlastaðir, Fljótavík	Skálatóft Vébjarnar Sygnakappa
	Látrar, Aðalvík	Virkisrúst á Virkishól í Látrakví, dalhvilft í Látrafjalli *

* Minjar sem ekki eru sýndar á uppdrætti, þar sem nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt.

Engin skipulögð fornleifaskráning hefur farið fram í sveitarfélaginu, utan skráningar 13 jarða í Skutulsfirði, þ.e. fyrrum Eyrarhreppi, sjá töflu 7.3 um skráðar fornleifar í Skutulsfirði. Þjóðminjasafn Íslands hefur látið skrá fornminjar í landi Holts í Önundarfirði og Hrauns í Keldudal. Að öðru leyti hefur skipulögð fornleifaskráning ekki farið fram í sveitarfélaginu. Talsvert hefur þó verið skráð vegna ýmissa framkvæmda á vegum Fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða, m.a. í Dýrafirði og Arnarfirði, sjá töflu 7.4 um aðrar skráðar fornleifar í Ísafjarðarbæ.

Tafla 7.3. Skráðar fornleifar í Skutulsfirði (Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher 2002).

Jörð	Númer	Fjöldi minjastaða
Hnífsdalur neðri	ÍS-141	46
Hnífsdalur fremri	ÍS-142	17
Bakki	ÍS-143	25
Eyri við Skutulsfjörð	ÍS-144	48
Stekkjanes	ÍS-145	1
Seljaland	ÍS-146	5
Tunga	ÍS-147	46
Hafrafell	ÍS-148	29
Engidalur	ÍS-149	23
Foss	ÍS-150	11
Kirkjuból	ÍS-151	25
Fremri-Arnardalur	ÍS-152	11
Neðri-Arnardalur	ÍS-153	72

Tafla 7.4. Aðrar skráðar fornleifar í Ísafjarðarbæ (Ragnar Edvardsson 2006, Ragnar Edvardsson 2007, Ragnar Edvardsson og Caroline Paulsen 2007, Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen 2008).

Jörð	Númer	Fjöldi minjastaða
Núpur	ÍS-140975-057	3
Sandar	ÍS-181579-035	11
Þingeyri	ÍS-181579-035	16
Bakki	1-32	32
Ketilseyri	ÍS-140660-40	7
Kjaransstaðir	ÍS-140663-41	20
Drangar	ÍS-140627-42	24
Rauðsstaðir	ÍS-181572-9	24
Borg	ÍS-181571-8	14

Á 19. öld voru 165 bæir á skipulagssvæðinu, sjá töflu 7.5 um dreifingu fornleifaskráðra minja. Sé reiknað með 20 minjastöðum á jörð að meðaltali, má búast við að í Ísafjarðarbæ séu samtals um 3300 minjastaðir. Búið er að skrá 278 minjastaði, eða eingöngu um 12% af öllum minjastöðum í sveitarfélaginu.

Á Straumnesfjalli í Hornstrandafriðlandi standa rústir ratsjárstöðvar sem reist var af Bandaríkjamönnum um miðjan sjötta áratug síðustu aldar. Rústir mannvirkja sem reist voru af Bretum á svipuðum tíma er einnig að finna á Lækjarfjalli sunnan Aðalvíkur. Umrædd mannvirki eru ekki fornleifar en teljast merk vegna staðsetningar og sögu.

Til friðaðra bygginga teljast öll hús sem eru reist fyrir 1850 svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918 skv. lögum nr. 104/2001. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleið sem hefur menningarsögulegt gildi. Eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 er einnig skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd. Skv. lögunum má friða mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt



Mynd 7.8. Skráðar fornminjar í dreifbýli Ísafjarðarbæjar.



Mynd 7.9. Skráðar fornminjar í Skutulsfirði.



Mynd 7.10. Skráðar fornminjar á Þingeyri.

eða listrænt gildi. Auk þess getur menntamálaráðherra ákveðið að friða mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sömuleiðis getur hann ákveðið að brottfella friðun.

Í sveitarfélaginu eru 24 hús friðuð þar, af 11 kirkjur, sbr. töflu 7.6 um friðuð hús í Ísafjarðarbæ. Auk þess munu u.þ.b. 55 hús verða 100 ára á skipulagstímabilinu og þar með teljast fornleifar. Sjá nánar kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli. Í frumvarpi að lögum um menningarminjar er gert ráð fyrir því að öll mannvirki sem byggð voru fyrir aldamótin 1900 verði friðuð. Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja aðalskipulagið í sessi sökum þeirrar stefnu sem hér er mörkuð og fjallað er um á eftir.

Fornleifar og aðrar búsetuminjar geyma upplýsingar um sögu og menningu svæðisins, einkum, búskaparhætti, byggingarlag og lifnaðarhætti fyrri tíma. Á norðanverðum Vestfjörðum er tækifæri til að rannsaka þessa þætti því byggð hefur minnkað og þéttst, auk þess sem stórt svæði er einangrað, þ.e. án vegtengingar við önnur svæði og þannig hafa verðmætin varðveist. Nánar er fjallað um gamlar byggingar í næsta kafla.



Mynd 7.11. Skráðar fornminjar í Hnífsdal.

Tafla 7.6. Friðuð hús í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Gata og húsnúmer	Bygging	Byggingarár/ friðlýst
M4	Aðalstræti 7, Ísafirði	Edinborgarhúsið	1907 / 1999
M4	Aðalstræti 8, Ísafirði	Jónassenshús	1845 / 1990
M4	Aðalstræti 12, Ísafirði	Skönderborgarhús	1816 / 1990
M4	Aðalstræti 16, Ísafirði	Rögnvaldarbúð	1876 / 1993
M4	Aðalstræti 42, Ísafirði	Faktorshús í Hæstakaupstað á Ísafirði	1788 / 1975 og 1990
T15	Betuhús í Æðey	Flutt út í Æðey frá Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi 1878.	1773-1786 / 1999
Þ50	Furufjörður	Bænahús	1899 / 1990
Þ12	Eyrartún, Ísafirði	Gamla sjúkrahúsið	1924-1925 / 1999
Þ3	Önundarfjörður	Holtskirkja	1869 / 1990
Þ8	Arnarfjörður	Hrafnseyrarkirkja	1885 / 1990
Þ6	Keldudalur	Hraunskirkja	1885 / 1990
Þ4	Önundarfjörður. Valþjófsdalur	Kirkjubólskirkja	1886 / 1990
Þ7	Dýrafjörður	Mýrakirkja	1897 / 1990
Þ53	Aðalvík	Staðarkirkja	1904 / 1990
Þ52	Grunnavík	Staðarkirkja	1891 / 1990

Þ2	Staðardalur, Súgandafirði	Staðarkirkja	1886 / 1990
Í5	Sundstræti 25A, Ísafirði	Messíönuhús	Um 1845 / 1990
Þ51	Snæfjallaströnd	Unaðsdalskirkja	1899 / 1990
Þ11	Neðstikaupstaður Ísafirði (Byggðasafn Vestfjarða)	Krambúðin	1757 / 1975 og 1990
Þ11	Neðstikaupstaður, Ísafirði (Byggðasafn Vestfjarða)	Faktorshúsið	1765 / 1975 og 1990
Þ11	Neðstikaupstaður Ísafirði, (Byggðasafn Vestfjarða)	Tjöruhúsið	1782 / 1975 og 1990
Þ11	Neðstikaupstaður Ísafirði, (Byggðasafn Vestfjarða)	Turnhúsið	1784-85 / 1975 og 1990
	Byggðasafn Vestfjarða	Ögurstofa.* Reist á Ögri við Ísafjarðardjúp en tekin niður 1961 og endurreist að hluta í Byggðasafni Vestfjarða	Um 1750 / 1990
	Þingeyri	Salthúsið*	1787 / 1990

* Minjar sem ekki eru sýndar á uppdrætti.

Stefna

Markmið

— Vernda skal búsetuminjar, m.a. fyrir skógrækt, ágangi búfjár, landbroti vegna ágangs sjávar og öðrum framkvæmdum

— Kerfisbundin skráning verði gerð á fornleifum í Ísafjarðarbæ þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra í frekari skipulagi

— Íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem felast í búsetuminjum svæðisins

Framkvæmdum og athöfnum sem geta skert gildi forminja ber að beina frá minjastöðum eins og kostur er en að öðrum kosti skal tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdir með góðum fyrirvara.

Leitast skal við að varðveita gömul hús í þéttbýli og dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Áhersla er lögð á verndun staða sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og verndun mannvirkja sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Í sveitarfélaginu eru margs konar mannvirki, úr nútíð og fortíð, sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda, s.s. fiskhjallar, varir, naust og verstöðvar. Þessi mannvirki setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Nánar er fjallað um verndun húsa í þéttbýli í kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli og um verndun minja í dreifbýli í kafla 7.5.3 um frístundabyggð.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir því að sköpuð verði aðstaða til varðveislu og endurgerðar gamalla báta í samvinnu við félagasamtök, fyrirtæki, ríkið og þá sem þekkingu hafa til slíkra verka. Góð aðstaða og þekking er þegar til staðar á svæðinu fyrir slíka starfsemi, sbr. kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús. Gert er ráð fyrir bryggju fyrir safnbáta við Neðstakaupstað.

Minjum um byggð og búskaparhætti í Hornstrandafriðlandi frá því fyrir 1950 má ekki spilla, granda, breyta, hylja eða flytja úr stað nema umsögn Fornleifaverndar ríkisins liggi fyrir. Á hverfisverndudum svæðum skal Ísafjarðarbær meta hvort leita skuli umsagnar Fornleifaverndar ríkisins ef til stendur að spilla, granda, breyta, hylja eða flytja úr stað minjar um byggð og búskaparhætti frá því fyrir 1950. Í Hornstrandafriðlandi og á hverfisverndudum svæðum má viðhalda gömlum tóftum, göngu- og reiðleiðum, stikum, bryggjum og vörðum sem eru í

Safnasvæðið í Neðstakaupstað (ÁA).

notkun. Við allt viðhald á þessum svæðum skal hafa almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins að leiðarljósi. Til að tryggja að tillit verði tekið til búsetuminja skal jafnframt meta áhrif framkvæmda í sérstakri greiningu á áhrifum, samhliða deiliskipulagi á þessum svæðum. Mannvirki ratsjárstöðvarinnar á Straumnesfjalli skal vernda, enda um sérstæðar minjar að ræða. Svigrúm er þó til uppbyggingar ferðaþjónustuaðstöðu, eins og nánar er skilgreint í kafla 8.5 um ferðaþjónustu. Stríðsminjar á Lækjarfjalli skulu einnig verndaðar.

Nánar er fjallað um varðveislu bygginga og götumynda í næsta kafla.

Kynning og upplýsingagjöf fyrir íbúa og gesti verði bætt, m.a. með merkingum og upplýsingum, með það að markmiði að auka vitund fólks um menningarsöguleg verðmæti. Jafnframt verði stuðlað að góðu aðgengi að verðmætum og skráningu sagna um svæðið. Ísafjarðarbær og Hornstrandastofa geta gegnt þar lykilhlutverki og annast vörslu efnisins.

Gert er ráð fyrir því að gerð verði heildarskráning á fornminjum í Ísafjarðarbæ á næstu fjórum árum. Fornleifaskráning verður einnig gerð samhliða deiliskipulagi, eins og þjóðminjalög gera ráð fyrir. Skráning mun hefjast sunnan Djúps á fyrri helmingi tímabilsins en á seinni hlutanum verði fornminjar skráðar norðan Djúps.

Að lokinni skráningunni verður gerð nánari áætlun um verndun og hugsanlega nýtingu fornleifa. Þar verður m.a. tilgreint hvaða fornminjar ber að vernda frekar.

Með fornleifaskráningu, sem er grunnrannsókn og undanfari fornleifauppgraftar, er unnt að koma í veg fyrir það að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu, sem auk þess getur haft mikinn ófyrirséðan kostnað í för með sér. Slík skráning hefur auk þess upplýsingagildi fyrir almenning og ferðamenn, en upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu verða sífellt mikilvægari. Æskilegt er að fornleifaskráin tilgreini m.a. hættumat, gildi og ástand viðkomandi minja, auk þess að tilgreina hvort beri að friða og merkja þær.

7.4 **Byggð í þéttbýli**

7.4.1 Yfirbragð byggðar

Landfræðilegar aðstæður hafa ráðið miklu um þróun byggðar á svæðinu. Í Ísafjarðarbæ eru góðar aðstæður til sjósóknar og því myndaðist snemma þéttbýli með öflugri útgerð, verslun og styrkum grunnstoðum. Landrými var lítið og því varð byggðin þétt, sérstaklega á Eyrinni í Skutulsfirði. Fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi náði yfir Skutulsfjarðareyri og frumkvöðlar í byggingarlist settu mark

sitt á húsbyggingar. Þetta tvennt leiddi til þess að á Ísafirði varð til sterkur miðbær sem enn í dag heldur sínum sterku sérkennum og yfirbragði. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins hafa þróast með mismunandi hætti og hafa því sín sérkenni en eiga það sameiginlegt að geyma menningarsögu svæðisins og hluta af menningarsögu þjóðarinnar. Miðað við önnur sveitarfélög, eru mörg gömul hús í Ísafjarðarbæ ennþá uppistandandi, sbr. töflu 7.7. Í nýrri hverfum og svæðum sem byggst hafa upp í lok síðustu aldar, eða í byrjun þessarar aldar, er yfirbragð í samræmi við þann tíma er uppbyggingin átti sér stað.

Tafla 7.7. Fjöldi húsa byggður fyrir 1918 í byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar (Fasteignamat ríkisins 2008).

Byggðakjarni	Fjöldi
Ísafjörður	124
Hnífsdalur	9
Þingeyri	20
Flateyri	23
Suðureyri	16

Stefna

Markmið

- Áhersla verði lögð á aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi
- Ísafjarðarbær myndi fimm aðlaðandi byggðakjarna með öflugum miðsvæðum - Hina fögru fimm - þar sem Ísafjarðarbær verði þekktur sem gamli bærinn á Íslandi
- Sérkenni hvers byggðakjarna fái að njóta sín
- Umhverfi bæjanna verði snyrtilegt og gefi heildstæða mynd af byggðinni

Mikilvægt er að allar breytingar á eldri byggð falli vel að umhverfi sínu og heildarmynd byggðarinnar. Unnið verður markvisst að því að yfirbragð miðsvæða verði sem líkast því sem það var á fyrsta hluta 20. aldar en nýrri hverfi fá að þróast í takt við tíðaranda síðari tíma. Áhersla verði lögð á það að ná samfelldum bæjarhlutum í þetta horf til að ná sem mestum heildaáhrifum. Í því sjónarmiði verði öll hús, með verndargildi skv. húsakönnun, vernduð og gerð upp að utan en jafnframt verði áhersla lögð á það að endurheimta falleg hús sem nú eru horfin. Eigendur verða þó ekki þvingaðir til að ráðast í breytingar á eignum sínum.

Skipulag í tengslum við nýbyggingar og uppbyggingu eldri húsa í Ísafjarðarbæ, skal taka mið af stærðum og hlutföllum eldri húsa í umhverfinu og við staðsetningu skal taka mið af sögulegum arfi. Til að hægt sé að framfylgja aðalskipulaginu er stefnt að því að lokið verði við húsakönnun fyrir allan Ísafjarðarbæ á árinu 2009. Áhersla verði lögð á tengsl byggðar við sögu, atvinnuhætti og náttúru svæðisins, þannig að sérstaðan fái að njóta sín. Í því sambandi má nefna heildræna tengingu á milli Hæsta-, Mið- og Neðstakaupstaðar.

Menningarsöguleg verðmæti, önnur en byggingar, þarf einnig að vernda en jafnframt veita almenningi aðgang að þeim, hvort sem þau eru manngerð eða náttúruleg. Áhersla verður lögð á metnaðarfulla hönnun á umhverfi, m.a. lýsingu, gangstétta- og gatnagerð. Mikilvægt er að efla vitund almennings um þessi verðmæti, m.a. með aðgangi að upplýsingum, fræðslu og notkun á gömlum örnefnum, gönguleiðum o.fl. Það verður íbúum, fyrirtækjum og stofnunum hvatning til að fegra umhverfið og styrkja þróun svæðisins. Samvinna og skilningur á milli íbúa, atvinnulífs, bæjaryfirvalda og annarra hagsmunaaðila er eitt af lykilatriðunum í þessu samhengi.

Rammaskipulag verður unnið fyrir hvert hverfisverndarsvæði gömlu bæjanna, þar sem stefna aðalskipulagsins er nánar útfærð og fjallað í smáatriðum um framkvæmd uppbyggingar gömlu húsanna.

Í hverfisverndarákvæðum er miðað að því að ná markmiðum um viðhald og uppbyggingu þeirra menningarsögulegu verðmæta sem hér er að finna. Í ákvæðunum er fjallað um lagfæringar og enduruppbyggingu húsa, viðbyggingar og annað umhverfi. Slíkt hverfisverndarsvæði er að finna í hverjum þéttbýliskjarna og tvö á miðsvæði á ísafirði, sbr. kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli.

Reynslan hefur sýnt að yfirbragð og umhverfi bæja ræður miklu um það hvar fólk kýs að búa. Hið sama gildir um aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Efling þessara grunnstoða mun því styrkja samfélag og efnahag svæðisins, þ.e. laða að sér íbúa og ferðamenn en einnig leiða til fjölbreyttara atvinnulífs og nýsköpunar, auk þess að efla stolt og sjálfsmynd íbúa á svæðinu. Með skýrri stefnu í þessum málaflokki er ætlunin að eyða óvissu um framtíð svæðisins og veita íbúum og atvinnulífi öryggi sem mun efla jákvæða þróun svæðisins.

7.4.2 Íbúðarsvæði

Íbúðarsvæðum í Ísafjarðarbæ má skipta í stórum dráttum í níu hverfi, sbr. töflu 7.8.

Tafla 7.8. Íbúðarhverfi í Ísafjarðarbæ.

Hverfi	Lýsing
Flateyri	Eldra hverfi
Suðureyri	Eldra hverfi
Þingeyri	Eldra hverfi
Hnífsdalur	Eldra hverfi
Holtahverfi	Byggt í kringum 1980
Seljalandshverfi	Byggt upp úr 1990
Tunguskeið	Í byggingu frá 2004
Skutulsfjarðareyri	Eldra hverfi
Efribær, Ísafirði	Eldra hverfi

Fermetrafjöldi á íbúa í Ísafjarðarbæ var 56,4 árið 2006 á meðan landsmeðaltalið var 51,6 fermetrar. Flest íbúðarhús voru byggð á tímabilinu 1970-1979 og þó nokkur áratuginn þar á undan og áratuginn þar á eftir. Nánast ekkert hefur verið byggt af íbúðarhúsum utan Ísafjarðar frá árinu 1990 og verulega dró úr nýbyggingum á Ísafirði á þessum tíma. Nokkuð svipaður fjöldi hefur verið byggður af einbýli, sérbýli og sambýli á hverju fimm ára tímabili á síðustu 20 árum, ef undan er skilinn mikill fjöldi sambýla á árunum 1987-1991 en á þeim tíma voru m.a. þjónustuíbúðir aldraðra, Hlíf, byggðar upp.



Mynd 7.12. Fjöldi íbúða í Ísafjarðarbæ eftir byggingarári (Fasteignamat Ríkisins 2008).



Mynd 7.13. Fjöldi íbúða eftir aldri í byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar (Fasteignamat Ríkisins 2008).



Mynd 7.14. Tegundir nýbygginga í Ísafjarðarbæ á mismunandi tímabilum (Fasteignamat Ríkisins 2008).

Íbúðarhúsnæði er að einhverju leyti vannýtt í sveitarfélaginu en þó verður að hafa það í huga að líklegt er að íbúar hér kjósi að búa í stærra húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna lægra íbúðaverðs. Einnig hefur íbúðareigendum með lögheimili utan sveitarfélagsins fjölgað á síðustu árum, þ.e. þeim sem hafa tvöfalda búsetu.

Áætluð landþörf fyrir íbúðarbyggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á því hvers konar húsnæði er þörf fyrir, byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerð, heimilisstærð, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma.

Í umhverfismati aðalskipulagsins voru skoðaðir þrír möguleikar til að auka framboð á íbúðarhúsnæði: Að íbúðarbyggð rísi á nýjum landfyllingum, á nýju landi án landfyllinga og með þéttingu byggðar. Niðurstöður matsins sýna að þétting byggðar er álitlegasti kosturinn, en íbúðarbyggð á nýju landi mun gera það kleift að auka framboð og fjölbreytni á íbúðarsvæðum enn frekar. Ekki er því þörf á landfyllingum fyrir íbúðarbyggð. Umhverfismatið er að finna í viðauka greinargerðarinnar.

Stefna

Markmið

— Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis

— Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru

Íbúðarsvæði aðalskipulagsins rúma talsvert meiri mannfjölda, um 1300-1900 manns, en aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Þannig verða tiltæk íbúðarsvæði, fari svo að fjölgun hér verði meiri en gert er ráð fyrir í skipulaginu. Gert er ráð fyrir því að íbúðarsvæði byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum m.t.t. náttúruvár. Þrátt fyrir að ofanflóðahætta setji þróun byggðar skorður og landrými sé takmarkað, þá er ekki þörf á landfyllingum með tilheyrandi umhverfisraski. Núverandi byggð verður þétt með áherslu á aukna hagkvæmni byggingarlands og lóða, sjá töflu 7.9 um íbúðarsvæði. Auk þess verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð á Suðurtanga og Tunguskeiði, í samræmi við deiliskipulag. Í öðrum byggðakjörnum er gert ráð fyrir aukningu íbúðarbyggðar með þéttingu og stækkun svæða. Fjallað er um aðgerðir sem draga úr snjóflóðahættu í kafla 3 um náttúruvá.

Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
HÍ1 - **Suðurtangi Ísafirði** / 3,5 ha. Allt að 70 nýjar íbúðir. Óbyggt svæði á landfyllingu.	Íbúðarhús á tveimur til þremur hæðum. Þétt byggð í anda þess yfirbragðs sem er að finna á Eyrinni. Leitast við að mynda góð tengsl við menningarsögu og náttúru. Skoða þarf áhrif sjávarflóða á svæðið, einkum m.t.t. hækkandi sjávarstöðu, sjá kafla 3.
Í2 - **Tunguskeið, Ísafirði** / 13 ha. Allt að 70 nýjar íbúðir. Fremst í Tungudal sunnan Tunguár. Hluti svæðisins er deiliskipulagður og búið að byggja 14 íbúðir.	Áframhaldandi uppbygging í samræmi við deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir einbýlishúsum og raðhúsum. Heimilt er að nýta byggingar í Neðri-Tungu fyrir ferðaþjónustu eða létta atvinnustarfsemi, auk íbúða.
Í3 & Í4 - **Efribær, Ísafirði** / 21,5 ha. Allt að 17 nýjar íbúðir. Öll byggðin neðan Gleiðarhjalla alveg að Þumlungsgötu. Fyrir er eldra hverfi sem er að stórum hluta á hættusvæði vegna ofanflóða, svæði A, B og C.	Þétting byggðar verði í samræmi við einkenni svæðisins og eldri byggð. Hættumat vegna ofanflóða mun breytast með tilkomu varnargarðs og því erfitt að segja til um hve mörg hús verður hægt að byggja, en eingöngu verður byggt á hættulitlum svæðum. Túngata er hluti af hverfisvernduðu svæði og skulu allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa vera í samræmi við það. Túngata er innan hverfisverndarsvæðis H8 og þar gilda því viðeigandi ákvæði í kafla 7.4.4.

Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði	Ákvæði
Í5 - **Eyrin, Ísafirði** / 8,2 ha. Allt að 40 nýjar íbúðir. Elsti hverfiskjarni Ísafjarðar, frá Skipagötu / hafnarsvæði að Sólgötu / Kirkjugarði. Gömlu húsin mynda mjög sérstaka ásýnd þéttrar byggðar. Sjávarflóð ógna mannvirkjum. Sjá einnig kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða.	Endurheimta fyrri hús og þétta byggð. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa innan hverfisverndarsvæðis H8 miðist við hverfisverndarákvæði, sbr. kafla 7.4.4. Slökkvistöðin í Fjarðarstræti flytur inn í Fjörð og svæðið verður skilgreint sem íbúðarsvæði. Verja þarf mannvirki fyrir sjávarflóðum.
Í6 - **Holtahverfi, Ísafirði** /14,5 ha. Allt að 4 nýjar íbúðir í Árholti. Hverfi byggt í kringum 1980 með einbýlishúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum. Hluti svæðisins er á snjóflóðahættusvæði A, B og C.	Þétting byggðar í Árholti sem er utan snjóflóðahættusvæða. Gæta skal þess að uppbygging skerði ekki landbúnaðarnotkun á Góustöðum. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Í Árholti eru gömul hús sem mikilvægt er að fái að njóta sín.
Í7 - **Holtahverfi, Ísafirði** / 0,3 ha. Sjávarmegin við Djúpveg. Utan snjóflóðahættusvæða.	Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum.
Í8 - **Seljalandshverfi, Ísafirði** / 8,5 ha. Allt að 18 nýjar íbúðir. Gert er ráð fyrir allt að 9 íbúðum við Seljaland og þar með fyllist betur í götuna. Einnig er gert ráð fyrir íbúðum við Skógarbraut. Hverfið er á snjóflóðahættusvæði A og B.	Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Nýbyggingar skulu vera í samræmi við ofanflóðahættumat. Gert er ráð fyrir 7-9 íbúðum við Seljaland, þarf af tveimur á snjóflóðahættusvæði A en hinum utan hættusvæðis.Gert er ráð fyrir 7-9 íbúðum við Skógarbraut sem er utan snjóflóðahættusvæða.
B51 - **Hafrafell í Skutulsfirði** / 1 ha. Allt að 5 nýjar íbúðir. Sjá einnig kafla 7.5.4 um frístundabyggð.	Blönduð landnotkun, svæði fyrir frístundabyggð og svæði fyrir íbúðarbyggð. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
Í9 &Í10 - **Dagverðardalur, Ísafirði** / 8,5 ha. Allt að 70 nýjar íbúðir. Tvö íbúðarsvæði í Dagverðardal fyrir innan Holtahverfi. Sjá einnig kafla 9.1 um skóla og íþróttahús.	Að búa til heildstæð hverfi í samræmi við Holtahverfi og Tunguskeið sem fellur að umhverfi sínu. Svæðið eykur fjölbreytileika íbúðarsvæða vegna útsýnis. Gert er ráð fyrir einbýlis- og/eða raðhúsum.

Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði	Ákvæði
Í11 - **Hnífsdalur** / 71 ha. Allt að 17 nýjar íbúðir. Meginhluti byggðarinnar í Hnífsdal. Stór hluti byggðarinnar er á snjóflóðahættusvæði A, B og C. Deiliskipulag er í vinnslu á svæðinu austan Garðavegar.	Verja á byggð með snjóflóðavarnarvirkjum, sbr. kafla 3. Gert er ráð fyrir því að íbúðasvæðið teygi sig suðaustur fyrir núverandi byggð. Eins er gert ráð fyrir þéttingu á öðrum svæðum. Hættumat vegna ofanflóða mun breytast með tilkomu snjóflóðavarnarvirkja og því erfitt að segja til um fjölda og staðsetningu nýbygginga en nýbyggingar skulu vera í samræmi við ofanflóðahættumat. Elsti hluti svæðisins er á hverfisvernduðu svæði H9, sbr. kafla 7.4.4. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar, skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
Í12 - **Hnífsdalur** / 0,4 ha. Engin ný íbúðarhús. Við Hnífsdalsá ofan Strandgötu. Hættusvæði A, B og C vegna ofanflóða.	Tilheyrir hverfisvernduðu svæði, H9. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar og ofanflóðahættumat.
B12 - **Hnífsdalur** / 1,5 ha. Allt að 6 nýjar íbúðir. Við Stekkjargötu. Blönduð landnotkun, svæði fyrir íbúðabyggð og athafnasvæði. Hluti svæðisins er innan snjóflóðahættusvæðis A.	Gert er ráð fyrir því að íbúðir og smáiðnaður, s.s. fiskverkun, hjallar og smáverkstæði, fléttist saman. Tilheyrir hverfisvernduðu svæði H9 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar, vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Sjá einnig kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.
Í13 - **Flateyri** / 9 ha. Allt að 20 nýjar íbúðir. Hluti svæðisins er á snjóflóðahættusvæði A.	Þétting byggðar verði í samræmi við hættumat vegna ofanflóða. Gert er ráð fyrir 3-5 íbúðum á A svæði og 7-15 íbúðum utan hættusvæða. Fyrst verður byggt utan hættusvæða en síðar á hættusvæði A. Tilheyrir hverfisvernduðu svæði H11 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
Í14 - **Sólbakki innan Flateyrar** / 0,6 ha. Engin ný íbúðarhús. Íbúðarhús og frístundahús á snjóflóðahættusvæði C.	Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum vegna ofanflóðahættu.

Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði	Ákvæði
Í15 - **Suðureyri** / 7 ha. Allt að 25 nýjar íbúðir. Efsti hluti íbúðasvæðis. Nær öll núverandi hús eru á snjóflóðahættusvæði A og B.	Gert ráð fyrir því að íbúðarsvæðið teygi sig niður fyrir Hjallabyggð og út fyrir Hjallaveg. Þétting byggðar verði í samræmi við hættumat vegna ofanflóða. Hluti svæðisins tilheyrir hverfisvernduðu svæði H10 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
Í16 - **Suðureyri** / 0,8 ha. Allt að 10 nýjar íbúðir. Ystu íbúðirnar við Aðalgötu og niður að sjó. Utan snjóflóðahættusvæða.	Gert ráð fyrir þéttingu byggðar yst á eyrinni við Freyjugötu og Stefnisgötu. Innri hlutinn tilheyrir hverfisvernduðu svæði H10 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
Í29 - **Suðureyri** / 1,4 ha. Allt að 10 nýjar íbúðir. Neðan Aðalgötu og niður að sjó. Utan snjóflóðahættusvæða.	Gert ráð fyrir þéttingu byggðar. Svæðið tilheyrir hverfisvernduðu svæði H10 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Gert er ráð fyrir því að núverandi atvinnustarfsemi á svæðinu víki fyrir íbúðarbyggð.
Í17 - **Suðureyri** / 2,5 ha. Allt að 7 nýjar íbúðir. Innsti hluti byggðarinnar. Hluti íbúðarhúsanna er á snjóflóðahættusvæði A og B.	Þétting byggðar verði í samræmi við hættumat vegna ofanflóða. Eingöngu er gert ráð fyrir íbúðarhúsum utan snjóflóðahættusvæða. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
Í18 - **Þingeyri** / 21,5 ha. Allt að 70 nýjar íbúðir. Íbúðasvæði Þingeyrar í heild sinni. Auð svæði eru norðan og sunnan Hlíðargötu. Talsvert svigrúm er auk þess til þéttingar byggðar. Nær allt íbúðarsvæðið er utan snjóflóðahættusvæða.	Þétting byggðar verði í samræmi við hættumat vegna ofanflóða. Eingöngu er gert ráð fyrir nýbyggingum utan snjóflóðahættusvæða. Hluti svæðisins tilheyrir hverfisvernduðu svæði H12. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa á hverfisvernduðum svæðum skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.

Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði	Ákvæði
Í30 - **Mjólká**. Íbúðir vegna starfsemi Mjólkárvirkjunar. Á hverfisvernduðu svæði H1.	Svigrúm til stækkunar með fyrirvara um snjóflóðahættumat. Svæðið tilheyrir hverfisvernduðu svæði H1. Allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar.
B1 - **Holt** / 25 ha. Allt að 10 nýjar íbúðir.	Blönduð byggð: Íbúðarsvæði og frístundabúskapur (opið svæði til sérstakra nota). Lágreist byggð sem samrýmist nánasta umhverfi, bæði m.t.t. sögu og náttúru.
Samtals allt að 461 nýjar íbúðir.	

Áhersla er lögð á það að styrkja tengsl kjarna í Ísafjarðarbæ innbyrðis og stuðla að því að í einstökum hverfum og byggðakjörnum geti sérkenni svæðanna notið sín. Þessum markmiðum verður m.a. náð með verndun menningarsögulegra verðmæta, góðri tengingu við náttúruna með stígum og þess gætt að útsýni verði ekki hindrað. Sjá nánar í kafla 7.3 um menningar- og búsetuminjar.

Við uppbyggingu þarf einnig að skoða: Hagkvæmni, fjárhagslegar forsendur, samfélag, gatnakerfi og samgöngur, útivist, umhverfi og fráveitu og meðhöndlun yfirborðsvatns. Áhersla er lögð á byggingu einbýlishúsa og raðhúsa en fjölbýlishús verða takmörkuð við miðsvæði. Þessir þættir verða nánar útfærðir í deiliskipulagi.

7.4.3 Miðsvæði

Á miðsvæði aðalskipulagsins er starfsemi tengd verslun, þjónustu og stjórnsýslu. Innan svæðisins er að finna verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir, hreinlegan iðnað og íbúðir. Alla þessa starfsemi má finna á miðsvæði þéttbýlisins á Ísafirði en starfsemi á miðsvæði annarra byggðakjarna er, sökum smæðar, ekki eins fjölbreytt. Miðbær Ísafjarðar er vel skilgreindur með Silfurtorg sem þungamiðju. Miðbæir í öðrum byggðakjörnum hafa hins vegar ekki eins skýra skilgreiningu.

Miðsvæðin hafa sterk einkenni sem felast í fjölda gamalla húsa og sýnilegum tengslum við sögu og menningu svæðisins. Sjá einnig kafla 7.4.1 um yfirbragð byggðar.

Stefna

Markmið

- Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar
- Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna, sem og snyrtilegu umhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi svæðanna, þ.e. starfsemi sem eflir líf í miðbæjunum
- Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru

Silfurtorg á Ísafirði (ÞJT).

Skilgreint miðsvæði aðalskipulagsins teygir sig yfir nokkuð stóran hluta af þéttbýli í byggðakjörnum sveitarfélagsins. Það er í samræmi við þróun þéttbýlisins sem einkennst hefur af fjölbreyttri starfsemi. Mikilvægt er að halda í þetta mynstur þannig að miðsvæðin verði áfram samkomustaður fólks og traustur grunnur fyrir, þjónustu, verslun, mannlíf og aðra menningu. Gert er ráð fyrir frekari þéttingu byggðar, sjá töflu 7.9 um íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Öflugur og líflegur miðbær krefst bæði markvissrar og frjálsar umferðar. Þar sem almenn þjónusta er, þ.e. staðir sem allir þurfa að sækja reglulega, myndast gjarnan markviss umferð. Því er mikilvægt að slík þjónusta sé í miðbænum og að hún sé ekki dreifð yfir stórt svæði. Miðbærinn þarf líka að vera aðlaðandi, þannig að fólk velji að fara þar um og að þar sé frjáls umferð. Frjáls umferð getur verið þegar fólk velur frekar að ganga um svæðið, á leið sinni eitthvert annað, af því svæðið er meira aðlaðandi. Frjáls umferð er líka þegar fólk velur að fara um eða dvelja á svæðinu án þess að eiga annað erindi. Það er því mikilvægt að miðbærinn sé bæði aðlaðandi og að þar sé sem mest af þjónustunni í bænum. Það er ekki nóg að huga bara að öðrum þættinum til að miðbærinn dafni. Til að ná þessu markmið er lögð áhersla á það að inngangar snúi að götu og að gluggar í atvinnuhúsnæði á jarðhæð verði gegnsæir.

Hafnir hafa í gegnum tíðina sett mikinn svip á mannlíf og yfirbragð bæjanna og mikilvægt er að svo verði áfram. Því er lögð áhersla á það að tengja miðbæina við hafnarsvæðið og sögustaði, m.a. með göngu- og hjólreiðastígum að sjó og fjöru, útsýnisstöðum og tengingum við græn svæði.

Nánar er fjallað um yfirbragð miðbæjarins í kafla 7.4.3 um miðsvæði. Þar er m.a. lögð áhersla á það að hafa miðsvæðin aðlaðandi með tengingu við sögu svæðisins, m.a. með verndun menningarlandslags. Frekari skipulagsákvæði eru í kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli. Upplifun þeirra sem fara um miðbæinn má bæta með öflugri miðlun upplýsinga, t.d. með skiltum.

Tafla 7.10. Miðsvæði aðalskipulags Ísafjarðarbæjar

Svæði	Ákvæði
M1 - **Flateyri:** Við Hafnarstræti / 2 ha. Á svæðinu er þjónusta, m.a. við ferðamenn, en einnig íbúðir. Gömlu húsin standa nálægt sjónum og mynda sterka heild. Mestur hluti svæðisins er hverfisverndaður. M2 - **Suðureyri**: Við Aðalgötu / 1 ha. Á svæðinu er þjónusta, m.a. við ferðamenn en einnig íbúðir. Svæðið er hverfisverndað, enda er þetta hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins. Sjá einnig kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir. M3 - **Þingeyri**: Fjarðargata og Hafnarstræti / 3,5 ha. Á svæðinu er þjónusta, m.a. við ferðamenn en einnig íbúðir. Svæðið er hverfisverndað, enda er þetta hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins. Sjá einnig kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús. M4 - **Ísafjörður**: Eyrin í kringum Hafnarstræti, Aðalstræti, Silfurtorg og að Neðstakaupstað / 11,5 ha. Mjög fjölbreytt starfsemi og líflegt svæði, með m.a. verslun, þjónustu, stofnunum og íbúðum. Silfurtorg er kjarni miðsvæðisins. Hluti svæðisins er innan hverfisverndar, enda er þetta hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins. Sjá einnig kafla 9.1 um skóla og íþróttahús og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur og aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri verslun og þjónustu og íbúðum. Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna sem og snyrtilegu umhverfi, í samræmi við ákvæði hverfisverndar í kafla 7.4.4. Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru.

7.4.4 Hverfisvernd í þéttbýli

Hér er fjallað um hverfisvernd í þéttbýli en í kafla 7.5 er fjallað um hverfisvernd í dreifbýli. Í hverjum byggðakjarna, þ.e. á Ísafirði, Hnífsdal, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, er hverfisverndað svæði á miðsvæði. Auk þess er húsaþyrpingin í Neðstakaupstað á Ísafirði hverfisvernduð, svo og Sólbakki á Flateyri.

Hverfisvernd á miðsvæðum

Stefna

Markmið

— Markmið hverfisverndarinnar er að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Ísafjarðarbæjar og að styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins

Ákvæðin taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbyggingar húsa. Einnig taka þau á notkun, starfsemi og umhverfi. Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess. Þó ákvæðin séu afgerandi

Hús frá 1896 (BPH).

hvað varðar útlit húsa, þá mun traustur grunnur efla þróunarmöguleika alls sveitarfélagsins, sbr. umræðu í kafla 7.4.1 um yfirbragð byggðar. Grundvöllur hverfisverndar er sá að lokið verði við húsakönnun í öllum Ísafjarðarbæ.

Ákvæði hverfisverndar er að finna í töflu 7.11.

Hverfisvernd í Neðstakaupstað
Á Eyrinni er svæði fyrir þjónustustofnanir og þar er safnasvæði með elstu húsaþyrpingu landsins; fjögur hús sem byggð eru af dönskum einokunarkaupmönnum á 18. öld. Húsin eru Faktorshús, Krambúð, Turnhús og Tjöruhús. Þarna er einnig að finna einu upprunalegu fjöruna á Eyrinni.

Stefna

Markmið

— Varðveita húsaþyrpinguna og tryggja gæði umhverfisins þannig að svæðið styrkist sem heild
— Varðveita fjöruna en jafnframt tryggja aðgengi almennings að henni

Lögð er áhersla á það að húsaþyrpingin og fjaran verði vernduð sem heildstæð eining. Það styrkir heildarímynd safnasvæðisins og getur aukið sýningarmöguleika þess.

Ákvæði hverfisverndar er að finna í töflu 7.11.

Hverfisvernd á Sólbakka í Önundarfirði
Árið 1889 tók til starfa hvalveiðistöð við Sólbakka á Flateyri. Stöðin var sú stærsta sem reist hafði verið við Norður-Atlantshaf og var á þeim tíma stærsta og umfangsmesta atvinnufyrirtækið á Íslandi. Flateyrarhöfn varð jafnframt fimmta stærsta útflutningshöfn landsins. Umsvif verksmiðjunnar voru mikil og hafði hún talsverð áhrif á þróun byggðarlagsins. Starfsemi hvalstöðvarinnar lauk árið 1901 þegar hún varð eldi að bráð í miklum stórbruna. Starfsemi var þó haldið áfram á svæðinu fram á miðja öldina, m.a. var þar fiskimjölsverksmiðja og síldarvinnsla. Fátt stendur eftir af sýnilegum minjum á svæðinu, nema lýsistankur sem reistur var árið 1925 og er nú notaður sem hljóðver, sbr. kafla 8.6 um verslun og þjónustu.

Stefna

Markmið

— Varðveita minjar um hvalveiðistöðina við Sólbakka
— Miðla atvinnusögu Önundarfjarðar

Áhersla er lögð á það að varðveita minjar á svæðinu, þannig að atvinnusaga Önundarfjarðar glatist ekki, þ.á.m. saga byggðaþróunar. Mikilvægt er að sagan verði sýnileg á svæðinu og því er lagt til að byggt verði upp útivistarsvæði sem miðli sögunni á lifandi hátt.

Ákvæði hverfisverndar er að finna í töflu 7.11.

Tafla 7.11. Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar

Svæði	Ákvæði
H8 - **Skutulsfjarðareyri** / 25 ha. Frá Túngötu að Sundstræti og suður að Mjósundi. Þetta er elsti hluti byggðarinnar á Ísafirði. Innan svæðisins er íbúðarsvæði, miðsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, iðnaðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota. H9 - **Hnífsdalur** / 4,5 ha. Við Hreggnasa og Strandgötu, frá Bakkavegi og út fyrir ystu hús á frístundasvæði norðanmegin. Þetta er elsti hluti byggðarinnar í Hnífsdal. Innan svæðisins er íbúðarbyggð, miðsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og svæði fyrir frístundabyggð. H10 - **Suðureyri** /4 ha. Aðalgata, Eyrargata og	*Byggingar.* Hús sem eru byggð fyrir 1918 og eru uppistandandi skulu gerð upp að utan skv. rammaskipulagi. Miða skal við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best. Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð. Heimilt er að færa til hús með verndargildi þannig að það falli betur að byggðinni enda verði sýnt fram á það að um heildarhagsmuni sé að ræða. Heimilt er að endurbyggja, að hluta eða í heild, hús með verndargildi. Leitast skal við að halda í þá hluti sem nýtanlegir eru. Hvetja skal til þess að endurreisa horfin hús sem líkleg eru til að bæta heildaryfirbragð hverfisins eða eru sögulega mikilvæg. Staðsetning og mótun nýrra bygginga á hverfisvernduðu svæði skal falla að hefðum og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Heimilt er að breyta yfirbragði húss þannig að það falli betur að yfirbragði hverfisins og einkennandi arkitektúrs þess tíma er hverfið byggðist upp. Þetta á ekki við ef húsið er talið hafa verndargildi, vegna sögu eða arkitektúrs, í núverandi mynd. Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Sýnilegir hlutar skulu ekki vera falskir, s.s. lausir gluggapóstar eða eftirlíkingar af timburklæðningum.

Tafla 7.11. Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar. Framhald.

Svæði	Ákvæði
nágrenni. Þetta er elsti hluti byggðarinnar á Suðureyri. Innan svæðisins er Íbúðarbyggð og miðsvæði. H11 - **Flateyri** / 5,5 ha. Allt svæðið á milli Öldugötu og Túngötu. Þetta er elsti hluti byggðarinnar á Flateyri. Innan svæðisins er Íbúðarbyggð, miðsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, opið svæði og óbyggt svæði. H12 - **Þingeyri** / 8 ha. Fjarðargata, Hafnarstræti og að Kirkjunni. Einnig svæðið við Aðalstræti að Vallargötu og við Brekkugötu. Innan svæðisins er mest miðsvæði og íbúðarsvæði en einnig opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir.	Heimilt er að byggja við hús á svæðinu. Viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin, þ.e. í samræmi við þann arkitektúr sem einkennir húsið. Efnisval í viðbyggingum skal vera það sama og í aðalbyggingunni. Stærð viðbygginga skal vera þannig að aðalbygging haldi sínum sessi. Við allar breytingar og nýbyggingar húsa skal vernda heilleika bygginga og taka mið af yfirbragði byggðar, staðsetningar á lóð, byggingarmagns á svæðinu, hlutfalla, hæðar, þakforma, lína, rytma, efnisnotkunar og annars útlits, s.s. glugga, girðinga og annarra mannvirkja á lóð. Ákvæðin verða nánar útfærð í rammaskipulagi hverfisvernduðu svæðanna. *Umhverfi og önnur ákvæði* Umhverfi húsa og á almenningssvæðum skal vera í samræmi við hefðir og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Þetta á við um girðingar, lýsingu, yfirborðsefni, almenningsbekki o.þ.h. Hugað skal að heildar ásýnd hverfisins með metnaðarfullum aðgerðum og útfærslum, s.s. hellulögnum gatna og gangstétta. Fyrirkomulag lýsingar skal ákveðið í rammaskipulagi. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir, þannig að lýsingin undirstriki einkenni byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Á Ísafirði miðist starfsemi á jarðhæð Aðalstrætis, frá Silfurgötu að Skipagötu og Hafnarstrætis, frá Pólgötu að Aðalstræti, við daglega viðskiptavini. Á sama svæði verði gluggar verslunarhúsnæðis gegnsæir. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og menningar á svæðinu. Gömul örnefni og gönguleiðir verði endurvakin og notuð. Jafnframt verði aðgengi almennings að menningar- og náttúruminjum tryggt. *Framkvæmd* Rammaskipulagið skal liggja fyrir eigi síðar en á árinu 2011. Upplýsingar um hverfisvernd og rammaskipulag verða vel kynntar og aðgengilegar á skipulagstímabilinu. Sérstaklega verður fjallað um ávinning, hvata og framkvæmd rammaskipulagsins. Aðkoma almennings í ákvarðanatökuferli verður tryggð og útfærð nánar í rammaskipulagi. Leitað verður álits sérfræðinga og/eða stofnana þegar um meiriháttar breytingar á ásýnd svæðanna er að ræða. Framkvæmd aðalskipulagsins verður fylgt eftir í samvinnu við opinberar stofnanir, m.a. Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Tafla 7.11. Hverfisvernduð svæði í þéttbýli Ísafjarðarbæjar. Framhald.

Svæði	Ákvæði
H12 - **Neðstikaupstaður, Ísafirði** / 1,5 ha. Svæði á milli Ásgeirsbakka og gamla slippsins. Þar er opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir.	Öll uppbygging á svæðinu skal miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar á húsum og hönnun lóða skulu gerðar í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins. Við uppbyggingu, til að auka aðgengi almennings að fjörunni, skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins. Sjá einnig kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.
H19 - **Sólbakki Flateyri** / 4,5 ha. Svæði ofan Bótina og niður í fjöru innan við hana, neðan þjóðvegar. Þar er opið svæði til sérstakra nota, svæði fyrir frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði.	Öll uppbygging á svæðinu taki mið af sögu svæðisins og þess gætt að spilla ekki minjum tengdum henni. Sjá einnig kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.

7.5 **Byggð í dreifbýli**

Byggð í dreifbýli hefur mótast af landslagi og landgæðum svæðisins. Miklar breytingar hafa orðið á landnotkun í dreifbýli. Breytingarnar hafa m.a. falist í samdrætti í landbúnaði og sjósókn en aukinni ásókn í uppbyggingu sumarhúsa, skógrækt, útivist og ferðaþjónustu. Fjöldi bæja hefur einnig farið í eyði síðustu áratugina.

Stefna

Markmið

- Leitast skal við að varðveita gömul hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi
- Boðið verði upp á svæði fyrir frístundahús, íbúðarsvæði og aðstöðu fyrir frístundabúskap sem samrýmist nánasta umhverfi, bæði sögu og náttúru
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á eyðijörðum

7.5.1 Eignarhald og landamerki

Landamerki og aðrar eignaskiptingar í sveitarfélaginu hafa ekki verið skilgreindar og verða ekki skilgreindar í aðalskipulaginu. Búnaðarsamtök Vesturlands vinna nú að því, í samvinnu við bændur á svæðinu, að hnitsetja landamerki á Vestfjörðum. Mikilvægt er að niðurstöður þeirrar vinnu verði færðar inn í aðalskipulagið við endurskoðun síðar.

Óbyggðanefnd mun hefja umfjöllun um eignarhald lands á Vestfjörðum árið 2010. Hlutverk nefndarinnar er, skv. lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur að:

Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Nefndin fer einnig með ákveðin verkefni við að skipta landinu í sveitarfélög, sbr. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnalaga, nr. 45/1998. Þó svo að skipulag takmarkist ekki af eignarhaldi, þá er mikilvægt að eignarhald liggi fyrir við framkvæmd skipulags og landnýtingu. Niðurstöður um mörk þjóðlendna og eignarlands verða færðar inn í aðalskipulagið við endurskoðun.

Tafla 7.12 Jarðir í opinberri eigu eða eignarhald er óskráð (Fasteignaskrá 2007).

Eignarhald Svæði	Jarðir í eigu Ísafjarðarbæjar	Jarðir í eigu ríkisins eða fyrirtækja í ríkiseigu	Upplýsingar um eigendur jarða vantar í fasteignaskrá
Skutulsfjörður	Fagrihvammur Kirkjubær * Neðri-Tunga		
Fyrrum Þingeyrarhreppur		Álftamýri Borg Dynjandi Gljúfurá Hjallkárseyri Hrafnseyri Rauðsstaðir Tjaldanes *	
Fyrrum Mýrarhreppur			Garður-Meiri
Fyrrum Mosvallahreppur		Holt *	Grund
Fyrrum Suðureyrarhreppur	Selárdalur	Staður *	
Fyrrum Snæfjallahreppur		Skarð Snæfjöll	
Fyrrum Grunnavíkurhreppur		Barðsvík Faxastaðir Látravík Staður Sætún *	Álfsstaðir Bolungarvík * Furufjörður * Hrafnsfjarðareyri Höfðaströnd * Kollsá * Marðareyri Naust * Steig
Fyrrum Sléttuhreppur		Hlöðuvík * Hælavík Lækur Staður	Efri-Miðvík Höfn * Kjaransvík Neðri-Miðvík Rekavík bak Höfn Rekavík bak Látur Skáladalur Stakkadalur Þverdalur *

* Jörðin er í ábúð og / eða eignir í einkaeigu standa á henni.

Sá fyrirvari er gerður að listi í töflu 7.12 er ekki tæmandi. Ekki eru allar jarðir skráðar í fasteignaskrá Ísafjarðarbæjar. Jarðir á uppdrætti er færðar inn eftir rituðum heimildum og landshlutakortum. Sumar

þessara jarða kunna að hafa verið sameinaðar öðrum jörðum eða þá að þær séu ekki skráðar af öðrum orsökum. Nauðsynlegt er því að afla frekari heimilda um eignarhald jarðarinnar ef til nýtingar kemur.

7.5.2 Lögbýli í ábúð

Skv. Jarðalögum nr. 81/2004 er lögbýli sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í Jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Ennfremur geta þær jarðir talist lögbýli sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytis. Ný býli sem hljóta viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins geta einnig talist lögbýli.

Búsetumynstrið hefur verið í stöðugri þróun til okkar daga. Þróunin hefur verið hægfara allt þar til á síðustu öld. Um aldir voru sveitirnar þétt setnar, stór býli voru fá en minni býli, hjáleigur, tómthús og þurrabúðir í miklum meirihluta. Þegar leið á öldina fækkaði býlum og stærð þeirra varð jafnari og þau minnstu fóru í eyði. Býlin héldu áfram að stækka og undir lok aldarinnar voru þau orðin fá en stór.

Síðari ár hefur eftirspurn eftir heilsársbúsetu í dreifbýli aukist. Sækjast menn þá einkum eftir búsetu en sækja atvinnu í þéttbýlið. Í sumum tilvikum er um tvöfalda búsetu að ræða, þ.e. einstaklingurinn eða fjölskyldan rekur eitt heimili í þéttbýli en annað í dreifbýlinu og sækir þaðan jafnvel vinnu að hluta til. Í öðrum tilvikum er um fasta búsetu að ræða, þ.e.a.s. atvinna sótt annað en ekki stundaður hefðbundinn landbúnaður. Segja má að eftirspurn eftir hjáleigum, tómthúsum eða þurrabúðum sé að endurtaka sig.

Tafla 7.13. Lögbýli í ábúð (Hagþjónusta Landbúnaðarins 2008, með leiðréttingum frá Sigurði Jarlssyni, héraðsráðunaut Búnaðarsamtaka Vesturlands). Ritháttur jarðaheita fylgir Fasteignaskrá 2007.

Arnarfjörður og nágrenni	Dýrafjörður og nágrenni	Önundarfjörður og nágrenni	Súgandafjörður og nágrenni	Skutulsfjörður og nágrenni	Norðan Djúps
Auðkúla	Alviðra 3	Breiðadalur Neðri 1	Birkihlíð	Efri-Engidalur	Æðey
Laugaból	Brekka 1 og 2	Hjarðardalur-Innri	Botn 2	Efri-Tunga	
Ós	Fell	Hjarðardalur-Ytri 1 og 2	Bær Staðardal	Fremrihús Arnardalur	
	Gemlufall	Holt	Staður	Góustaðir	
	Hjarðardalur-fremri	Hóll í Firði		Heimabær Arnardal	
	Hjarðardalur Neðri 2	Hvilft		Hraun	
	Hólar	Kirkjuból Valþjófsdal			
	Húsatún	Sæból 2 Ingjaldssandi			
	Höfði	Tröð			
	Ketilseyri	Vaðlar			
	Kirkjuból	Veðrará-Ytri			
	Lambadalur ytri 1	Þórustaðir			
	Lækur				
	Mýrar				
	Neðri-Hjarðardalur 1				
	Neðsti-Hvammur 1				
	Núpur				

Tafla 7.14. Búseta í dreifbýli Ísafjarðarbæjar (Hagþjónusta Landbúnaðarins 2008, Hjálmar R. Bárðarson 1996, Guðrún Ása Grímsdóttir 1994 og Engilbert S. Ingvarsson 2007).

	Arnar-fjörður	Dýra-fjörður	Önundar-fjörður	Súganda-fjörður	Skutuls-fjörður	Norðan Djúps	Alls
Lögbýli í ábúð	3	18	13	5	4	1	44
Í eyði / Þar af lögbýli	23 / 7	47 / 41	43 / 30	13 / 9	18 / 14	77 / 7	221 / 108

Stefna

Unnið verður deiliskipulag fyrir Holtsland í Önundarfirði með það að markmiði að auka fjölbreytni í búsetu. Þar verður gert ráð fyrir blandaðri byggð, þ.e. íbúðarsvæði og aðstöðu fyrir frístundabúskap. Deiliskipulagið er þó með fyrirvara um það að samkomulag náist við Prestsetrasjóð sem er eigandi landsins. Frekari skipulagsákvæði um svæðið eru í töflu 7.9 um íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Öll landnýting og nýbyggingar skulu samrýmast nánasta umhverfi, bæði sögu og náttúru. Jafnframt skal leitast við að varðveita gömul hús sem hafa verndargildi á einhvern hátt. Fjallað er um landnotkun og aðra stefnu á landbúnaðarsvæðum í kafla 8 um atvinnu og kafla 7.5.4 um frístundabyggð.

7.5.3 Eyðijarðir

Eyðijörð er, skv. Jarðalögum nr. 81/2004; „jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð."

Áður fyrr var byggð og búskapur mun útbreiddari en í dag og hafa stór svæði farið í eyði, m.a. nær allt svæðið norðan Djúps. Aðeins liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hvenær jarðir sem skráðar eru sem lögbýli fóru í eyði. Upplýsingar um aðrar jarðir byggja á rituðum heimildum sem greina frá því hvenær síðustu ábúendur fluttu af viðkomandi jörð. Erfitt er því að segja til um það hve margar jarðir eru án heilsársbúsetu í sveitarfélaginu. Jarðir í Ísafjarðarbæ eru alls um 264. Alls eru 43 lögbýli í ábúð, þar af aðeins eitt norðan Djúps, en eyðijarðir eru um 226, þar af um 82 norðan Djúps. Fyrrum íbúðarhús á eyðijörðum eru skilgreind sem sumarhús í aðalskipulaginu. Á mynd 7.15 má sjá hvar búskapi var hætt á mörgum jörðum á tímabilinu 1940-1960.



Mynd 7.15. Fjöldi jarða þar sem búsetu hefur verið hætt (Kjartan Ólafsson 1999, Hjálmar R. Bárðarson 1996, Gísli Hjartarson 2004, Guðrún Ása Grímsdóttir 1994, Guðrún Ása Grímsdóttir 1989, Engilbert S. Ingvarsson 2007).

Stefna

Markmið

- Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á afskekktari búsvæðum sem fóru fyrr í eyði
- Landbúnaðarnýting og hefðbundin hlunnindanýting skerði ekki önnur gæði svæðisins

Gert er ráð fyrir því að þau svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og vegasamband og rafveitu, verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Á öðrum eyðijörðum verður hefðbundin hlunnindanýting tryggð. Með þessu er reynt að halda í verðmæti landbúnaðarjarðanna og tryggja að hægt verði að nýta góð landbúnaðarsvæði eyðijarða til landbúnaðar í framtíðinni. Nánar er fjallað um landbúnað í kafla 8 um atvinnumál. Lögð er áhersla á sjálfbæra landnýtingu í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins, sem m.a felur í sér að nýtingin skerði ekki sérstöðu svæðisins.

Réttindi og skyldur gesta og landeigenda, varðandi almannarétt, umgengni og útivist, skulu vera í samræmi við lög um náttúruvernd, sbr. kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.

Um smávirkjanir á landareignum er fjallað í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Um önnur ákvæði eyðijarða, m.a. á hverfisverndarsvæðum og í Hornstrandafriðlandi, er fjallað í kafla 4 um lífríki og landslag og 7.5.4 um frístundabyggð. Á hverfisvernduðum svæðum og í friðlandinu ber að gera greiningu á áhrifum, samhliða deiliskiplagi, sbr. kafla 1.5 og viðauka.

7.5.4 Frístundabyggð

Frístundahús eru hús sem nýtt eru til dvalar tímabundið, þ.e. ekki heilsársbúsetu, óháð eignaraðild eða rekstrarfyrirkomulagi. Þar er jafnan óheimilt að hafa skráð lögheimili. Almennt má segja að með bættum samgöngum aukist líkur á byggingu frístundahúsa og mannvirkja. Mannvirki eru nú byggð fjær

Á Hesteyri í Jökulfjörðum (JFG).

þéttbýlisstöðum en áður. Einnig hafa frístundahús stækkað undanfarin ár. Uppbygging frístundabyggðar í dreifbýli hefur víða mikil áhrif, oft óafturkræf, á náttúru. Áhrif á ásýnd lands og skert aðgengi getur rýrt útivistargildi og möguleika á nýtingu, m.a. í þágu ferðaþjónustu. Uppbygging frístundahúsa getur auk þess skert nýtingarmöguleika landbúnaðarsvæða og haft óafturkræf áhrif á menningarminjar.

Stór hluti Ísafjarðarbæjar er á náttúruminjaskrá vegna sérstæðrar náttúru og menningarsögu. Hornstrandafriðland, Snæfjallaströnd og sunnanverðir Jökulfirðir hafa mikla sérstöðu vegna einangrunar, búsetuminja og sögu svæðisins, sbr. kafla 4 um lífríki og landslag og kafla 7.3 um menningar- og búsetuminjar. Óheft uppbygging frístundahúsa er því líkleg til að rýra verulega gæði svæðisins og hafa óafturkræf áhrif á náttúru- og menningarminjar. Nýbyggingar eða breytingar á byggingum eru háðar byggingarleyfi, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.br. Umhverfisstofnun er umsagnaraðili vegna framkvæmda á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Innan Hornstrandafriðlands gildir auglýsing nr. 332/1997, en þar kemur m.a. fram að mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi (innan netlaga) sé háð leyfi Umhverfisstofnunar. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á því að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.

Í aðalskipulaginu er reynt að marka skýrar og gegnsæjar reglur um uppbyggingu frístundahúsa í sveitarfélaginu. Jafnframt er lögð áhersla á það að notkun húsanna verði í samræmi við skilgreinda notkun í aðalskipulaginu.

Stærsta frístundabyggðin í sveitarfélaginu er í Tungudal inn af Skutulsfirði. Árið 1994 féll snjóflóð á frístundabyggðina og eyðilagði um 40 hús. Í kjölfarið var leyfð endurbygging húsanna með kvöð um skerta viðveru yfir vetrartímann. Meirihluti húsanna hefur nú verið endurbyggður og eru nú 34 hús á svæðinu.

Önnur frístundabyggð er mun umfangsminni. Víða hafa verið reist hús á núverandi og fyrrum landbúnaðarlandi en auk þess eru gömlu íbúðarhúsin skilgreind sem frístundahús ef viðkomandi jarðir eru ekki í ábúð. Það útilokar þó ekki það að þau breytist í íbúðarhús ef býlin fara aftur í ábúð. Norðan Djúps er fjöldi frístundahúsa um 90, þar af eru ríflega 50 þeirra innan Hornstrandafriðlands.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka greinargerðarinnar, eru skoðaðar fimm leiðir m.t.t. uppbyggingar frístundahúsa í Hornstrandafriðlandi og á hverfisverndarsvæðum H1-H4 og H18:

- Engar nýbyggingar
- Óheft uppbygging
- Byggingarmagn miðist við eignarhald
- Byggingarmagn miðist við sögu
- Byggingarmagn miðist við landslag og lífríki

Niðurstaða umhverfismatsins er það að miða eigi uppbyggingu frístundahúsa við sögu svæðisins. Þannig verður ásýnd og sérstaða umræddra svæða vernduð en jafnframt komið á móts við óskir landeigenda, ferðamanna og ferðaþjónustu um nýtingu svæðisins, án þess að raska svæðinu umfram það sem gert var á meðan svæðið var í byggð.

Stefna

Markmið

— Boðið verði upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð á afmörkuðum svæðum í dreifbýli

— Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu

— Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á landbúnaðarsvæði á hverri jörð ef aðstæður leyfa. Þessi hús eða svæði eru ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Þau svæði sem ætluð eru undir fleiri en þrjú frístundahús má sjá í töflu 7.19 og á skipulagsuppdrætti. Norðan Djúps var ráðist í umtalsverða heimildakönnun og greiningu á fjölda húsa á svæðinu á mismunandi tímum. Á skipulagsuppdrætti eru sýnd frístundasvæði norðan Djúps, þar sem gert er ráð fyrir sex eða fleiri frístundahúsum. Sunnan Djúps liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda húsa og því er ekki hægt að sýna öll frístundasvæði á hverfisvernduðum svæðum H1-H4, þar sem gert er ráð fyrir sex eða fleiri húsum, líkt og norðan Djúps. Æskilegt er að fara í sams konar greiningu sunnan Djúps og gerð var norðanmegin.

Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, s.s. veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar. Stærðir og útlit frístundahúsa skulu taka mið af umhverfi, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi. Um skóg- og trjárækt, sem oft fylgir frístundabyggð, má sjá í kafla 4.2 um skógrækt. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflunni hér að neðan. Fjallað er um ákvæði ákveðinna svæða í kaflanum hér á eftir.

Tafla 7.16. Lágmarksfjarlægð fyrir frístundahús.

Takmarkandi þáttur	lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vatnsbakki	50 m
Fornminjar	20 m
Loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Veitulagnir	25 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

Í Hornstrandafriðlandi og á hverfisvernduðum svæðum gilda, auk almennra ákvæða, sérstök ákvæði, sbr. töflu 7.17. Á þessum svæðum ber að útfæra nánar í deiliskipulagi frístundabyggð og aðrar framkvæmdir. Samhliða deiliskipulaginu ber framkvæmdaraðila að gera greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka greinargerðarinnar, sbr. kafla 1.5. Þar skal m.a. fjallað um útlit frístundarhúsa, innviði og stærðir lóða og meta áhrif framkvæmda á viðkomandi svæði á grundvelli upplýsinga um staðhætti, sögu, eignarhald, landamerki, o.fl. Þannig verður hægt að meta það hve vel breytingar falla að markmiðum aðalskipulagsins. Ákvarðanir um fyrirkomulag, s.s. stærðir svæða, skulu teknar í samræmi við niðurstöður greiningarinnar. Vinnuferlið auðveldar meðferð umsókna um framkvæmdir og tryggir jafnrétti landeigenda og annarra hagsmunaaðila. Í deiliskipulagi er jafnframt fjallað um sögulegan húsfjölda þar sem það á við. Þær tölur um sögulegan húsfjölda sem hér eru birtar eru ekki tæmandi eða bindandi.

Áhersla er lögð á það að ekki séu byggð fleiri frístundahús en aðalskipulagið gerir ráð fyrir í Hornstrandafriðlandi og á hverfisvernduðum svæðum H1-H4 og H18. Utan þessara svæða er hins vegar mögulegt að skilgreina fleiri frístundasvæði í framtíðinni, með breytingu á aðalskipulaginu. Í töflu 7.17 eru tekin saman helstu skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu og í töflu 7.18 og viðauka er yfirlit yfir fjölda núverandi og fyrirhugaðra frístundahúsa norðan Djúps.

Í samræmi við niðurstöðu umhverfismats aðalskipulagsins, í viðauka greinargerðarinnar, skal uppbygging frístundahúsa miðast við fyrri búsetu og sögu svæðisins. Ákvæðin eru í anda sjálfbærrar þróunar og áhersla er lögð á það að forðast að ráðstafa auðlindum svæðisins á

skömmum tíma með tilheyrandi skerðingu fyrir komandi kynslóðir. Reynt er að koma til móts við óskir landeigenda og ferðaþjónustu um nýtingu án þess að skerða náttúruleg gæði umfram það sem gert var á meðan viðkomandi svæði voru í byggð. Skipulagsákvæðin byggja einnig á samkomulagi Ísafjarðarbæjar, Umhverfisstofnunar og Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhreppa varðandi byggingarleyfi í Hornstrandafriðlandi frá árinu 2004.

Tafla 7.17. Skipulagsákvæði vegna frístundabyggðar norðan Djúps og á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli. Á hverfisvernduðu svæðunum gilda einnig ákvæði í töflum 4.2-4.4 og 4.7. Á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti eru einungis sýnd svæði með sex eða fleiri frístundahúsum norðan Djúps, þ.e. innan Hornstrandafriðlands og á hverfisvernduðu svæði H18, og á hverfisvernduðum svæðum H1-H4.

Svæði	Ákvæði
Hornstrandafriðland.	Stærðir lóða fyrir frístundahús verða ákveðin á hverju svæði eftir mati á hvað umhverfið þolir af byggingum, þeim fjölda íbúðarhúsa sem var á hverju svæði þegar það fór í eyði og fjölda húsa sem nú eru á hverju svæði. Ekki skal spilla náttúruminjum með byggingum. Viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika og gæta þess að hús verði ekki áberandi í landslagi. Húsum og öðrum minjum um byggð og búskaparhætti frá því fyrir 1950 má ekki spilla, granda, breyta, hylja né flytja úr stað nema leitað hafi verið eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins, sbr. kafla 7.3 um menningar og búsetuminjar.
Svæði	**Ákvæði**
H18 - **Hverfisverndað** svæði utan friðlands **norðan Djúps**. H1, H2, H3 og H4 - **Hverfisvernduð** svæði. Innanverður **Dýrafjörður** og suður um **Arnarfjörð** að sveitarfélags-mörkum. Hluti af utanverðum skaganum á milli **Dýrafjarðar** og **Önundarfjarðar**. Utanverður sunnanverður skaginn á milli **Önundarfjarðar** og **Súgandafjarðar**. Svæðið við norðanverðan **Súgandafjörð** utanverðan.	Byggja má tvö hús fyrir hvert íbúðarhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Stærðir lóða fyrir sumarbústaði skulu ákvarðaðar í deiliskipulagi í samræmi við greiningu á áhrifum í deiliskipulagi. Byggingar skulu vera í sátt við náttúru og landslag svæðisins. Ísafjarðarbær skal meta hvort leita skuli umsagnar Fornleifaverndar ríkisins ef til stendur að spilla, granda, breyta, hylja eða flytja úr stað minjar um byggð og búskarparhætti frá því fyrir 1950. Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast landbúnaði. Þar gilda að öðru leyti ákvæði hverfisverndar um frístundahús.

Sameiginleg ákvæði

Megináhersla er lögð á það að viðhalda ásýnd svæðanna eins og þau voru þegar þau voru í byggð.
Endurbyggja má öll íbúðarhús, þjónustuhús og önnur hús, sem búið var í eða voru í notkun eftir 1908.

Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar við staðfestingu aðalskipulagsins, sbr. töflu 7.12.

Á svæðum sem hafa verið í eyði frá 1908 skal ekki byggt.

Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar.

Við mat á umsóknum um byggingu húsa verði almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins höfð að leiðarljósi.

Hús skulu staðsett í nágrenni byggðar eða í grennd við gömlu húsin en tryggja ber að fornminjum verði ekki spillt. Nánari staðsetning skal ákvörðuð með hliðsjón af greiningu á áhrifum í deiliskipulagi.

Útlit nýrra húsa og breytingar á eldri húsum skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Einkum er átt við stærð, efnisval, lit, hlutföll, glugga og þakgerð.

Á óbrotnu landi er heimilt er að byggja neyðarskýli. Neyðarskýli eru undanþegin ákvæðum um útlit húsa en skulu vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins. Neyðarskýli skulu ekki vera stærri en 25 m2 og aðeins á einni hæð.

Óheimilt er að breyta skálum, skúrum, neyðarskýlum, salernum og öðrum húsum í frístundahús.

Gert er ráð fyrir því að eigendur geti haldið við þeim húsum sem fyrir eru. Um þetta gilda sömu reglur og um nýbyggingar.

Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við deiliskipulag og tilheyrandi greiningu á áhrifum skv. staðlaðri matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

Svæði	Ákvæði
H5, H6 og H7 - **Holtsengi** og **Vöð í Önundarfirði.** Fjörur í botni **Skutulsfjarðar.** **Arnarnes** við **Skutulsfjörð.**	Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, eða aðgengi að útivistarsvæðum né loka gömlum göngu- og reiðleiðum. Byggingar skulu vera í sátt við náttúru, einkum lífríki og landslag svæðisins. Byggja má 3 frístundahús ef aðstæður leyfa á hverri jörð án þess að það komi fram í aðalskipulaginu. Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við deiliskipulag og tilheyrandi greiningu á áhrifum, skv. staðlaðri matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Stærðir lóða fyrir sumarbústaði skulu ákvarðaðar í deiliskipulagi í samræmi við greiningu á áhrifum í deiliskipulagi.
Svæði	Ákvæði
Landbúnaðarsvæði.	Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, eða aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum. Byggja má 3 frístundahús ef aðstæður leyfa á hverri jörð án þess að það komi fram í aðalskipulaginu.

Sameiginleg ákvæði

Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.

Hús frá tímabilinu 1908-1965 eru flokkuð í þrjá flokka og skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Íbúðarhús: Hús sem búið var í allt árið
- Þjónustuhús: Kirkjur, bænahús, samkomuhús, skólar og verslanir
- Önnur hús: Útihús, verbúðir, iðnaðarhús, skúrar o.þ.h.

Tafla 7.18. Fjöldi húsa á mismunandi tíma og mögulegur fjöldi árið 2020 skv. aðalskipulaginu.

	Fjöldi húsa í dag	Fjöldi húsa 1908-1965	Ný hús	Mögulegur fjöldi húsa 2020
Friðland	54	114	56	110
Utan friðlands	27	38	62	89
Samtals	81	152	118	199

Tafla 7.19. Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ. Fyrirvari er gerður þar sem húsfjöldi miðast við sögulegan fjölda á tímabilinu 1908-1965.

Svæði	Ákvæði
F2 - **Grunnavík:** Staður, Oddsflöt, Sútarabúðir og Sætún. Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 6 ný hús. F3 - **Höfðaströnd, Jökulfjörðum.** Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 3 hús í dag. Allt að 6 ný hús. F4 - **Dynjandi, Leirufirði.** Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 2 hús í dag. Allt að 5 ný hús. F44 - **Kjós, Leirufirði.** Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 1 hús í dag. Allt að 5 ný hús.	Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Auk þess má byggja tvö hús fyrir hvert íbúðarhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. töflu 7.12. Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin. Allar byggingar skulu vera í sátt við náttúru og landslag svæðisins og nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

Tafla 7.19. Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ. Fyrirvari er gerður þar sem húsfjöldi miðast við sögulegan fjölda á tímabilinu 1908-1965. Framhald.

Svæði framhald	*Ákvæði*
F45 - **Gullhúsá, Snæfjallaströnd.** Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er óbyggt svæði. Ekkert hús í dag. Allt að 6 ný hús. F5 - **Reykjarfjörður.** Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 6 hús í dag. Allt að 6 ný hús.	*Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Auk þess má byggja tvö hús fyrir hvert íbúðarhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. töflu 7.12.* *Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin.* *Allar byggingar skulu vera í sátt við náttúru og landslag svæðisins og nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.*
Svæði	**Ákvæði**
F6 - **Látrar, Aðalvík.** Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 12 ný hús. F14 - **Sæból og Garðar, Aðalvík.** Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 12 hús í dag. Allt að 3 ný hús. F7 - **Fljótavík.** Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 6 hús í dag. Allt að 4 ný hús. **Horn í Hornvík.** Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 2 hús í dag. Allt að 5 ný hús. F8 - **Furufjörður.** Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 3 hús í dag. Allt að 4 ný hús.	Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. töflu 7.12. Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin. Minjar frá því fyrir 1950 eru verndaðar sérstaklega. Ekki skal spilla náttúruminjum með byggingum og viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika. Framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

Tafla 7.19. Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ. Fyrirvari er gerður þar sem húsfjöldi miðast við sögulegan fjölda á tímabilinu 1908-1965. Framhald.

Svæði framhald F9 - **Hesteyri.** Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 9 ný hús. Sjá einnig kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða.	
Svæði F10, F11, F19 og F20 - Stök hús í **Skutulsfirði**. Seljaland, Grænigarður, Valhöll og Landsbankahús. Aðliggjandi er opið svæði til sérstakra nota. Seljaland og Grænigarður eru á snjóflóðahættusvæði C. Landsbankahús er á hættusvæði A. Valhöll og hluti lóðar Landsbankahúss eru á náttúruminjaskrá.	Ákvæði Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum.
Svæði F13 - **Tunguskógur, Skutulsfirði** / 8 ha. 34 hús í dag. Aðliggjandi er opið svæði til sérstakra nota. Engin ný hús. Hverfið er á snjóflóðahættusvæði C. F23 - **Hnífsdalur** / 0,5 ha. 4 hús í dag. Engin ný hús. Hverfið er á hættusvæði C. F24 - **Hnífsdalur** / 0,3 ha. 3 hús í dag. Engin ný hús. Hverfið er á snjóflóðahættusvæði C.	Ákvæði Í samræmi við hættumat er ekki gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum.
Svæði B2 - Núpur, **Dýrafirði** /15,5 ha. 3 hús í dag. Allt að 3 ný hús.	Ákvæði Svigrúm fyrir byggingu frístundahúsa. Jafnframt er gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu m.a. fyrir ferðamenn, hótelrekstur og veisluþjónustu, sbr. kafa 8.6 um verslun og þjónustu.

Tafla 7.19. Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ. Fyrirvari er gerður þar sem húsfjöldi miðast við sögulegan fjölda á tímabilinu 1908-1965. Framhald.

Svæði framhald Blönduð landnotkun: Verslunar- og þjónustu-svæði, svæði fyrir frístundabyggð, svæði fyrir þjónustustofnanir og landbúnaðarsvæði. flóðahættusvæði C.	Ákvæði framhald Einnig er svigrúm til uppbyggingar skóla- og fræðslustarfsemi, sbr. kafla 9.1.4 um aðra skóla og þekkingarsetur. Auk þess er gert ráð fyrir því að áfram verði stundaður landbúnaður á jörðinni, sbr. kafla 8.4 um landbúnað. Öll uppbygging á svæðinu skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild og hafi tengsl við sögu svæðisins. Uppbygging skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum bæjarleiðum. Uppbygging svæðisins skal nánar útfærð í deiliskipulagi.
Svæði F43 - **Drangar, Dýrafirði.** Hverfisverndað svæði H1. Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 1 hús í dag. Allt að 4 ný hús.	Ákvæði Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Auk þess má byggja tvö hús fyrir hvert íbúðarhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum í eigu hins opinbera, sjá töflu 7.12. Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin. Allar byggingar skulu vera í sátt við náttúru og landslag svæðisins og nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum.
Svæði F12, F15, F16, F17 og F18 - **Dagverðardalur, Skutulsfirði**, eldri frístundahús. Aðliggjandi er íbúðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota og landbúnaðarsvæði. Samtals 7 hús í dag. Eingöngu er svigrúm fyrir 2 ný hús á svæði F16 og 2 ný hús á svæði F17. F14 - **Dagverðardalur, Skutulsfirði** / 0,9 ha. Fyrirhuguð frístundabyggð. Ekkert hús í dag. Allt að 10 ný hús. B51 - **Hafrafell, Skutuls-firði** / 1 ha. Blönduð landnotkun – frístundabyggð og	Ákvæði Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu. Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum. Sé jörð að hluta til á hverfisverndarsvæði og sumarhús byggð innan þess svæðis gilda ákvæði hverfisverndar þar. Að öðrum kosti gilda ákvæðin að ofan. Landamerki liggja ekki fyrir en ber að skoða í deiliskipulagi.

Tafla 7.19. Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ. Fyrirvari er gerður þar sem húsfjöldi miðast við sögulegan fjölda á tímabilinu 1908-1965. Framhald.

Svæði framhald	*Ákvæði*
íbúðarsvæði. Sjá einnig kafla 7.4.2 um íbúðarsvæði. Ekkert frístundahús í dag. Allt að 5 ný frístundahús. F25 - **Sandar, Dýrafirði**. Aðliggjandi er óbyggt svæði. Ekkert hús í dag. Allt að 6 ný hús. F26 - **Lækjarós, Dýrafirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 1 hús í dag. Allt að 7 ný hús. F27 og F28 - **Nesdalur** á milli **Önundarfjarðar** og **Dýrafjarðar**, í landi Sæbóls I, II og III. Aðliggjandi er óbyggt svæði. Ekkert hús í dag. Samtals allt að 8 ný hús, 4 á hvoru svæði. F29, F30, F31 og F32 - **Ingjaldssandur, Önundarfirði,** í landi Hrauns og Álfadals. Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. Ekkert hús í dag. Samtals allt að 16 hús, þ.e. 4 hús á hverju svæði. F33 - **Tröð, Önundarfirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 1 hús í dag. Allt að 5 ný hús, í samræmi við gildandi deiliskipulag. F34 - **Innri Hjarðardalur, Önundarfirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 1 hús í dag. Allt að 9 ný frístundahús og þjónustuhús. F35 - **Kroppsstaðir, Önundarfirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. Ekkert hús í dag. Allt að 6 ný hús.	*Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.* *Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.* *Sé jörð að hluta til á hverfisverndarsvæði og sumarhús byggð innan þess svæðis gilda ákvæði hverfisverndar þar. Að öðrum kosti gilda ákvæðin að ofan. Landamerki liggja ekki fyrir en ber að skoða í deiliskipulagi.*

Tafla 7.19. Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ. Fyrirvari er gerður þar sem húsfjöldi miðast við sögulegan fjölda á tímabilinu 1908-1965. Framhald.

Svæði framhald	*Ákvæði*
F36 - **Efri Hús, Önundarfirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 3 hús í dag. Allt að 3 ný hús. F37 - **Hóll, Önundarfirði.** Umhverfis er landbúnaðarsvæði. 1 hús í dag. Allt að 5 ný hús. F38 - **Ytri-Veðrará, Önundarfirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. Er einnig á mörkum hverfisverndarsvæðis H5. Ekkert hús í dag. Allt að 5 ný hús. F39 - **Selárdalur, Súgandafirði.** Aðliggjandi er óbyggt svæði. 1 hús í dag. Allt að 7 ný hús. Samtals allt að 8 hús skv. deiliskipulagi. F40 - **Heimabær í Arnardal, Skutulsfirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 3 hús í dag. Allt að 6 ný hús. F42 - **Hæsti Hvammur** (Efsti Hvammur), **Dýrafirði.** Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. 3 hús í dag. 1 nýtt hús, í samræmi við gildandi deiliskipulag. F1 - **Snæfjallaströnd**: Frá **Bæjum** að **Tyrðilmýri**, að báðum bæjum meðtöldum. Á náttúruminjaskrá. Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði. Ekkert hús í dag. Allt að 8 ný hús.	*Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.* *Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.* *Sé jörð að hluta til á hverfisverndarsvæði og sumarhús byggð innan þess svæðis gilda ákvæði hverfisverndar þar. Að öðrum kosti gilda ákvæðin að ofan. Landamerki liggja ekki fyrir en ber að skoða í deiliskipulagi.*

8 ATVINNA

Í þessum hluta er fjallað um atvinnumál og þróunarmöguleika í þéttbýli og dreifbýli Ísafjarðarbæjar. Fjallað er um stefnu í sjávarútvegi, landbúnaði, verslun og þjónustu, iðnaði og efnistöku og vinnslu. Einnig er fjallað um flutninga og atvinnuhúsnæði.

Markmið

- Grunnur verði lagður að fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi
- Hlúð verði að þeirri starfsemi sem er til staðar
- Tækifæri til nýsköpunar verði efld
- Frumkvöðlakrafturinn í samfélaginu verði virkjaður
- Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun
- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar á sjálfbæran hátt

8.1 Atvinnuþróun

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær nær yfir stórt og fjölbreytt landsvæði og innan marka þess eru auðlindir sem felast í umhverfi, samfélagsgerð og mannauði sem atvinnulífið byggist á. Allir kjarnar Ísafjarðarbæjar eiga sér sterka sögu og sérstöðu sem ætti að nýta. Sérstaða hvers kjarna er talsverð og bæirnir einkennast af frumkvæði og einkaframtaki sem hafa haft áhrif á söguna en á mismunandi hátt.

Núverandi staða í atvinnumálum einkennist af samdrætti í greinum sem snerta sjávarútveg, fiskvinnslu og iðnað. Breytingar hafa einnig orðið í landbúnaði og störfum þar hefur fækkað. Samgöngur eru erfiðar og uppbygging vegakerfis hefur ekki fylgt sama hraða og hefur verið í öðrum landshlutum. Atvinnusvæði innan fjórðungsins er ekki samfellt og flutningskostnaður hár innan hans og til annarra landshluta.



Mynd 8.1. Fjöldi starfandi á Vestfjörðum, skipt eftir atvinnugreinum (Hagstofa Íslands 2008).

Samfara samdrætti í sjávarútvegi hefur fjölbreytni og nýsköpun aukist í öðrum greinum. Atvinnugreinar geta styrkt hver aðra þó sumar eigi nánast enga samleið. Ferðaþjónusta og atvinnugreinar tengdar henni eru í örum vexti, sérstaklega á allra síðustu árum. Við uppbyggingu atvinnutækifæra við ferðaþjónustu undanfarið hefur gjarnan verið litið til gamalla hefða og tíma.Staðbundið háskólanám og háskólasamfélag á Ísafirði hefur vaxið undanfarin ár og uppbygging í tengslum við það, m.a. afleidd störf. Á þessu er hægt að byggja enn frekar.

Eitt af viðfangsefnum aðalskipulags er að marka stefnu sem tryggir rekstrarumhverfi fyrirtækja og styrkir þannig möguleika á þróun og vexti atvinnulífs. Samgöngur og fjarskipti á svæðinu hafa ekki staðist samanburð við mörg önnur landsvæði. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á atvinnulífið vegna hás flutningskostnaðar fyrir framleiðslu- og þjónustugreinar og verra afhendingaröryggis afurða í framleiðslugreinum. Auk þess hefur ferðaþjónustan mátt líða fyrir ímynd lélegs vegakerfis.

Iðnaður, ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður hafa, með einum eða öðrum hætti, áhrif á landslag og náttúru. Afar mismunandi er þó hve mikil áhrif atvinnugreinar hafa, eða geta haft, á umhverfið, stórfelldar breytingar og inngrip geta verið í góðu samræmi við það. Eins geta lítil mannvirki haft veruleg áhrif á umhverfið, t.d. ef þau eru klaufalega staðsett og án tillits til aðstæðna.

Stefna

Mikilvægt er að sveitarfélagið stuðli að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi sem byggist m.a. á sjávarútvegi, landbúnaði, matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Jafnframt er mikilvægt að í sveitarfélaginu verði öflug menntastarfsemi með sterk tengsl við atvinnulífið og sérstöðu svæðisins. Lögð er áhersla á það að nýta þær aðstæður, menningu, hefðir, húsnæði og þekkingu sem fyrir er í hverjum þéttbýliskjarna. Hlúa þarf að frumkvæði, styðja og styrkja þau verkefni og hugmyndir að atvinnutækifærum sem þegar hafa komið fram og auðvelda jafnframt nýjum hugmyndum að þróast. Halda þarf svæðinu opnu fyrir nýrri hugsun og nýsköpun, nýju fólki og um leið nýjum tækifærum. Lögð er áhersla á það að skipulagið móti þann grunn sem stuðlar að því að svo geti orðið.

Traustir innviðir, skýr stefna af hálfu yfirvalda og samfélagsgerð eru grunnforsenda fyrir fjölbreytt og öflugt atvinnulífi á svæðinu. Með innviðum er einkum átt við vegakerfi, flugsamgöngur, sjóflutninga, almenningssamgöngur, afhendingu rafmagns, fjarskipti, veitur, eins og hita-, vatns- og fráveitur, auk fyrirkomulags sorpmála. Vinnuafl og velferð þess, s.s. aðgangur að heilsugæslu, félagsþjónustu, afþreyingu og ekki síst menntun á öllum stigum er jafnframt lykilþáttur í uppbyggingu öflugs atvinnulífs.

Markviss uppbygging innviða og efling samfélagslegra þátta styður við atvinnulífið og stöðugleika þess og eykur líkurnar á því að fólk velji að búa í Ísafjarðarbæ. Uppbygging og endurbætur á íbúðarsvæðum, opnum svæðum og aðstöðu til útivistar og íþrótta auka lífsgæði og líkur á stöðugleika vinnuaflsins, en þetta á einnig við um þjónustu og menningarstarf, sbr. kafla 7 um byggð, kafla 9 um félags- og velferðarmál og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir. Bættar samgöngur og aukið umferðaröryggi, svo að sveitarfélagið verði allt eitt atvinnusvæði, er jafnframt lykilatriði. Samgöngur hafa bein áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja, s.s. flutningskostnað, áreiðanleika og þann tími sem tekur að flytja vörur eða fólk, sbr. kafla 12 um samgöngur. Afhendingaröryggi rafmagns og fjarskipta getur einnig haft úrslitaáhrif á það hvort ákveðin atvinnuuppbygging geti átt sér stað.

Ímynd sveitarfélagsins getur haft afgerandi áhrif á atvinnuþróun og það má leiða líkur að því að hún muni eflast í framtíðinni. Tengsl ímyndar við ferðaþjónustu er augljós, en í flestum tilvikum getur ímynd sveitarfélagsins haft áhrif á ímynd fyrirtækja og hvort ný fyrirtæki velji að setjast þar að. Því er lögð áhersla á það að viðhalda og bæta þá ímynd sveitarfélagsins sem kennd er við hreinleika og tengslin við náttúru, sem og ímynd bæjarins sem sögu- og menningarbæjar, sbr. kafla 4 um lífríki og landslag, kafla 5 um vatn, loft og hljóð, kafla 6 um óbyggð svæði, kafla 7 um byggð og kafla 9.2 um menningu. Jafnframt er lögð rík áhersla á það að sveitarfélagið skapi sér sérstöðu sem mennta- og þekkingarbær, sbr. kafla 9 um félags- og velferðarmál.

Áhersla skal lögð á fjölbreytt atvinnutækifæri í sem flestum greinum, svo störf verði í boði fyrir sem flesta, óháð aldurs- eða þjóðfélagshópum. Samvinna hagsmunaaðila er lykilatriði til eflingar atvinnulífsins. Frumkvæði og hugmyndaauðgi skulu fá að njóta sín svo öll tækifæri til eflingar atvinnulífs verði nýtt. Mikilvægt er að upplýst umræða fari fram við stefnumótun og einstakar ákvarðanir og að þær verði í sátt við umhverfið.

Umræða og tækifæri til nýsköpunar og eflingar atvinnulífs á svæðinu er háð mörgum þáttum, þ.á.m. öðrum atvinnugreinum. Kanna þarf þau tækifæri sem eru til staðar nú þegar og hvernig þau vinna saman eða gegn hverju öðru. Hagsmunaárekstrar geta orðið á milli ólíkrar landnotkunar og atvinnuvega. Í Vaxtarsamningi Vestfjarða er lögð áhersla á myndun svokallaðra fyrirtækjaklasa. Mikilvægt er að mynda samstarfsvettvang eða klasa í sem flestum atvinnugreinum. Ýmis tækifæri eru til samstarfs, s.s. með því að sameinast um einstök verkefni. Viðhorf skipta miklu varðandi samstarf og árangur og því er mikilvægt að auka traust á milli aðila. Með samstarfi má bæta stöðu fyrirtækja og skapa ný sóknarfæri. Kynningarmál, ímynd og samræming í markaðssetningu á Vestfjörðum er þáttur sem hægt er að hafa samvinnu um. Mikilvægt að horfa af metnaði til framtíðar sem samstæður hópur.

Skapa þarf atvinnuvegum nægt rými til þróunar og vanda val á plássfrekum atvinnurekstri, þannig að tryggt verði að framtíðarnýting svæðisins verði sem best. Stuðla skal einnig að vönduðum frágangi allra atvinnulóða, því slíkt eflir ímynd svæðisins.

Mikilvægt er að virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu með markvissum stuðningi. Ívilnanir sem höfða til fólks og fyrirtækja, geta verið grundvallarforsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki komist á legg. Hvetja þarf því og styðja samfélagið til sjálfsbjargar í atvinnumálum, en ekki horfa einungis til þess sem sveitarfélagið getur gert. Í þessu sambandi er mikilvægt að uppbygging á staðbundnu háskólanámi og háskólasamfélagi haldi áfram, því það getur verið hvati til nýsköpunar.

Mikilvægt er að uppfærðar tölulegar upplýsingar, s.s. um atvinnulíf, íbúaþróun, fjölda ferðamanna, fjölda nema og fleira í Ísafjarðarbæ, séu aðgengilegar og til fyrir hvert ár. Það nýtist m.a. við greiningu og hægt er að bregðast við þróun með skilvirkum hætti.

Lögð er áhersla á það að sjálfbær þróun og sameiginlegir hagsmunir svæðisins í heild ráði ferðinni við ákvarðanir um staðsetningu, stærð og umfang framkvæmda tengdum atvinnulífi. Mikilvægt er að ásýnd atvinnusvæða verði í sátt við umhverfið og í gömlum hverfum verði sérstakt tillit tekið til stærðarhlutfalla bygginga og götumynda. Sérstaklega ber að huga að afturkræfni framkvæmda og aðgerða.

8.2 **Sjávarútvegur**

8.2.1 Veiðar

Fiskveiðar hafa verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum frá upphafi búsetu á svæðinu. Nálægð við gjöful fiskimið og verkkunnátta í landi skapaði Vestfjörðum sérstöðu með öflugum sjávarútvegsbyggðum. Margfeldisáhrif af greininni hafa verið talsverð í Ísafjarðarbæ, s.s. verslun og þjónusta við bæði skipaflota og fiskvinnslu, sem og starfsmenn. Sveitarfélagið hefur einnig byggt upp umfangsmikla hafnaraðstöðu í hverjum þéttbýliskjarna.

Samdráttur hefur einkennt þróun síðustu ára í sjávarútvegi samhliða breytingum á aflaheimildum í byggðarlaginu. Stór sjávarútvegsfyrirtæki hafa lagt upp laupana, sem hefur leitt til mikillar fækkunar starfa í greininni og umsvif tengd þjónustugreinum hafa dregist saman. Samdrátturinn hefur leitt til þess að í sveitarfélaginu er talsvert af vannýttu iðnaðarhúsnæði sem áður hýsti starfsemi tengda sjávarútvegi. Þá eru hafnarmannvirki sveitarfélagsins mun minna notuð en gert var ráð fyrir við byggingu þeirra. Sjá einnig kafla 12.6 um hafnir. Þó hafa nýjar greinar fyllt í skarðið að einhverju marki, s.s. ferðaþjónusta, eldi og vinnsla á aukaafurðum, sbr. kafla 8.5 um ferðaþjónustu og kafla 8.2.2 um eldi. Skortur á uppbyggingu innviða til jafns við önnur landsvæði, s.s. á öruggum samgöngum og tryggri afhendingu rafmagns, hefur ýtt undir enn frekari erfiðleika og samdrátt í sjávarútvegi á svæðinu.



Mynd 8.2. Fjöldi starfandi við sjávarútveg á Vestfjörðum 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2008).

Ímynd svæðisins getur haft veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Aukin umhverfisvitund neytenda kallar á það að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við veiðar og vinnslu afurða. Neytandinn kallar eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd.

Menntunarstig innan greinarinnar getur haft talsverð áhrif á þróunarmöguleika hennar. Tengslin við rannsóknarstarfsemi og menntun eru því greininni afar mikilvæg.

Stefna

Markmið

— Sjávarútvegur verði áfram einn af hornsteinum atvinnulífs í Ísafjarðarbæ
— Tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum
— Beinn útflutningur á fullunnum vörum frá Ísafjarðarbæ
— Efla rannsóknir og styrkja tengsl við menntastofnanir

Áfram skal vera möguleiki á því að stunda sjávarútveg í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nýta þau sóknarfæri sem gefast og þróa þau, ýmist samhliða hefðbundnari starfsemi tengdri sjávarútvegi eða á eigin forsendum. Dæmin hafa sýnt að sjávarútvegur og ferðaþjónusta geta styrkt hvort annað og að ímynd svæðisins skiptir máli varðandi framtíðarþróun þess samstarfs.

Nálægð við gjöful fiskimið er auðlind sem sveitarfélagið býr að og mikilvægt er að hægt sé að nýta hana á sjálfbæran hátt til hagsældar fyrir íbúa sveitarfélagsins. Nálægðin við auðlindina gerir það að verkum að sjávarútvegur mun dafna við rétt starfskilyrði.

Rík áhersla er lögð á það að starfsumhverfi sjávarútvegs verði bætt og eru innviðir þar í lykilhlutverki. Traustar og öruggar flutningaleiðir og lækkaður flutningskostnaður er ein af grunnforsendum þess að sjávarútvegur geti þrifist á svæðinu. Auknir sjóflutningar geta styrkt fleiri atvinnugreinar og jafnvel lækkað almennan flutningskostnað. Beint millilandaflug eykur samkeppnishæfni og þróunarmöguleika í greininni, auk þess að styrkja aðrar greinar atvinnulífsins, sbr. einnig kafla 12 um samgöngur. Afhendingaröryggi rafmagns hefur einnig veruleg áhrif á möguleika til uppbyggingar í greininni, sbr. kafla 11.2 um veitur. Erfiðar

samgöngur og ótryggt rafmagn skekkir samkeppnisstöðu svæðisins og gerir það minna aðlaðandi fyrir greinina, þrátt fyrir nálægðina við miðin.

Ímynd svæðisins getur haft veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Með áherslu sveitarfélagsins á hreinleika, verndun náttúru- og menningarverðmæta og lífsgæði íbúa, er lagður mikilvægur grunnur sem sjávarútvegur getur nýtt sér til verðmætasköpunar, sbr. kafla 4 um lífríki og landslag, kafla 5 um vatn, loft og hljóð, kafla 6 um óbyggð svæði, kafla 7 um byggð og kafla 9.2 um menningu. Lögð er áhersla á það að gengið verði um fiskimiðin á sjálfbæran hátt, þannig að jákvæðri ímynd svæðisins verði viðhaldið.

Lögð er áhersla á tengsl sjávarútvegs við menntasamfélagið í sveitarfélaginu. Auknir möguleikar til rannsókna efla greinina og geta leitt til aukinnar verðmæta- og nýsköpunar. Jafnframt getur hátt menntunarstig eflt ímynd sjávarútvegsins og laðað að sér vinnuafl og fjárfesta.

8.2.2 Eldi

Mjög jákvæð þróun hefur verið í fiskeldi, m.a. varðandi tæknilausnir fyrir fiskeldi og vinnslu. Hækkandi verð á aukaafurðum hefur bætt afkomu greinarinnar.

Á Vestfjörðum eru aðstæður til eldis víða góðar og möguleikar á frekari þróun í greininni, m.a. í kræklingarækt. Nálægð við góðar hafnir, fiskvinnsluhús og flutningaleiðir er mikilvæg, því ferskleiki afurða gefur möguleika á hærra afurðaverði.

Tilraunir og rannsóknir eru stór hluti af því umhverfi sem greinin þarf til að þróast, enda um tæknigrein að ræða.

Framkvæmdir þar sem reiknað er með að ársframleiðsla verði 200 tonn eða meira eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Bæjarstjórn getur heimilað þær framkvæmdir sem eru innan stjórnsýslumarka Ísafjarðarbæjar.

STEFNA

Markmið

— Efla rannsóknir til að styrkja þróun greinarinnar
— Neikvæðum umhverfisáhrifum fiskeldis verði haldið í lágmarki

Gert er ráð fyrir því að áfram verði möguleikar á því að stunda fiskeldi í Ísafjarðarbæ að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lögð er sérstök áhersla á það að fiskeldi í fjörðum sveitarfélagsins verði í tengslum við aðra starfsemi í landi. Eldið skal hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi og tryggja að jákvæð ímynd skerðist ekki.

Ákjósanlegt er að kanna áhrif og þróunarmöguleika fiskeldis, m.a. í samvinnu við háskólastofnanir á Ísafirði. Huga þarf sérstaklega að mótvægi við neikvæð umhverfisáhrif tengdum fiskeldi.

8.3 **Hafnarsvæði**

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja í undantekningartilvikum, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir hafnarstjórn en Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með framkvæmdum. Fjallað er um hafnarsvæði í Hafnalögum nr. 61/2003 og Hafnarreglugerð nr. 1190/2005 fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar. Skv. lögunum má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki hafnarstjórnar.

Stærstu hafnarsvæðin í Ísafjarðarbæ eru á Flateyri, Ísafirði, Suðureyri og Þingeyri. Þessi svæði byggðust upp á tímum mikilla umsvifa í sjávarútvegi og sjóflutningum. Umsvif sjávarútvegs hafa dregist verulega saman frá þeim tíma og sjóflutningar hafa nánast lagst af, en geta verið mikilvægir fyrir rekstrarumhverfi



Ásgeirsbakki, hafnarsvæðið við Pollinn í Skutulsfirði (ÁA).

framleiðslufyrirtækja. Skipasmíðar voru stór þáttur í starfsemi hafnarsvæða á Ísafirði mest alla 20. öldina. Fjallað er um skipasmíðar í kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.

Hafnarmannvirkin og hafnarsvæðin eru því nokkuð vannýtt, en þó hefur ferðaþjónustan vaxið stöðugt innan sveitarfélagsins, við hlið sjávarútvegsins. Móttaka ferðamanna og þjónusta við þá er æ stærri þáttur í starfsemi innan hafnarsvæða og markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu á því sviði. Sjá nánar í kafla 8.5 um ferðaþjónustu.

Ímynd og ásýnd hafnarsvæða getur haft talsverð áhrif á afkomu þeirra atvinnugreina sem þar eru stundaðar, s.s. sjávarútveg og ferðaþjónustu. Aukin umhverfisvitund neytenda og ferðamanna kallar eftir auknum gæðum og neytandinn lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd.

Um umgengni við og á hafnarsvæðum gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004. Öll losun úrgangs og mengandi og skaðlegra efna á hafnarsvæðum er bönnuð.

Fjallað er um sjóvarnir í kafla 3 um náttúruvá.

Stefna

Markmið

- Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina, eins og vöru- og farþegaflutninga og ferðaþjónustu
- Aðstaða fyrir smábátaútgerð verði til fyrirmyndar
- Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð
- Aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur-Grænlandi
- Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar

Lögð er áhersla á það að uppbygging hafnarsvæða verði nýtt til að skapa sóknarfæri fyrir hvern bæ og styrki þannig stöðu Ísafjarðar sem byggðakjarna fjórðungsins.

Á hafnarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn. Brýnt er að önnur starfsemi þrengi ekki svo að hafnarsvæðum að það hefti uppbyggingu þeirra. Áhersla skal lögð á það að hafnarsvæði verði vel skipulögð, þannig að þau nýtist sem best og hafi nægt rými fyrir þróun í sjávarútvegi sem og nýsköpun. Við uppbyggingu og hönnun hafnarsvæða þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttri notkun og þróun ólíkra atvinnutækifæra, án hagsmunaárekstra.

Á Ísafirði er gert ráð fyrir stærstu hafnarsvæðunum en þau eru talsvert breytt frá fyrra skipulagi. Gert er ráð fyrir því að stærstur hluti framleiðslugreina og flutninga verði á hafnarsvæði sem tengist Sundahöfn en vægi þeirra á Ásgeirsbakka minnki. Á Ásgeirsbakka er gert ráð fyrir því að aðaláhersla verði á þjónustu við skemmtiferðaskip. Aðstaða fyrir frístundabáta verði í Bátahöfn og Sundahöfn. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.

Á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri og Hnífsdal eru hafnarsvæðin tiltölulega lítil en áhersla er lögð á góð tengsl þeirra við iðnaðar- og athafnasvæði. Í litlum sjávarþorpum er gjarnan mikil blöndun á milli atvinnugreina og því lögð áhersla á það að aðgreina þær ekki í skipulaginu.

Almennt skal miða við það að umgengni og ásýnd hafnarsvæða verði til fyrirmyndar. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif hafnarsvæða á umhverfi og að þau uppfylli strángustu kröfur um umgengni og frágang. Starfsemi eins og sjávarútvegur, matvælaiðnaður og ferðaþjónusta geta þannig nýtt hreinleika og jákvæða ímynd svæðisins, sér til framdráttar.

Nefndar hafa verið hugmyndir um tækifæri sem felast í siglingum á norðurslóðum. Mikilvægt er að kanna vel þá möguleika sem felast í því, sbr. kafla 12.7 um hafnir.

Tafla 8.1 Hafnarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Tafla 8.1 Hafnarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Svæði K5 - Hafnarsvæði á **Þingeyri** / 1,5 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir. K4 - Hafnarsvæði við grjótgarð á **Flateyri** / 1 ha. Sjá einnig kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði og kafla 12.7 um hafnir. K3 - Hafnarsvæði á **Suðureyri** / 2 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.	Ákvæði Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn. Huga skal sérstaklega að nálægð svæðisins við íbúðarbyggð.
Svæði K2 - Hafnarsvæði við Brjótinn á **Suðureyri** / 0,9 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.	Ákvæði Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn. Innan við Brjótinn er gert ráð fyrir landfyllingu fyrir iðnaðar- og athafnarsvæði. Sjá nánar í kafla 8.7 um iðnaðar og athafnarsvæði.
Svæði K11 - Hafnarsvæði við Ásgeirsbakka og nágrenni á **Ísafirði** / 2 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.	Ákvæði Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu skemmtiferðaskip, ferðaþjónustu og léttan iðnað.
Svæði K1 - Hafnarsvæði við Sundahöfn og nágrenni á **Ísafirði** / 13,5 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir.	Ákvæði Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á sjávarútveg, iðnað og flutninga. Á iðnaðarsvæði á Mávagarði er gert ráð fyrir olíubirgðastöð og skal nýting hafnarsvæða þar taka mið af nálægð við hana.
Svæði K6 - Hafnarsvæði við Hnífsdalsbryggju í **Hnífsdal** / 0,1 ha.	Ákvæði Endurbætur og uppbygging á hafnarstarfsemi er heimil, en hafa skal í huga að svæðið kann að vera hentugt fyrir nýjan flugvöll, sjá kafla 12.8 um flugvelli og kafla 12.7 um hafnir.

8.4 Landbúnaður

Í skipulagsreglugerð segir að á landbúnaðarsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Beitilönd eru skilgreind sem óbyggð svæði en ekki sem sérstök landbúnaðarsvæði.

Undanfarin 50 ár hefur landbúnaður á Íslandi breyst mikið og um leið hafa ólíkar greinar þróast innan landbúnaðargeirans. Má þar nefna alifugla- og loðdýrarækt, hrossarækt, ferðaþjónustu, fiskeldi, garðyrkju og skógrækt. Mikill samdráttur hefur einnig verið í landbúnaði innan Ísafjarðarbæjar og samfara því hafa stór svæði farið í eyði, þ.á.m. nánast allt svæði norðan Djúps og mörg svæði sunnan Djúps.

Hugsanlegt er að þörf fyrir landbúnað á Íslandi geti aukist í framtíðinni. Til að auka matvælaöryggi þjóðarinnar er mikilvægt að varðveita það land sem best hentar til matvælaframleiðslu. Með hlýnandi veðurfari er líklegt að ræktunarmöguleikar á bújörðum aukist og er þá sérstaklega litið til kornræktar.

Framleiðsla í landbúnaði hefur til þessa beinst að sölu á kjöti og mjólkurafurðum. Útlit er fyrir að þarfir neytenda séu að breytast. Eftirspurn er ekki lengur bundin við vörur sem fullnægja frumþörfum neytandans, s.s. kjöt og mjólk. Neytendur vilja einnig kaupa landbúnaðarvörur sem tengjast lífstíl og upplifun. Neytandinn kallar eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd. Sem dæmi um þetta er vistvænn, lífrænn og menningartengdur landbúnaður. Landbúnaðurinn hefur því fjölþætt hlutverk.



Mynd 8.3. Fjöldi starfandi við landbúnað á Vestfjörðum 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2008).

Samþjöppun á mjólkurframleiðslu og samdráttur í sauðfjárbúskap hafa einkennt landbúnaðinn seinustu ár. Aðrar greinar hafa vaxið, t.d. ferðaþjónusta og skógrækt. Sauðfjárrækt, nautgriparækt og hrossarækt eru þær greinar sem geta styrkt hvor aðra, en uppkaup jarða í öðrum tilgangi geta veikt þessar greinar.

Landbúnaður á Íslandi er að verða mun sjálfbærari en áður, samfara breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu. Dæmi um þetta er verkefnið Betra bú sem er samstarfsverkefni nokkurra stofnana og samtaka. Segja má að Betra bú sé tæki til að ná eða viðhalda sjálfbærri landnýtingu. Hugmyndin byggir á því að landnotandinn sjálfur geri landnýtingaráætlun, þ.e. áætlun um beitarnýtingu, jarðrækt, uppgræðslu, túnrækt og skógrækt. Ekkert býli í sveitarfélaginu stundar núna lífrænan landbúnað.

Réttir í Önundarfirði (PÖ).

Með breyttum áherslum í landbúnaði og nýjum landbúnaðarafurðum hefur hugtakið menningarlandslag borið á góma. Landslag felur ekki aðeins í sér náttúrufar, heldur einnig menningarþætti. Menningarlandslag er auðlind til upplifunar sem fræðir um ferla náttúrunnar, menningarsögu og samspil manns og náttúru. Bændur eiga mikinn þátt í þeim mikla vexti sem orðið hefur í ferðaþjónustu hér á landi. Það er m.a. að þakka framboði þeirra á upplifun er tengist búskaparháttum, menningu og sögu, þ.e. menningartengdri ferðaþjónustu, þar sem sagan og menningin er hluti af söluvöru.

Á Vestfjörðum er löng hefð fyrir útræði og fiskverkun á sjávarjörðum. Enn er fisverkun á nokkrum býlum í sveitarfélaginu, s.s. fiskhjallar eða minni verkunarhús.

Öflugt æðarvarp er víða í sveitarfélaginu, s.s. í Æðey, Önundarfirði og Dýrafirði, þar sem dúntekja er hluti af búrekstri þó nokkurra jarða. Í Æðey er jafnframt alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði.

Ef fyrirhugað er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði skal, skv. 7. gr. Jarðalaga, nr. 81/2004, fá leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum, áður en skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Þetta á einnig við um framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýtinn landbúnað.

Stefna

Markmið

— Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar

- Stuðla að því að þeir sem hafa áhuga á því að stunda búskap, fái tækifæri til þess
- Stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar
- Bændur verði hvattir til að vinna að landnýtingaráætlunum fyrir jarðir sínar
- Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu
- Tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu

Landbúnaðarsvæði eru afmörkuð m.t.t. landslags og innviða. Gert er ráð fyrir því að þau svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og vegasamband og rafveitu. Lögð er áhersla á að það land sem best hentar til matvælaframleiðslu, s.s. á kjöti, mjólk, grænmeti eða korni, verði fyrst og fremst nýtt til slíkrar framleiðslu. Með því að spilla ekki slíku landi er einnig viðhaldið möguleikum fyrir nýliða að hefja búskap.

Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er lélegt, enda er hagkvæmast að nýta fyrst þau svæði sem eru næst byggð. Með því að hverfisvernda fyrrum landbúnaðarsvæði eru þau varðveitt þannig að nýta megi þau fyrir landbúnað í framtíðinni. Mikilvægt er að þessi svæði verði ekki nýtt á þann hátt að aðrir valmöguleikar, s.s. landbúnaður, verði útilokaðir. Efnahagsþrengingar í heiminum geta haft þau áhrif að hagkvæmt verði að nýta meira land til landbúnaðar en skilgreint er í þessu skipulagi og er þá mögulegt að breyta aðalskipulaginu til samræmis við það.

Mikilvægt er að möguleikum til þróunar og nýsköpunar á landbúnaðarsvæðum verði haldið opnum svo nýta megi núverandi aðstöðu til fulls, en einnig má gera ráð fyrir breytingum samfara breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.

Lögð er áhersla á það að hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein geti eflst og uppbygging stoðgreina hans verði auðvelduð. Möguleikar til breytinga felast m.a. í framleiðslu og sölu afurða, á ýmsum framleiðslustigum, beint til neytenda. Mikilvægt er að tryggja möguleika til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði. Því er gert ráð fyrir því að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld.

Áfram er gert ráð fyrir því að bændur geti stundað sjósókn frá sínum jörðum. Einnig er gert ráð fyrir minni mannvirkjum fyrir fiskverkun á landbúnaðarsvæðum, s.s. fiskþurrkun í hjöllum. Tryggja skal markvissa umhverfisstefnu, þar sem áhersla er lögð á hreinleika umhverfis og afurða. Hvatt er til þess að bændur stefni að lífrænni framleiðslu og skal leitað leiða til að auðvelda þeim breytingar í þá veru.

Gert er ráð fyrir því að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka. Áhersla er lögð á möguleika landeigenda til að vernda mikilvæg búsvæði fugla, s.s. æðarvarp, gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem getur raskað þeim.

Gert er ráð fyrir því að innan landbúnaðarsvæða verði heimilt að reisa allt að þrjú sumarhús á hverri jörð án þess að breyta aðalskipulagi þessu, sbr. kafla 7.5.4 um frístundabyggð.

Um vatnsaflsvirkjanir og jarðhitaleit á landareignum er fjallað í kafla 11.2 um veitur.

Um skógrækt, þ.m.t. nytjaskógrækt og landgræðslu, er vísað til kafla 4.2.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir, aðrar en skógrækt, verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu 8.2. Um fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla 4.2 um skógrækt og landgræðslu.

Tafla 8.2. Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða. Jarðhitaleitarholur
Vatnsbakki	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Fornminjar	20 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

Tafla 8.3. Skipulagsákvæði landbúnaðarsvæða.

Svæði	Ákvæði
Landbúnaðarsvæði utan hverfisverndarsvæða.	Skógrækt, þ.m.t. nytjaskógrækt, er heimil á landbúnaðarsvæðum en skal falla vel að náttúrulegu og landslagi og menningarlandslagi. Skógrækt skal ekki spilla landi til matvælaframleiðslu, raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum, skerða óhóflega útsýni, berjalönd eða aðgengi að útivistarsvæðum. Sjá nánar í kafla 4.2 um skógrækt. Byggja má 3 frístundahús ef aðstæður leyfa á hverri jörð án þess að það komi fram á aðalskipulaginu. Frístundahús skulu ekki skerða gott land til matvælaframleiðslu. Landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein. Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð. Mikilvæg búsvæði fugla, s.s. æðarvarp, verði verndað gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem gæti raskað þeim. Sjósókn og minni fiskverkun heimil. Heimilt að virkja bæjarlækinn, allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni eða 200 kW án uppistöðulóns, án þess að breyta aðalskipulagi, sjá kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði. Heimilt að leita eftir heitu vatni og nýta hugsanlegt vatn til búreksturs án þess að breyta aðalskipulagi, sbr. kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Tafla 8.3. Skipulagsákvæði landbúnaðarsvæða. Framhald.

Svæði	Ákvæði
H1, H2, H3, H4, H18 - Landbúnaðarsvæði á hverfisverndarsvæðum.	Frístundahús skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar í kafla 7.5.4 um frístundabyggð og ákvæði í töflu 7.17 og 7.19. Allar framkvæmdir og öll nýting landeigenda verði í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins.
H5, H6, H7 - Landbúnaðarsvæði á hverfisverndarsvæðum.	Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og skal hún valda eins lítilli röskun á útivist og umhverfi, þ.e. lífríki, landslagi, fjörum, grunnsævi og leirum, eins og kostur er. Umferð verði beint á ákveðnar leiðir til að hlífa náttúru og hámarka upplifun gesta og íbúa. Framkvæmdir til að endurheimta fyrri gæði, s.s. lífríki eru heimilar. Slíkar framkvæmdir geta einnig náð til aðliggjandi svæða, sjá kafla 4.1.2. um hverfisvernd í dreifbýli. Ný sorpförgunarsvæði eða námur mega ekki vera innan hverfisvernduðu svæðanna. Byggja má 3 frístundahús ef aðstæður leyfa á hverri jörð án þess að það komi fram á aðalskipulaginu.

Sameiginleg ákvæði (H1, H2, H3, H4, H5, H6, H7)

Landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein.

Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð.

Mikilvæg búsvæði fugla, s.s. æðarvarp, verði verndað gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem gæti raskað þeim.

Gert er ráð fyrir sjósókn og minni fiskverkun.

Heimilt er að virkja bæjarlækinn, allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni eða 200 kW án uppistöðulóns, án þess að breyta aðalskipulagi, sjá kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Heimilt að leita eftir heitu vatni og nýta hugsanlegt vatn til búreksturs án þess að breyta aðalskipulagi, sbr. kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Öll skógrækt er tilkynningarskyld til Ísafjarðarbæjar og ber framkvæmdaaðila að gera greiningu á áhrifum skv. matsblaði í viðauka greinargerðarinnar.

Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins.

Skógrækt skal ekki spilla landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu.

Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Nánar er fjallað um skógrækt í kafla 4.2.

Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum.

Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum, sem gera skal samfara deiliskipulagi. Sjá nánar í viðauka.

8.5 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er ein af meginundirstöðum íslensks efnahagslífs og hefur mikill vöxtur einkennt greinina undanfarið. Komum erlendra ferðamanna til landsins hefur fjölgað um 9% á ári að meðaltali síðastliðna hálfa öld. Á árunum 2000 til og með 2007 fjölgaði erlendum gestum úr rúmum 300 þúsundum í 485 þúsundir, þ.e. um 60 prósent. Áætlað er að árið 2015 verði erlendir ferðamenn orðnir um 850 þúsundir. Fjölgun ferðamanna sem heimsækja Ísland hefur verið meiri en á heimsvísu. Á tímabilinu 1995-2004 fjölgaði ferðamönnum sem sóttu Ísland heim um 69% en sambærileg aukning í heiminum öllum var um 24%.

Ferðaþjónustan hefur skilað miklum gjaldeyri inn í íslenskt hagkerfi. Skv. gögnum frá Hagstofu Íslands var hlutur ferðaþjónustu í útflutningstekjum 19% á árunum 2004-2006. Tekjur af erlendum gestum hafa aukist í svipuðu hlutfalli við fjölda þeirra, úr um 30 milljörðum íslenskra króna árið 2000 í um 50 milljarða árið 2007.



Mynd 8.5. Gistinætur, gestakomur og meðaldvalarlengd á Vestfjörðum 1998-2007 (Hagstofa Íslands 2008).

Kannanir og greiningar hafa leitt í ljós að markaðshlutdeild Vestfjarða í ferðaþjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en jafnframt eru miklir möguleikar til sóknar. Bættar samgöngur munu styðja verulega við þróun í ferðaþjónustu.

Á Vestfjörðum hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu og samfara því hefur atvinnugreinin eflst. Á mynd 8.5 má sjá að gistinætur og gestakomur hafa aukist jafnt og þétt frá árinu 1998, að árinu 2002 undanskildu. Meðaldvalarlengd hefur breyst minna, var 1,4 gistinætur árið 1998 og er 1,7 árið 2007. Aukningin hefur verið nálægt 8% á milli ára en jókst mun meira, eða um 14%, á milli áranna 2006 – 2007, þegar fjöldi gistinátta fór úr 69.364 í 78.868.

Ferðamenn í heiminum í dag sækja í auknum mæli í lítt spillta náttúru sem verður sífellt sjaldgæfari. Jafnframt leitast þeir eftir nýrri upplifun í ferðum sínum. Íslendingar ferðast í meiri mæli en áður um eigið land og hafa gönguferðir um náttúruna notið vaxandi vinsælda. Skv. könnunum á viðhorfum og hegðun ferðamanna á Vestfjörðum er náttúran helsta aðdráttarafl svæðisins, sérstaklega hvað varðar erlenda ferðamenn. Ferðamenn á Vestfjörðum eru náttúruunnendur sem sækja í frið og ró og eru meðvitaðir um umhverfið. Slíkir ferðamenn krefjast almennt minni þjónustu og afþreyingar en sækja í að upplifa hið „ósnerta“ eða óhefðbundna. Útivist, einkum gönguferðir og fuglaskoðun, er á meðal þess helsta sem ferðamenn svæðisins vilja upplifa. Þó nokkuð stór hópur sækir einnig í söfn, sýningar, sund og aðra þjónustu.



Mynd 8.5. Gistinætur, gestakomur og meðaldvalarlengd á Vestfjörðum 1998-2007 (Hagstofa Íslands 2008).

Skv. könnunum laðar Hornstrandafriðlandið að sér ferðamenn sem vilja upplifa óspillta náttúru og frið. Könnun, sem gerð var á meðal landeigenda, sýnir að aðdráttarafl svæðisins í þeirra huga felst einkum í landslagi, kyrrð og þeim rótum sem fólk á að rekja til svæðisins. Áætlað er að um 3500 gestir hafi heimsótt svæðið árið 2006, langflestir yfir hásumarið. Fjöldi útlendinga hefur aukist, svo og fjöldi dagferðamanna sem voru árið 2004 um 25% ferðamanna. Sama ár voru gönguferðamenn um 39% og sumarhúsafólk um 36% ferðamanna en fjöldi þeirra hefur aukist í seinni tíð.

Lágmarksþjónusta fyrir ferðamenn er á svæðinu norðan Djúps, þá helst flutningar, salernisaðstaða, merktar gönguleiðir, neyðarskýli og upplýsingamiðlun um svæðið. Áætlunarferðir eru sjóleiðis inn á svæðið yfir sumartímann. Gistiaðstaða í húsum er einkum í Grunnavík, Hornsbjargsvita, Reykjarfirði og á Hesteyri. Samtals eru um 60 tjaldsvæði innan friðlandsins, þ.e. opinber, einkarekin og ómerkt svæði. Innan friðlands er talið að fjöldi gistinátta á tjaldsvæðum sé um 2500. Bendir flest til þess að þeir sem sækja svæðið geri ekki kröfu um mikla þjónustu heldur vilji fremur upplifa náttúru og einangrun svæðisins. Vísbendingar eru þó um það að ferðamenn vilji að einhverju leyti hærra þjónustustig á svæðinu. Aukin þjónusta og fleiri ferðamenn auka álag á svæðið, en talið er að almennt sé talsvert í það að náttúrulegum og félagslegum þolmörkum sé náð. Á háannatíma er þó talið stutt í það að þolmörkum sé náð á ákveðnum stöðum.

Tjaldsvæði eru í öllum þéttbýliskjörnum Ísafjarðarbæjar, nema í Hnífsdal. Tvö tjaldsvæði eru á Ísafirði, í Tungudal og við Menntaskólann. Aðstaða svæðanna er misgóð, en mesta þjónustu er að fá í Tungudal og á Þingeyri. Tjaldsvæði er á friðlýstu svæði við Dynjanda og einkaaðilar hafa víða komið upp tjaldsvæðum í tengslum við ferðaþjónustu.

Á Þingeyri hefur verið byggð upp aðstaða fyrir ferðamenn sem minnir á víkingatímabilið og sögusvið Íslendingasagna. Í dreifbýli hefur víða byggst upp ferðaþjónusta á bóndabæjum, þar sem nýtt er sú aðstaða sem fyrir er undir slíka starfsemi.

Menntatengd ferðaþjónusta hefur einnig verið í sókn með aukinni starfsemi stofnana á svæðinu, einkum Háskólaseturs Vestfjarða.

Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í tengslum við fjölgun sjóstangveiðimanna sem koma í Ísafjarðarbæ, m.a. á Suðureyri og Flateyri. Þar hefur verið gert ráð fyrir húsum fyrir þessa ferðamenn í deiliskipulagi. Það er líklegt að með sömu þróun og verið hefur muni erlendir ferðamenn verða fleiri en innlendir innan skamms. Enn er þó fjöldi erlendra ferðamanna á Vestfjörðum fremur lítill hluti af þeim fjölda sem heimsækir Ísland.



Mynd 8.6. Gistinætur alls á Vestfjörðum 1998-2007 (Hagstofa Íslands 2008).

Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1995 en þá hófst markviss vinna við markaðssetningu hafnarinnar sem viðkomustaðar skemmtiferðaskipa. Árið 2009 er áætlað að 26 skemmtiferðaskip komi til Ísafjarðar, á tímabilinu frá 30. maí til 10. september. Þessi þróun er sýnd á mynd 8.7.



Mynd 8.7. Árlegur fjöldi skemmtiferðaskipa sem kemur til Ísafjarðar. Fjöldi skipa árið 2009 er áætlaður (Ísafjarðarbær 2009).

Horft hefur verið til ferðaþjónustu til atvinnuuppbyggingar og aukins efnahagvaxtar á jarðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum. Ferðaþjónustan er afar mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem hefur vaxið hratt og nýjungar og þróun hafa einkennt hana.

Stefna

Markmið

— Í Ísafjarðarbæ þróist sjálfbær ferðaþjónusta, þ.e. ferðaþjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins

Náttúra og menning Ísafjarðarbæjar er auðlind sem mun draga að sér mun fleiri ferðamenn en nú sækja svæðið og þannig auka hlutdeild ferðamanna sem heimsækja norðanverða Vestfirði. Litið er á ferðaþjónustu sem mikilvægan þátt í framtíðarþróun atvinnulífs á Vestfjörðum og aukningu efnahagvaxtar. Hafa verður þó í huga að greinin byggir á þeim gæðum náttúru og samfélags sem til staðar eru og aukinn fjöldi ferðamanna veldur álagi á náttúru, samfélag og innviði þess. Ósnortnum svæðum í heiminum fer fækkandi og fyrir vikið verða slík svæði verðmætari. Hætta er á því að atvinnuvegir og framkvæmdir sem spilla náttúru svæðisins geti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Auka þarf skilning og þekkingu íbúa og ferðamanna á náttúru og samfélagi og stuðla þannig að sjálfbærni.

Svæði þola mismikið álag ferðamanna, m.t.t. náttúrufars, viðhorfa ferðamannanna sjálfra og íbúa svæðisins. Mikilvægt er að aðalskipulagið sé góður grunnur fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu, að það styðji við greinina til langs tíma litið. Í því tilliti er nauðsynlegt að byggja upp nauðsynlega innviði þar sem það á við, vegna þess að lélegir innviðir geta hamlað uppbyggingu greinarinnar en auk þess valdið umhverfisraski.

Hafa þarf nægt framboð af fjölbreyttum tjaldsvæðum og fylgja þarf eftir þeim kröfum sem almenningur gerir með breyttum ferðavenjum. Þó skal leggja áherslu á fjölbreytileika og forðast hagsmunaárekstra mismunandi hópa ferðamanna. Áfram er gert ráð fyrir þeim tjaldsvæðum sem þegar eru rekin, með svigrúmi til stækkunar, en einnig er lögð áhersla á það að hægt verði að byggja upp ný svæði. Tjaldsvæði má byggja á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum til sérstakra nota. Tjaldsvæði eru oft á eða í nálægð við viðkvæm svæði og því skal við alla uppbyggingu hafa almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins að leiðarljósi.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir aukinni og fjölbreyttri ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Aðlaðandi umhverfi mun laða að sér ferðamenn og nýja íbúa, m.a. námsmenn, en einnig auka lífsgæði núverandi íbúa, sbr. kafla 7 um byggð. Æskilegt er að auka möguleika á afþreyingu á svæðinu en það hefur sömuleiðis jákvæð áhrif á íbúa sveitarfélagsins.

Sjóstangaveiðibátar (PÖ).

Mikilvægt er að efla samvinnu ferðaþjónustuaðila til að ná frekari árangri í ferðaþjónustu, m.a. við skipulagningu atburða sem geta haft jákvæð áhrif á ímynd svæðisins. Nýta á þau tækifæri sem felast í notkun gamalla bygginga, báta og svæða sem laða að ferðamenn og íbúa. Staðþekking er dýrmæt og mikilvægt er að nýta hana vel.

Reyna á að lengja ferðamanntímann og byggja enn frekar upp ferðir sérsniðnar að vetrinum og upplifunum á náttúru, menningu og mannlífi tengdu þessari árstíð. Ákjósanlegt og hagkvæmt getur verið að hafa samvinnu á milli landssvæða við þróun á vöru og þjónustuframboði. Nýta á komur skemmtiferðaskipa markvisst með góðu aðgengi og markaðssetningu á þeirri afþreyingu sem stendur farþegum skipanna til boða í landi. Skoða þarf þó snemma hvaða áhrif stóraukinn fjöldi getur haft á samfélagið og náttúru svæðisins.

Viðhorf ferðamanna eru mismunandi og ekki er hægt að fullnægja þörfum allra ferðamanna alls staðar. Sumir ferðamenn sækja í þjónustu á meðan aðrir sækja í náttúrulegt umhverfi. Lögð er áhersla á það að þjónusta við ferðamenn verði fyrst og fremst þar sem byggð er. Uppbygging ferðaþjónustu á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli miði að mestu leyti að verndun náttúru og menningarminja í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins. Á landbúnaðarsvæðum er svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og mannvirkjum því tengdum.

Norðan Ísafjarðardjúps verður lögð áhersla á minni ferðamannahópa og einfaldri ferðaþjónustu. Beina þarf ferðamönnum inn á ákveðin svæði og þannig draga úr neikvæðum áhrifum en bjóða upp á æskilega grunnþjónustu. Þannig er stuðlað að varðveislu þeirra gæða sem til staðar eru. Skilgreindir eru fjórir flokkar m.t.t. uppbyggingar ferðaþjónustu norðan Djúps, eins og sést í töflu 8.4: Ferðaþjónustumiðstöðvar, ferðaþjónustukjarnar, ferðaþjónustuaðstaða, auk þess sem sérstök ákvæði eru fyrir óbyggð svæði.

Eftirfarandi ákvæði gilda einnig um svæðið norðan Djúps:

- Fræðsla um náttúru, menningu og umgengnisreglur verði efld. Það verði gert með miðlun upplýsinga í bæklingum, á vefsíðum og fyrirhugaðri Hornstrandastofu
- Eftirlit og þjónusta við ferðamenn verði aukin. Þetta verði sérstaklega kannað utan friðlands og þá með hvaða hætti og á hvaða svæðum þjónustan ætti að vera
- Farið verði út í nánari stefnumörkun um verndun og nýtingu svæðisins, þ.e. gerð verndaráætlunar, þar sem m.a. verði fjallað um ferðaþjónustu, nýtingu og hlutverk landeigenda og verndun náttúru og búsetuminja með þátttöku hagsmunaaðila

Fjallað er um bryggjur í kafla 12.5 um hafnir.

Tafla 8.4. Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ.
Sjá einnig töflur 8.5 og 10.1.

Svæði	Ákvæði
Ú8 - Tjaldsvæði í **Tungudal**. Hluti af stærra svæði. Þ13 - Tjaldsvæði á **Torfnesi**. Hluti af stærra svæði. Ú20 - Tjaldsvæði á **Flateyri**. Hluti af stærra svæði. Ú31 - Tjaldsvæði á **Suðureyri**. Hluti af stærra svæði. Ú26 - Tjaldsvæði á **Þingeyri**. Hluti af stærra svæði.	Gert ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Auka má þjónustu, þar sem við á. Huga ber sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við skipulag og framkvæmdir.

Tafla 8.4. Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ.
Sjá einnig töflur 8.5 og 10.1. Framhald.

Svæði	Ákvæði
V20, Ú63 - **Snæfjalla-strönd**, frá Bæjum að Tyrðilmýri, að báðum bæjum meðtöldum. Á náttúruminjaskrá.	*Ferðaþjónustumiðstöð* sem þjónar sem nokkurs konar anddyri að svæðinu norðan Djúps. Gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð ferðamanna, tjaldsvæðum og annarri gistingu sem er stærri í sniðum og með meiri þjónustu en á öðrum svæðum norðan Djúps.
V22, Ú63 - **Grunnavík**, norðan Djúps. Á náttúruminjaskrá. Hverfisverndað svæði H18. V23, Ú64 - **Hesteyri**. Hornstrandafriðland. V2, Ú65 - **Reykjarfjörður**, norðan Djúps. Á náttúruminjaskrá. Hverfisverndað svæði H18. V25,Ú66 - **Hornvík**. Hornstrandafriðland. V24, Ú67 - **Látravík**. Hornstrandafriðland. V26, Ú68 - **Bolungavík**. Hornstrandafriðland.	*Ferðaþjónustukjarnar* verði helstu viðkomustaðir ferðamanna á svæðinu. Áætlaður fjöldi gistinótta á þessum stöðum er a.m.k. 800. Gert er ráð fyrir þjónustu landvarðar, einfaldri þjónustumiðstöð, gistiaðstöðu og tjaldsvæðum með hreinlætisaðstöðu og vatnssalernum. Nánari uppbygging verður útfærð í deiliskipulagi viðkomandi staða. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum, sem gera skal samfara deiliskipulagi, sbr. kafla 1.5 og viðauka aðalskipulagsins. Möguleiki er á stækkun og frekari uppbyggingu á þessum stöðum. Grunnavík, Hesteyri og Reykjarfjörður verði helstu aðkomustaðir ferðamanna inn á svæðið.
Ú58 -**Höfði**, norðan Djúps. Á náttúruminjaskrá. Hverfisverndað svæði H18. Ú59 - Sæból **Aðalvík**. Hornstrandafriðland. Ú69 - Látrar **Aðalvík**. Hornstrandafriðland. Ú60 - **Fljótavík**. Hornstrandafriðland. Ú61 - **Hlöðuvík**. Hornstrandafriðland. Ú62 - **Furufjörður**. Núverandi mannvirki eru innan Hornstranda-friðlands. Ú29 - **Keflavík**, norðan Súgandafjarðar. Hverfisverndað svæði H4.	*Ferðaþjónustuaðstaða* er skilgreind sem svæði með þjónustu við ferðamenn sem er smærri í sniðum en í ferðaþjónustukjörnum. Undir það flokkast einföld gistiaðstaða, tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu, vatns- eða þurrsalerni og grunnupplýsingar fyrir ferðamenn. Áætlaður fjöldi gistinótta er 300-800. Uppbygging verður útfærð í deiliskipulagi. Á þeim stöðum sem gistinætur eru 50 eða fleiri verði leyfilegt að byggja kamar. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum sem gera skal samfara deiliskipulagi, sbr. kafla 1.5 og viðauka aðalskipulagsins.

Tafla 8.4. Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ.
Sjá einnig töflur 8.5 og 10.1. Framhald.

Svæði	Ákvæði
Óbyggð svæði.	*Óbyggð svæði.* Ekki er gert ráð fyrir mikilli ferðaþjónustu en svigrúm er þó fyrir þjónustu við ferðamenn í samræmi við þann húsakost sem skilgreindur er í aðalskipulaginu. Á þeim stöðum sem gistinætur eru 50 eða fleiri verði leyfilegt að byggja kamar

8.6 Verslun og þjónusta

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi svæði. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð verslunar- og þjónustusvæða, tengslum svæðanna við aðra landnotkun, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra verslunar- og þjónustusvæða.



Mynd 8.8. Fjöldi starfandi við þjónustu á Vestfjörðum 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2008).

Vægi verslunar og þjónustu - s.s. hótels- og veitingahúsaresturs, fasteigna- og viðskiptaþjónustu og fjármálaþjónustu - hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu ár. Opinber stjórnsýsla hefur hins vegar dregist töluvert saman. Heilbrigðisþjónusta, fræðslustarfsemi og önnur þjónusta hefur verið í mestum vexti undanfarin ár. Sjá nánar í kafla 9 um félags- og velferðarmál.

Verslun og þjónusta innan sveitarfélagsins er að mestu leyti bundin við þéttbýlið. Á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eru svæði fyrir verslun og þjónustu tengd ferðamönnum. Á Ísafirði er fjölbreytt verslunar- og þjónustustarfsemi á miðsvæði Eyrarinnar. Nánar er fjallað um miðsvæði í kafla 7.4.3.

Stefna

Markmið

— Stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi
— Viðhalda blómlegum miðbæjum

Þróun miðbæjanna hefur einkennst af samþættingu margbreytilegrar landnotkunar, s.s. verslunar og þjónustu, íbúðarbyggðar, létts iðnaðar og stofnana og er lögð áhersla á það að viðhalda þessu mynstri. Stór hluti verslunar og þjónustu innan Ísafjarðarbæjar er því á svæði sem skilgreint er sem miðsvæði, sbr. kafla 7.4.3 um miðsvæði. Áhersla er lögð á það að á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum verði að jafnaði ekki sú starfsemi sem betur hentar í miðbænum, þ.e. á skilgreindu miðsvæði. Þannig er reynt að tryggja að miðbæirnir haldist blómlegir.

Þróa skal verslun og þjónustu þannig að áhætta vegna ofanflóða verði lágmörkuð, í samræmi við markmið aðalskipulagsins, í kafla 3 um náttúruvá.

Tafla 8.5. Verslunar- og þjónustusvæði í sveitarfélaginu.

Svæði V1 - Svæði neðan Fjarðargötu á **Þingeyri** / 1,5 ha.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar verslunar og þjónustu m.a. fyrir ferðamenn. Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar.
Svæði V6 - Svæði á milli Hafnarstrætis og Litlalóns á **Flateyri** / 1 ha. Á svæðinu standa níu þjónustuhús fyrir sjóstangveiðimenn. Húsin er á snjóflóðahættusvæði A og B.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar verslunar og þjónustu m.a. fyrir ferðamenn. Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Nýting í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki gert ráð fyrir þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði í byggingum á svæðinu að vetrarlagi.
Svæði V3 - Svæði vestan Lónsins á **Suðureyri** / 0,6 ha. Skv. gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir níu þjónustuhúsum fyrir sjóstangveiðimenn. Húsin eru á snjóflóðahættusvæði A og B en einnig utan hættusvæða.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar verslunar og þjónustu m.a. fyrir ferðamenn. Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Nýting í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.
Svæði B2 - Núpur í **Dýrafirði** / 15,5 ha. Á svæðinu er boðið upp á gistingu og veitingar. Blönduð landnotkun: Verslunar- og	Ákvæði Uppbygging verslunar og þjónustu, m.a. fyrir ferðamenn, hótelrekstur og veisluþjónustu. Einnig er svigrúm til uppbyggingar skóla- og fræðslustarfsemi, sjá kafla 9.1.4 um aðra skóla og þekkingarsetur. Jafnframt er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, sjá kafla 7.5.4 um frístundabyggð. Auk þess

Tafla 8.5. Verslunar- og þjónustusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði framhald þjónustusvæði, svæði fyrir frístundabyggð, svæði fyrir þjónustustofnanir og landbúnaðarsvæði.	*Ákvæði framhald* er gert ráð fyrir því að áfram verði stundaður landbúnaður á jörðinni. Sjá kafla 8.4 um landbúnað. Öll uppbygging á svæðinu skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild og hafi tengsl við sögu svæðisins. Uppbygging skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum bæjarleiðum. Uppbygging svæðisins skal nánar útfærð í deiliskipulagi.
Svæði V4 - Tankurinn **Flateyri** / 0,2 ha. Hljóðver. Er á snjóflóðahættusvæði C.	Ákvæði Svigrúm til áframhaldandi starfsemi hljóðvers en í samræmi við gildandi ofanflóðahættumat og markmið aðal-skipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki er gert ráð fyrir rekstri sem felur í sér gistingu eða veitingasölu yfir vetrartímann vegna snjóflóðahættu.
Svæði V11 - **Ferðaþjónustu-svæði í Heimabæ í Arnardal** / 6,5 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu, s.s. veitingarekstri, gistingu og afþreyingu.
Svæði V5 - Svæði á **Flateyri** /0,3 ha. Á svæðinu er bensínstöð/verslun. Er á snjóflóðahættusvæði B en bensínstöðin er sérstaklega styrkt til að þola álag frá snjóflóði. V2 - Svæði á **Suðureyri** / 0,2 ha. Á svæðinu er m.a. bensínstöð/verslun.	Ákvæði Svigrúm fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu sem ekki heyrir til miðbæjarstarfsemi. Áhersla lögð á það að svæðið dragi ekki til sín mikilvæga miðbæjarstarfsemi og veiki þannig miðbæinn. Nýting í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki er gert ráð fyrir því að viðvera fólks aukist mikið frá því sem nú er.
Svæði B50 - Tunguskeið á **Ísafirði** / 3 ha. Á svæðinu er verslunar-miðstöð, bensínstöð og bifreiðaeftirlit. Sjá einnig kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.	Ákvæði Blönduð landnotkun verslunar og þjónustu og athafnastarfsemi. Svigrúm til frekari uppbyggingar verslunar og þjónustu sem ekki heyrir til miðbæjarstarfssemi. Áhersla lögð á það að svæðið dragi ekki til sín mikilvæga miðbæjarstarfsemi og veiki þannig miðbæinn.
Svæði V20 - **Snæfjallaströnd**, frá Bæjum að Tyrðilmýri, að báðum bæjum með-töldum. Á náttúruminjaskrá.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar þjónustu, s.s. verslun, veitingar-rekstur og gisting. Ferðaþjónustumiðstöð við jaðar Horn-strandafriðlands og hverfisverndarsvæðis H18.

Tafla 8.5. Verslunar- og þjónustusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði	Ákvæði
V21 - Reykjarfjörður í **fyrrum Grunnavíkur-hreppi**. Á náttúruminjaskrá. V22 - Grunnavík í **fyrrum Grunnavíkurhreppi**. Á náttúruminjaskrá. V23 - Hesteyri í fyrrum Sléttuhreppi. Í **Hornstrandafriðlandi**. V24 - Látravík í fyrrum Sléttuhreppi. Í **Hornstrandafriðlandi**. V25 - Hornvík í fyrrum Sléttuhreppi. Í **Hornstrandafriðlandi**. V26 - Bolungavík í fyrrum Sléttuhreppi. Í **Hornstrandafriðlandi**.	Svigrúm til uppbyggingar á veitingasölu og gistingu. Einföld þjónustumiðstöð, gistiaðstaða og tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu og vatnssalernum. Möguleiki á stækkun og frekari uppbyggingu ferðaþjónustu. Umhverfisstofnun er umsagnaraðili vegna framkvæmda svæða sem eru á náttúruminjaskrá Innan Hornstrandafriðlands gilda reglur friðlandsins, sjá kafla 4.1 um náttúruminjar. Í kafla 7.5.4 er fjallað um frístundabyggð og aðrar byggingar. Sjá einnig töflu 8.4. Nánari útfærsla í deiliskipulagi. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum, sem gera skal samfara deiliskipulagi, sbr. kafla 1.5 og viðauka aðalskipulagsins.

8.7 Iðnaðar- og athafnasvæði

Á **athafnasvæðum** skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Starfsemi tengd búrekstri, s.s. vörugeymslur og verkstæði, getur rúmast innan athafnasvæða og landbúnaðarsvæða. Þar sem þetta á við í dreifbýli er gert ráð fyrir því að starfsemin verði innan landbúnaðarsvæða.

Á **iðnaðarsvæðum** skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Iðnaðarstarfsemi í sveitarfélaginu hefur verið mikil í gegnum tíðina, einkum í tengslum við sjávarútveg. Samfara samdrætti í sjávarútvegi hefur þessi starfsemi dregist saman. Í seinni tíð hafa þó verið áberandi tæknifyrirtæki sem vinna að lausnum fyrir sjávarútveg. Nýsköpunarfyrirtækin hafa mikla vaxtarmöguleika, sérstaklega með samvinnu við menntastofnanir og nálægð við þær. Framtíðartækifæri þeirra eru þó að miklu leyti háð þróun í grunngerð samfélagsins, þ.e. flutningskostnaði, afhengingaröryggi rafmagns og nettengingum.

Almennt eru núverandi **iðnaðar- og athafnasvæði** innan þéttbýlisstaðanna. Við gatnamót Vestfjarðavegar og Flateyrarvegar í Önundarfirði er þó vísir að iðnaðar- og athafnasvæði , en þar er tengivirki og athafnalóð. Svæðið er mjög sýnilegt og í nálægð við svæði á náttúruminjaskrá.

Við gerð ganga undir Breiðadals- og Botnsheiði opnaðist fyrir **vatnsæð** með hágæða neysluvatni. Nýtanlegt vatnsmagn er talið vera um 600-700 l/sek sem er umfram neysluvatnsþörf á Ísafirði.

Orkubú Vestfjarða rekur fjórar **vatnsaflsvirkjanir** í sveitarfélaginu; Mjólkárvirkjun í Arnarfirði,

Mýrarárvirkjun á Snæfjallaströnd, Tungudalsvirkjun í Tungudal og Fossavatns- og Nónhornsvatnsvirkjun í Engidal. Dalsorka rekur virkjun í botni Súgandafjarðar sem er tengd inn á dreifikerfið. Auk þess eru smávirkjanir í einkaeign, sem ekki eru tengdar inn á dreifikerfi, s.s. á Læk í Dýrafirði og Vöðlum í Önundarfirði. Smávirkjanir eru ekki sýndar á uppdrætti. Fimm tengivirki (aðveitustöðvar) eru í Ísafjarðarbæ, við Mjólká, á Hrafnseyri, Þingeyri, Ísafirði og í Breiðadal.

Jarðhita er að finna í Ísafjarðarbæ, þó svæðið teljist til svokallaðra kaldra svæða. Í sunnanverðum Súgandafirði er svæði með um 65°C heitu vatni sem nýtt er til húshitunar og í sundlaug staðarins. Heitt vatn er að finna á fleiri stöðum, eins og í Mosdal, Unaðsdal og Reykjarfirði en þar er vatnið yfir 60°C heitt og nýtt í sundlaug og til húshitunar. Vitað er að heitt vatn getur leynst víðar, s.s. í Tungudal og botni Önundarfjarðar. Um nokkurt skeið hefur verið leitað að heitu vatni í Tungudal sem nýta mætti til húshitunar á Ísafirði. Sú leit hefur enn ekki borið árangur en sérfræðingar telja þó að þar sé að finna nýtanlegt heitt vatn.

Sorpgámasvæði eru á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og í dreifbýli. Í Funa í Engidal er flokkunar- og móttökustöð. Funi hefur jafnframt starfsleyfi fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð. Nánar er fjallað um Funa í kafla 11.1 um sorp. Sorpgámasvæðið á Suðureyri er við innkomuna í bæinn, austan við Lónið, en vegna óþefs og sjónmengunar er ekki sátt um þessa staðsetningu.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Margvíslegar framkvæmdir innan iðnaðar- og athafnasvæðis eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar og er vísað til laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka, eru metin áhrif stóriðnaðar eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér. Skoðaðir eru fjórir valkostir: Alviðra í Dýrafirði, Sandar - Hólar í Dýrafirði, Mosdalur í Arnarfirði og auk þess að ekki verði gert ráð fyrir stóriðnaði í aðalskipulaginu. Niðurstöður matsins sýna að Hólar - Sandar í Dýrafirði henta best fyrir slíka starfsemi. Stóriðnaður stangast þó á við núverandi uppbyggingu og nýtingu á svæðinu. Nánari umfjöllun er að finna í kafla 3.2 um atvinnu, í umhverfismatinu, í viðauka.

Stefna

Markmið

- Efla iðngreinar, nýsköpun og útflutning
- Efla möguleika til samvinnu fyrirtækja og menntastofnana
- Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa
- Lögð áhersla á jarðhitaleit og nýtingu hans
- Fyrirkomulag á sorpgámasvæðum verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins
- Þar sem möguleikar eru á nýtingu eldri húsa í þágu atvinnutækifæra, verði fullt tillit tekið til sögu- og verndargildis húsa og umhverfis

Gert er ráð fyrir því að **iðngreinar** og **iðnaður** geti eflst og stækkað. Gert er ráð fyrir iðnaðar- og athafnasvæðum í öllum þéttbýliskjörnum og í nágrenni við þá, þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi í samræmi við skilgreiningu hvers svæðis. Í dreifbýli er einkum gert ráð fyrir raforkuframleiðslu og flutningi á raforku á iðnaðar- og athafnarsvæðum.

Lögð er áhersla á það að fyrirtæki geti nýtt sér samfélagslega nálægð við menntastofnanir til að efla **nýsköpun** og vaxtarmöguleika í greininni. Sem dæmi um þetta er gert ráð fyrir því að Menntaskólinn á Ísafirði leiði **menntun** og **rannsóknir** á sviði gamals handverks í samvinnu við iðnfyrirtæki á svæðinu. Þá er gert ráð fyrir því að Háskólasetur Vestfjarða leiði menntun og rannsóknir á sviðum tengdum hafinu, í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir þessu tengdu. Sjá nánar í kafla 9.1 um skóla og íþróttahús.

Á Ísafirði er gert ráð fyrir aðgreindum **iðnaðar- og athafnasvæðum**. Vegna smæðar hinna byggðakjarnanna er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun iðnaðar- og athafnasvæða. Í litlum sjávarþorpum er gjarnan mikil blöndun á milli atvinnugreina og því lögð áhersla á það að

aðgreina þær ekki í skipulaginu. Á Suðurtanga á Ísafirði er gert ráð fyrir stækkun iðnaðar- og athafnasvæða, en svæðið er í góðum tengslum við samgöngur, s.s. landflutninga, flugvöll og hugsanlega sjóflutninga.

Á Suðureyri er gert ráð fyrir því að **iðnaðar- og athafnasvæðið** flytjist frá eyrinni (Mölunum) á landfyllingu við Brjótinn. Með því móti færist iðnaður frá íbúðarbyggðinni og aukið rými skapast, bæði fyrir íbúðir og atvinnu, sjá nánar í kafla 7.4.2 um íbúðarsvæði. Meðfram veginum að Brjótnum er þegar nokkur iðnaður og er mikilvægt að styrkja hann með auknu rými og fjölbreyttri starfsemi.

Við gatnamót Vestfjarðavegar og Flateyrarvegar í Önundarfirði er gert ráð fyrir því að **athafnasvæðið** stækki. Vegna sýnileika svæðisins er lögð áhersla á það að svæðinu verði haldið snyrtilegu. Eingöngu er gert ráð fyrir hreinlegum fyrirtækjum og þess gætt að mengun berist ekki í fjörðinn.

Á **Söndum í Dýrafirði** er mikið landsvæði og í Dýrafirði eru aðstæður til stórskipahafnar með betra móti. Þetta svæði getur því hentað fyrir stóriðnað. Hins vegar er svæðið mjög mikilvægt fyrir íbúa svæðisins sem stunda þar margvíslega starfsemi, s.s. tengda landbúnaði og útivist, sérstaklega hestamennsku. Stefna um stóra iðnaðarlóð á Söndum er því ekki sett fram í skipulagi þessu, þó hugmynd um hana sé ekki útilokuð. Stóriðja getur haft margvísleg áhrif á atvinnuvegi sem eru í þróun á svæðinu núna. Sérstaða þessa landsvæðis, þar sem áherslan er á hreinleika, hefur verið undirstrikuð og því er mikilvægt að gera grein fyrir hugsanlegum árekstrum á milli atvinnugreina áður en farið er út í framkvæmdir og starfsemi hafin. Jafnframt er lögð áhersla á þátttöku íbúa í ákvarðanatöku.

Við **Stekkjargötu í Hnífsdal** er gert ráð fyrir svæði fyrir blandaða landnotkun, þ.e. íbúðarsvæði og athafnasvæði. Svæðið tilheyrir hverfisverndarsvæði sem gerir ráð fyrir verndun menningarsögulegra verðmæta, sbr. kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli og kafla 7.4.1 um yfirbragð byggðar. Við uppbyggingu svæðisins við upphaf 20. aldarinnar var íbúðarbyggð samofin atvinnustarfsemi, s.s. fiskverkun og smáverkstæðum. Að hluta til hefur svæðið haldist þannig fram til dagsins í dag, þó ásýnd þess hafi breyst töluvert. Lögð er því áhersla á það að áfram geti þrifist blönduð byggð á þessu svæði þar sem ákvæði hverfisverndar tryggja verndun menningarsögu svæðisins.

Gert er ráð fyrir því að mögulegt verði að nýta það **vatn** sem fæst úr göngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði. Lögð er áhersla á það að þau fyrirtæki sem byggja framleiðslu sína á hágæða vatni geti nýtt sér það vatn sem er umfram neysluþörf á Ísafirði. Þess vegna er gert ráð fyrir því að leiða vatn frá göngum að iðnaðar- og athafnasvæðum á Suðurtanga, þar sem nálægð er einnig við hafnir. Sjá nánar kafla 11.2.1 um vatnsveitur.

Eins og fram kemur í kafla 11.2.4 um rafveitu og 8.1. um atvinnuþróun er bætt afhendingaröryggi raforku eitt af lykilatriðum fyrir framtíðarþróun svæðisins og Vestfjarða í heild. Jafnframt er lögð áhersla á það að auka framboð raforku á svæðinu. Orkubú Vestfjarða vinnur nú að endurnýjun á vélakosti í **Mjólkárvirkjun**. Aðalskipulagið gerir auk þess ráð fyrir mögulegri stækkun Mjólkárvirkjunar með byggingu tveggja stöðvarhúsa, lagningu þrýstipípu frá Prestagilsvatni að Borgarhvilftarvatni, framlengingu Hofsárveitu og lagningu veituskurðar. Framkvæmdin verður að vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar og verndarákvæða aðalskipulagsins. Frekari útfærslu á framkvæmdinni ber að gera í deiliskipulagi með tilheyrandi greiningu á áhrifum.

Frekari **virkjanakostir** hafa verið nefndir mögulegir á Glámuhálendinu. Þessir kostir eru ekki skoðaðir frekar í aðalskipulaginu eða í meðfylgjandi umhverfismati, m.a. vegna skorts á upplýsingum. Slíkar virkjanir eru líklegar til að styrkja svæðið en jafnframt hafa neikvæð umhverfisáhrif, jafnvel verulega neikvæð áhrif ef ráðist verður í stórtæka vatnsmiðlun. Mikilvægt er að mögulegar virkjanaframkvæmdir verði í samræmi við ákvæði hverfisverndar, verndarákvæði aðalskipulagsins og friðlýsingarreglur um Dynjanda og nágrennis, sbr. kafla 4.1.

Einkaaðilar skoða nú möguleika á virkjun Hvalár í Ófeigsfirði í Árneshreppi. Með lagningu línu eða strengs væri mögulegt að nýta orkuna í Ísafjarðarbæ. Nánar er fjallað um þetta í kafla 11.2.4 um rafveitu.

Tengivirki sem staðsett er ofan byggðar á Ísafirði er innan hættumatssvæðis C þar sem fyrirhugað er að reisa varnarmannvirki, sbr. kafla 3.2 um ofanflóð. Gert er ráð fyrir því að tengivirkið færist niður fyrir fyrirhugaðan varnagarð, á hættumatssvæði A og B skv. núgildandi mati.

Áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa. Gert er ráð fyrir því að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn, með **smávirkjun**, á þeim svæðum sem gert er ráð fyrir einhverri byggð. Að fengnu framkvæmdarleyfi eru virkjanir, sem eru allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni, eða rennslisvirkjanir, sem eru allt að 200 kW án uppistöðulóns, því heimilar án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmdarinnar og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Á friðlýstum svæðum og hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli skal meta áhrif virkjanaframkvæmda í sérstakri greiningu á áhrifum sem gera skal samfara deiliskipulagi, í staðlaðri matstöflu í viðauka og kafla 1.5.

Lögð er áhersla á áframhaldandi **jarðhitaleit** í sveitarfélaginu. Líklegt er talið að hægt sé að nýta heitt vatn víðar en gert er í dag, en frekari athugana er þörf á þessu sviði. Gert er ráð fyrir því að á landbúnaðarsvæðum verði heimilt að leita eftir vatni og nýta hugsanlegt vatn til búreksturs, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Finnist heitt vatn sem er nýtanlegt til annarra nota, s.s. til húshitunar á stærra svæði eða til iðnaðar utan býlisins, skal breyta aðalskipulaginu í samræmi við það. Í Tungudal er jarðhiti sem ekki hefur enn tekist að nýta. Ekki er vitað hvar framtíðarmannvirki þessu tengd verða staðsett, takist að nýta jarðhitann og því er gert ráð fyrir því að heimilt verði að leita að vatni í Tungudal án þess að það sé tilgreint í aðalskipulagi. Komi til nýtingar jarðhita í Tungudal skal breyta aðalskipulaginu í samræmi við það.

Til að bæta aðkomuna að Suðureyri er gert ráð fyrir því að **sorpgámasvæðið** verði fært á nýtt iðnaðarsvæði við Brjótinn. Með því aukast einnig útivistarmöguleikar við Lónið, sbr. kafla 10 um útivist. Á öllum gámasvæðum skal lögð áhersla á snyrtilegt umhverfi í sátt við byggðina. Lagt er til að svæðin verði afgirt með girðingum sem hindra innsýn á svæðin og hindra fok sorps út af þeim.

Við samdrátt í atvinnugreinum skapast oft aðstæður þar sem **atvinnuhúsnæði** nýtist ekki á sama hátt og fyrr. Slíkt húsnæði finnst í öllum byggðakjörnum og mikilvægt er að möguleikar til fjölbreyttrar nýtingar á þessu húsnæði verði tryggðir.

Lögð er áhersla á það að **umgengni** á iðnaðar- og athafnasvæðum verði til fyrirmyndar. Leitast skal við að varningur safnist ekki á ónýttar lóðir og opin svæði á atvinnusvæðum. Í deiliskipulagi skal hugað að því að fyrirkomulag á lóð hvetji til snyrtilegs umhverfis og að bæjarland verði aðlaðandi. Stuðla skal að öryggi á athafnasvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár í kafla 3.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu.

Svæði	Ákvæði
i32 - Iðnaðarsvæði á Skeiði, **Ísafirði** / 0,8 ha.	Gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi sem samrýmist landnotkun í nágrenninu. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
i35 - Iðnaðarsvæði við Eyrargötu, **Ísafirði** / 1 ha.	Óbreytt notkun, en ekki möguleiki á frekari uppbyggingu iðnaðar.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði framhald i36 - Lóð fyrir bensínstöð, **Ísafirði** / 0,5 ha. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis H8. A7 - Iðnaðarsvæði við Hnífsdalsveg, **Ísafirði** / 0,3 ha.	*Ákvæði framhald* Svigrúm til endurbóta. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á þeim svæðum sem eru á hverfisverndarsvæði. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
Svæði i38 - Iðnaðarsvæði við Seljalandsveg, **Ísafirði** / 0,1 ha.	Ákvæði Óbreytt notkun, en ekki möguleiki á frekari uppbyggingu. Svigrúm til endurbóta. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.
Svæði A13 - Athafnarsvæði við **Hafrafell**, Engidal / 1,5 ha. A14 - Athafnarsvæði við Djúpveg á **Skeiði** / 1 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
Svæði A21 - Hjallar, **Hnífsdal** / 0,2 ha. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis H9. A2 - Hjallar við Hnífsdalsveg á **Ísafirði** / 1,5 ha.	Ákvæði Áframhaldandi notkun fiskhjalla og eingöngu svigrúm til uppbyggingar hjalla. Áhersla er lögð á varðveislu þeirra hjalla sem ekki eru í notkun. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á þeim svæðum sem eru á hverfisverndarsvæði.
Svæði i31 - Iðnaðarsvæði, **Dagverðardal** / 3 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi sem samrýmist landnotkun í nágrenninu. Huga skal sérstaklega að nálægð við frístundabyggð og fyrirhugaða íbúðarbyggð í nágrenninu.
Svæði i40 - Iðnaðarsvæði á Suðurtanga á **Ísafirði** / 5 ha.	Ákvæði Gert er ráð fyrir fjölbreyttum iðnaði sem samrýmist umhverfi og nálægri landnýtingu. Huga skal sérstaklega að nálægð við fyrirhugaða íbúðabyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
Svæði B11 - Iðnaðar- og athafnasvæði við Hnífsdalsbryggju, **Hnífsdal** / 3 ha.	Ákvæði Gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi tengdri sjávarútvegi og matvælaframleiðslu. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði A10 - Athafnasvæði á Suðurtanga, **Ísafirði** / 2 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.
Svæði B20 - Iðnaðar- og athafnasvæði við Brjótinn á **Suðureyri** / 5,5 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi sem þrífst í jaðri byggðarinnar og í nálægð við hafnarsvæðið við Brjótinn. Gámasvæði flyst hingað. Tryggja þarf greiðar samgöngur að svæðinu fyrir stærri ökutæki sem tengjast starfsemi á þessu svæði, sjá kafla 12.4 um gatnakerfi í þéttbýli.
Svæði B30 - Iðnaðar- og athafnasvæði á **Flateyri** / 4 ha. B40 - Iðnaðar- og athafnasvæði á Þingeyri / 3 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.
Svæði A1 - Athafnasvæði í **Önundarfirði** / 9 ha. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis **H5**.	Ákvæði Gert ráð fyrir fjölbreyttum léttum iðnaði. Svæðið er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis H5 og skal starfsemi innan þess svæðis taka mið af ákvæðum verndarinnar. Innan hverfisverndarsvæðisins er ekki gert ráð fyrir því að svæðið stækki frá því sem nú. Huga skal sérstaklega að nálægð alls svæðisins við svæði á náttúruminjaskrá. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins. Sjá einnig skipulagsákvæði í töflum 4.4 um hverfisvernd, 4.7 um skógrækt og 7.17 um frístundabyggð.
Svæði A20 - Athafnasvæði við Hólavallargötu í **Hnífsdal** / 0,2 ha. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis **H9**.	Ákvæði Gert ráð fyrir fjölbreyttum léttum iðnaði eða vörulagerum. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á svæðinu. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.
Svæði B12 - **Hnífsdalur** / 1,5 ha. Á milli Djúpvegar og Stekkjargötu. Blönduð landnotkun, svæði fyrir íbúðabyggð og athafnasvæði. Hluti svæðisins er innan snjóflóðahættusvæðis A. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis **H9**.	Ákvæði Gert er ráð fyrir svæðið byggist upp á sambærilegan hátt og í upphafi, þannig að íbúðir og atvinnustarfsemi, s.s. fiskverkun og smáverkstæði, fléttist saman. Tryggja skal að atvinnustarfsemi falli vel að íbúðarbyggð. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á svæðinu. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn. Sjá einnig kafla 7.4.2 um íbúðarsvæði.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði	Ákvæði
A22 - Athafnasvæði ofan Dalbrautar í **Hnífsdal** /0,3 ha. Gamalt frystihús sem hefur verið notað sem geymsla undanfarið. Á hættusvæði C og B vegna ofanflóða.	Gert ráð fyrir óbreyttri notkun og því lítilli umferð. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingu eða auknum umsvifum.
i1 - Mjólkárvirkjun í **Arnarfirði** / 154 ha. Afl 8,1 MW. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	Svigrúm til viðhalds og stækkunar virkjunarinnar með byggingu nýrra stöðvarhúsa, þrýstipípu og auknum veitum. Nánar útfært í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, sbr. hverfisverndarákvæði í töflu 4.3 og kafla 1.5. Frekari virkjanaframkvæmdir eru mögulegar. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og almennum verndarákvæðum aðalskipulagsins við alla ákvarðanatöku.
i11 - Mýrarárvirkjun á **Snæfjallaströnd**. Vatnsaflsvirkjun. Afl 60 kW. Tilheyrir svæði á náttúruminjaskrá. i16 - Dalsorkuvirkjun í Botni í **Súgandafirði.** **Um 550 kW.**	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Miða skal allar framkvæmdir við að svæðið á náttúruminjaskrá.
i17 - Vatnsaflsvirkjun í Korpudal í **Önundarfirði**.	Gert ráð fyrir allt að 40 kW vatnsaflvirkjun. Lágmarka skal allt rask á umhverfi og fella mannvirki sem best að landslagi.
i30 - Tungudalsvirkjun í Tungudal í **Skutulsfirði**. Vatnsaflsvirkjun /0,3 ha. Afl 700 kW.	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Tilhögun í samræmi gildandi deiliskipulag. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins.
i14 - Rafstöðin að Fossum í Engidal í **Skutulsfirði**. Fossavatnsvirkjun og Nónhornsvatnsvirkjun. Tvær vatnsaflsvirkjanir. Afl 1,1 MW.	Gert ráð fyrir endurbótum og endurnýjun mannvirkja í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði i6 - Tengivirki í Breiðadal í **Önundarfirði** / 1,7 ha. Afhendingarstaður fyrir raforku, útmötun um 12 GWh á ári. A3 - Athafnasvæði við á **Þingeyri**. Áhaldahús / 0,1 ha.	Ákvæði Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins.
Svæði A11 - Athafnasvæði við Skutulsfjarðarbraut á **Ísafirði** / 1,5 ha. Skrifstofur og áhaldahús. Að hluta á hættusvæði A, B og C vegna ofanflóða.	Ákvæði Gert ráð fyrir léttum iðnaði í samræmi við hættumat vegna ofanflóða. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
Svæði i37 - Tengivikri ofan Hlíðarvegar á **Ísafirði** / 0,1 ha. Afhendingarstaður fyrir raforku, útmötun um 100-110 GWh á ári. Á hættusvæði A og B vegna ofanflóða.	Ákvæði Svæðið er eingöngu ætlað fyrir tengivirki. Vegna nálægðar við íbúðarbyggð skulu mannvirki staðsett eins langt frá íbúðum og leyfilegt er skv. nýju hættumati þar sem tillit er tekið til varnargarðs. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við allt fyrirkomulag uppbyggingar.
Svæði B45 - Blönduð landnotkun iðnaðar og athafna. Gámasvæði og fiskhjallar á **Þingeyri**.	Ákvæði Gámasvæðið skal afgirt og haldið snyrtilegu. Svigrúm til uppbyggingar fiskhjalla.
Svæði K4 - Gámasvæði á **Flateyri**. Sjá einnig kafla 8.3 um hafnarsvæði og kafla 12.7 um hafnir.	Ákvæði Svæðið skal afgirt og haldið snyrtilegu. Huga skal sérstaklega að nálægð við verslunar- og þjónustusvæði.
Svæði i39 - Iðnaðarsvæði á Mávagarði á **Ísafirði**. Olíubirgðastöð / 0,6 ha.	Ákvæði Svæðið er ætlað fyrir olíubirgðastöðvar með allt að 20.000 m³ samanlagða geymslugetu og sambærilegan iðnað. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð og matvælaiðnað.
Svæði i34 - Iðnaðarsvæði við Skutulsfjarðarbraut í **Skutulsfirði**/ 1,5 ha . Svæðið er á snjóflóðahættusvæði C og mjög mikil snjóflóðahætta. Margoft hefur orðið tjón þar vegna snjóflóða.	Ákvæði Starfsemi í samræmi við hættumat svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir auknum umsvifum eða fjölgun starfsmanna innan svæðisins. Til lengri tíma litið verði ekki starfsemi. sem krefst samfelldrar viðveru starfsmanna að vetrarlagi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

Tafla 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði	Ákvæði
B50 - Tunguskeið á **Ísafirði** / 3 ha. Á svæðinu er verslunar-miðstöð, bensínstöð og bifreiðaeftirlit. Sjá einnig kafla 8.6 um verslun og þjónustu.	Blönduð landnotkun verslunar og þjónustu og athafnastarfsemi. Svigrúm til frekari uppbyggingar verslunar og þjónustu sem ekki heyrir til miðbæjarstarfssemi. Áhersla lögð á það að svæðið dragi ekki til sín mikilvæga miðbæjarstarfsemi og veiki þannig miðbæinn. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

8.8 Efnistaka og vinnsla

Skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br., VI. kafla, er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Efnistaka er jafnframt háð skipulags- og byggingarlögum. Áður en slíkt leyfi er gefið skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi þarf frá embætti veiðimálastjóra fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með efnistöku á landi. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37.gr. laga um náttúruvernd, sbr. 47. gr. sömu laga.

Í júlí 2008 varð efnistaka úr eldri námum, sem hafin var fyrir 1. júlí 1999 og tiltekin atriði eiga við um, óheimil nema að fyrir liggi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði í breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999, sbr. ákvæði laganna.

Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku sem er tilkynningar- og matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áður en ákvörðun um matskyldu liggur fyrir og/eða úrskurður í mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði um mat á umhverfisáhrifum er m.a. háð flatarmáli og rúmmáli efnistökusvæða, sbr. töflu 8.7.

Tafla 8.7. Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum.

Efnistaka	Umhverfismat
Áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³.	Ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
Áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri.	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná til samans yfir 25.000 m².	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.

Skv. 49. gr. laga um náttúruvernd skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár, nema sérstakar ástæður séu fyrir stöðvuninni. Í sveitarfélaginu eru víða ófrágengin efnistökusvæði sem ekki eru lengur í notkun, enda hefur efnistaka verið með fremur óskipulögðum hætti, m.a. vegna þess hve lagaramminn hefur verið óskýr. Þetta horfir þó nú til betri vegar. Í námuskrá Vegagerðarinnar frá árinu 2006 er alls 51 náma í Ísafjarðarbæ sem búið er að ganga frá og 48 námur sem ekki er búið að loka eða ganga frá. Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018 gerir ráð fyrir

frágangi um 19 náma í sveitarfélaginu. Frágangur námanna mun verða í samræmi við leiðbeiningar í ritinu Námur - efnistaka og frágangur.

Tafla 8.8. Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ. Sýndar eru námur sem Vegagerðin áætlar að loka fram til ársins 2018 og aðrar námur sem ekki hefur verið lokað.

Námur sem á að loka	Aðrar námur	
Eyrar	Gíslaholt	Engidalur
Gljúfurá	Grundarendi	Dagverðardalur
Hrafnseyrará	Sandá	Seljadalur
Grandavegur	Fellsendi	Staður, Vatnadal
Langholt	Eyrarhjalli	Klofningsnáma
Þórðarhorn	Veðraraskeið	Austmannsfall
Slysavarnarskýli	Nautahjalli	Mosvallaskeið
Ketilseyri	Kjaranstaðir	Gerðhamradalur
Hjarðardalsá	Innri Lambadalur	Hjarðardalsnaust
Breiðadalsheiði	Grjóteyri	Innri-Lambadalur
Botn	Kirkjubólsnáma	Innan Sveinseyrar
Bær	Seljaland	Brekkudalur
Haukadalur	Hafnarbás	Geldingadalur
Hraun	Utan Sveinseyrar	Sýslumörk
Lokinhamrar		
Alviðrunáma		
Girðisbrekka		
Sæluhús		
Langá		

Ísafjarðarbær nýtir, ásamt Vegagerðinni, námur í nágrenni þéttbýlis. Eina náman í sveitarfélaginu með starfsleyfi er í Engidal. Starfsleyfið gildir til 2.6. 2010.

Stefna

Markmið

— Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi
— Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt

Aðgengi að efnisnámum er forsenda margs konar mannvirkjagerðar. Opin og ófrágengin efnistökusvæði hafa hins vegar neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd sveitarfélagsins. Slík svæði leiða gjarnan til lakari umgengni og jafnvel efnistöku án heimildar. Áhersla er því lögð á það að efnistökusvæðum verði fækkað og eldri svæði nýtt í stað þess að opna ný. Ganga skal frá eldri námum. Þegar hlé verður á notkun námunnar eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfi. Jafnframt skal ganga snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur, sérstaklega þar sem sýnileiki er

mikill eða umhverfið er viðkvæmt. Frágangur á gömlum efnistökustöðum verður unninn í tengslum við uppgræðslu- og skógræktarverkefni þar sem því verður við komið.

Framkvæmdaleyfi verður bundið skilyrðum um það að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landslag, lífríki, vistkerfi og núverandi eða fyrirhugaða starfsemi eða landnýtingu í nágrenni svæðanna. Í áætlun rétthafa skal gera grein fyrir því hvernig þessum markmiðum verður framfylgt. Við ákvarðanatöku skal bærinn kynna fyrirhugaða efnistöku fyrir landeigendum og þeim er kunna að hafa hagsmuna að gæta.

Taflan að neðan sýnir þau svæði þar sem efnistaka verður leyfileg skv. aðalskipulagi. Ísafjarðarbær mun áfram nýta námur í nágrenni þéttbýlis en aðrar námur verða að mestu nýttar af Vegagerðinni. Samtals er gert ráð fyrir 20 efnistökusvæðum, þar af þremur nýjum sem tengjast gerð jarðganga eins og sjá má í töflu 8.9. Efnistökusvæðin eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

Tafla 8.9. Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ.

Náma	Gerð
E1 - Skutulsfjörður, vegna jarðganga til Súðavíkur (ný).	Haugsvæði.

Ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna.

Haugsetning skerði ekki ásýnd Naustahvilftar eða annarra kennileita.

Náma	Gerð
E2 - Starfsleyfisskyld náma Ísafjarðarbæjar í Engidal, á Langáreyrum.	Setnáma.

Ákvæði

Í samræmi við starfsleyfi.

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna.

Ganga skal frá þeim svæðum sem ekki verða frekar nýtt.

Náma	Gerð
E3 - Náma neðst í Dagverðardal á vegum Ísafjarðarbæjar.	Bergnáma.

Ákvæði

Námunni verður lokað fyrri hluta skipulagstímabils og hún ekki nýtt eftir það.

Námusvæði falli sem best að umhverfi eftir frágang.

Náma	Gerð
E4 - Seljadalur – vegna Bolungarvíkur-ganga.	Setnámur.

Ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn og langtímafrágang námusvæðanna.

Tafla 8.9. Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald

Náma	Gerð	Stærð	Áætlað efnismagn
E5 - Bolungarvíkur-göng – jarðgangamunni.	Haugsvæði.	1,8 ha.	150.000 m^3.
E6 - Staður, Vatnadal utan Suðureyrar.	Setnáma.	3,7 ha.	60.000 m^3.
E7 - Klofningsnáma.	Setnáma.	1,9 ha.	40.000 m^3.
E8 - Austmannsfall.	Bergnáma.	1 ha.	30.000 m^3.
E9 - Mosvallaskeið.	Setnáma.	0,8 ha.	15.000 m^3.
E10 - Gerðhamradalur.	Setnáma.	2,2 ha.	20.000 m^3.
E11 - Hjarðardalsnaust.	Setnáma.	1,7 ha.	5.000 m^3.
E12 - Innri Lambadalur.	Setnáma.	1,2 ha.	5.000 m^3.
E13 - Sveinseyri.	Setnáma.	3,5 ha.	30.000 m^3.
E14 - Jarðgangamunni í Dýrafirði (ný).	Tímabundin haugsetning.	3 ha.	150.000 m^3.
E15 - Jarðgangamunni í Arnarfirði (ný).	Haugsvæði.	3,3 ha.	150.000 m^3.
E16 - Brekkudalur.	Setnáma.	0,2 ha.	3.000 m^3.
E17 - Geldingadalur.	Setnáma.	0,7 ha.	5.000 m^3.
E18 - Sýslumörk Vesturbyggðar.	Setnáma.	1,8 ha.	10.000 m^3.
E19 - Kjaransstaðir.	Grjótnáma.	0,8 ha.	15.000 m^3.
E20 - Hófsá.	Setnáma. Tímabundið efnisnám vegna jarðfram-kvæmda.	2 ha.	20.000 m^3.

Ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna.

Ganga skal frá þeim svæðum sem ekki verða frekar nýtt.

9 FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL

Í þessum hluta er fjallað um skóla, rannsóknastofnanir, íþróttahús, menningu, félagsmál og heilbrigðismál.

Markmið

— Hér þrífist fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti
— Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til að auka lífsgæði íbúa og komandi kynslóða
— Ísafjarðarbær verði mennta- og þekkingarbær
— Varðveita og viðhalda menningararfi til að Ísafjarðarbær dafni áfram sem menningarbær
— Allir íbúar sveitarfélagsins geti tekið þátt í að þróa og efla samfélagið
— Ísafjarðarbær verði samfélag án aðgreiningar

9.1 Skólar og íþróttahús

9.1.1 Leik- og grunnskólar

Sex leikskólar eru starfræktir í sveitarfélaginu: Á Þingeyri, Suðureyri, Flateyri, í Hnífsdal og tveir á Ísafirði.

Fjórir heildstæðir grunnskólar starfa í Ísafjarðarbæ: Grunnskólinn á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Grunnskóli Ísafjarðar er staðsettur á Eyrinni og þjónar, auk Ísafjarðar, Hnífsdal.

Stefna

Markmið

— Ávallt verði nægt leikskólapláss
— Skólar í Ísafjarðarbæ verði til fyrirmyndar
— Auka samstarf á milli skólastiga og samræmingu á milli skóla
— Aðgengi fatlaðra að skólum bæjarins verði ávallt tryggt
— Umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda
— Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna

Leikskólarnir á Þingeyri, Suðureyri, Flateyri og Hnífsdal geta, með núverandi húsakosti, annað þeirri fólksfjölgun sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir nýjum leikskóla innst í Skutulsfirði til að mæta áætlaðri fólksfjölgun og bæta þjónustu við íbúa þess svæðis. Mjög mikilvægt er að ávallt verði nægt framboð af leikskólaplássi, þannig að skortur á því

hamli ekki aðflutningi fólks. Þetta á við um nýja íbúa sem og háskólanema og stundakennara.

Skv. leikskólastefnu Ísafjarðarbæjar er lögð áhersla á fjölbreytt, framsækið og metnaðarfullt leikskólastarf við góðar aðstæður. Þar segir að leikskólarnir skuli „stuðla að því að börnin verði sjálfstæðir, umburðalyndir, víðsýnir og ábyrgir einstaklingar, færir um það að takast á við úrlausn verkefna í síbreytilegu lýðræðislegu þjóðfélagi á sínum eigin forsendum."

Gert er ráð fyrir því að grunnskólarnir verði áfram starfræktir með sömu meginstefnu en sérhæfingu, þannig að sérstaða hvers hverfis haldist. Mikilvægt er að skólarnir geti nýtt tækifærin sem felast í fjölmenningarlegu samfélagi. Nemendur með sérþarfir fái viðeigandi aðstoð og ávallt skal miða alla hönnun skólamannvirkja við það að aðgengi sé fyrir alla. Skólalóðir skulu vera hluti af kennsluumhverfinu og mæta þörfum nemenda í samræmi við þroskastig. Leggja skal áherslu á það að nýta náttúruna í uppbyggingu skólalóða og lágmarka neikvæð áhrif frá umferð og iðnaði. Stuðla skal að fjölbreytileika á lóð ásamt öruggum tengingum við önnur útivistarsvæði eða ósnortna náttúru. Bæta skal aðgengi fatlaðra í skólum og skólalóðum, sbr. kafla 9.3 um félags- og heilbrigðismál.

9.1.2 Framhaldsskólar

Einn framhaldsskóli er í Ísafjarðarbæ, þ.e. Menntaskólinn á Ísafirði. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum, þar sem tekið er mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Í skólanum er heimavist með 34 herbergjum. Á fjórða hundrað nemendur hafa sótt skólann á ári og hefur nemum í iðnnámi fjölgað síðustu misseri. Efling háskólanáms og fullorðinsfræðslu á Vestfjörðum og bættar samgöngur á milli byggðarlaga munu styrkja skólann frekar.

Stefna

Markmið

- Skólinn verði á meðal þeirra bestu á landinu
- Skólinn þjóni a.m.k. öllum Vestfjörðum
- Skólinn gegni lykilhlutverki í því að viðhalda þekkingu á gömlu handverki

Gert er ráð fyrir því að skólinn geti eflst enn frekar á skipulagstímanum. Sérstaklega er horft til aukins námsframboðs í handverksgreinum sem tengjast endurbyggingu eldri húsa og umhverfi þeirra, sjá kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli og kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.

9.1.3 Háskólastofnanir

Háskólasetur Vestfjarða er sjálfseignarstofnun, í eigu margra stofnana, félaga og fyrirtækja, sem tók til starfa í upphafi árs 2005. Markmið setursins er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar. Stofnunin hefur, í samvinnu við aðrar menntastofnanir, boðið upp á frumgreinanám, fjarnám við aðra háskóla, vettvangsskóla, sumarháskóla, endurmenntun og meistaranám.

Stefna

Markmið

- Ísafjarðarbær verði háskólabær með sterka sérstöðu
- Stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum
- Skapa samstarfsvettvang fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar

Framtíðarsýn Háskólaseturs Vestfjarða gerir ráð fyrir því að hér verði um 500 nemendur í námi árið 2011, sem samsvarar tæplega 300 heilsársnemum. Er þá ekki talinn með rannsóknarþáttur sem m.a. fylgir stofnunum á svæðinu.

Háskólasetrið leggur áherslu á háskólanám á fjölbreyttum sviðum sem m.a. tengjast málefnum haf- og strandsvæða, enda stutt í raunveruleg viðfangsefni. Stofnunin hyggst laða að erlenda sem innlenda námsmenn. Háskólasetrið mun verða miðstöð nýsköpunar og miðlunar á þekkingu á Vestfjörðum sem mun leiða til framfara og aukinna lífsgæða (Framtíðarsýn Háskólaseturs Vestfjarða).

Lögð er áhersla á það að skólinn hafi hæfilegt rými til að stækka og dafna. Afar mikilvægt er að tengsl hans við miðbæinn og menningu staðarins verði sterk. Nálægð við sjóinn og hafnarsvæðið er einnig mikilvægur þáttur fyrir ímynd skólans. Í dag er Háskólasetrið til húsa í Vestrahúsinu við Suðurgötu, þ.e. við hafnarsvæðið á Ásgeirsbakka. Nokkrir stækkunarmöguleikar eru í húsinu og svæðinu norður af því. Byggingin er í útjaðri þess sem getur kallast miðbær Ísafjarðar og eru tengslin við hann því ekki mjög sterk, þó vissulega séu þau til staðar. Lagt er því til að ný háskólabygging rísi við neðsta hluta Aðalstrætis og á Wardstúni. Þar er mögulegt að skapa allt að 5000 m² lóð, en þegar björgunarmiðstöð hefur risið á Skeiði er hugsanlegt að stækka lóðina að Sindragötu um allt að 1700 m², náist samkomulag við aðila sem eru með aðra starfsemi í húsinu, sjá m.a. kafla 9.3 um félags- og heilbrigðismál. Nýtingarhlutfall er almennt nokkuð hátt á Eyrinni og er því lóðin nægilega stór miðað við þarfir skólans. Stækkunarmöguleikar eru einnig í framhaldi af þessari lóð, suður með Suðurgötu en það svæði getur einnig nýst fyrir tengdar stofnanir. Staðsetningin er í mjög góðum tengslum við miðbæ Ísafjarðar og Edinborgarhúsið sem er eitt af menningarhúsum bæjarins. Jafnframt er lóðin í góðu færi við bæði hafnarsvæðin á Eyrinni. Þar að auki verður skólinn í mikilli nálægð við gömlu byggðina sem hentar sérlega vel fyrir nemendur og stundakennara, þannig að ekki verður þörf fyrir nýbyggingu nemendagarða. Lóðin er innan hverfisverndarsvæðis H8 og er því sérstök áhersla lögð á það að byggingar á lóðinni falli vel að þeirri byggð sem fyrir er, sbr. hverfisverndarákvæði þéttbýlis, sjá kafla 7.4.4.

9.1.4 Aðrir skólar og þekkingarsetur

Þróunarsetur Vestfjarða var stofnað árið 1999 með það að markmiði að efla samstarf stofnana og fyrirtækja á sviði rannsókna og þróunar á Vestfjörðum. Þróunarsetrið er til húsa í Vestrahúsinu við Suðurgötu á Ísafirði í útjaðri miðbæjarins. Þar er einnig Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fjölmargar aðrar stofnanir og fyrirtæki sem dafna í skjóli setursins. Starfsemi þeirra aðila sem eru í Vestrahúsinu hefur vaxið hratt frá stofnun þróunarsetursins. Samfélagið sem hefur sprottið upp er mjög blómlegt og mikil eftirspurn er eftir að tengjast því.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða var stofnuð árið 1999 með það að markmiði að auðvelda íbúum á Vestfjörðum símenntun og þátttöku í námi af ýmsu tagi, einkum í formi styttri almennra námskeiða, endurmenntunarnámskeiða og starfstengdra námskeiða.

Tónlistarskóli Ísafjarðar starfar á Ísafirði en er með útibú á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði veitir fræðslu á sviði myndlistar, leiklistar, tónlistar og danslistar.

Héraðsskóli var rekinn á Núpi fram til ársins 1992.

Stefna

Markmið

- Stuðla að fjölbreyttu námsframboði fyrir alla
- Stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi sem sprettur úr þekkingarsamfélaginu

Gert er ráð fyrir því að Þróunarsetur Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða haldi áfram að dafna á þeim stað sem þau er nú. Töluverðir stækkunarmöguleikar eru í byggingunni sem og til norðurs á reitnum. Náin tengsl verða áfram við Háskólasetur sem færist nær miðbænum. Mikilvægt er að einkafyrirtæki og opinberar stofnanir geti starfað undir sama þaki, því aukin samvinna eflir starfsemi beggja geiranna.

Mikilvægt er að standa vörð um það námsframboð sem er í dag í sveitarfélaginu og efla það eins og kostur er. Gott framboð á margvíslegu námi og fræðslu fyrir almenning hefur veruleg áhrif á búsetuskilyrði og þróun svæðisins.

Mannvirki á Núpi henta vel fyrir skóla- og fræðslustarfsemi, ráðstefnur og fleira þess háttar. Nýting á mannvirkjunum þarf þó að samrýmast þeirri starfsemi sem þar er fyrir, þ.e. ferðaþjónustu og veitingarekstri, frístundabyggð og landbúnaði, eins og fram kemur í töflu 9.1 um skólabyggingar.

9.1.5 Íþróttahús og sundlaugar

Sundlaugar og íþróttahús eru á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Sundhöllin á Ísafirði er sú elsta í sveitarfélaginu en hún var tekin í notkun árið 1945. Sundlaugin sem 16 m löng, nýtist ekki til mótshalda og hentar jafnframt illa til æfinga. Engin sundlauganna í sveitarfélaginu er lögleg mótslaug. Á Ísafirði eru tvö íþróttahús. Annað er í sömu byggingu og sundlaugin en nýrra hús stendur á Torfnesi við hlið Menntaskólans á Ísafirði. Íþróttahúsið á Suðureyri, sem er það nýjasta í sveitarfélaginu, var tekið í notkun árið 2006.

Aðgengi fatlaðra er mjög takmarkað að Sundhöll Ísafjarðar en betra að nýrri laugum og íþróttahúsum bæjarins.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun
- Bæta aðstöðu til sundiðkunar á Ísafirði, bæði til þjálfunar og afþreyingar
- Aðgengi verði ávallt tryggt fyrir alla að sundlaugum og íþróttahúsum bæjarins

Gert er ráð fyrir nýrri sundlaug á Torfnesi sem skal nýtast bæði fyrir íþróttaiðkun og afþreyingu og hún á að tengjast þeim íþróttamannvirkjum sem eru á svæðinu. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þar geti risið sundlaugagarður ásamt líkamsræktar- og afþreyingarstöð. Þeirri hugmynd hefur einnig verið varpað fram að frekar ætti að byggja sundlaug í mynni Tungudals og nýta þannig heitt vatn, finnist það á svæðinu. Aðrir kostir þessarar staðsetningar felast í nálægð við útivistarsvæði, s.s. golf- og skíðasvæði og tjaldsvæði. Að auki nýtur sólar lengur við á þessu svæði og umgjörðin er vistleg. Ótvíræður ókostur staðsetningarinnar er þó fjarlægð frá öðrum íþróttamannvirkjum og skólum.

Bæta skal aðgengi í þegar byggðum íþróttahúsum og sundlaugum, þannig að þau nýtist öllum íbúum sveitarfélagsins, sbr. kafla 9.3 um félags- og heilbrigðismál.

Tafla 9.1. Skólabyggingar af öllum stigum, íþróttahús, sundlaugar og tónlistarskólar í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
Þ34 - Leikskólinn Laufás, **Þingeyri** / 0,2 ha. Þ27 - Leikskólinn Grænigarður á **Flateyri**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús. Innan hverfisverndaðs svæðis H11. Þ41 - Leikskólinn Tjarnarbær á **Suðureyri**.	Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi sé fyrir alla að skólanum og annarri þjónustu. Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins. Ákvæði hverfisverndar gilda þar sem það á við.

Tafla 9.1. Skólabyggingar af öllum stigum, íþróttahús, sundlaugar og tónlistarskólar í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði framhald Grunnskólinn á Suðureyri. Íþróttahús. Útisundlaug. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða. Þ22 - Leikskólinn **Bakka-skjól** í Hnífsdal / 0,4 ha. Þ12 - Leikskólinn Eyrarskjól á **Ísafirði**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús og kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða.	*Ákvæði* *Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda.* *Öll hönnun miðist við að aðgengi sé fyrir alla að skólanum og annarri þjónustu.* *Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins.* *Ákvæði hverfisverndar gilda þar sem það á við.*
Svæði Í10 - Nýr leikskóli í **Dagverðardal**, staðsettur innan íbúðarsvæðis.	Ákvæði Áhersla á það að nýta landgæði við uppbyggingu leikskólans, s.s. nálægð við árfarveg, strandsvæði, skógrækt og önnur útivistarsvæði. Nákvæmari staðsetning útfærð í deiliskipulagi.
Svæði Þ35 - Grunnskólinn **Þingeyri** / 0,7 ha. Þ25 - Grunnskóli **Önundarfjarðar** / 0,8 ha. Íþróttahús og innisund-laug. Þ10 Grunnskólinn á **Ísafirði** / 1 ha. Tónlistarskóli Ísafjarðar. Íþróttahús og innisundlaug. Innan hverfisverndaðs svæðis H8. Þ32 - Íþróttahús og innisundlaug á **Þingeyri**. Hluti af stærra svæði.	Ákvæði Umhverfi stofnananna verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda og iðkenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að byggingum og þjónustu sé fyrir alla. Skólarnir og stofnanirnar nýti sér nálægðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins. Ákvæði hverfisverndar gilda þar sem það á við.
Svæði Þ13 - Menntskólinn á **Ísafirði** og leikskólinn Sólborg á **Ísafirði**. Íþróttahús. Útisundlaug á Torfnesi. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 8.5. um útivist, 9.2.2 um kirkjur, 9.3 um félags-	Ákvæði Svigrúm fyrir aukna uppbyggingu skólans á svæðinu. Uppbyggingu sundlaugarmannvirkja sem nýtast bæði fyrir íþróttaiðkun og afþreyingu. Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að skólanum og þjónusta sé fyrir alla.

Tafla 9.1. Skólabyggingar af öllum stigum, íþróttahús, sundlaugar og tónlistarskólar í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði framhald og heilbrigðismál og 10 um útivist.	*Ákvæði* *Svigrúm fyrir aukna uppbyggingu skólans á svæðinu. Uppbyggingu sundlaugarmannvirkja sem nýtast bæði fyrir íþróttaiðkun og afþreyingu.* *Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda.* *Öll hönnun miðist við að aðgengi að skólanum og þjónusta sé fyrir alla.*
Svæði M4 - Háskóli á **Ísafirði**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði. Innan hverfisverndaðs svæðis H8.	Ákvæði Framhlið skólans skal vera við Aðalstræti en aðkoma bíla skal vera frá Sindragötu og/eða Mjósundum. Við Aðalstræti skal byggingin vera tveggja hæða en huga skal að skuggavarpi á aðliggjandi lóðir. Við Sindragötu getur byggingin verið allt að fjórar hæðir. Byggingar skulu taka mið af og vera í sátt við aðliggjandi byggð, sbr. ákvæði hverfisverndarsvæðis H8.
Svæði M4 - Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar. Staðsettur í Edinborgarhúsinu á . Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði. Innan hverfisverndaðs svæðis H8. M4 - Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Staðsett í Vestrahúsinu. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði.	Ákvæði Efling svæðisins skal vera í samræmi við markmið og skipulagsákvæði miðsvæða í kafla 7.4.3 og ákvæði hverfisverndarsvæðis H8 í þéttbýli í kafla 7.4.4.
Svæði B2 - Núpur í **Dýrafirði** /15,5 ha. Blönduð landnotkun: Verslunar- og þjónustusvæði, svæði fyrir frístundabyggð, svæði fyrir þjónustustofnanir og landbúnaðarsvæði.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar skóla- og fræðslustarfsemi. Einnig er svigrúm til uppbyggingar verslunar og þjónustu, m.a. fyrir ferðamenn, hótelrekstur og veisluþjónustu, sbr. kafla 8.6 um verslun og þjónustu. Jafnframt er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, sbr. kafla 7.5.4 um frístundabyggð. Auk þess er gert ráð fyrir því að áfram verði stundaður landbúnaður á jörðinni. Sjá nánar í kafla 8.4 um landbúnað. Öll uppbygging á svæðinu skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild og hafi tengsl við sögu svæðisins. Uppbygging skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum bæjarleiðum. Uppbygging svæðisins skal nánar útfærð í deiliskipulagi.

9.2 **Menning**

9.2.1 Söfn og menningarhús

Ísafjörður er þekktur fyrir öflugt menningarlíf. Margar menningarhátíðir eru haldnar árlega í bænum sem á sér langa sögu sem menningarbær. Leikfélög og kórar hafa starfað hér í áratugi og gróskumikið tónlistarlíf setur sterkan svip á samfélagið.

Aðalbókasafn Ísafjarðarbæjar er í Safnahúsinu á Eyrartúni, eða gamla sjúkrahúsinu, sem var byggt árið 1925. Auk þess eru útibú á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Í Safnahúsinu er einnig listasafn, ljósmyndasafn og héraðsskjalasafn.

Neðst á Eyrinni, í **Neðstakaupstað**, stendur elsta húsaþyrping landsins. Þar eru fjögur hús, sem byggð voru af dönskum einokunarkaupmönnum á 18. öld. Í yngsta húsinu, Turnhúsi, hefur Byggðasafn Vestfjarða sett upp sýningu á sjóminjum. Í nágrenni húsaþyrpingarinnar er eina náttúrulega fjaran á Eyrinni. Á svæðinu er elsti slippur landsins, tekinn í notkun snemma á 20. öldinni, en skipasmíði var stunduð á Ísafirði nánast alla 20. öldina. Þar standa einnig gömul hús sem eru í notkun, m.a. aðstaða fyrir siglingaklúbbinn Sæfara og fyrir endurgerð á bátum. Sjá nánar í kafla 7.3 um menningar- og búsetuminjar og kafla 10 um útivist.

Á Oddanum á **Þingeyri** er vísir að safnasvæði, þar sem sögusviði Gísla sögu Súrssonar eru gerð skil. Í húsi Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar & co., sem stofnuð var árið 1913, er nú vísir að safni um sögu hússins, samhliða þeim rekstri sem þar er. Vélsmiðjan hafði mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn, því þar voru þróaðar vörur sem nýttar voru á landsvísu við fiskveiðar.

Á **Hrafnseyri** við Arnarfjörð er safn til minningar um Jón Sigurðsson. Safnið er til húsa í endurbættum torfbæ, fæðingarbæ Jóns Sigurðssonar.

Á **Flateyri** er Brúðusafn, þar sem til sýnis eru brúður frá ýmsum heimshornum. Í fyrrum bókaversluninni Bræðurnir Eyjólfsson er safn um búðina, sem rekin var þar í tæpa öld og heimili kaupmannshjónanna.

Menningarhús Ísafjarðarbæjar eru þrjú; Safnahúsið á Eyrartúni, Menningarmiðstöðin Edinborg í Edinborgarhúsinu og Tónleikasalurinn Hamrar í Tónlistaskólanum á Ísafirði. Þar að auki eru félagsheimili á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og í Hnífsdal. Barnaskólinn í Hnífsdal, sem nú er aflagður, er nýttur sem samkomustaður, sem og gamla kaupfélagið á Flateyri. Í Alþýðuhúsinu á Ísafirði er rekið kvikmyndahús.

Stefna

Markmið

- Ísafjarðarbær standi áfram undir nafni sem menningarbær
- Viðhalda og efla menningarstarf í Ísafjaðarbæ
- Gamlar byggingar með sögulegu gildi verði nýttar fyrir menningarlífið
- Auka vægi safna og safnastarfs í menningu bæjarins

Mikilvægt er að Ísafjarðarbær haldi sínum sessi sem menningarbær. Það gefur sveitarfélaginu jákvæða ímynd og getur haft veruleg áhrif á val einstaklinga um búsetu sem og líðan þeirra sem hér búa. Öflugt menningarstarf hefur einnig jákvæð áhrif á atvinnulíf og eru tónlistar- og leiklistarhátíðir, sem hér eru haldnar, gott dæmi um það. Í Ísafjarðarbæ er fjölmenningarlegt samfélag og ber að endurspegla það í menningarstarfsemi bæjarins.

Ekki er sérstök þörf á nýjum byggingum fyrir menningarstarfsemi. Mikilvægast er að standa vörð um þá starfsemi sem þegar er til staðar og hlúa að nýjum hugmyndum. Einnig er mikilvægt að menningarstarfsemi geti nýtt sér verðmætin sem liggja í gömlu byggðunum. Mikill ávinningur getur falist í því að tengja starfsemi við sögufræg eða vernduð hús.

Í Neðstakaupstað er eitt nýtt hús í byggingu sem hýsa á hluta safnastarfseminnar. Gert er ráð fyrir því að safnasvæðið stækki verulega til suðurs og rúmi m.a. Bátasafn Íslands, þar

sem aðstaða verði einnig til viðgerða og handleiðslu í endurgerð gamalla báta. Gert er ráð fyrir því að áfram verði hægt að stunda skipa- og bátasmíði innan safnasvæðisins, enda styrkir sú starfsemi tengingu safnsins við sjóminjar og bátasögu. Gert er ráð fyrir því að safnasvæðið myndi heildstætt svæði, þar sem sjórinn, fjaran og útivist eru hluti af lykilþáttum þess. Sjá kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.

Á safnasvæðinu á Oddanum á Þingeyri er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í anda víkingatímans. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir víkingaskip sem sigla um fjörðinn með farþega. Ekki er þó gert ráð fyrir hafnaraðstöðu heldur verði aðstaðan í anda tímans sem miðað er við. Gert er ráð fyrir sterkri tengingu á milli þessa svæðis og aðliggjandi útivistarsvæða og að skil á milli þeirra verði ekki skýr. Varðveita skal smiðjuna á Þingeyri en þó þannig að þar geti þrifist atvinnurekstur.

Tafla 9.2. Safna og menningarhús í sveitarfélaginu.

Svæði Þ12 - Safnahúsið á Eyrartúni á **Ísafirði**, friðað. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða og , sjá kafla 9.1 um skóla og íþróttahús. M4 - Menningarmiðstöðin Edinborg **Ísafirði**, friðað. Alþýðuhúsið á **Ísafirði**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði, kafla 9.1 um skóla og íþróttahús og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Ákvæði Húsin eru á hverfisverndarsvæði H8 og gilda því ákvæði hverfisverndar.
Svæði Þ11 - Safnasvæði í Neðstakaupstað á **Ísafirði** /3 ha. Friðuð hús frá 18. öld Sjá einnig kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Ákvæði Safnið er á hverfisverndarsvæði H13 og gilda því ákvæði hverfisverndar. Svigrúm til stækkunar safnasvæðis, s.s. fyrir naust og bryggju fyrir bátasafn. Áhersla á aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið, s.s. skipa- og bátasmíði, veitingarekstur og ferðaþjónustu.
Svæði Þ30 - Víkingasvæðið á **Þingeyri** / 1,5 ha. Sögusvið Gísla sögu Súrssonar.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar safnasvæðis í anda víkingatímans. Gert ráð fyrir því að víkingaskip geti lagt út frá fjörunni. Áhersla á aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið, s.s. handleiðsla og fræðsla, veitingarekstur og ferðaþjónusta.
Svæði M3 - Félagsheimilið á **Þingeyri**. Byggt árið 1939. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði.	Ákvæði Húsið er á hverfisverndarsvæði H12 og gilda því ákvæði hverfisverndar.

Tafla 9.2. Safna og menningarhús í sveitarfélaginu. Framhald.

Svæði M1 - Safn – Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson á **Flateyri**. Gamla kaupfélagið á Flateyri. Félagsheimilið á Flateyri. Byggt árið 1942. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði.	Ákvæði Húsin eru á hverfisverndarsvæði H11 og gilda því ákvæði hverfisverndar.
Svæði M2 - Félagsheimilið á **Suðureyri**. Byggt árið 1957. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Ákvæði Húsið er á hverfisverndarsvæði H10 og gilda því ákvæði hverfisverndar.
Svæði Þ20 - Félagsheimilið í **Hnífsdal** / 0,5 ha. Byggt árið 1957. Á snjóflóðahættusvæði C.	Ákvæði Húsið er á hverfisverndarsvæði H9 og gilda því ákvæði hverfisverndar. Engar nýbyggingar í samræmi við hættumat.

9.2.2 Kirkjur og kirkjugarðar

Kirkjur eru í öllum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins og auk þess víða í dreifbýli. Skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001 eru allar þær kirkjur friðaðar sem eru reistar fyrir árið 1918. Innan sveitarfélagsins eru 11 kirkjur frá því fyrir 1918 en elst er Holtskirkja sem er byggð árið 1869.

Í sveitarfélaginu eru 20 kirkjugarðar, auk tveggja heimagrafreita. Eyrarkirkjugarður á Ísafirði er nánast fullnýttur, en nýlegur kirkjugarður í Engidal þjónar nú Ísafirði. Í öllum öðrum kirkjugörðum er nægt rými út skipulagstímabilið, miðað við áætlaðan íbúafjölda á hverjum stað. Þó íbúafjölgun verði umfram það sem skipulagið gerir ráð fyrir, er ekki þörf á stækkun eða nýbyggingu kirkjugarða á skipulagstímabilinu.

Álftamýrarkirkja var byggð árið 1896 í norðanverðum Arnarfirði en var rifin árið 1967 eftir að hafa skemmst í óveðri en eftir stendur kirkjugarðurinn. Ísafjarðarkirkja (Eyrarkirkja) var byggð árið 1863 og brann árið 1987. Kirkjan var tekin niður árið 1991 og ný kirkja byggð á sama stað. Leifar gömlu kirkjunnar eru geymdar undir þaki í Engidal. Þetta var gert í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins, en aðstæður eru ekki viðunnandi og hætta á því að hún skemmist enn frekar.

Stefna

Markmið

— Varðveita kirkjur sem menningar- og þjónustuhús

— Varðveita kirkjur og kirkjugarða í sveitarfélaginu sem menningarminjar

Ekki er þörf á nýjum kirkjugörðum eða stækkun á þeim sem eru í notkun eins og áður sagði. Gert er ráð fyrir óbyggðu svæði eða opnu svæði umhverfis þá kirkjugarða sem eru í notkun þannig að mögulegt verði að stækka þá í framtíðinni.

Hrafnseyrarkirkja í Arnarfirði (ÞHI).

Áhersla er lögð á það að kirkjur geti áfram gegnt mikilvægu hlutverki sem menningar- og þjónustuhús þótt þær leggist af sem sóknarkirkjur. Jafnframt er gert ráð fyrir því að útlit þeirra, kirkjugarða og nánasta umhverfis, verði verndað, þar sem það á við. Við endurbætur og hugsanlegar stækkanir á kirkjugörðum skal þess gætt að þær verði í samræmi við aldur og stíl kirkjunnar og að sérkenni svæðisins haldi sér.

Lögð er áhersla á það að hugað verði að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum. Unnið verði að bættri aðkomu að kirkjugörðum sem enn eru í notkun. Þess skal þó gætt að endurbætur verði í samræmi við önnur ákvæði, s.s. vegna verndunar svæðisins.

Í aðalskipulaginu er gert er ráð fyrir því að hægt verði að endurreisa Eyrarkirkju. Tveir staðir koma einkum til greina; annars vegar við Kirkjugarðinn í Engidal og hins vegar á safnasvæðinu við Neðstakaupstað. Gæta skal sérstaklega að því að staðsetning kirkjunnar falli vel að aðliggjandi byggð en einnig að kirkjunni verði sýndur tilhlýðilegur sómi. Finna skal kirkjunni tilgang og er lagt til að hún verði nýtt af öðrum söfnuðum, sem safnahús eða annað menningarhús.

Tafla 9.3. Kirkjur og kirkjugarðar í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
Þ32 - Þingeyrarkirkja á **Þingeyri**. Byggð 1911. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.1 um skóla og íþróttarhús.	Friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001. Kirkjan er á hverfisverndarsvæði H14 og gilda því ákvæði hverfisverndar.

Tafla 9.3. Kirkjur og kirkjugarðar í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði Ú27 - Þingeyrarkirkjugarður á **Þingeyri** / 0,3 ha.	Ákvæði Nægt rými í garðinum út skipulagstímabilið. Takmarkaðir möguleikar til stækkunar garðsins til norðvesturs. Garðurinn er innan hverfisverndarsvæðis H14 og gilda því ákvæði hverfisverndar.
Svæði Þ26 - Flateyrarkirkja á **Flateyri**. Byggð 1936. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.3 um félags- og heilbrigðismál. Þ14 - Suðureyrarkirkja á **Suðureyri**. Byggð 1937. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.1 um skóla og íþróttarhús.	Ákvæði Útlit og ásýnd kirkju og nánasta umhverfis verði verndað.
Svæði Þ13 - Ísafjarðarkirkja og Eyrarkirkjugarður á **Ísafirði**. Byggð 1995. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.1 um skóla og íþróttahús og kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.	Ákvæði Garðurinn nánast fullnýttur. Kirkjugarðurinn í Engidal hefur tekið við af Eyrarkirkjugarði. Ekki er gert ráð fyrir stækkun garðsins. Kirkjan og garðurinn eru á hverfisverndarsvæði H8 og gilda því ákvæði hverfisverndar.
Svæði Ú20 - Flateyrarkirkjugarður á **Flateyri**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir og kafla 8.5 um ferðaþjónustu. Ú40 - Hnífsdalskirkjugarður í **Hnífsdal**. Hluti af stærra svæði. Ísafjarðarkirkjugarður og Kapellan á Réttarholti í Engidal í **Skutulsfirði** / 1,4 ha.	Ákvæði Nægt rými í garðinum og mun lengur en skipulagstímabilið nær yfir. Möguleikar til frekari stækkunar garðsins. Þess skal gætt að nýting aðliggjandi svæða skerði ekki síðari stækkunarmöguleika garðsins.
Svæði Þ3 - Holtskirkja og -kirkjugarður í **Önundarfirði**. Byggð 1869. Þ7 - Mýrakirkja og -kirkjugarður í **Dýrafirði**. Byggð 1897.	Ákvæði Nægt rými í garðinum töluvert lengur en skipulagstímabilið nær yfir. Við hugsanlega stækkun garðsins skal taka mið af verndargildi hans. Svigrúm fyrir breytta notkun kirkjunnar. Kirkjan er friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað.

Tafla 9.3. Kirkjur og kirkjugarðar í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði framhald Þ3 - Holtskirkja og -kirkjugarður í **Önundarfirði**. Byggð 1869. Þ7 - Mýrakirkja og -kirkjugarður í **Dýrafirði**. Byggð 1897. Þ2 - Staðarkirkja og -kirkjugarður í **Súgandafirði.** Byggð 1887. Þ4 - Kirkjubólskirkja og -kirkjugarður í Valþjófsdal, **Önundarfirði**. Byggð 1887.	*Ákvæði* *Nægt rými í garðinum töluvert lengur en skipulagstímabilið nær yfir. Við hugsanlega stækkun garðsins skal taka mið af verndargildi hans.* *Svigrúm fyrir breytta notkun kirkjunnar.* *Kirkjan er friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001.* *Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað.*
Svæði B2 - Núpskirkja og –kirkjugarður í **Dýrafirði**. Byggð 1938. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.5.3 um frístundabyggð, kafla 8.6 um verslun og þjónustu og kafla 9.1 skólar og íþróttahús. Þ5 - Sæbólskirkja og -kirkjugarður á **Ingjaldssandi**. Byggð 1929.	Ákvæði Nægt rými í garðinum töluvert lengur en skipulagstímabilið. Hugsanleg stækkun garðsins skal taka mið af verndargildi hans. Svigrúm fyrir breytta notkun kirkjunnar. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað.
Svæði Þ8 - Hrafnseyrarkirkja og -kirkjugarður í **Arnarfirði**. Byggð 1886. Minningarkapella Jóns Sigurðssonar / Hrafnseyrarkapella. Þ6 - Hraunskirkja og -kirkjugarður í Keldudal í **Dýrafirði**. Byggð 1885. Aflögð sem sóknarkirkja . Ú28 - Álftamýrarkirkjugarður í **Arnarfirði**. Kirkjan hefur verið rifin.	Ákvæði Svigrúm fyrir breytta notkun kirkjunnar. Kirkjan er friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað. Stækkun kirkjugarðs er ekki heimil. Innan hverfisverndarsvæðis H1 og gilda því ákvæði hverfisverndar.

Tafla 9.3. Kirkjur og kirkjugarðar í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði Þ52 - Staðarkirkja og –kirkjugarður í **Grunnavík**. Byggð 1892. Aflögð sem sóknarkirkja. Þ51 - Unaðsdalskirkja og -kirkjugarður á **Snæfjalla-strönd**. Byggð 1897.	Ákvæði Svigrúm fyrir breytta notkun kirkjunnar. Kirkjan er friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað. Stækkun kirkjugarðs er ekki heimil.
Svæði Þ2 - Sandakirkjugarður í **Dýrafirði**. Minningarreitur. Aflagður sem kirkjugarður, greftrun hætt snemma á 20. öld. Kirkja stóð þar til 1911.	Ákvæði Útlit og ásýnd kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað.
Svæði Þ50 - Bænahús og kirkjugarður í **Furufirði**. Byggt 1899. Aflagt bænahús. Ú64 - Hesteyrarkirkju-garður á **Hesteyri**. Kirkjan hefur verið fjarlægð. Þ53 - Staðarkirkja og -kirkjugarður í **Aðalvík**. Byggð 1904. Aflögð sem sóknarkirkja.	Ákvæði Svigrúm fyrir breytta notkun kirkjunnar. Innan Friðlands Hornstranda. Kirkjan er friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104/2001. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað. Stækkun kirkjugarðs er ekki heimil.
Svæði Í5 - Hvítasunnukirkja og Kaþólska kirkjan á **Ísafirði**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.2 um íbúðarsvæði.	Ákvæði Kirkjurnar eru á hverfisverndarsvæði H8 og gilda því ákvæði hverfisverndar.
Svæði Þ21 - Hnífsdalskapella í **Hnífsdal**. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Ákvæði Svigrúm til stækkunar og breytinga.
Svæði Heimagrafreitir: - Kjaransstaðir í **Dýrafirði**. - Höfði í **Dýrafirði**.	Ákvæði Útlit og ásýnd grafreits og nánasta umhverfi verndað. Stækkun reits er ekki heimil.

9.2.3 Vitar

Vitar eru samofnir sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Þeir gegna enn í dag öryggishlutverki en einnig eru þeir aðdráttarafl ferðamanna enda sérstæð mannvirki á myndrænum stöðum. Jafnframt bera þeir merki þróunar íslenskrar byggingarlistar á síðustu öld. Alls eru 10 vitar í sveitarfélaginu, reknir af Siglingastofnun Íslands. Vitarnir eru byggðir á tímabilinu 1919-1964. Arnarnes viti var friðaður af menntamálaráðherra, þann 1. desember 2003 skv. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Straumnesviti verður aldargamall á skipulagstímanum.

Stefna

Markmið

— Varðveita vita í sveitarfélaginu sem menningarminjar, auk hlutverks þeirra sem öryggistækis

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir því að útlit og ásýnd vitanna, ásamt nánasta umhverfi þeirra, verði verndað. Hins vegar er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir breyttri notkun, s.s. íbúðum eða ferðaþjónustu ef fyrri not leggjast af.

Tafla 9.4. Vitar í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
V - **Arnarnesviti**. Friðaður. Byggður 1921 - bárujárnsklædd járngrind.	Friðun vitans tekur til ytra og innra borðs, þar með talið linsu, linsuborðs og lampa, járngrindar ásamt klæðningu, stiga, handriða, hurða og glugga.
V - **Langanes** við Arnarfjörð. Byggður 1949 - steinsteyptur. V - **Svalvogaviti**. Byggður 1920 - steinsteyptur. V - **Fjallaskagaviti**. Byggður 1954 - steinsteyptur. V - **Galtarviti**. Byggður 1920/1959 - steinsteyptur. V - **Æðeyjarviti**. Byggður 1944 - steinsteyptur. V - **Sléttueyrarviti**. Byggður 1945 - steinsteyptur. V - **Straumnesviti**. Byggður 1919 (1930) - járngrindarviti.	Svigrúm fyrir breytta notkun. Útlit og ásýnd húsa og nánasta umhverfis verði verndað.
V - **Sauðnesviti** við Súgandafjörð. Byggður 1964 - trefjaplast.	Svigrúm fyrir breytta notkun.

9.3 Félags- og heilbrigðismál

Slökkvistöð Ísafjarðarbæjar rekur fjórar slökkvistöðvar: Á Ísafirði, sem er aðalstöð, á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Á Ísafirði eru fjórar slökkvibifreiðar og tvær sjúkrabifreiðar, auk tveggja annarra bifreiða á vegum slökkviliðsins. Á Suðureyri og Þingeyri eru tvær slökkvibifreiðar á hvorum stað og á Þingeyri eru þrjár slökkvibifreiðar og ein sjúkrabifreið.

Björgunarsveitir eru starfræktar á Ísafirði, á Þingeyri, í Dýrafirði, á Flateyri, á Suðureyri og í Hnífsdal. Viðbragðsaðilar á Ísafirði eru staðsettir á þremur aðskildum stöðum á Eyrinni. Slökkvistöðin er í Fjarðarstræti, en þar eru slökkvi- og sjúkrabílar staðsettir. Lögreglustöð er í Stjórnsýsluhúsinu og Björgunarfélag Ísafjarðar er staðsett við Sindragötu. Fjarðarstræti er þröng húsagata sem er að hluta til einstefnugata, en það á einnig við um nærliggjandi götur. Umferð til og frá slökkvistöðinni er því ekki greið en lögregla og björgunarsveit hafa betra aðgengi að Pollgötu, sem er stofnbraut. Öll umferð frá þessum stofnunum fer þó um Eyrina, en þar er mikill þéttleiki íbúða, þjónustu sem og gangandi og akandi vegfarenda. Þetta getur lengt viðbragðstíma neyðarbíla, auk þess sem ónæði og jafnvel hætta skapast af forgangsakstri í svo þéttri byggð.

Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson (PÖ).

Heilbrigðisstofnunin í Ísafjarðarbæ rekur Fjórðungssjúkrahús á Ísafirði sem veitir almenna bráða- og sjúkraþjónustu og heilsugæslustöðina sem veitir almenna heilsugæsluþjónustu. Auk þess er heilsugæsla á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Heilsugæslustöðvar á Þingeyri og Suðureyri eru í hentugu húsnæði en í eldra húsnæði á Flateyri.

Hlíf I og II á Ísafirði er þjónustustofnun fyrir aldraða. Þar eru 72 leigu- og eignaríbúðir, auk ýmiss konar þjónustu fyrir aldraða. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Tjörn er starfrækt á Þingeyri og er með rými fyrir 12 íbúa í herbergjum og íbúðum. Hjúkrunarheimilið Sólborg er starfrækt á Flateyri og er með rými fyrir átta íbúa. Aldraðir sem þurfa mikla aðhlynningu dvelja á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins en skortur er

á rýmum á hjúkrunarheimilum. Skv. umsögn þjónustuhóps aldraðra, sem starfar á vegum bæjarstjórnar, eru 37 einstaklingar í brýnni þörf fyrir að dvelja á hjúkrunarheimili. Í sveitarfélaginu eru 450 manns yfir 67 ára aldri eða 11,3% af heildarmannfjölda. Hlutfall eldri borgara hefur farið hækkandi og er líklegt að svo verði áfram, sbr. kafla 7.2.2 um samsetningu mannfjölda.

Í Ísafjarðarbæ er hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna og því má segja að um fjölmenningarlegt samfélag sé að ræða. Í Háskólasetri Vestfjarða er einnig gert ráð fyrir því að stór hluti nemenda og kennara komi erlendis frá. Fjölmenningarsetur er staðsett á Ísafirði en það þjónustar allt landið. Hlutverk setursins er að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búa á Íslandi eða vilja flytja til landsins.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins geti tekið þátt í að þróa og efla samfélagið
- Tryggja aðgengi allra íbúa að þjónustu í bæjarfélaginu
- Tryggja að allir sem þess óska, geti búið sem lengst á eigin heimili
- Bæta dvalarúrræði fyrir eldri borgara
- Björgunarmiðstöð rísi utan Eyrarinnar

Lagt er til Björgunarmiðstöð rísi á Skeiði í Skutulsfirði og að hún hýsi alla helstu viðbragðsaðila í Ísafjarðarbæ, s.s. slökkvilið, lögreglulið, björgunarlið, Neyðarlínuna og/eða viðbragðsaðila á landsvísu, auk tengdra félagasamtaka. Svæðið er í góðri tengingu við Djúpveg og í nálægð við Vestfjarðaveg og flugvöll. Aðgengi að Skeiði er því gott, en svæðið er jafnframt nær því að vera miðsvæðis í sveitarfélaginu. Með þessu móti er hægt að stytta viðbragðstímann, auk þess sem umferð neyðar- og viðbragðsaðila færist frá Eyrinni og álagið minnkar á því svæði. Til greina kemur að þyrlupallur verði staðsettur við björgunarmiðstöðina en þó er nálægðin við flugvöllinn það mikil að óvíst er að þess gerist þörf.

Til greina kemur að björgunarmiðstöð þjóni öllum norðanverðum Vestfjörðum. Í því ljósi er staðsetning á Skeiði afar hentug og brýnt að umferð tengd stöðinni liggi sem minnst um Eyrina. Helsti ókostur staðsetningarinnar er nálægðin við hættusvæði vegna ofanflóða.

Gert er ráð fyrir því að núverandi aðstaða slökkviliðs, lögregluliðs og björgunarfélags á Eyrinni verði lögð af og nýtt í aðra starfsemi þegar björgunarmiðstöð hefur risið. Sjá nánar í kafla 7.4.3 um miðsvæði, kafla 7.4.2 um íbúðarsvæði og kafla 9.1.3 um háskólastofnanir.

Bæta þarf aðstöðu björgunarsveitarinnar á Þingeyri og tryggja að ekki verði þrengt að starfsemi hennar til að hún geti þjónað sínu hlutverki og hægt sé að uppfylla kröfur um viðbúnað á Þingeyrarflugvelli.

Afar mikilvægt er að sveitarfélagið setji félags- og heilbrigðismál í forgang, því þau eru hluti af grunnstoðum samfélagsins. Sveitarfélag sem er til fyrirmyndar í þessum málum stendur betur í samkeppni um íbúa og tryggir jafnari samsetningu íbúa miðað við aldur og kyn. Góð þjónusta miðast við þarfir einstaklingsins og alla aldurshópa. Mikilvægt er einnig að styrkja tengsl íbúa óháð aldri, kyni, færni, uppruna eða búsetu innan sveitarfélagsins. Í þessu sambandi skipta samgöngur, almenningssamgöngur og ferðaþjónusta fatlaðra miklu máli, en einnig samstarf, samráðsfundir og námskeið, s.s. íslenskukennsla. Hér gegnir opinber þjónusta, s.s. menntastofnanir og Fjölmenningarsetur, lykilhlutverki en einnig frjáls félagasamtök og einstaklingar.

Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga og útisvæða og við þjónustu, s.s. internetþjónustu. Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við það að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir. Yfir vetrartíma skal það tryggt að snjór teppi ekki megingönguleiðir og aðkomu að þjónustu. Lögð er áhersla á það að aðgengi verði einnig bætt í öllum eldri byggingum þar sem þjónusta

er veitt. Stefnt er að gerð aðgerðaráætlunar vegna endurbóta í aðgengismálum í opinberum byggingum í öllu sveitarfélaginu og að leiðbeiningar verði veittar öðrum þjónustuaðilum. Huga ber þó að verndargildi eldri bygginga á svæðinu og miða lausnir við það að gildi þeirra skerðist ekki. Úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaðra á Ísafirði var gerð sumarið 2008. Mikilvægt er að færa þær niðurstöður inn í aðalskipulagið, þegar þær liggja fyrir.

Gert er ráð fyrir því að nýtt hjúkrunarheimili rísi í nálægð við Fjórðungssjúkrahúsið, á svæði Þ13. Þar er nægt rými og möguleikar fyrir frekari stækkanir stofnana sem og útivistarsvæða í tengslum við þær. Lögð er áhersla á það að uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði verði hraðað eins og kostur er og úrræði á Þingeyri og Flateyri verði í samræmi við þarfir eldri borgara. Mikilvægt er að eldri borgarar í sveitarfélaginu geti valið dvalarúrræði í samræmi við þarfir og þeir hafi persónulegt svigrúm og einkalíf ævina á enda. Heimaþjónusta er mikilvægur þáttur í úrræðum eldri borgara en þar skipta öruggar samgöngur verulegu máli. Allir íbúar sveitarfélagsins skulu eiga þess kost að búa á eigin heimili, þrátt fyrir mismunandi líkamlega eða andlega færni.

Lögð er áhersla á það að húsnæði heilsugæslu og sjúkrahúss verði ávallt í samræmi við þarfir starfseminnar, einstaklinga og starfsmanna. Sjá nánar í töflu 9.5 um húsnæði tengt félags- og heilbrigðismálum

Umhverfi hefur talsverð áhrif á líkamlega og andlega heilsu íbúa stofnana. Þetta á bæði við um útsýni sem og beinan aðgang að útisvæðum. Þess vegna er lögð er áhersla á það að umhverfi stofnana verði hannað með þarfir íbúanna í huga og að jafnframt verði hugað að útsýni íbúa frá vistarverum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á sýnileika trjá- og blómgróðurs og tengingu við dýralíf og vatn o.þ.h.. Útsýni til sjávar, fjalla og gróðursvæða skal sett í forgang sem og útsýni yfir svæði þar sem búast má við fólki við leik og störf. Mikil kostur er ef stofnanagarður dregur einnig að sér gesti og blómlegt mannlíf.

Tafla 9.5. Húsnæði í Ísafjarðarbæ tengt félags- og heilbrigðismálum.

Svæði Þ15 - Björgunarmiðstöð á Skeiði **Ísafirði** / 0,8 ha.	Ákvæði Gert ráð fyrir 3.000 – 4.000 m² björgunarmiðstöð ásamt þyrlupalli fyrir viðbragðsaðila á norðanverðum Vestfjörðum. Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að landslagi og að útsýni aðliggjandi íbúðarbyggða skerðist ekki.
Svæði Þ13 - Svæði fyrir þjónustustofnanir á **Ísafirði**. Fjórðungssjúkrahús og Hlíf - þjónustustofnun fyrir aldraða . Hluti af stærra svæði, sjá kafla 8.5 um ferðaþjónustu, kafla 9.1 um skóla og íþróttahús, kafla 9.2.2 um kirkjur og kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.	Ákvæði Svigrúm til stækkunar og breytinga. Gert ráð fyrir hjúkrunarheimili og frekari uppbyggingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum.
Svæði Þ39 - Heilsugæslan á **Þingeyri** / 0,4 ha. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Tjörn.	Ákvæði Svigrúm til stækkunar og breytinga. Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum.

Tafla 9.5. Húsnæði í Ísafjarðarbæ tengt félags- og heilbrigðismálum. Framhald.

Svæði framhald	*Ákvæði*
Þ26 - Heilsugæslan á **Flateyri**, Hjúkrunarheimilið Sólborg á Flateyri, Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða og kafla 9.3 um félags- og heilbrigðismál. Þ42 - Heilsugæsluselið á **Suðureyri** / 0,15 ha.	*Svigrúm til stækkunar og breytinga.* *Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum.*

10 ÚTIVIST, OPIN SVÆÐI OG ÍÞRÓTTIR

Hér er fjallað um almenna útivist, leiksvæði, íþróttir og önnur græn svæði. Einnig er fjallað um útivist á óbyggðum svæðum.

Möguleikar til útivistar og íþrótta í sveitarfélaginu eru góðir vegna nálægðar við náttúru og menningarminjar. Í dreifbýli hefur grunnþjónusta víða verið bætt, með skiltum, salernum og merkingum gönguleiða. Fjallað er nánar um reiðleiðir og göngu- og hjólaleiðir í kafla 12 um samgöngur.

Í þéttbýli og nágrenni þess hafa verið byggð upp **útivistarsvæði** og gönguleiðir, m.a. í Tungudal og göngustígur er nú á milli Eyrarinnar og íbúðarhverfa í innanverðum Skutulsfirði. Stígurinn er mikið notaður bæði við frístundaiðkun og sem samgönguæð á milli hverfa. Tengingar á milli svæða hafa batnað mikið síðastliðinn ár og notkun aukist samfara því. Markvisst hefur verið unnið að endurbótum og endurskipulagningu leiksvæða í öllu sveitarfélaginu. Leiksvæði með leiktækjum hafa verið sett upp við skóla og einnig í hverfum, en þeirri vinnu er ekki lokið.

Sundlaug og **íþróttahús** er í hverjum þéttbýliskjarna, nema í Hnífsdal, sbr. kafla 9.1.5 um íþróttahús og sundlaugar. Á Torfnesi eru tveir knattspyrnuvellir og frjálsíþróttaaðstaða. Gervigrasvellir eru í öllum hverfum sveitarfélagsins. Fótbolti, körfubolti, blak, handbolti og sund eru á meðal þeirra íþróttagreina sem stundaðar eru skipulega og boðið er upp á æfingar fyrir börn og unglinga. Töluverð fjölbreytni er því í íþróttalífi sveitarfélagsins.

Skíðaíþróttin á Ísafirði er rótgróin og skipar fastan sess í samfélaginu. Skíðafélag Ísfirðinga var stofnað árið 1934 og er enn starfandi. Í Tungudal eru nú þrjár skíðalyftur sem þjóna almenningi og þeim sem æfa íþróttina. Aðstaðan hefur verið byggð upp jafnt og þétt og býður svæðið upp á góða aðstöðu til skíðaiðkunar fyrir fjölbreyttan hóp iðkenda.

Á Seljalandsdal er gönguskíðasvæði sem þjónar almenningi og þeim sem æfa íþróttina. Þar er skíðaskáli, auk gamla skíðaskála Ísfirðinga síðan að skíðalyfturnar voru upp á Seljalandsdal. Þær voru færðar í Tungudal árið 1995 eftir endurtekin snjóflóð á Seljalandsdal. Fjallað er um gamla skíðaskálann í kafla 8.5 um verslun og þjónusta.

Níu holu **golfvöllur**, rekinn af Golfklúbbi Ísafjarðar, er í Tungudal. Einnig er golfvöllur í Meðaldal utan Þingeyrar, en í gildi er samningur við landeigenda um leyfi til rekstrar golfvallarins til ársins 2015. Golf hefur notið vaxandi vinsælda síðustu ár og eru golfsvæðin vel nýtt.

Siglingar í frístundum eru áberandi í Ísafjarðarbæ. Siglingaklúbburinn Sæfari heldur úti öflugu starfi, m.a. fyrir börn og unglinga. Klúbburinn hefur aðsetur á Suðurtanga á Ísafirði. Fjallað er um hafnaraðstöðu frístundabáta í kafla 12 um samgöngur.

Vélknúin farartæki, einkum snjósleðar og mótorkrosshjól, eru nokkuð notuð til útivistar. Vinsælt er að fara á snjósleðum upp á Botns- og Breiðadalsheiði upp frá Tungudal eða Dagverðardal. Ekki er til nein sérstök aðstaða fyrir akstursíþróttir. Skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 2. viðauka lið a, eru framkvæmdir vegna varanlegra kappaksturs- og reynsluakstursbrauta fyrir vélknúin ökutæki tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.

Skotæfingasvæði Skotíþróttafélags Ísfirðinga er á Dagverðardal við Breiðadalsheiði, fjarri íbúðarbyggð.

Skíðasvæðið í Tungudal (GPE).

Ágætar aðstæður eru þar til skotíþróttaiðkana, bæði til æfinga og keppnishalds. Svæðið liggur við gamla þjóðveginn yfir Breiðadalsheiði sem nú er nýttur til útivistar.

Svæði fyrir **frístundabúskap** er á þremur stöðum í sveitarfélaginu; í Engidal í Skutulsfirði, á Söndum í Dýrafirði og á Eyri utan við Flateyri. Hestamennska er vaxandi íþróttagrein í Ísafjarðarbæ eins og annars staðar á Íslandi. Í Engidal og á Söndum í Dýrafirði eru hesthúsahverfi. Unnið er að niðurrifi hesthúsa í Hnífsdal vegna fyrirhugaðra jarðganga, en þar er snjóflóðahættusvæði. Á Söndum er einnig nýleg 800 m² reiðhöll og löglegur keppnisvöllur og öll aðstaða til mótshalda. Svæðið hefur mikla möguleika sem miðstöð hestamanna á Vestfjörðum, enda miðsvæðis. Í nágrenni Sanda eru miklir möguleikar á því að leggja góðar og áhugaverðar reiðleiðir. Hluti þeirra húsa sem nýtt eru fyrir frístundabúskap í Engidal er á snjóflóðahættusvæði B og C.

Skrúðgarðar eru tiltölulega margir í sveitarfélaginu miðað önnur svæði á landinu. Á meðal þeirra er Austurvöllur, Jónsgarður og Simsonsgarður á Ísafirði og Skrúður í Dýrafirði, auk þess sem nokkuð mikið er um trjágróður víða, s.s. á Þingeyri. Sjá nánar kafla 10.1 um hverfisvernd og skrúðgarða.

Um **kirkjugarða** er fjallað í kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka, eru skoðaðir fjórir valkostir fyrir aðstöðu til akstursíþrótta:

- Óbreytt staða - engin aðstaða fyrir akstursíþróttir
- Aðstaða fyrir akstursíþróttir í námu í Dagverðardal í Skutulsfirði
- Aðstaða fyrir akstursíþróttir í Austmannafjallsnámu á Breiðadalsheiði
- Aðstaða fyrir akstursíþróttir á Breiðadalsheiði

Niðurstöður matsins sýna að aðstaða fyrir akstursíþróttir í Austmannafjallsnámu samrýmist best markmiðunum um fjölbreytta útivistarmöguleika fyrir alla, sem og verndarmarkmiðum skipulagsins. Nánar er fjallað um þetta í umhverfismatinu í kafla 3.5 um útivist.

Stefna

Markmið

— Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar
— Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþrótta- og tómstundastarfa
— Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi efld.
— Allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri, öruggri og fjölbreyttri íþróttaiðkun með góðri aðstöðu
— Opin svæði með góðri íþróttaaðstöðu verði í tengslum við öll hverfi bæjarfélagsins
— Í öllum hverfum sveitarfélagsins verði leiksvæði sem stuðli að góðri hreyfingu og útivist
— Leitast skal við að varðveita náttúrulegt umhverfi sem leiksvæði við íbúðahverfi
— Vernda skal og viðhalda skrúðgörðum
— Bæta skal umgengni og viðhald á grænum svæðum
— Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis

Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar og íþrótta m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, m.a. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar. Í aðalskipulaginu er reynt að hámarka þennan ávinning. Rík áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla að íþróttamannvirkjum og útivistarsvæðum, þar sem það á við, sbr. kafla 9 um félags- og heilbrigðismál. Lögð er áhersla á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar, þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi.

Gert er ráð fyrir **leiksvæðum** í öllum hverfum sveitarfélagsins. Leiksvæði skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Mikilvægt er að varðveita

náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er, þannig að notendur fái sem fjölbreyttasta þjálfun og sérkenni hvers svæðis verði sterk og sem best nýtt. Gera skal ráð fyrir því að leiksvæði geti þjónað tilgangi sem hverfistorg. Almennt skal miða við að aðalleiksvæði verði ekki í meira en 500 m fjarlægð frá íbúðum og nærleiksvæði verði ekki í meira en 200 m fjarlægð frá íbúðum. Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að leiksvæðum. Leiksvæði innan íbúðarhverfa eru almennt ekki sýnd á uppdrætti aðalskipulagsins.

Bæta skal tengingar **göngu- og hjólreiðastíga** við samgönguleiðir, eins og fjallað er um í kafla 12 um samgöngur. Mikilvægt er að tengja íbúðarhverfin við útvistarsvæði og náttúru með öruggum göngu- og hjólaleiðum og mynda þannig grænt net. Jafnframt er mjög brýnt að öruggir göngustígar séu á milli hverfa, m.a. á milli Hnífsdals, Eyrarinnar, Holtahverfis og Tunguskeiðs, bæði vegna útivistargildis og nýtingar á leiksvæðum og íþróttamannvirkjum. Á opnum svæðum og stígum þeirra á milli skal tryggja að útigögn, s.s. bekkir og sorpílát, verði með hæfilegu millibili þannig að svæðin nýtist öllum. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif frá umhverfinu, s.s. frá umferð, en áhersla lögð á náttúrulegt umhverfi.

Mörg **útivistarsvæði** eru við fjöru eða í fjalllendi. Þessi svæði eru viðkvæm og ber því að taka tillit til umhverfis við alla skipulagningu og ákvarðanatöku. Menningarminjar og tengsl við atvinnuhætti hafa einnig aðdráttarafl, s.s. við fiskveiðar og fiskvinnslu og landbúnað. Í ljósi sögu svæðisins er lögð sérstök áhersla á aðgengi að fjörum. Gert er ráð fyrir því að svæðin umhverfis íbúðarhverfi og þéttbýli nýtist til almennrar útivistar. Á þessum svæðum er heimilt að byggja upp skipulögð leik- og útivistarsvæði en leitast skal við að varðveita náttúrulegt landslag eins og kostur er.

Lögð er áhersla á það að viðhalda og endurbæta **gróðursvæði** sem ræktuð hafa verið í þéttbýli. Eldri **skrúðgarðar** skulu njóta verndar og áhersla lögð á endurnýjun úr sér genginna hluta þeirra. Skrúðgarðar eru lifandi og þurfa því stöðugt viðhald og endurnýjun til að viðhalda upphaflegum markmiðum. Fjórir garðar í sveitarfélaginu eru hverfisverndaðir, sjá kafla 10.1 um hverfisvernd og skrúðgarða.

Hestamannamót á Söndum í Dýrafirði (EÖ).

Í Tungudal er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Dalurinn verður nýttur til fjölbreyttrar útivistar allan ársins hring. Gönguleiðir í dalnum skulu nýtast á veturna fyrir gönguskíði og á öðrum árstímum til annarrar útivistar, t.d. fyrir skokk og gönguhópa. Gert er ráð fyrir bættri aðstöðu og viðhaldi til iðkunar golfs í Tungudal í Skutulsfirði og Meðaldal í Dýrafirði. Ekki er gert ráð fyrir stækkun golfvallarins í Meðaldal en vonast er til að samningur við landgeigendur verði endurnýjaður árið 2015, þegar núgildandi samningur rennur út. Öll hugsanleg uppbygging á golfvellinum verður í samráði við landeigendur.

Styrkja skal **skíðasvæðið** í Tungudal og gera Ísafjörð að vetrarmiðstöð fyrir gönguskíði á Íslandi með aðstöðu í Seljalandsdal. Skíðasvæðið skal vera leiðandi á sínu sviði með bættri aðstöðu. Skíðasvæðið er á svæði sem er á náttúruminjaskrá og að hluta til innan vatnsverndarsvæða og skal taka fullt tillit til verndarsjónamiða þeirra við uppbyggingu svæðisins. Til að hámarka upplifun gesta á skíðasvæðunum og vegna öryggis er nauðsynlegt að stýra markvisst umferð vélknúinna farartækja í nágrenni skíðasvæðisins.

Gert er ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir **siglingaíþróttir** í fjörunni við Neðstakaupstað á Ísafirði. Þar eru góðar náttúrulegar aðstæður og tenging við fyrirhugaða uppbyggingu á safnasvæðinu getur styrkt svæðið í heild, sbr. kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.

Við uppbyggingu íþrótta- og tómstundamannvirkja skal skoða sem flesta hagsmuni, m.a. ferðaþjónustu sem getur nýtt þessi mannvirki. Leita skal leiða til að fá alþjóðlega viðburði í sveitarfélagið og stutt við sérstaka íþróttaviðburði.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fyrir **frístundabúskap** í Engidal í Skutulsfirði og á Söndum í Dýrafirði en að hesthúsahverfið í Hnífsdal verði aflagt. Lögð er áhersla á það að unnið verði deiliskipulag fyrir uppbyggingu svæðanna í heild þannig að nýting þeirra verði sem best, bæði með tilliti til landnýtingar og dýravelferðar. Uppbyggingin verður í samræmi við hættumat fyrir Engidal, sbr. kafla 3.2 um ofanflóð.

Gert er ráð fyrir því að **íþróttaaðstöðu** á Torfnesi verði haldið við og endurbætt eftir þörfum. Þar er jafnframt gert ráð fyrir því að reisa sundlaug, sjá kafla 9.1.5 um íþróttahús og sundlaugar.

Gert er ráð fyrir því að aðstaða fyrir **aksturíþróttir** verði í Austmannafjallsnámu á Breiðadalsheiði, í þeim hlutum sem efnistöku er lokið. Svæðið sem er þegar raskað, er við gamla veginn yfir Breiðadalsheiði, þannig að aðgengi er gott og ekki um nýtt landbrot að ræða. Þegar efnistöku lýkur á svæðinu skal það eingöngu ætlað fyrir aksturíþróttir og skal frágangur námunnar miðast við það. Svæðið er í nokkurri nálægð við svæði sem er á náttúruminjaskrá sem og vatnsverndarsvæði, en er ekki líklegt til að hafa mikil áhrif á verndargildi þeirra. Á Breiðadalsheiði er víðfeðmt útivistarsvæði með göngu- og reiðleiðum og einnig er skotæfingasvæði í nágrenninu. Mikilvægt er að lágmarka hagsmunaárekstra sem geta skapast á milli þeirra sem nýta þetta svæði.

Tafla 10.1. Almenn útvistarsvæði.

Svæði	Ákvæði
Ú57 - Dynjandi og nágrenni í **Arnarfirði**. Náttúruvætti / 210 ha.	Allar framkvæmdir á svæðinu skulu miða að verndun þess. Að öðru leyti gilda reglur um náttúruvætti, sjá kafla 4.1 um náttúruminjar.
M4 - Silfurtorg á **Ísafirði**. Almenningssvæði og kjarni miðsvæðisins, sjá töflu 7.8 um íbúðarhverfi.	Skipulagið miðar að því að efla líf á svæðinu. Í nágrenninu er gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi, sbr. kafla 7.4.3 um miðsvæði. Áhersla er lögð á það að skapa aðlaðandi umhverfi í samræmi við ákvæði hverfisverndar í töflu 7.11. Gott aðgengi verði fyrir alla að svæðinu.

Tafla 10.1. Almenn útvistarsvæði. Framhald.

Svæði	Ákvæði
Svæði Þ13 - Víðivellir, **Ísafirði**. M4 - Grasflöt við Hótel **Ísafjörð**. Ú20 - Minningargarður á **Flateyri**. Ú15 - Sjúkrahústúnið á **Ísafirði**. Gróðurreitir í þéttbýli.	Ákvæði Svigrúm til stækkunar og breytinga. Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum.
Svæði Skógræktarsvæði við þéttbýli.	Ákvæði Bæta aðgengi, huga að látlausri lýsingu og öryggi. Lágmarka mannvirkjagerð, vernda og viðhalda náttúrulegum birkiskógi.
Svæði Ú1 - Fjaran í Engidal í **Skutulfirði**. Fjaran er á náttúruminjaskrá og hverfisvernduðu svæði H6. Hluti af stærra svæði.	Ákvæði Áhersla á gott aðgengi og varðveislu lífríkis í samræmi við ákvæði hverfisverndar í töflu 4.4.
Svæði Ú31 - Fjaran á **Suðureyri**. Hluti af stærra svæði. Ú25 - Fjaran á **Þingeyri**. Hluti af stærra svæði.	Ákvæði Varðveita skal fjörurnar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi.
Svæði Þ11 - Fjaran á Suðurtanga á **Ísafirði**. Upprunaleg fjara. Hluti af stærra svæði. Ú20 - Fjaran á **Flateyri**. Fjaran tengist sterklega götumyndinni. Hluti af stærra svæði.	Ákvæði Líta ber á fjöruna ásamt þeim gömlu húsum sem þar eru sem eina heild. Varðveita skal fjörurnar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi.
Svæði G7, G8 - Snjóflóðagarðar á **Flateyri** og við Sólbakka. G9 - Snjóflóðavarnarvirki í Holtahverfi á **Ísafirði**. Fyrirhugaðar varnir skv. gildandi skipulagi. G10 - Snjóflóðavarnar-garður og keilur við Seljaland á **Ísafirði**. Vígður árið 2004.	Ákvæði Mannvirki skulu felld að umhverfinu eins og kostur er. Áhersla skal lögð á grenndargróður við uppgræðslu varnarmannvirkja og raskaðs lands. Svigrúm fyrir útivistarsvæði með gönguleiðum, útsýnispöllum bekkjum, kortum og fleira. Lögð skal áhersla á aðgengi fyrir alla þar sem því verður við komið.

Tafla 10.1. Almenn útvistarsvæði. Framhald.

Svæði framhald Ú7 - Snjóflóðavarnarvirki í Gleiðarhjalla á **Ísafirði**. Fyrirhuguð varnarvirki. Ú10 - Snjóflóðavarnarvirki í **Hnífsdal**. Fyrirhuguð varnarvirki.	*Ákvæði* *Mannvirki skulu felld að umhverfinu eins og kostur er. Áhersla skal lögð á grenndargróður við uppgræðslu varnarmannvirkja og raskaðs lands. Svigrúm fyrir útivistarsvæði með gönguleiðum, útsýnispöllum bekkjum, kortum og fleira. Lögð skal áhersla á aðgengi fyrir alla þar sem því verður við komið.*
Svæði Ú4 - Ofan Holtahverfis á **Ísafirði**. Ú21 - Svæði inni í varnargarðinum á **Flateyri** / 4 ha.	Ákvæði Skipulögð útivistarsvæði tengd snjóflóðavarnargörðum. Framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag.
Svæði Ú30 - Sjóvarnargarður við höfnina á **Suðureyri**. Ú17 - Sjóvarnargarður við Fjarðarstræti á **Ísafirði**. Ú11 - Sjóvarnargarður við Pollgötu á **Ísafirði**.	Ákvæði Svigrúm fyrir gerð göngustígs og aðstöðu til útivistar, s.s. aðgengi að fjöru þar sem því verður við komið. Huga ber að öryggi notenda. Vör við horn Fjarðarstrætis og Sundstrætis verði varðveitt.
Svæði Ú13 - Útivistarsvæði á Suðurtanga á **Ísafirði** / 2,5 ha.	Ákvæði Áhersla verði á aðlaðandi umhverfi til mótvægis við iðnaðarsvæði í næsta nágrenni. Aðgengi að fjöru verði tryggt. Taka skal tillit til hindranaflatar Ísafjarðarflugvallar, sbr. kafla 12.8 og mynd 12.1.
Svæði Ú22 - Útivistarsvæði á Sólbakka í **Önundarfirði**. Bótin og nágrenni hennar austan snjóflóðagarðsins. Hluti svæðisins er á hverfisverndarsvæði H19.	Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæðis á og við Bótina. Uppbyggingin skal tengjast sögu svæðisins. Svæðið er að hluta á hverfisverndarsvæði og gilda því ákvæði verndarinnar á því svæði, sbr. kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli.

Tafla 10.2. Íþróttasvæði.

Svæði Ú14 - Skipagöturóló á **Ísafirði** / 0,05 ha. Ú3 - Leiksvæði í **Holtahverfi**. Hluti af stærra svæði. Þ21 - Leiksvæði í **Hnífsdal** / 0,2 ha.	Ákvæði Leiksvæði skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Leiktæki skulu vera í viðunandi ástandi. Áhersla skal vera á gróðurnotkun á leiksvæðum. Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er. Tryggja skal öruggt aðgengi fyrir alla og styrkja tengsl á milli svæða.

Tafla 10.2. Íþróttasvæði. Framhald.

Svæði, framhald	*Ákvæði*
M2 - Leiksvæði við Aðalstræti á **Suðureyri** / 0,05 ha.	*Leiksvæði skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Leiktæki skulu vera í viðunandi ástandi.*
Önnur leiksvæði í eldri hverfum.	*Áhersla skal vera á gróðurnotkun á leiksvæðum.*
Ný leiksvæði á íbúðarsvæðum.	*Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er. Tryggja skal öruggt aðgengi fyrir alla og styrkja tengsl á milli svæða.*

10.1 Hverfisvernd - skrúðgarðar

Garðarnir Austurvöllur, Jónsgarður, Simsonsgarður og Skrúður mynda sérstæða heild sem er merkileg í garðlistasögu þjóðarinnar. Saga garðlistar á Íslandi er stutt og geta fáir aðrir landshlutar státað sig af svo merkum görðum. Segja má að Skrúður sé faðir íslenskra skrúðgarða en hann var vígður árið 1909 og verður því 100 ára í upphafi skipulagstímabilsins. Talið er víst að hugtakið skrúðgarður sé dregið af nafni garðsins, þ.e. Skrúður. Garðurinn er mjög mikilvægur í sögu íslenskrar garðlistar en hann ber sterk einkenni klassískra garða í Evrópu á 16. og 17. öld. Framkvæmdasjóður Skrúðs fer með rekstur garðsins fyrir hönd sveitarfélagsins. Garðurinn á Austurvelli er einn fyrsti garður landsins sem er hannaður af landslagsarkitekti.

Stefna

Markmið

— Að viðhalda og vernda skrúðgarða í sveitarfélaginu

Til að ná ofangreindu markmiði eru garðarnir hverfisverndaðir. Lögð er áhersla á það að verndin nái til garðanna sem garðlistasögulegrar heildar. Mikilvægt er að öllum görðunum verði haldið við í samræmi við upphafleg markmið þeirra.

Tafla 10.4. Hverfisverndarákvæði fyrir skrúðgarða.

Svæði	Ákvæði
H17 - Austurvöllur, opnaður 1954 / 0,2 ha.	Allt viðhald skal miða við að varðveita garðinn í samræmi við upphafleg markmið hans.
H16 - Jónsgarður, opnaður 1922 / 0,4 ha.	Óheimilt er að skerða umfang garðsins.
H15 - Simsonsgarður, opnaður 1928 / 0,3 ha.	Allar endurbætur og hugsanlegar viðbætur skulu vera í samræmi við upprunalegan stíl garðsins.
H14 - Skrúður, vígður 1909 / 0,3 ha. Skrúður er 100 ára árið 2009 og telst þar með til fornminja, skv. þjóðminjaverndarlögum.	Tryggja skal gott aðgengi að garðinum.

innviðir

Í þessum hluta er fjallað um innviði sveitarfélagsins: Veitur, sorp og samgöngur, þ.e. göngu- og reiðleiðir, vegir, gatnakerfi, almenningssamgöngur, hafnir og flugvelli.

11 VEITUR OG SORP

Í þessum kafla er fjallað um sorpförgunarsvæði og meðhöndlun á sorpi. Einnig er fjallað um veitur, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu, rafveitu og fjarskipti.

Markmið

— Dregið verði úr myndun úrgangs og áhersla lögð á það að meðhöndlun hans valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið

— Allir íbúar sveitarfélagsins og fyrirtæki eigi kost á nægu ómenguðu, heilnæmu vatni til neyslu eða annarra nytja

— Byggja upp veitukerfi sem stenst samanburð við aðra byggðakjarna á landinu en jafnframt lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna þessa

11.1 Sorp

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer, eða fyrirhuguð er, förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, áhrifum á aðra landnotkun og öðru sem þurfa þykir. Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum.

Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð sem og aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður, endurvinnslustöðvar sem og geymsla brotajárns sem er að magni 1500 tonn á ári eða meira eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Skv. reglugerð 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, er úrgangur flokkaður í heimilisúrgang og rekstrarúrgang. Áætlað er að á Íslandi séu um 30% úrgangs heimilisúrgangur og 70% rekstrarúrgangur. Magn úrgangs í vestrænum ríkjum á hvern íbúa hefur aukist mikið í seinni tíð vegna breyttra lífshátta og fólksfjölgunar. Magn úrgangs sem fellur til á Íslandi hefur aukist hraðar en endurnýting, sem þó tvöfaldaðist á tímabilinu 1994-2004. Gerðar eru strangari kröfur en áður um meðhöndlun úrgangs. Meðhöndlun úrgangs er nú starfsleyfisskyldur atvinnurekstur og stefna íslenskra stjórnvalda er að minnka magn lífræns úrgangs sem berst til urðunarstaða, sbr. töflu 11.1.

Umhverfisstofnun hefur gefið út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2004-2016. Áætlunin gildir fyrir allt landið og byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerðar nr. 737/2003, auk fleiri laga og reglugerða sem snerta málefnið, þ.á.m:

- Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs
- Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang
- Reglugerð nr.806/1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 609/1996 um umbúðir og umbúðaúrgang
- Reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr.809/1999 um olíuúrgang
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
- Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 531/2003 um úrvinnslugjald

Landsáætluninni er ætlað að leiða til ábyrgari meðhöndlunar úrgangs, draga úr hættu á mengun umhverfis og sóunar á verðmætum og landrými til urðunar. Henni er jafnframt ætlað að vera sveitarstjórnum til leiðbeiningar um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Í landsáætluninni er tekið mið af mengunarbótareglunni, þ.e. gert ráð fyrir því að úrgangshafi greiði fyrir meðhöndlun úrgangs. Skv. áætluninni verður markmiðum hennar náð með því að draga úr myndun úrgangs, með endurnotkun, endurnýtingu og endanlegri förgun, m.a. með aukinni endurnýtingu lífræns úrgangs, umbúðaúrgangs og raftækjaúrgangs, sbr. töflu 11.1. Í áætluninni kemur fram að loka þurfi urðunarstöðum sem ekki uppfylla kröfur reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs fyrir 16. júlí 2009. Jafnframt kemur það fram að fljótandi úrgang er óheimilt að urða og þarf að finna aðrar leiðir til meðhöndlunar á slíkum úrgangi.

Í svæðisáætlun ber sveitarstjórn að gera grein fyrir því hvernig hún hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Unnið er að svæðisáætlun fyrir Vestfirði. Niðurstöður áætlunarinnar verða færðar inn í aðalskipulagið eins og þurfa þykir.

Tafla 11.1. Markmið um minnkun á úrgangi skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ákvæði	1. janúar 2009	1. júlí 2013	1. janúar 2015	1. júlí 2020
Minnkun á lífrænum heimilisúrgangi sem berst til urðunarstaða, miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995.	75%	50%		35%
Minnkun á öðrum lífrænum úrgangi sem berst til urðunarstaða, s.s. lífrænum rekstrarúrgangi, miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995.	75%	50%		35%
Lágmark endurnotkunar og endurnýtingar allra úr sér genginna ökutækja / lágmark endurnotkunar og endurvinnslu af meðalþyngd ökutækis.			95/85%	
Lágmarksmeðhöndlun af raftækjum á hvern íbúa á viðeigandi hátt.	4			

Um 3.000 tonn af úrgangi falla til árlega í sveitarfélaginu, þar af eru um 1.200 tonn af óbrennanlegum úrgangi sem ýmist er urðaður eða endurunnin. Talið er að um 35% af þeim úrgangi sem kemur til sorpbrennslu séu lífræn. Þá er ekki talinn með annar lífrænn úrgangur, eins og ónýtar heyrúllur, en með bættum skilyrðum í landbúnaði hefur umfang afgangsheys aukist verulega. Einnig er tekið á móti um 800 tonnum á ári frá öðrum sveitarfélögum.

Sorp er flokkað í brennanlegt sorp, óbrennanlegt sorp, timbur, brotajárn, spilliefni, hjólbarða og spilliefni.

Óbrennanlegt sorp er urðað við Klofning í Önundarfirði en brennanlegt sorp er meðhöndlað í sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal. Spilliefnum er eytt í Reykjavík. Blöð, fernur o.fl. af slíku tagi er ekki endurunnið og lífrænn úrgangur hefur ekki verið flokkaður til jarðgerðar.

Sorp var urðað á Suðurtanga áður en sorpbrennsla á Skarfaskeri í Hnífsdal tók til starfa árið 1974 en báðum þessum stöðum hefur verið lokað. Funi var tekinn í notkun árið 1994 og nú er allt brennanlegt sorp frá Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavík, Vesturbyggð og Tálknafirði brennt þar. Orkan sem myndast við brennslu er nýtt til húshitunar í Holtahverfi. Sorpbrennslan hefur starfsleyfi fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð, þar sem heimilt er að taka á móti allt að 5.000 tonnum af úrgangi á ári og brenna allt að 1 tonn/klst. af brennanlegum úrgangi. Starfsleyfið var gefið út í febrúar 2007 og gildir til 1. okt. 2018. Funi er varinn fyrir snjóflóðum með varnargarði og er húsið því á hættusvæði B. Allt umhverfi hússins, m.a. móttöku- og flokkunarsvæði Funa, er hins vegar á hættusvæði C.

Líftími sorpbrennslustöðvarinnar er áætlaður 25 ár og þarf mikla endurnýjun á búnaði hennar innan fárra ára. Starfsleyfið felur í sér að markvisst skuli unnið að nýtingu úrgangs, m.a. með endurnotkun og endurnýtingu. Staðsetning Funa er nokkuð umdeild á meðal íbúa vegna loft- og sjónmengunar. Ef hreinsibúnaður stöðvarinnar bilar mun útblástur fara yfir byggðina í Skutulsfirði. Í Engidal er búskapur, frístundabúskapur, kirkjugarður og vinsæl útivistarsvæði, en gæði þessara svæða skerðast að nokkru leyti vegna nálægðar við stöðina. Með endurbótum á búnaði Funa má koma í veg fyrir sjónmengunina.

Urðunarstaður við Klofning á Flateyri, á vegum Funa, hefur starfsleyfi sem heimilar urðun á allt að 1.000 tonnum af almennum óbrennanlegum úrgangi á ári. Starfsleyfið var gefið út í febrúar 2007 og gildir til 1. júlí 2009. Urðunarstaðurinn er umdeildur á meðal íbúa á Flateyri sem kvarta undan óþef og fokrusli frá svæðinu, enda svæðið nálægt byggð og útivistarsvæði íbúa.

Funi í Engidal (BPH).

Í forathugun vegna sorpeyðingar árið 1990 var skoðuð hagkvæmni sorpurðunar og sorpbrennslu, auk mögulegrar staðsetningar fyrir urðun. Svæðin, sem helst voru talin koma til greina, voru Arnardalur, Bolungarvík og Önundarfjörður. Í kjölfarið var gert frummat á umhverfisáhrifum urðunarstaðar við Klofning í Önundarfirði en svæðið hafði verið nýtt sem slíkt til margra ára. Skipulagsstjóri ríkisins úrskurðaði um matið 9. október 1995. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir því að svæðið nýttist til 80-100 ára en starfsleyfið gildir aðeins fyrir fyrsta áfanga sem er 10.000 m² svæði. Vegna snjóflóðahættu er ekki heimilt að urða eða geyma brotajárn á svæðinu.

Gámasvæði eru við Funa í Engidal, á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri en einnig í dreifbýli. Nánar er fjallað um þau í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði. Á þessum stöðum eru einnig sérstakir staðir fyrir garðaúrgang. Sveitarfélagið sér um sorphirðu við hús í öllu þéttbýli, en í dreifbýli skila íbúar sorpi í gáma sem staðsettir eru víðs vegar um sveitarfélagið. Engin sorphirða er af hálfu sveitarfélagsins á svæðinu norðan Djúps, nema að Bæjum og í Æðey. Umfang sorps á svæðinu norðan Djúps hefur aukist samhliða breyttu ferðamynstri. Stærstur hluti sorps landeigenda og ferðamanna er fluttur út af svæðinu. Enn er þó hluti af sorpi urðað og brennt með tilheyrandi sjónmengun og öðrum neikvæðum áhrifum sem skerða upplifun landeigenda og gesta á svæðinu. Þessum málaflokki hefur lítið verið sinnt og því hefur ákveðið stefnuleysi verið ríkjandi.

Undanfarið hefur sérstakur starfshópur unnið að endurskoðun sorpmála í sveitarfélaginu og byggir stefna aðalskipulagsins m.a. á þeirri vinnu.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, í viðauka, eru skoðaðir þrír valkostir m.t.t. meðhöndlunar á brennanlegu sorpi:

- Sorpbrennsla í Engidal endurnýjuð
- Sorpbrennsla byggð á nýjum stað
- Urðun, endurnýting og endurnotkun í stað brennslu

Áframhaldandi rekstur Funa, með aukinni áherslu á endurnýtingu og endurnotkun, er ákjósanlegasti valkosturinn skv. umhverfismatinu. Ekki hefur verið gerð staðarvalsúttekt á mögulegum urðunar- eða sorpbrennslustöðum og því er erfitt að meta umhverfisáhrif valkostanna.

Í umhverfismatinu eru jafnframt metnir þrír mögulegir valkostir m.t.t. urðunar á óbrennalegu sorpi í sveitarfélaginu:

- Urðun á Klofningi
- Urðun á nýjum stað í sveitarfélaginu
- Urðun á nýjum stað utan sveitarfélagsins

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að áframhaldandi urðun við Klofning sé besti valkosturinn. Tillögur eru gerðar um mótvægisaðgerðir til að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Nánar er fjallað um þetta í kafla 3.4 í umhverfismati aðalskipulagsins í viðauka.

Stefna

Markmið

— Fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins
— Öll umgengni um sorpförgunarsvæði og ásýnd þeirra verði til fyrirmyndar
— Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft
— Dregið verði úr myndun úrgangs og þeirri hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra, þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma
— Stuðlað verði að endurnýtingu úrgangs
— Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið

Mikilvægt er að sorpmál verði til fyrirmyndar í sveitarfélaginu og þannig sé stuðlað að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta. Sorpmál geta einnig haft mikil áhrif á ímynd sveitarfélagsins og þar af leiðandi áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana sem og val fólks um búsetu.

Áfram er gert ráð fyrir brennslu sorps í Funa með þeirri endurnýjun á búnaði sem þarf til að hægt sé að tryggja rekstur stöðvarinnar og koma í veg fyrir sjónmengun. Jafnframt er gert ráð fyrir urðun úrgangs við Klofning á Flateyri í samræmi við starfsleyfi. Ganga skal frá fyrsta áfanga urðunarstaðarins með sáningu og gróðursetningu trjáa. Yfirmokstri við Klofning skal þannig háttað að ekki berist fokrusl eða óþefur út fyrir svæðið en vatnsverndarsvæði er í næsta nágrenni. Aukin fræðsla um flokkun sorps er auk þess mjög mikilvæg til að halda svæðinu við Klofning snyrtilegu og ómenguðu. Áhersla skal lögð á að framylgja þeim ákvæðum sem sett eru fram í starfsleyfum fyrir urðun og brennslu úrgangs. Jafnframt skal áhersla lögð á að allir móttökustaðir fyrir sorp, þ.m.t. gámasvæði, verði afgirtir, þannig að sjónmengun verði í lágmarki, sjá kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Leitað skal leiða til að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélaginu, m.a. með endurnotkun og endurnýtingu. Flokkun á heimilissorpi verði því aukin frá því sem nú er með uppsetningu grenndargáma og sölu á sorppokum fyrir brennanlegan heimilisúrgang. Þannig má hvetja fólk til flokkunar og draga úr sorpmyndun og þar með kostnaði við losun heimilissorps. Fyrirtæki og stofnanir verða einnig hvött til aðgerða og áætlana sem stuðla að minna umfangi sorps. Verulega þarf að bæta úr fræðslu íbúa og forsvarsmanna fyrirtækja, varðandi flokkun sorps og bæta aðstöðu þeirra til flokkunar, bæði heima og á móttökustað. Mikilvægt er að brennanlegt sorp, spilliefni og sorp sem mögulegt er að endurvinna, endi á ekki á urðunarstað. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir losun garðaúrgangs í hverjum byggðakjarna.

Gera skal svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, þar sem leiðir að markmiðum aðalskipulagsins verða útfærðar nánar, m.a. varðandi endurnotkun, endurnýtingu og kosti og galla þess að jarðgera lífrænan úrgang frá sjávarútvegi, landbúnaði og heimilum og nýta hann sem jarðvegsbæti. Aðalskipulagið gerir því ráð fyrir því að á svæði sorpbrennslunnar verði aðstaða til jarðgerðar.

Ekki er gert ráð fyrir sorphirðu af hálfu sveitarfélagsins á svæðinu norðan Djúps, nema að Bæjum og í Æðey. Þess í stað er gert ráð fyrir því að móttaka á öllu sorpi verði við jaðra svæðisins og á stöðum í byggð sem sinna ferðaþjónustu fyrir svæðið, þ.e. á Ísafirði, að Bæjum, í Bolungavík og í Norðurfirði. Leitað skal eftir samráði við nágrannasveitarfélögin til að útfæra nánar og framfylgja þessu markmiði. Mikil áhersla er lögð á það að öllu svæðinu norðan Djúps verði haldið snyrtilegu. Mikilvægt er að meðvitund fólks um umgengni á svæðinu verði efld og upplýsingar til landeigenda og ferðamanna er varða sorpmál bættar. Gert er ráð fyrir því að Hornstrandastofa geti gegnt lykilhlutverki hér.

Tafla 11.2. Sorpförgunarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
R2 - Sorpförgunarsvæði í Engidal í **Skutulsfirði** / 5,5 ha. Sorpbrennslan Funi - sorpbrennslustöð fyrir brennslu á allt að 1 t/klst. af brennanlegum úrgangi. Móttöku- og flokkunarstöð þar sem heimilt er að taka á móti allt að 5.000 tonnum af úrgangi á ári. Byggingin er varin með varnargarði og er á snjóflóðahættusvæði B en nánasta umhverfi er á C svæði.	Áframhaldandi starfsemi sorpbrennslu og meðhöndlunar sorps út skipulagstímabilið. Nýting svæðisins verði í samræmi við gildandi starfsleyfi og lögð áhersla á það að öllum ákvæðum þess verði fylgt. Starfsemi Funa miðist við ofanflóðahættu og verði skv. öryggisáætlun fyrir starfsemina. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn og nálægðar við útivistarsvæði.

Tafla 11.2. Sorpförgunarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði	Ákvæði
R1 - **Urðunarstaður við Klofning**. Urðun á allt að 1.000 tonnum af almennum óbrennanlegum úrgangi á ári.	Áframhaldandi nýting í samræmi við starfsleyfi. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni vegna nálægðar við þéttbýli, útivistarsvæði og vatnsverndarsvæði.

11.2 **Veitur**

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Vísað er til kafla 4.2 um skógrækt, kafla 7.5.4 um frístundabyggð og kafla 8.4 um landbúnað varðandi lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum. Ákvörðun byggingarbanns háspennulína er skv. ÍST EN 50341-1:2001 og EN 50341-3-12:2001 og ákvarðast í hverju tilviki fyrir sig eftir kennistærðum línunnar. Gildir sú ákvörðun ef fjarlægð skal vera meiri en tilgreind er í ofangreindum köflum. Dæmigerð breidd byggingarbanns við 66 kV háspennulínu er 25 m og 35-45 m fyrir 132 kV línu. Um jarðstrengi gildir að ekki má grafa eða byggja innan eins og hálfs metra fjarlægðar frá ysta streng.

Á svæðinu norðan Djúps eru ekki neinar opinberar veitur í rekstri á svæðinu, utan fjarskiptamastra, sbr. töflu 11.4 og mannvirkja á innsta hluta Snæfjallastrandar.

Fyrirvari er gerður um legu veitulagna á uppdrætti vegna skorts á upplýsingum.

11.2.1 Vatnsveita

Neysluvatn fyrir Ísafjörð og Hnífsdal kemur úr jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði, meðalnotkun er um 150 l/sek. Á Þingeyri kemur neysluvatn úr lindarvatni í Ausudal en borholur í Hvammsdal eru notaðar þegar lindarvatnið í Ausudal annar ekki eftirspurn að vetri til.

Á Flateyri er neysluvatn tekið úr skriðu í Klofningsdal, en vatnsbólið er undir snjó megnið af árinu. Neysluvatnið á Suðureyri er lindarvatn sem tekið er úr Sunddal. Á Flateyri og Suðureyri er vatnið geislað með útfjólublá ljósi en meðalnotkun á hvorum stað er um 60 l/sek.

Vatnið sem tekið er úr jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði er í háum gæðaflokki og er mögulegt að afhenda um 600-700 l/sek. Miklir möguleikar eru á því að nýta vatnið til framleiðslu, þar sem gæði vatns er lykilþáttur.

Utan þéttbýlisstaða eru minni einkaveitur fyrir stök býli.

Fjallað er um vatnsverndarsvæði í kafla 5, um vatn, loft og hljóð.

Vatnsleiðslur sem eru 10 km eða lengri og eru grafnar í jörðu eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins eigi kost á nægu ómenguðu, heilnæmu vatni til neyslu eða annarra nytja
- Fyrirtæki í matvælaiðnaði eða iðnaði, þar sem gæði vatns eru mikilvæg, eigi kost á nægu ómenguðu vatni til framleiðslunnar
- Gæðum einstakra vatnsbóla verði ekki spillt með framkvæmdum eða annarri umgengni

Lögð skal áhersla á það að viðhalda eða auka gæði þess neysluvatns sem afhent er í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir nýtingu á fleiri lindum í Ausudal og endurnýjun á stofnlögn frá borholum í Hvammsdal til Þingeyrar. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í almenna uppbyggingu á veitum utan þéttbýlis.

Til að fyrirtæki, sem þurfa hágæða vatn í framleiðslu sína, geti fengið nægt ómengað vatn er gert ráð fyrir því að leggja nýja vatnslögn frá jarðgöngum í Tungudal að Suðurtanga, um Pollinn. Lengd lagnar er að hámarki 5,5 km og er framkvæmdin því ekki tilkynningarskyld vegna mats á umhverfisáhrifum.

Mikilvægt er að allar vatnslagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

11.2.2 Hitaveita

Heimili í Ísafjarðarbæ eru að stærstum hluta hituð með raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, olía er aðeins notuð í um 3% af orkunotkun til húshitunar. Orkubú Vestfjarða notar þó olíukyndingu í stöð sinni í Mjósundum þegar rafmagnslaust er. Fjarvarmaveitur Orkubús Vestfjarða þjóna Holtahverfi, Suðureyri og Flateyri. Á þessum stöðum er þó hægt að nota olíu til húshitunar í rafmagnsleysi. Heimili í Holtahverfi eru að stórum hluta hituð upp með orku frá Sorpbrennslunni Funa og á Suðureyri fæst um sjötti hluti kyndingar með heitu vatni úr borholu. Unnið hefur verið að borun eftir heitu vatni í Tungudal í Skutulsfirði en ekki hefur þótt hagkvæmt að nýta það til húshitunar á Ísafirði.

Nánar er fjallað um virkjanir og jarðhita í kafla 8.7 um iðnaðar- og hafnasvæði.

Flutningskerfi fyrir heitt vatn sem er 10 km eða lengra er tilkynningaskylt til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Stefna

Markmið

- Áhersla lögð á endurnýjanlega orkugjafa til húshitunar
- Tryggja að veitulagnir spilli ekki verðmætum náttúrusvæðum og að frágangur þeirra verði til fyrirmyndar

Stefnt er að auknu hlutfalli jarðhita til upphitunar húsa í Ísafjarðarbæ og er frekari leit að jarðhitavatni æskileg og til hagsbóta fyrir íbúa ef heitt og nýtanlegt vatn finnst. Jafnframt er möguleiki á því að auka hlutfall sorpbrennslunnar Funa í upphitun húsa. Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á hitalögnum í sveitarfélaginu, þar sem ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn. Í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði kemur fram að gert er ráð fyrir frekari jarðhitaleit. Finnist vatnið er líklegt að leggja þurfi nýja lögn að veitustöð. Mikilvægt er að lögnin falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst sjáist af ummerkjum á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

11.2.3 Fráveita

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hefur það markmið að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps, en einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð og tilteknum atvinnurekstri.

Frá íbúðabyggð berast lífræn efni, næringarefni og gerlar. Frá iðnaði berast auk þess ýmis önnur efni, s.s. olíuefni, þungmálmar og þrávirk lífræn efni. Mengunaráhrif skólps eru mjög háð hæfni viðtakans til að þynna eða eyða þeirri mengun sem berst í hann.

Skv. skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um skólpmengun, reyndist mengun í viðtaki skólps á svæðinu, almennt vera innan viðmiðunarmarka fyrir útivistarsvæði, en þau mörk eru strangari en mörkin fyrir

baðstrendur landa í Evrópusambandinu. Nánast allur iðnaður á svæðinu er matvælaiðnaður, þannig að um mjög takmarkaða efnamengun er að ræða. Um 90% af lífrænum efnum í skólpi reyndist vera frá iðnaði og aðeins 10% frá heimilum. Í Skutulsfirði var þó hlutfall lífrænna efna frá heimilum 20%. Niðurstöður framkvæmdaáætlunar um varnir gegn mengun sjávar sýna einnig að hafið umhverfis Ísland er góður viðtaki og að með hreinsun má halda skólpmengun í lágmarki.

Tvöfalt fráveitukerfi er í öllum nýjum hverfum bæjarins en einfalt kerfi er í gömlum hverfum. Rotþró er fyrir Holtahverfi og Seljalandshverfi. Eitthvað af klóaki fer enn í Tunguá og í Pollinn í Skutulsfirði. Árið 2008 var lokið við framkvæmdir á tvöföldu fráveitukerfi norðan Sólgötu.

Stefna

Markmið

- Fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög og reglugerðir
- Mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki
- Mengun í ám og stöðuvötnum vegna skólps verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi

Áhersla skal lögð á góðar mengunarvarnir fyrir skólp frá iðnaði á svæðinu en með því næst viðunandi takmörkun á losun lífræns úrgangs í hafið. Hreinsun heimilisskólps skal miðast við grófhreinsun rusls sem veldur sjónmengun. Skólp skal leitt út í sjó þar sem viðtakinn ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Stefnt skal að tvöföldu fráveitukerfi í öllum hverfum sveitarfélagsins.

Lögð er áhersla á það að skólpmengun hindri ekki möguleika hafna og strandsvæða til að hljóta Bláfánann, sbr. kafla 12.7 um hafnir.

Í Skutulsfirði skal allt skólp frá Eyrinni leitt út fyrir hana en fráveita fyrir Miðtún, Sætún, Stakkanes og næsta nágrenni verður áfram leidd í Pollinn. Útrás fráveitu í innanverðum Skutulsfirði, sem er að mestu leyti frá íbúðarbyggð, verður einnig leidd út í Pollinn.

Gera skal úttekt á fráveitumálum í dreifbýlinu eins fljótt og kostur er og í framhaldinu áætlun um fyrirkomulag rotþróa. Gert er ráð fyrir því að öll frístundahús og heimili í dreifbýli sem eru í vegasambandi, en ekki með fráveitukerfi, verði tengd viðurkenndri rotþró. Á öðrum svæðum, s.s. norðan Djúps, verður að gera ráð fyrir því að ekki sé hægt að ráðast í framkvæmdir til að uppfylla þessar kröfur, vegna lélegs aðgengis og umhverfisrasks sem myndi fylgja slíkum framkvæmdum. Vegna takmarkaðrar notkunar á frístundahúsum norðan Djúps er gert ráð fyrir því að landeigendur, í samráði við Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun, hreinsi rotþrær á 10 ára fresti. Nánar verður fjallað um þetta í fyrrnefndri áætlun.

11.2.4 Rafveita

Tengivirki (aðveitustöðvar) eru í Mjólká, í Breiðadal og á Ísafirði, sjá kafla 8.7 iðnaðar- og athafnasvæði. Sex flutningslínur liggja um sveitarfélagið.

Nánast allt rafmagn sem afhent er í sveitarfélaginu er frá endurnýjanlegum orkugjöfum, aðeins um 0,5% fást með brennslu olíu. Um 60% orkunnar eru framleidd innan Vestfjarða. Hlutfall orku frá bændavirkjunum hefur aukist verulega síðustu ár og er nú um 9% af heildarorkuafhendingu Orkubús Vestfjarða.

Áreiðanleiki raforkuafhendingar er lægstur á Vestfjörðum af öllu landinu. Veðurskilyrði eru slæm og línur oft í töluverðri fjarlægð frá byggð og því vara truflanir oft lengi. Þetta á sérstaklega við um Mjólkárlínu 1 en hún hefur um áttfalda bilanatíðni á við meðallínu í flutningskerfi landsins. Erfiðasti kafli Breiðadalslínu liggur á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Bolungarvíkurlína 1 er með óáreiðanlegustu loftlínum í öllu flutningskerfinu.

Ljósavélar eru á Ísafirði, Þingeyri, Suðureyri og Flateyri. Keyra þarf þessar varaaflsstöðvar á meðan viðgerðir standa yfir, en gera má ráð fyrir því að algjört rafmagnsleysi vari í allt að eina klst. Slíkt hefur í för með sér verulegan samfélagslegan kostnað. Þetta hefur talsverð neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi

Tungudalsvirkjun (ÁA).

fyrirtækja sem og mikil óþægindi fyrir einstaklinga. Ljóst er að óbreytt ástand hefur veruleg áhrif á möguleika til uppbyggingar atvinnulífs og nýsköpunar.

Landsnet og Orkubú Vestfjarða vinna nú að bættu afhendingaröryggi raforku til notenda á Vestfjörðum og hefur varnarbúnaður 66 kV lína nýlega verið endurnýjaður. Í Raforkuspá 2008-2030 er búist við því að raforkunotkun á Vestfjörðum muni aukast um 6,4% til ársins 2020. Spáin miðast við þá þróun sem hefur verið undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir nýjum atvinnuvegum eða verulegri fjölgun íbúa hér. Með álagi umfram raforkuspá minnkar afhendingaröryggi enn frekar og straumleysistímum fjölgar.

Um virkjanir er fjallað í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Það á einnig við um sæstrengi sem eru með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.

Flutningskerfi raforku með jarðstrengjum sem eru 10 km eða lengri og utan þéttbýlis, sæstrengir, sem og flutningur raforku með loftlínunum um verndarsvæði, eru tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Stefna

Markmið

— Bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi
— Hægt verði að mæta aukinni orkuþörf

— Bæta eyjarekstur og samnýta varaafl á svæðinu
— Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst
— Stuðlað verði að aukinni orkunýtni
— Lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af nýlagningu lína

Algjört forgangsatriði er að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu. Þetta á einnig við um nágrannasveitarfélög sem tengjast inn á tengivirki í Mjólká. Mikilvægt er að styrkja flutningskerfið til Vestfjarða að Mjólká. Nokkrir möguleikar hafa verið skoðaðir en ekki liggja fyrir allar tæknilegar forsendur til að hægt sé að meta áhrif þeirra. Línan liggur jafnframt í gegnum fleiri sveitarfélög og er því um samvinnuverkefni að ræða. Leiðirnar sem helst hafa verið skoðaðar eru:

- Að leggja erfiða kafla í jarðstreng og nýta loftlínuna sem varaleið
- Að leggja nýja línu frá Mjólká að Hjarðarnesi í Vesturbyggð og þaðan í sæstreng að Stykkishólmi. Þetta myndi einnig bæta afhendingaröryggi á Snæfellsnesi
- Að leggja nýja línu frá Mjólká að Skálmarnesmúla í A-Barðastrandasýslu og þaðan í sæstreng að Stykkishólmi. Þetta myndi einnig bæta afhendingaröryggi á Snæfellsnesi
- Að tvöfalda línuna á milli Mjólkár og Geiradals í A-Barðastrandasýslu

Aðalskipulagið tekur ekki afstöðu til þess hvaða leið er farin en leggur áherslu á það að úrbætur verði gerðar, enda er það forsenda jákvæðrar byggðaþróunar. Ný línuleið innan sveitarfélagsins er þó háð breytingu á aðalskipulagi þessu og umhverfismati eins og lög gera ráð fyrir. Leggja skal áherslu á það að velja bestu leiðina með tilliti til afhendingaröryggis en jafnframt hlífa umhverfi við neikvæðum áhrifum. Sérstaklega skal litið til þess að mikið er um verðmæt náttúrusvæði á leiðinni, s.s. Dynjandi, Geirþjófsfjörður, Vatnsfjörður og Breiðafjörður.

Stefnt skal að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem það er kostur. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Æskilegt er að línur liggi meðfram vegum þar sem landi er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Helgunarsvæði jarðstrengja eru ekki eins vel skilgreind en hvorki má grafa né byggja í minna en hálfs metra fjarlægð sitt hvoru megin við ysta streng. Þetta fer þó eftir aðstæðum hverju sinni. Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínum, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Jafnframt skal forðast að háspennulínur og vegir þveri hvort annað. Tryggja skal aðgengi að línum í lofti og jörð og möstrum eins og kostur er til að hægt sé að sinna viðhaldi.

Gert er ráð fyrir því að raflínur verði lagðar í jarðstreng um fyrirhuguð jarðgöng á svæðinu. Bolungarvíkurlína 2 skal lögð í jarðstreng í gegnum Bolungarvíkurgöng og með því minnkar álagið á Bolungarvíkurlínu 1. Jafnframt verður möguleiki á því að reka flutningskerfið sem tengir Ísafjörð, Breiðadal og Bolungarvík í hringtengingu og auka þannig afhendingaröryggi á þessum stöðum. Breiðadalslína skal lögð í jarðstreng í veggöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Með því verður erfiðasti hluti núverandi loftlínu lagður af og afhendingaröryggi til norðanverðra Vestfjarða eykst verulega. Nýr jarðstrengur að göngum mun liggja um svæði sem er á náttúruminjaskrá. Jarðstrengirnir skulu liggja meðfram vegum þar sem kostur er.

Hugmyndir eru um það að virkja Hvalá í Ófeigsfirði í Árneshreppi (utan skipulagssvæðisins). Til þess að nýta orkuna er gert ráð fyrir því að leggja 66 kV jarðstreng/sæstreng um Ísafjarðardjúp í tengistöðina á Ísafirði, komi til þessarar framkvæmdar. Langstærstur hluti línunnar mun liggja utan sveitarfélagsins.

Tafla 11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur.

Lína	Ákvæði
Mjólkárlína 1 132 kV flutningslína sem tengir Mjólkárvirkjun við net Landsvirkjunar. Lengd línu er 81 km (stærstur hluti utan sveitarfélagsins). Liggur frá Mjólká að Geiradal í Reykhólahreppi.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jörðu þar sem kostur er. Tvöföldun línunnar til að auka afhendingaröryggi er heimil. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.
Breiðadalslína 1 66 kV flutningslína. Lengd 36,4 km. Liggur frá Mjólká að tengivirki í Breiðadal.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og almennt í jörðu þar sem kostur er. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.
Tálknafjarðarlína 1 66 kV flutningslína, lengd 45,1 km (stór hluti utan sveitarfélagsins). Liggur frá Mjólká að Tálknafirði og er eina flutningslínan á sunnanverðum Vest-fjörðum. **Varaleið** 33 kV dreifilína í eigu Orkubús Vestfjarða. Liggur frá Mjólká um Hrafnseyri og Þingeyri að tengivirki í Breiðadal. **Ísafjarðarlína 1** 66 kV flutningslína, lengd 14,7 km. Liggur frá Breiðadal að tengivirki á Ísafirði. **Bolungarvíkurlína 1** 66 kV flutningslína, lengd 17,1 km. Liggur frá Breiðadal að tengivirki í Bolungarvík. Afar há truflanatíðni.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jörðu þar sem kostur er. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.

Tafla 11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur. Framhald.

Lína	Ákvæði
Bolungarvíkurlína 2 66 kV flutningslína, lengd 16,5 km. Liggur frá Ísafirði að tengivirki í Bolungarvík. Línan er með elstu línum í flutningskerfinu og er því ekki í daglegum rekstri.	Núverandi loftlína skal fjarlægð og nýr jarðstrengur lagður í Bolungarvíkurgöng. Leitast skal við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af niðurrifi og nýlagningu utan ganga. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.

11.2.5 Fjarskipti

Góðar fjarskiptatengingar eru mikilvægar fyrir eflingu svæðisins og í raun ein af grunnforsendum í uppbyggingu samfélagsins. Gott aðgengi að fjarskiptum er mikilvægt fyrir íbúa en hefur ekki síður mikil áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja.

Fjarskiptasamband á Vestfjörðum hefur verið lakara en á mörgum öðrum landsvæðum. GSM-samband hefur verið stopult og afhendingaröryggi nettenginga verið óviðunandi. Líklegt er að þetta hafi haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu sveitarfélagsins gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og möguleikum til menntunar. Farsímasamband á svæðinu norðan Djúps er mjög stopult.

Árið 2008 hefur þó verið unnið talsvert í því að auka útbreiðslusvæði GSM-senda, þannig að samband er nú við alla byggð og stofnvegi. Stjórnvöld eru einnig að vinna að uppbyggingu háhraðatenginga.

Tafla 11.4. Fjarskiptamöstur í Ísafjarðarbæ, m.a. GSM sendar, útvarps og sjónvarpssendar og endurvarpar björgunarsveita og Ferðaklúbbsins 4x4. Listinn er ekki tæmandi, m.a. eru sendar í þéttbýli sem ekki eru taldir upp hér.

Tjaldanes, Arnarfirði	Bæir, Snæfjallaströnd	Klofningsdalur
Arnarnes, Skutulsfirði	Holt	Mjólkárvirkjun
Botnsheiði	Kleif, Súgandafirði	Kleif, Súgandafirði
Þverfjall	Höfðaoddi, Dýrafirði	Fannálagarfjall, Hornströndum
Straumnesfjall	Tjaldanesfell, Arnarfirði	Hrolleifsborg, Drangajökli
Dynjandisheiði	Engidalur	
Ingjaldssandur	Hnífsdalur	

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi öruggan aðgang að fjarskiptum
- Öll heimili í sveitarfélaginu geti tengst háhraðaneti og notið þeirra möguleika sem boðið er upp á með slíkri tengingu
- Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti
- Fyrirtæki í öllu sveitarfélaginu geti treyst á örugga gagnaflutninga um háhraða nettengingu

Lögð skal áhersla á það að öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu verði tengd háhraðaneti sem fyrst. Til að tryggja örugga gagnaflutninga er mikilvægt að ljósleiðarinn verði hringtengdur um Vestfirði og að bandvídd verði í samræmi við þróunarmöguleika svæðisins. Við

uppbyggingu fjarskipta á svæðinu skal miða við það að þjónusta verði til jafns við það sem best gerist á landinu.

Þegar veituframkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á því að leggja ljósleiðara samhliða þeim. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

Við uppsetningu fjarskiptamastra skal hugað að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.

12 SAMGÖNGUR

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla er fjallað í lögum um loftferðir nr. 60/1998 m.s.br. og reglum um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna er fjallað í hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð nr. 1190/2005 fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum, s.s. þjóðvegum og höfnum, svo og helstu umferðaræðum og tengingum við þær. Einnig skal gera grein fyrir flugvöllum og áhrifasvæðum þeirra, sbr. ákvæði laga um loftferðir og skipulagsreglur settar á grundvelli þeirra fyrir viðkomandi flugvelli. Gera skal grein fyrir umferð um helstu vegi og önnur helstu samgöngumannvirki við skipulagsgerð og áætlaðri þróun umferðar á skipulagstímabilinu.

Í aðalskipulagi skal, eins og kostur er, leggja mat á hávaða- og loftmengun frá umferð um helstu samgöngumannvirki, miðað við umferð við skipulagsgerð og áætlaða umferð á skipulagstímabilinu og fjarlægð og tilhögun nærliggjandi byggðar skipulögð með tilliti til þess.

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum. Einnig skal gera grein fyrir gömlum þjóðbrautum og göngu-, hjólreiða- og reiðstígum, sem eru þegar til staðar eða fyrirhugaðir. Á þéttbýlisuppdrætti skal gera grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum.

Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Markmið

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum. Mikilvægt er að samgöngubótum verði flýtt til að auka samkeppnishæfni svæðisins
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta
- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- Auka áreiðanleika flugsamgangna
- Koma upp millilandaflugvelli innan sveitarfélagsins til að auka tækifæri í atvinnumálum, s.s. ferðaþjónustu, iðnaði og auka möguleika á þjónustu við Austur-Grænland
- Auka vægi vöruflutninga á sjó
- Bæta tollafgreiðslu í sveitarfélaginu
- Efla almenningssamgöngur
- Á svæðinu norðan Djúps verði samgöngur fyrst og fremst sjóleiðis og nýir vegir ekki lagðir utan landbúnaðarsvæða

- Innan þéttbýlissvæða verði áhersla lögð á það að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum
- Komið verði upp neti reiðleiða sem tryggi öryggi hestaumferðar innan sveitarfélagsins og tengist reiðleiðum nágrannasveitarfélaganna

12.1 Þróun samgangna

Í dag eru ekki heilsárssamgöngur á milli fjölmennustu sveitarfélaganna á Vestfjörðum, þ.e. Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar. Samgöngur að sumri eru heldur ekki viðunandi og hefur þetta leitt til minnkandi samskipta á milli svæðanna. Að sama skapi hafa samskipti út fyrir landshlutann aukist vegna bættra samgangna þar.

Vegur á milli Ísafjarðar og Súðavíkur er góður en öryggi er ekki viðunandi yfir vetrarmánuðina vegna ofanflóðahættu, bæði á Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð.

Unnið er að gerð ganga á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur og er áætlað að þau opni árið 2010. Vegurinn um Óshlíð hefur verið ótryggur og farartálmi í augum margra. Ný göng munu geta aukið samskipti á milli sveitarfélaganna og samkeppnisstöðu svæðisins.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að styttingu leiða á milli Ísafjarðar og höfuðborgarsvæðisins um Djúpveg. Stór hluti leiðarinnar hefur verið bættur og með þverun Mjóafjarðar og opnun Arnkötluleiðar verður öll leiðin með bundnu slitlagi. Leiðin á milli Ísafjarðar og höfuðborgarinnar verður þá 454 km í stað 496 km, líklega strax árið 2009.

Nokkuð hefur verið unnið í styttingu leiðarinnar um Vestfjarðaveg með göngum undir Breiðadals- og Botnsheiði árið 1996 og endurbótum í A-Barðastrandasýslu. Að vetri til nýtast þessar endurbætur leiðarinnar einungis sem stytting leiða innan sveitarfélagsins, þar til opnaður verður heilsársvegur á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða.

Samgöngur innan Ísafjarðarbæjar, sunnan Djúps, eru að mestu um Djúpveg og Vestfjarðaveg, auk annarra vega sem tengja þéttbýli og sveitir við þessa vegi. Samgöngur inn á svæðið norðan Djúps eru fyrst og fremst á sjó en einnig með flugi, ef undan er skilinn austasti hluti Snæfjallastrandar. Flutningar og samgöngur eru erfiðar vegna einangrunar. Þetta leiðir til óþæginda og óöryggis á svæðinu en jafnframt hefur þessi staða leitt til verndar náttúru og búsetuminja á svæðinu. Einangrunin hefur þannig skapað þá sérstöðu sem er til staðar og er stór hluti af upplifun þeirra sem sækja svæðið. Sjá einnig kafla 4 um lífríki og landslag.

Daglegt áætlunarflug er á milli höfuðborgarsvæðisins og Ísafjarðar en varaflugvöllur er á Þingeyri. Ekki er aðstaða til næturflugs nema í neyðartilvikum. Aðstaða fyrir millilandaflug er ekki lengur til staðar vegna breytinga í reglum um millilandaflug.

Flutningar á sjó hafa að mestu lagst af og er því nánast allur varningur fluttur landleiðina.

Strætisvagnaferðir eru á milli þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu.

Stefna

Góðar og öruggar samgöngur skipta sköpum fyrir þróun sveitarfélagsins. Bættar samgöngur munu efla ferðaþjónustu, renna styrkari stoðum undir aðrar atvinnugreinar og bæta þannig almenn búsetuskilyrði. Aukinn samgangur á milli svæða kallar á aukna þjónustu og eykur þannig þróunarmöguleika atvinnulífsins í sveitarfélaginu. Ísafjörður er skilgreindur sem einn af fjórum byggðakjörnum landsins en erfitt er að sinna því hlutverki án öflugra samgangna. Sérstök áhersla er því lögð á það að tengja saman byggðir á Vestfjörðum og bæta samgöngur til annarra landshluta sem og annarra landa.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á langtímalausnir í samgöngumálum. Aðalskipulag þetta styður þá stefnu og leggur áherslu á það að jarðgöng leysi af hólmi vegi sem ekki uppfylla kröfur um öryggi og áreiðanleika. Jafnframt er lögð

áhersla á það að flugsamgöngur verði bættar. Það er einnig mikilvægt að íbúar hafi val um samgöngumáta og er því lögð áhersla á almenningssamgöngur og net göngu-, hjóla- og reiðleiða.

Bættar samgöngur hafa jákvæð áhrif á vöruflutninga til og frá sveitarfélaginu. Þó er mikilvægt að koma á vöruflutningum á sjó til að bæta samkeppnisstöðu svæðisins og minnka álag á vegakerfið.11

12.2 Göngu- og hjólaleiðir

Landslag í sveitarfélaginu er fjölbreytt enda er sveitarfélagið víðfeðmt. Svæðið norðan Djúps er vinsælt gönguland, einkum nyrðri hluti friðlandsins. Skaginn á milli Arnar- og Dýrafjarðar er einnig vinsælt gönguland, en þar eru jafnframt áhugaverðar hjólaleiðir. Þar er m.a. Kaldbakur sem er hæsta fjall Vestfjarða, 998 m h.y.s. og vinsælt til göngu. Fjölda gamalla bæjarleiða er að finna á svæðinu sem nú eru notaðar sem gönguleiðir.

Í öðrum þéttbýlisstöðum og nágrenni þeirra eru göngu- og hjólaleiðir ósamfelldar. Gönguleiðir hafa verið gerðar í tengslum við snjóflóðagarða á Flateyri og við Seljaland. Göngu- og hjólaleið er á milli Eyrarinnar á Ísafirði og Holtahverfis. Leiðin er mikið notuð af börnum og fullorðnum enda er hún raunhæfur valkostur við aðra ferðamáta. Mikil þörf er á öruggri göngu- og hjólaleið á milli Hnífsdals og Eyrarinnar, þar sem hröð umferð er um þessa leið og börn í Hnífsdal sækja skóla og æfingar á Eyrinni. Búast má við að umferðarþungi aukist á þessari leið með tilkomu jarðganga til Bolungarvíkur.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar í þéttbýli hafi greiðan aðgang að öruggum gönguleiðum
- Tengja saman einstök hverfi með öruggu stígakerfi sem gegni hlutverki samgangna, auk útivistar
- Fyrirkomulag gönguleiða hvetji íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu
- Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi

Gott aðgengi að göngu- og hjólaleiðum er mikilvægur þáttur í því að efla lýðheilsu. Göngu- og hjólastígakerfi sem tengir saman hverfin hvetur almenning til aukinnar hreyfingar og útivistar. Stígakerfið á einnig að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir og geta þannig stuðlað að heilnæmara umhverfi. Það er því lögð áhersla á mynda net göngu- og hjólaleiða í og við þéttbýlisstaðina sem jafnframt tengir þá saman, þar sem það á við.

Áhersla er lögð á það að megingönguleiðir verði færar öllum íbúum, allt árið og ávallt verði leitast við að hafa aðgengi fyrir alla, þar sem því verður við komið. Við stíga skal tryggja að útigögn, s.s. bekkir og sorpílát, verði með hæfilegu millibili, þannig að svæðin nýtist öllum. Mikilvægt er að göngu- og hjólaleiðir verði lagðar þannig að jákvæð áhrif frá umhverfinu nýtist sem best en að neikvæð áhrif, eins og frá bílaumferð, verði lágmörkuð. Áhersla skal einnig lögð á það að leita öruggra lausna þar sem göngu- og hjólaleiðir þvera stærri umferðargötur. Forgangsatriði er að leggja örugga göngu- og hjólaleið á milli Hnífsdals og Ísafjarðar og ljúka við að tengja saman hverfin í Skutulsfirði. Einnig er mikilvægt að gerð verði undirgöng undir Vestfjarðaveg á milli Holta- og Tunguhverfis til að tryggja örugga tengingu á milli þessara hverfa.

Göngustígar í nágrenni þéttbýlisstaðanna skulu tengjast íbúðarsvæðum og miðbæjum og mynda hringtengingu úti í náttúrunni. Leggja skal áherslu á aðgengi að fjörum og strandsvæðum, t.d. með lagningu göngustíga meðfram sjónum og áningarstöðum við fjöruna.

Sjá einnig kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir.

Göngufólki á svæðinu norðan Djúps skal stýrt inn á þær leiðir sem notaðar voru á síðustu öld, þ.e. bæjarleiðir og eru skilgreindar á uppdrætti. Einungis er gert ráð fyrir lágmarksviðhaldi á gönguleiðum á þessu svæði.

Almennt skal nýta gamlar bæjarleiðir sem gönguleiðir á öðrum svæðum sveitarfélagsins. Helstu gönguleiðir eru sýndar á meðfylgjandi skipulagsuppdráttum en staðsetning þeirra er ekki nákvæm, sérstaklega ekki í dreifbýli. Þar sem þær eru samhliða vegi er ekki tekin afstaða til þess hvoru megin við veginn þær liggja, þó svo þær séu sýndar á uppdrætti. Nákvæm lega og útfærsla verður ákvörðuð í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Mikilvægt er að bygging gönguleiða miðist við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferðarmagn. Á fáförnum útivistarleiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir en þó þannig að aðgengi allra verði haft í huga. Fjöldi gönguleiða liggur innan hverfisverndarsvæða og ber að taka mið af ákvæðum þeirra við framkvæmdir og viðhald, sjá nánar í kafla 4.1.2 um hverfisvernd í dreifbýli og kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli.

12.3 **Reiðleiðir**

Hestamennska er vaxandi íþróttagrein í sveitarfélaginu eins og annars staðar á Íslandi. Reiðleiðir hafa verið lagðar í nágrenni þéttbýlis og hesthúsa í Engidal og að Söndum. Einnig er riðið um fornar bæjarleiðir á afskekktari svæðum. Innan friðlandsins er umferð hesta bönnuð, sbr. auglýsingu um friðlandið. Hestaumferð á svæðinu norðan Djúps er ekki mikil utan landbúnaðarsvæða, en þó er farið í skipulegar hópferðir með Snæfjallaströndinni um Jökulfirði og suður fyrir Reykjarfjörð.

Stefna

Markmið

- Fjölga reiðleiðum í námunda við hesthúsahverfin og tengja þær áhugaverðum stöðum
- Leggja net reiðleiða á milli þéttbýlisstaða og til nágrannasveitarfélaga
- Bæta og auka öryggi á reiðleiðum
- Hlífa viðkvæmum svæðum við hestaumferð

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir reiðleiðum á milli þéttbýlisstaðanna en þær eru sýndar á meðfylgjandi skipulagsuppdráttum. Í þeim tilvikum sem reiðleiðir liggja samsíða þjóðvegi skal þess gætt að þær liggi ekki of nálægt vegum heldur sveigi frá þeim þar sem færi gefst. Jafnframt skal forðast þveranir yfir fjölfarna þjóðvegi og bæjargötur. Lögð er áhersla á það að nýta aflagða vegi sem reiðleiðir, þar sem það er mögulegt og skarast ekki við önnur not. Staðsetning reiðleiða á skipulagsuppdráttunum er ekki nákvæm, sérstaklega ekki í dreifbýli. Þar sem þær eru samhliða vegi er ekki tekin afstaða til þess hvoru megin við veginn þær liggja, þó svo þær séu sýndar á uppdrætti. Nákvæm lega og útfærsla verður ákvörðuð í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Mikilvægt er að bygging reiðleiða miðist við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferðarmagn. Á fáförnum leiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir. Fjöldi reiðleiða liggur innan hverfisverndarsvæða og ber að taka mið af ákvæðum þeirra við framkvæmdir og viðhald, sbr. kafla 4.1.1 um hverfisvernd í dreifbýli og 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli.

Mikilvægt er að bæta og fjölga áningarstöðum á reiðleiðum. Áningarstaði skal staðsetja þar sem umhverfið, náttúra og samfélag, þolir vel álag og hlífa sérstaklega viðkvæmum gróðri. Áningarstaðir eru ekki sýndir á uppdrætti.

Innan friðlands er umferð hesta bönnuð. Á hverfisverndarsvæðum í dreifbýli verður umferð hesta leyfð á landbúnaðarsvæðum og merktum reiðleiðum, sem skilgreindar eru á

skipulagsuppdrætti. Að öðru leyti gilda ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 528 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

12.4 Gatnakerfi í þéttbýli

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur. Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli. Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu. Á þéttbýlisuppdrætti eru húsagötur sýndar til skýringar og er framsetningin því ekki bindandi.

Í breytingu sem gerð var á Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, vegna jarðganga til Bolungarvíkur, er gert ráð fyrir breytingum á gatnakerfi í Hnífsdal, þannig að Djúpvegur færist út fyrir þéttbýlið. Unnið er að framkvæmd þessara breytinga.

Stofnbraut að hafnar- og iðnaðarsvæðum Ísafjarðar liggur nú utan við miðbæinn með tilkomu Pollgötu. Hringtorg deilir umferð af Skutulsfjarðarbraut um Eyrina. Um Hrannargötu og Sólgötu liggur stofnbrautin sem þverar Eyrina. Göturnar eru í íbúðarbyggð og er nokkurt álag vegna umferðar þar, sérstaklega vegna hraðaksturs. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir því að stofnbrautin yrði lögð meðfram ströndinni utan við byggðina á Eyrinni, þ.e. utan við Fjarðarstræti og Sundstræti, en ekki í Pollgötu eins og framkvæmt var síðar.

Með tilkomu jarðganga á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals er talið að umferð muni aukast úr rúmum 600 bílum á dag í um 1000 bíla. Þetta mun leiða til aukningar á umferð um Djúpveg í Skutulsfirði, þ.m.t. Hrannargötu og Sólgötu.

Á Suðureyri liggur tengibraut að iðnaðar- og athafnasvæði utan miðbæjarins um þröng gatnamót Eyrargötu og Aðalgötu. Erfitt er fyrir stærri farartæki að komast um gatnamótin en gert er ráð fyrir stækkun svæðisins, sbr. kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka þess, eru metnir þrír valkostir m.t.t. aksturs í gegnum Eyrina í Skutulsfirði:

- Að stofnbrautin verði áfram um Sólgötu og Hrannargötu og verði haldið við með sama hætti og gert hefur verið
- Að stofnbrautin verði áfram um Sólgötu og Hrannargötu en að umferðahraði verði minnkaður með tryggum hætti, s.s. að götunum verði breytt í vistgötur
- Að færa stofnbrautina á fyllingu utan við Fjarðarstræti og Sundstræti og tengjast þaðan Pollgötu um Sindragötu í samræmi við gildandi aðalskipulag

Skv. niðurstöðum umhverfismatsins er heppilegast að stofnbrautin verði áfram um Sólgötu og Hrannargötu með tilheyrandi mótvægisaðgerðum. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.1 í umhverfismatinu í viðauka.

Stefna

Markmið

— Tryggja ásættanlegt gatnakerfi fyrir íbúa og aðra notendur
— Tryggja örugga aksturleið um Eyrina á Ísafirði
— Lágmarka neikvæð áhrif umferðar á byggð
— Tryggja að umferð og götur skerði sem minnst útivistarsvæði og náttúru
— Gatnakerfi í eldri byggðum samræmist yfirbragði hverfisins

Á Ísafirði er ekki gert ráð fyrir sérstökum breytingum á gatnakerfinu frá því sem framkvæmt hefur verið. Fallið er frá áætlun gildandi aðalskipulags um það að færa stofnbrautina út fyrir Fjarðarstræti og Sundstræti, þar sem sú áætlun færir einungis vandann og eykur álagið á fleiri aðila, sbr. umhverfismatsskýrslu í viðauka. Auk þess leysir Pollgata að hluta þann vanda sem veginum var ætlað að leysa. Þess í stað er lagt til að gerðar verði ráðstafanir sem takmarka umferðarhraða um Sólgötu og Hrannargötu, t.d. með gerð vistgatna. Tryggja verður að aðgerðir til lækkunar umferðarhraða hafi raunveruleg áhrif. Ekki dugar að setja upp staka hraðahindrun, lausnin þarf að vera samþætting mismunandi aðgerða sem hafa bein áhrif á umferðarhraða. Aðgerðirnar þurfa einnig að ná yfir stærra svæði en Sólgötu og Hrannargötu, auk þess að tryggja að umferð færist ekki yfir á aðrar götur, s.s. Túngötu. Mikilvægt er að þessar aðgerðir taki til svæðis sem nær frá Hnífsdalsvegi 13 og inn fyrir Túngötu annars vegar og hins vegar frá beygju við Eyrargötu 2 að hringtorgi um Sólgötu og Hrannargötu. Lögð er áhersla á það að við hönnun hraðatakmarkana verði tekið mið af yfirbragði byggðarinnar og ákvæðum hverfisverndar á þeim svæðum sem njóta hverfisverndar.

Gert er ráð fyrir nýju hverfi á Suðurtanga á Ísafirði. Svæðið skiptist eftir endilöngum tanganum og verður aðalleiðin inn á svæðið um Pollgötu. Á austurhluta tangans er gert ráð fyrir hafnarsvæði og iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir því að aðkoma að þessu svæði verði um Njarðarsund og Sundabakka. Á vesturhluta tangans er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, safnasvæði og útivistarsvæði. Aðkoma að þessu svæði verður um Suðurgötu. Ásgeirsgata, sem er sérstyrkt fyrir þungaflutninga, liggur þvert yfir tangann og tengir hafnarsvæðin saman.

Á Suðureyri er gert ráð fyrir því að lengja Eyrargötu, þannig að hún liggi meðfram sjónum að iðnaðar- og athafnasvæði utan miðbæjarins. Tengibrautin mun þannig færast af vesturenda Aðalgötu og niður fyrir þrjú hús sem standa við götuna. Sjóvarnargarður er neðan þessara húsa og er því ekki um ósnortna fjöru að ræða. Vesturendi Aðalgötu breytist í botnlanga.

Á Flateyri, Þingeyri og í Hnífsdal er ekki gert ráð fyrir breytingum á gatnakerfum miðað við gildandi skipulag.

12.5 **Vegir og jarðgöng**

Stofnvegir eru aðalumferðavegir um sveitarfélagið og tengja saman byggðir landsins. Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem tengjast stofnvegi. Héraðsvegir liggja að einstökum býlum, stofnunum o.fl. slíkum stöðum utan þéttbýlis. Landsvegir eru vegir yfir heiðar og að eyðilendum, þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir heilsársumferð. Héraðs- og landsvegir eru í skipulagi þessu kallaðir aðrir vegir.

Tvenn jarðgöng eru í notkun í sveitarfélaginu og unnið er að gerð þeirra þriðju. Í skýrslu samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga er lagt til að a.m.k. ein göng verði í framkvæmd á Vestfjörðum hverju sinni. Í undirbúningi eru jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að gerð ganga til Súðavíkur og ganga undir Dynjandisheiði og að þessi göng verði opnuð fyrir lok skipulagstímabilsins. Jarðgöng til Súðavíkur eru sýnd á uppdrætti en nákvæm lega þeirra er háð ýmsum forsendum sem liggja ekki fyrir í dag.

Í töflu 12.2 eru sýndar umferðartölur fyrir árin 1995, 2000 og 2006 fyrir valda staði innan sveitarfélagsins. Sýndar eru tölur yfir meðaltalsumferð á dag yfir allt árið (ÁDU), meðaltalsumferð á dag yfir sumarið (SDU) og meðaltalsumferð á dag yfir veturinn (VDU).

Í langflestum tilvikum hefur umferð aukist á síðasta áratug. Göngin undir Breiðadals- og Botnsheiði voru opnuð árið 1996 og má greinilega sjá verulega aukningu á umferð um þessa leið eftir það. Umferð um Flateyrarlegg ganganna (áður sunnanverð Breiðadalsheiði) hefur aukist um tæp 224% yfir allt árið og rúm 586% yfir vetrartímann, þar sem aukningin hefur verið mest. Umferð hefur aukist um 185% yfir árið í Ísafjarðarlegg ganganna og tæp 236% yfir vetrartímann á þessu tímabili.

Undantekning er Djúpvegur á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur en þar hefur umferð heldur dregist saman. Ástæðan kann að vera sú að fólki hefur fækkað og umsvif minnkað á þessu svæði. Einnig er líklegt að aukin vitundarvakning um þá hættu sem stafar af ofanflóðum á Óshlíð og jafnvel Eyrarhlíð valdi því að fólk veigri sér við að fara þessa leið að nauðsynjalausu.

Tafla 12.1. Umferðartölur í sveitarfélaginu.

		ÁDU			SDU			VDU		
		1995	2000	2006	1995	2000	2006	1995	2000	2006
Númer - vegheiti	Númer – vegkafli									
60 –Vest-fjarðavegur	37 - Sýslumörk á Dynjandisheiði	43	45	60	74	80	95	9	5	11
60 – Vest-fjarðavegur	39 - Hrafnseyrarheiði	57	53	71	104	122	144	21	7	13
60 – Vest-fjarðavegur	42 - Dýrafjarðarbrú	139	190	199	256	281	279	65	150	166
60 – Vest-fjarðavegur	46 - Flateyrarleggur Vestfjarðaganga *	194	425	434	387	582	568	59	306	346
65 – Súganda-fjarðarvegur	01 - Suðureyrarleggur Vestfjarðaganga *	124	236	251	244	322	319	51	171	208
60 – Vest-fjarðavegur	47 – Ísafjarðarleggur Vestfjarðaganga *	369	678	683	515	896	872	234	508	552
61 - Djúpvegur	39 - Kirkjubólshlíð	287	438	409	387	532	514	216	348	328
61 - Djúpvegur	41 – Skutulsfjarðarbr.	2559	3208	3110	3463	3891	3915	1932	2544	2494
61 - Djúpvegur	43 - Eyrarhlíð	1530	1984	1263	2072	2407	1590	1155	1573	974
61 - Djúpvegur	45 - Óshlíð	592	579	611	802	702	769	447	459	471
64 – Flateyrar-vegur	01 - Utan þéttbýlis	187	327	316	371	447	419	56	229	256
622 – Svalvoga-vegur	03 - Utan þéttbýlis að Flugvallarvegi	153	214	252	287	314	348	73	142	179
624 – Ingjalds-sandsvegur	01 - Að Núpi	63	86	102	115	129	143	31	54	67
635 - Snæfjalla-strandarvegur	04 - Að Unaðsdalskirkju	6	9	14	14	17	22	3	5	8

* Tölur fyrir árið 1995 eiga við um þann vegarhluta sem gangaleggurinn tók við af.

Ljóst er að bættar samgöngur hafa veruleg áhrif á daglegt líf fólks. Umferðatölurnar sýna að þörfin fyrir göngum undir Breiðadals- og Botnsheiði var til staðar. Í skoðanakönnun Gallup sumarið 1999 töldu tæplega níu af hverjum tíu íbúum norðanverðra Vestfjarða að göngin hefðu breytt mjög miklu fyrir heimabyggð sína. Það töldu einnig yfir 96% íbúa Suðureyrar og Flateyrar á meðan innan við eitt prósent taldi að göngin hefðu ekki breytt miklu fyrir heimabyggð sína. Svarhlutfall var 99,5%.

Bundið slitlag er nú á milli allra þéttbýlisstaða innan sveitarfélagsins og auk þess eru heilsárvegir með bundnu slitlagi til Bolungarvíkur og Súðavíkur. Öryggi á þessum leiðum er ábótavant vegna hættu á ofanflóðum. Unnið er að gerð ganga til Bolungarvíkur sem er áætlað að opni árið 2010. Einbreiðar brýr eru víða í sveitarfélaginu, þar af fjórar á stofnvegum.

Hálfrar aldar gamall malarvegur liggur frá Dýrafirði til Breiðafjarðar. Mjög lítil umferð er um veginn, þó hann tengi saman sunnan- og norðanverða Vestfirði, enda er hann aðeins fær yfir sumartímann og uppfyllir ekki kröfur um öryggi og áreiðanleika. Að sumri er vegalengdin á milli Þingeyrar og Patreksfjarðar 125 km. Að vetrinum, þegar Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði eru lokaðar, lengist leiðinni á milli staðanna

í 660 km. Frá Ísafirði, sem er einn af opinberum byggðakjörnum landsins, eru 173 km til Patreksfjarðar að sumri en 611 km að vetri, þ.e. talsvert lengra en til Reykjavíkur.

Malarvegir eru víðar í sveitarfélaginu, m.a. Ingjaldssandsvegur, Svalvogavegur, Önundarfjarðarvegur, Valþjófsdalsvegur og Snæfjallastrandavegur.

Þjóðvegur 635, Snæfjallastrandarvegur, liggur út að Tyrðilmýri. Hornstrandafriðland er án vegtengingar en stakir bútar vegslóða eru í vestanverðu friðlandinu og í sunnanverðum Jökulfjörðum. Þeim hefur verið lítið viðhaldið og eru lítið notaðir. Vélknúin farartæki eru á svæðinu, einkum fjórhjól en einnig nokkur vinnutæki og bílar. Innan friðlandsins hafa verið settar sérstakar umferðarreglur af sveitarfélaginu og Umhverfisstofnun. Lítil umferð vélknúinna farartækja er um Drangajökul vegna erfiðs aðgengis.

Í Umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka greinargerðarinnar, er fjallað um mismunandi útfærslur á vegalagningu. Skoðaðir eru þrír kostir til að bæta veginn á milli **Skutulsfjarðar** og **Álftafjarðar** og þar með tryggja öryggi á leiðinni og stytta vegalengdir:

- Núverandi vegi haldið við með sama hætti og gert hefur verið
- Endurbætur á núverandi vegi með vegskálum og -skápum
- Göng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar

Göng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar hafa jákvæðustu áhrifin á samfélagið og styrkja samkeppnishæfni svæðisins. Neikvæð áhrif eru óveruleg. Nánar er fjallað um þetta í umhverfismatinu í kafla 3.1, í viðauka.

Í umhverfismati aðalskipulagsins eru einnig skoðaðir þrír valkostir til að tengja veg á milli **Dýrafjarðar** og **Arnarfjarðar** í samræmi við markmið aðalskipulagsins:

- Áfram verði gert ráð fyrir vegi um Hrafnseyrarheiði en að hann verði endurbættur eins og aðstæður leyfa
- Göng verði gerð undir Hrafnseyrarheiði og vegurinn á milli Þingeyrar og Mjólkár endurbættur
- Göng á milli Dranga í botni Dýrafjarðar og Rauðsstaða í Borgarfirði í botni Arnarfjarðar

Niðurstöður matsins leiða það í ljós að göng á milli Dranga og Rauðstaða eru besti valkosturinn. Líklegt er að samfélagsleg áhrif slíkrar framkvæmdar verði mjög jákvæð en að neikvæð áhrif á náttúruna verði lítil, utan rasks á fjöru og nágrenni í Dýrafirði. Nánar er fjallað um þessa valkosti í kafla 3.1 um samgöngur, í umhverfismatinu, í viðauka.

Þrír kostir eru skoðaðir sem möguleg vegtenging á milli **Arnarfjarðar** og **Breiðafjarðar** í umhverfismati aðalskipulagsins. Miðað er við að úrbætur verði gerðar á Hrafneyrarheiði:

- Núverandi vegi verði haldið við með sama hætti og hingað til
- Nýr vegur verði lagður yfir Dynjandisheiði
- Vegurinn verði lagður í göng

Skv. niðurstöðum umhverfismatsins er líklegt að jarðgöng undir heiðina hafi jákvæðustu áhrifin á samfélagið og jafnframt minnst áhrif á náttúruna. Nýr vegur yfir heiðina er þó líklegur til að hafa jákvæð áhrif. Áhrif á náttúruna eru þó mjög háðar þeim útfærslum sem fyrir valinu verða. Nánar er fjallað um þessa valkosti í kafla 3.1 um samgöngur, í umhverfismatinu, í viðauka.

Í umhverfismatinu eru skoðaðar tvær leiðir m.t.t. vegalagningar norðan Ísafjarðardjúps, þ.e. innan Hornstrandafriðlands og svæðisins frá Snæfjallaströnd um Jökulfirði og austur í Reykjarfjörð. Annars vegar voru skoðuð áhrif þess að leggja enga vegi á svæðinu og hins vegar áhrif þess að leggja nýjan veg til að bæta aðgengi. Niðurstaða umhverfismatsins sýnir að með vegalagningu myndu sérkenni svæðisins glatast og er það ekki í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Stefna

Markmið

- Bæta og auka öryggi á vegum
- Tengja saman þéttbýlisstaði innan og utan sveitarfélagsins sem og til annarra landshluta
- Stytta vegalengdir á milli þéttbýlisstaða og annarra landshluta
- Tryggja að ferðamannaleiðum verði viðhaldið
- Hlífa ósnortinni náttúru eins og frekast er kostur

Djúpveg á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar skal leggja í göng og leggja þannig af sem stofnveg veginn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð. Göngin bæta öryggi og stytta leiðina til Súðavíkur um allt að 8 km. Jafnframt stytta göngin leiðina á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur í 446 km í stað 454 km, eftir þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar.

Vestfjarðaveg á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar skal leggja í 5,6 km göng og leggja Hrafnseyrarheiði af sem stofnveg. Þetta tengir byggðir á sunnanverðum Vestfjörðum við sveitarfélagið með heilsársvegtengingu, auk þess sem leiðin styttist um 27,4 km og öryggi eykst verulega. Frá Dýrafjarðarbrú verður lagður um 5 km langur stofnvegur að göngunum. Í Borgarfirði verður lagður tæplega 1 km langur vegur til að tengjast núverandi Vestfjarðavegi. Vegurinn frá Dýrafjarðarbrú að Þingeyri verður áfram stofnvegur. Vegurinn frá gangamunna að Hrafnseyri skal endurbættur, þannig að öryggi verði tryggt og staðurinn geti dafnað sem mikilvægur ferðamannastaður, en öllum gamla veginum frá Mjólká að Þingeyri skal haldið við sem ferðamannaleið.

Vestfjarðavegur á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar skal bættur til að auka öryggi vegfarenda. Mesta stytting fæst með jarðgöngum undir Dynjandisheiði á milli Dynjandisvogs og Vatnsfjarðar, ásamt því að öryggi eykst verulega. Góður heilsársvegur er þó raunhæfur valkostur, enda heiðin mun snjóléttari en heiðar norðan Glámu. Gera þarf nákvæmt mat á mögulegum leiðum, þar sem jafnframt er haft í huga að leiðin liggur um verndarsvæði, s.s. við Dynjanda og fleiri svæði utan skipulagssvæðisins. Endanleg ákvörðun um leiðarval skal kynnt og auglýst sem breyting á aðalskipulagi ásamt umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlana. Framkvæmdin skal vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Með ofangreindum lagfæringum verður Vestfjarðavegur stysta leiðin til annarra landshluta, s.s. til Borgarness og Akureyrar. Leiðin á milli Ísafjarðar og höfuðborgarsvæðisins um Vestfjarðaveg verður um 410 km, eftir fyrirhugaðar framkvæmdir í Barðastrandasýslum, í stað 456 km í dag. Vegalengdin á milli Þingeyrar og höfuðborgarsvæðisins verður þá 368 km um Vestfjarðaveg en 495 km um Djúpveg, miðað við fyrirhugaðar framkvæmdir og þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar.

Stefnt skal að því að allar brýr á stofn- og tengivegum í sveitarfélaginu verði tvíbreiðar fyrir lok skipulagstímabilsins.

Við lagningu nýrra vega skal umhverfinu hlíft eins og kostur er og sérstaklega litið til þess að strandsvæði verði ekki skert að óþörfu, sbr. kafla 4 um lífríki og landslag. Tekið skal mið af ákvæðum hverfisverndar við framkvæmdir eða viðhald á þeim vegarhlutum sem liggja innan hverfisverndarsvæða. Sjá nánar í köflum 4.1.2 um hverfisvernd í dreifbýli og 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli.

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar um nr. 724/2008. Nánar er fjallað um hljóðvist í kafla 5 um vatn, loft og hljóð.

Utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m skv. skipulagsreglugerð. Um veghelgunarsvæði er vísað til Vegalaga nr. 80/2007.

Á hverfisverndaða svæðinu norðan Djúps, H18, verður hægt að sækja um leyfi hjá sveitarfélaginu til að aka farartækjum eða vinnuvélum eftir gömlum vegslóðum á svæðinu, sé það nauðsynlegt vegna vinnu við samþykktar framkvæmdir. Jafnframt verður að sækja um leyfi til lágmarks viðgerða á vegslóðum sem nýta þarf við framkvæmdina, sé það talið nauðsynlegt.

Innan friðlandsins er öll umferð vélknúinna farartækja bönnuð í samræmi við auglýsingu um friðlandið og reglur sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar. Undanþegin þessu eru fjórhjól og léttbyggð tæki í samræmi við áðurnefndar umferðarreglur.

Á fyrri hluta skipulagstímabilsins verði settur saman hópur hagsmunaaðila og fulltrúa aðliggjandi sveitarfélaga, sbr. kafla 4.1.1 um hverfisvernd í dreifbýli og friðlýst svæði. Þar verði m.a. könnuð þörf á stýringu umferðar m.t.t. landeigenda, ferðaþjónustu, náttúru og menningarminja. Sérstaklega verði skoðaðir, bæði kostir og gallar á bættu aðgengi að Drangajökli, s.s. með gerð vegslóða og stýringu á umferð, bæði sumar og vetur.

Tafla 12.2. Stofnvegir í sveitarfélaginu.

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Vestfjarðavegur nr. 60. Frá sýslumörkum á **Dynjandisheiði**, um **Arnarfjörð**, **Dýrafjörð** og **Önundarfjörð** að Djúpvegi í **Skutulsfirði**. Vegurinn liggur um Dynjandisheiði, Hrafneyrarheiði og göng undir Breiðadals- og Botnsheiði. Vegurinn er að hluta innan hverfisverndarsvæða **H1** og **H5**.	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði lagður í göng, annars vegar á milli botna Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og hins vegar á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar með tilheyrandi tengingum að núverandi stofnvegum. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á öðrum hlutum vegarins í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum. Vegurinn um Hrafnseyrarheiði að Þingeyri breytist í héraðsveg. Sjá töflu 12.4. Vegurinn að Þingeyri frá Vestfjarðavegi verður áfram stofnvegur. Vegurinn um Dynjandisheiði breytist í ferðamannaleið. Sjá töflu 12.4.
Vegur/Lýsing	Ákvæði
Djúpvegur nr. 61. Frá sveitarfélagsmörkum á **Súðavíkurhlíð**, um **Skutulsfjörð** og **Hnífsdal** að sveitarfélagsmörkum. Djúpvegur liggur um **Óshlíð** en færist í göng árið 2010. Vegurinn er að hluta innan hverfisverndarsvæða **H6** og **H8**.	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði lagður í göng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar með tilheyrandi tengingum að núverandi stofnvegum. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á öðrum hlutum vegarins, í samræmi við markmið í kafla 12. Vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð breytist í héraðsveg. Sjá töflu 12.4. Vegurinn um Óshlíð breytist í ferðamannaleið. Sjá töflul. 12.4.

Tafla 12.2. Stofnvegir í sveitarfélaginu. Framhald.

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Flateyrarvegur nr. 64. Frá Vestfjarðavegi að Tjarnargötu á **Flateyri**. Vegurinn liggur meðfram hverfisverndarsvæði **H5**. **Súgandafjarðarvegur** nr. 65. Frá Vestfjarðavegi í jarðgöngum að Sætúni á **Suðureyri**. **Vegur að Þingeyri** (núverandi Vest-fjarðavegur). Frá Vestfjarðavegi við **Dýrafjarðarbrú** að vegrist á Þingeyri, eftir að Vestfjarðavegur hefur verið lagður í göng. **Flugvallavegur** á **Ísafirði** nr. 631. Frá Djúpvegi að **Ísa-fjarðarflugvelli**. **Hafnarvegur Ísafirði** nr. 636/ Innan þéttbýlis. Frá Djúpvegi um **Pollgötu** og Njarðarsund að Sindragötu. Vegurinn liggur meðfram hverfisverndarsvæði **H8**.	Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.

Tafla 12.3. Tengivegir í sveitarfélaginu.

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Svalvogavegur nr. 622. Malarvegur að hluta. Frá núverandi Vestfjarðarvegi á **Þingeyri**, í gegnum þorpið að Húsatúnsvegi. Hluti vegarins liggur innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum. Verði millilandaflugvöllur staðsettur utan Þingeyrar er heimilt að gera þær umbætur á veginum sem þarf miðað við umfang starfseminnar. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir, 12.8 um flugvelli og kafla 8 um atvinnu. Vegurinn skal vera í samræmi við leiðarljós og markmið aðalskipulagsins.

Tafla 12.3. Tengivegir í sveitarfélaginu. Framhald.

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Flugvallarvegur Dýrafirði nr. 623. Frá Svalvogavegi að **Þingeyrarflugvelli**. **Seljalandsdalsvegur** nr. 637. Malarvegur að hluta. Frá vegamótum innan Engis að Skíðaskála í **Seljalandsdal**.	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12.

Tafla 12.4. Héraðsvegir, landsvegir, ferðamannaleiðir og aðrir vegir í sveitarfélaginu.

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Mosdalsvegur nr. 621. Frá Vestfjarðarvegi að Laugarbóli. Vegurinn er innan hverfisverndarsvæðis **H1**. **Hjarðardalsvegur** nr. 628. Frá Vestfjarðavegi að Hjarðardal í **Dýrafirði**. **Ingjaldssandvegur** nr. 624. Malarvegur. Frá Vestfjarðavegi um Núp að Sæbóli á **Ingjaldssandi**. Lítill hluti vegarins er innan hverfisverndarsvæðis **H2**. **Valþjófsdalsvegur** nr. 625. Malarvegur að hluta. Frá Vestfjarðavegi að Kirkjubóli í **Valþjófsdal**. Vegurinn liggur meðfram hverfisverndarsvæði **H5**. **Önundarfjarðarvegur** nr. 627. Malarvegur. Liggur frá Vestfjarðavegi við Mosvelli um **Vífilsmýri** að Vestfjarðavegi við Breiðadal. Vegurinn liggur meðfram hverfisverndarsvæði **H5**. **Súgandafjarðarvegur** nr. 65. Frá Aðalgötu 51 á **Suðureyri** að **Staðarkirkju**. Lítill hluti vegarins er innan hverfisverndarsvæðis **H10**.	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum og vega sem liggja meðfram hverfisverndarsvæðum.

Tafla 12.4. Héraðsvegir, landsvegir, ferðamannaleiðir og aðrir vegir í sveitarfélaginu. Framhald.

Vegur/Lýsing, framhald	*Ákvæði*
Snæfjallastrandavegur nr. 635. Malarvegur. Frá sveitarfélagsmörkum að **Unaðsdalskirkju**. **Engidalsvegur** nr. 6305. Frá Djúpvegi að **Efri-Engidal**. Vegurinn liggur meðfram hverfisverndarsvæði **H6**. Vegur um **Kirkjubólshlíð**. Frá Flugvallarvegi á Ísafirði að sveitarfélagsmörkum (Súðavíkurhreppur), eftir að Djúpvegur hefur verið lagður í göng. Vegurinn liggur meðfram hverfisverndarsvæði **H7**. **Svalvogavegur** nr. 622. Frá Haukadal að Keldudal. Vegurinn er að hluta innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	*Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12.* *Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum og vega sem liggja meðfram hverfisverndarsvæðum.*
Vegur/Lýsing	Ákvæði
Vegur um **Hrafnseyrarheiði.** Frá Rauðsstöðum um Hrafnseyrarheiði að Þingeyri, eftir að Vestfjarðavegur hefur verið lagður í göng. Vegurinn er að hluta innan hverfisverndarsvæða **H1.**	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði nýttur sem ferðamanna- og útivistarleið. Lögð er áhersla á það að veghlutinn frá Rauðsstöðum að Hrafnseyri verði greiðfær og öruggur. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.
Vegur/Lýsing	Ákvæði
Vegur um **Dynjandisheiði**. Frá Dynjandisvogi að sýslumörkum, eftir að Vestfjarðavegur hefur verið lagður í göng. Vegurinn er innan hverfisverndarsvæðis **H1**. **Svalvogavegur** nr. 622. Frá **Keldudal**, um Svalvoga að **Aðalbóli** og í framhaldi af honum vegur við utanverðan **Arnarfjörð** að **Auðkúluvegi**. Vegurinn liggur að mestu innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	Gert er ráð fyrir því að vegunum verði haldið við og þeir nýttir sem ferðamanna- og útivistarleið. Ekki er þó gert ráð fyrir miklum framkvæmdum eða endurbótum á þessum vegarhlutum. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.

Tafla 12.4. Héraðsvegir, landsvegir, ferðamannaleiðir og aðrir vegir í sveitarfélaginu. Framhald.

Vegur/Lýsing, framhald	*Ákvæði*
Vegur frá Mosdalsvegi að **Hokinsdal** í **Arnarfiðri**. Vegurinn er innan hverfisverndarsvæðis **H1**. Vegur frá **Ingjaldssandi** í **Nesdal**. Vegur um **Kvennaskarð** úr Kirkjubólsdal í **Dýrafirði** í Fossadal í **Arnarfirði**. Vegurinn liggur að mestu innan hverfisverndarsvæðis **H1**. Vegur að **Selárdal** í **Súgandafirði** frá Botni. Vegur um **Óshlíð**. Frá Djúpvegi við Skarfasker að sveitarfélagsmörkum (Bolungarvíkurkaupstaður), eftir að Djúpvegur hefur verið lagður í göng. Vegur um **Breiðadals- og Botnsheiði.** Frá Dagverðardal að Breiðadal og Botni.	*Gert er ráð fyrir því að vegunum verði haldið við og þeir nýttir sem ferðamanna- og útivistarleið. Ekki er þó gert ráð fyrir miklum framkvæmdum eða endurbótum á þessum vegarhlutum.* *Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.*
Vegur/Lýsing	Ákvæði
Vegslóðar frá **Mjólká** að **Dynjandis- og Þingmannaheiðum**. Slóðarnir eru innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	Vinnuvegir vegna Mjólkárvirkjunar. Gert er ráð fyrir því að vegunum verði haldið við, en þó er ekki gert ráð fyrir miklum framkvæmdum eða endurbótum á þessum vegum. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.
Vegur/Lýsing	Ákvæði
Heimreiðar að bæjum og aðrir vegir sem sýndir eru á uppdrætti en ekki tilgreindir í töflu.	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12.

Tafla 12.5. Jarðgöng í sveitarfélaginu.

Göng/Lýsing	Ákvæði
Arnarneshamar. Á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar Tvíbreið – 30 m að lengd, byggð árið 1948. Elstu veggöng á Íslandi.	Þegar Djúpvegur flyst í göng skal leitast skal við að varðveita Arnardalshamar sem menningarminjar þótt hann verði áfram í notkun.

Tafla 12.5. Jarðgöng í sveitarfélaginu. Framhald.

Göng/Lýsing	Ákvæði
Vestfjarðagöng á milli **Skutulsfjarðar, Súgandafjarðar** og **Önundarfjarðar**. Tvíbreið á um 2000 m kafla en annars einbreið með útskotum. Þrír gangaleggir. Heildarlengd 9120 m. Byggð á árunum 1991-1996.	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12. Skoðaðir skulu möguleikar á því að göngin verði öll tvíbreið.
Bolungarvíkurgöng á milli **Hnífsdals** og **Bolungarvíkur**. Tvíbreið um 5400 m að lengd, með vegskálum. Áætlaður framkvæmdatími 2008-2010.	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið í kafla 12.
Göng á milli **Dýrafjarðar** og **Arnarfjarðar**. Áætluð byggð á árunum 2009-2012. Göngin eru innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	Gert ráð fyrir tvíbreiðum, 5600 m löngum göngum á milli Rauðsstaða og Dranga, auk vegtenginga frá þeim inn á Vestfjarðaveg. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif á náttúru og menningarminjar. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.
Göng á milli **Skutulsfjarðar** og **Álftafjarðar**. Fyrirhuguð jarðgöng.	Lega ganga skal miðast við hámarks styttingu leiða og að lágmarka neikvæð áhrif á samfélag og náttúru.
Göng á milli **Arnarfjarðar** og **Breiðafjarðar**. Fyrirhuguð jarðgöng. Líklegt er að lega ganganna verði innan hverfisverndarsvæðis **H1**.	Lega ganga skal miðast við hámarks styttingu leiða og lágmarks neikvæð áhrif á samfélag og náttúru. Sérstaklega skal hugað að svæðum á náttúruminjaskrá og leitað leiða til að lágmarka rask innan þeirra. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum.

12.6 Almenningssamgöngur

Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægar fyrir þróun svæðisins og almenn búsetuskilyrði. Byggðakjarnar eru dreifðir innan sveitarfélagsins og því eru almenningssamgöngur nauðsynlegar til að allir íbúar geti nýtt sér þá þjónustu sem er í boði, óháð búsetu.

Hundruð nemenda stunda nám á framhalds- og háskólastigi á Ísafirði. Flestir í þessum hópi eiga ekki bíl og eru almenningssamgöngur nánast forsenda þess að menntasamfélagið dafni.

Ólíkt flestum stöðum á landinu er það óþægindalítið að búa á Eyrinni án þess að eiga bíl, þar sem mestöll þjónusta er í göngufæri. Eyrin er því áhugaverður kostur fyrir þá sem velja það að eiga ekki bíl.

Daglegar áætlunarferðir eru á milli Eyrarinnar og allra byggðakjarnanna. Ferðir til og frá Hnífsdal og Holtahverfi eru reglulegar á vinnutíma, en tvær til þrjár ferðir eru farnar á dag á vinnutíma til og frá byggðakjörnunum, auk Bolungarvíkur. Jafnframt er flugrúta á milli flugvallarins og Eyrarinnar og Bolungarvíkur. Áætlunarferðir eru tvisvar til þrisvar í viku til Hólmavíkur, Brjánslækjar og Patreksfjarðar.

Stefna

Markmið

— Allir íbúar og gestir í byggðakjörnum sveitarfélagsins geti nýtt almenningssamgöngur í stað einkabíls til að sækja þá þjónustu sem í boði er

Áhersla er lögð á uppbyggingu samræmds samgöngunets, þar sem mismunandi almenningssamgöngur tengjast í tíma og rúmi. Gert er ráð fyrir því að miðstöð almenningssamgangna í sveitarfélaginu verði við Pollgötu á Ísafirði og að allir byggðakjarnar sveitarfélagsins tengist Eyrinni með öruggum almenningssamgöngum. Áætlunarferðir frá Eyrinni skulu tengjast neti almenningssamgangna utan sveitarfélagsins, s.s. flugi, ferjusiglingum og rútuleiðum. Áherslaskallögðágottaðgengifyrirallaaðalmenningsfaratækjum, bæði á biðstöðum og í faratækjum, sbr. kafla 9.3 um félags- og velferðarmál.

12.7 **Hafnir**

Um Hafnir Ísafjarðarbæjar gilda ákvæði Hafnarreglugerðar fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1190/2005 og hafnalög nr. 61/2003. Góð hafnaraðstaða með löndunarbryggju er í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.

Ísafjarðarhöfn skiptist í hafnarbakka sem kallast Mávagarður, Sundahöfn, Sundabakki, Ásgeirsbakki og Bátahöfn. Þar er aðstaða fyrir allar stærðir skipa og þjónusta miðast við þarfir allra notenda. Í Sundahöfn eru flotbryggjur fyrir fiskibáta og farþega- og frístundabáta en á sumrin er einnig flotbryggja við enda Bátahafnarinnar. Innsiglingin í höfnina um Sundin er nokkuð erfið vegna þrengsla og takmarkaðs dýpis við Suðurtanga en höfnin er lífhöfn. Í Ísafjarðarhöfn er aðstaða fyrir skemmtiferðaskip og hefur fjöldi þeirra vaxið hratt, sbr. kafla 8.5 um ferðaþjónustu. Skemmtiferðaskip leggjast flest við Sundabakka en minni skipin geta lagst að Ásgeirsbakka. Frá Sundahöfn eru áætlanaferðir fyrir fólksflutninga til Hornstranda og Jökulfjarða. Þar er einnig aðstaða fyrir fjölda frístundabáta, s.s. skútur og hraðbáta. Olíubirgðastöð er við Suðurgötu en unnið er að færslu hennar á Mávagarð, þannig að olíuskip þurfi ekki að sigla inn á Pollinn og verði jafnframt aðskilin frá annarri löndun. Sjá nánar í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.

Á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri eru löndunarbryggjur og flotbryggjur en auk þess er hafskipabryggja á Þingeyri, þar sem er auðveld aðkoma og nægt dýpi. Mjög góð aðstaða er fyrir smábáta á þessum stöðum og hefur það dregið að sér fjölda aðkomubáta. Á Flateyri og Suðureyri er einnig aðstaða fyrir sjóstangveiðibáta. Mjög stutt er á miðin frá þessum stöðum og eru því aðstæður kjörnar fyrir smábáta.

Suðureyrarhöfn hefur hlotið Bláfánann sem er alþjóðlegt umhverfismerki. Bláfáninn er tákn um það að umhverfismál, öryggismál og umhverfisfræðslumál séu í hávegum höfð.

Litlar ferjubryggjur eru víða í sveitarfélaginu, þ.e. í Mjólká, Gemlufalli og Bæjum. Einnig eru litlar bryggjur í Holti, Tyrðilmýri, Grunnavík, Höfðaströnd, Hesteyri, Látrum og Reykjafirði en stór bryggja er í Hnífsdal. Í Æðey er lítil ferjubryggja og tvær minni bryggjur, önnur þeirra er flotbryggja.

Norðan Djúps eru margar bryggjur í lélegu ástandi en unnið er að úrbótum á sumum stöðum. Allar bryggjur eru sýndar á meðfylgjandi skipulagsuppdráttum.

Talsverðar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi í seinni tíð, eins og fjallað er um í kafla 8.2 um sjávarútveg. Löndun á afla hefur dregist verulega saman undanfarin ár og hefur vægi sjávarútvegs minnkað í rekstri hafnanna, en vægi ferðaþjónustu og afþreyingar hefur aukist nokkuð. Breytingar hafa einnig orðið á vöruflutningum. Sjóflutningar hafa að mestu lagst af og færst yfir í landflutninga. Útlit er fyrir auknar siglingar í Norðurhöfum vegna breytinga á veðurfari og eru vonir bundnar við það að í því felist ný tækifæri fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar. Þá er einnig útlit fyrir aukin umsvif á Austur-Grænlandi, s.s. námuvinnsla. Vestfirðir eru landfræðilega best í stakk búnir til að þjónusta þetta svæði.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka greinargerðarinnar, eru þrír valkostir skoðaðir fyrir mögulega aðstöðu í Ísafjarðarbæ til að hægt sé að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur-Grænlandi:

- Að nýta óbreytta aðstöðu
- Að bæta aðstöðuna í Ísafjarðar- og/eða Þingeyrarhöfn
- Að byggja nýja stórskipahöfn á Mýrum eða Sveinseyri í Dýrafirði

Ljóst er að svo stór framkvæmd hefur neikvæð áhrif á náttúru og landslag. Bætt aðstaða er líkleg til þess að hafa talsverð jákvæð áhrif á atvinnulíf en óveruleg neikvæð áhrif. Ný stórskipahöfn getur haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið en óvissuþátturinn er stór. Óbreytt aðstaða er ekki líkleg til að leiða af sér jákvæðar breytingar.

Stefna

Markmið

— Aðstaða Hafna Ísafjarðarbæjar miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöru- og farþegaflutninga
— Í sveitarfélaginu verði fyrirmyndaraðstaða fyrir smábáta
— Aðstaða í Ísafjarðarhöfn verði bætt þannig að skemmtiferðaskip geti siglt inn á Pollinn og lagst við Ásgeirsbakka
— Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði bætt, þannig að hún verði til fyrirmyndar
— Aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur-Grænlandi
— Hafnarmannvirkjum verði haldið við þrátt fyrir tímabundinn samdrátt

Lögð er áhersla á það að Sundin í Ísafjarðarhöfn verði dýpkuð í 12 m á um 100 m breiðu, beinu svæði á milli Suðurtanga og Ísafjarðarflugvallar, þannig að skemmtiferðaskip komist inn á Pollinn. Skipin geta þá lagst að Ásgeirsbakka eða legið á Pollinum í stað þess að liggja utan við Eyrina. Með því að færa aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip á Ásgeirsbakka, eykst rými fyrir aðrar atvinnugreinar, s.s. sjávarútveg og sjóflutninga. Aðkoma farþega verður einnig í betri tengslum við miðbæinn og getur þannig eflt hann. Með þessu móti er einnig hægt að taka á móti fleiri skipum samtímis. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að byggja upp bætta aðstöðu fyrir ferðamenn við Ásgeirsbakka.

Til að auka afkastagetu hafnarinnar er gert ráð fyrir því að hafnarkantur Sundabakka verði lengdur, samhliða dýpkun Sundanna. Með dýpkuninni fellur til umtalsvert magn efnis (um 300.000 m³) sem mjög hagkvæmt er að nota í fyllingu til stækkunar Sundahafnar. Möguleika á lengingu hafnarkantsins á Þingeyri verður einnig haldið opnum en þar er lítið svigrúm fyrir aðstöðu í landi.

Mikilvægt er að viðhalda og efla enn frekar aðstöðu fyrir smábáta í höfnum Ísafjarðarbæjar, en þær skulu vera í fararbroddi í þessum efnum á Íslandi. Það hefur sýnt sig að góð aðstaða hefur laðað til sín aðkomubáta, enda stutt á miðin. Smábátaútgerðinni fylgja umsvif í landi og þarna eru því tækifæri sem sveitarfélagið getur nýtt.

Lögð er áhersla á það að aðstaða í höfnun bæjarins sé til fyrirmyndar og þeim gert kleift að hljóta Bláfánann. Bæði sjávarútvegur og ferðaþjónusta byggir á ímynd svæðisins og getur umhverfisvottun, eins og Bláfáninn, verið mikilvægur liður í uppbyggingu svæðisins.

Sundahöfn getur ekki tekið við fyrirsjáanlegri aukningu frístundabáta án þess að aðstaða fyrir fiskibáta skerðist. Til að hægt sé að bjóða þjónustu og aðstöðu fyrir fiskibáta og frístundabáta er gert ráð fyrir því að aðstaða fyrir frístundabáta í Pollinum verði bætt. Áfram skal þó gert ráð fyrir frístunda- og farþegabátum í Sundahöfn þó umfangið minnki. Það er líklega óhagkvæmara fyrir farþegaflutninga að gera út frá Pollinum, þar sem ferðatími lengist nokkuð. Fyrir frístundabáta, þar sem ferðatími skiptir minna máli, er Pollurinn áhugaverður kostur. Góð tenging er við miðbæinn frá Pollinum og er það líf sem fylgir frístundabátum líklegt til að efla hann. Löng hefð er fyrir bryggjum í beinum tengslum við miðbæinn á Ísafirði en nú er þar aðeins ein flotbryggja yfir sumartímann. Öflug frístundabátamenning á Pollinum er líkleg til að endurskapa það bátalíf sem áður einkenndi Pollinn og Ísafjörð og styrkja ímynd bæjarins. Til að verja frístundabátahöfn við Edinborg er gert ráð fyrir lengingu varnargarðs norður af Ásgeirsbakka. Jafnframt er gert ráð fyrir því að byggður verði nýr varnargarður, nokkuð utan við grjótvörn við Pollgötu, til að verja frístundabryggjuna og mannvirki á Eyrinni. Með því móti er hægt að halda grjótgarði við Pollgötu í núverandi hæð, en það er mikilvægt fyrir útsýni og ásýnd Eyrarinnar að garðurinn hækki ekki, sbr. kafla 3 um náttúruvá. Þessi varnargarður er ekki sýndur á uppdrætti, enda liggur það ekki fyrir hvar er hentugast eða mögulegt að staðsetja hann. Við hönnun garðsins þarf að hafa áðurgreinda þætti í huga, þ.e. útsýni, ásýnd og skjól fyrir mannvirki á sjó og landi. Einnig gerir skipulagið ráð fyrir göngustíg meðfram sjónum, því mikilvægt er að tengslin við sjóinn tapist ekki.

Tafla 12.6. Hafnir í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
K1 - **Ísafjarðarhöfn** – Mávagarður og Sundahöfn. Stærsta höfnin í sveitarfélaginu. Aðstaða fyrir allar stærðir skipa og þjónusta miðast við þarfir sjávarútvegar í heild. Flotbryggjur fyrir farþega- og frístundabáta. Olíubirgðastöð. Heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005.	Gert ráð fyrir endurbótum og stækkun. Heimil er lenging viðlegukants Sundabakka í allt að 500 m og að Sundin verði dýpkuð í 12 m á um 100 m breiðu, beinu svæði. Sjá einnig kafla 8.3 um hafnarsvæði. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.
K11 - **Ísafjarðarhöfn** – Ásgeirsbakki og Bátahöfn. Aðstaða og þjónusta miðast við þarfir skemmtiferðaskipa. Flotbryggjur fyrir farþega- og frístundabáta. Heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005.	Gert ráð fyrir endurbótum og stækkun. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.

Tafla 12.6. Hafnir í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði K2 - **Suðureyrarhöfn.** Brjótur. Löndunarbryggja.	Ákvæði Gert ráð fyrir auknum umsvifum á svæðinu, sbr. kafla 8.3 um hafnarsvæði. Möguleiki er á lengri viðlegukanti. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að lengja Brjótinn til að verja hafnarsvæði og iðnaðar- og athafnarsvæði fyrir sjógangi ef þurfa þykir. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.
Svæði K3 - **Suðureyrarhöfn** og flotbryggja fyrir fiskibáta. Vottuð með bláfánanum. Heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005. K4 - **Flateyrarhöfn**. Löndunarbryggja og flotbryggja fyrir fiskibáta. Heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005.	Ákvæði Endurbætur heimilar og breytingar til að viðhalda og auka gæði núverandi aðstöðu. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.
Svæði K5 - **Þingeyrarhöfn**. Löndunarbryggja, hafskipabryggja og flotbryggja fyrir fiskibáta. Heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005.	Ákvæði Gert ráð fyrir endurbótum og stækkun. Heimil er lenging viðlegukants, þannig að mögulegt verði að taka á móti stærri skipum. Sjá einnig kafla 8.3 um hafnarsvæði. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.
Svæði K6 - **Hnífsdalsbryggja**. Heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005.	Ákvæði Endurbætur heimilar, en hafa skal í huga að svæðið kann að vera hentugt fyrir nýjan flugvöll, sjá kafla 12.6 um flugvelli. Verði niðurstaða mats á staðarvali flugvallar sú að Hnífsdalsbryggja henti best, skal hún aflögð.
Svæði III - Að **Bæjum**, við **Mjólká**, **Gemlufall** og í **Æðey** eru litlar ferjubryggjur. Þær heyra undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005. Í Æðey eru einnig tvær minni bryggjur.	Ákvæði Endurbætur heimilar sem og minniháttar breytingar. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.

Tafla 12.6. Hafnir í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði	Ákvæði
III - Við Holt í **Önundarfirði**, **Tyrðilmýri**, **Grunnavík**, **Höfðaströnd**, **Hesteyri**, **Látra** og **Reykjarfjörð** eru litlar bryggjur fyrir farþega- og frístundabáta.	Við byggingu og viðhald skal verndarmarkmið aðalskipulagsins haft að leiðarljósi.

Staðsetning stórskipahafnar er ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti í ljósi þess hve mikil óvissa er um fyrirkomulag siglinga og áhrifa á náttúruna. Rannsaka þarf staðhætti til hlítar, s.s. menningarminjar, lífríki á landi og í sjó, dýpt úti fyrir Dýrafirði, sjólag og veðurfar. Komi í ljós að þörf er fyrir stórskipahöfn og að umhverfisáhrif verði ásættanleg, skal endanleg ákvörðun um staðsetningu kynnt og auglýst sem breyting á aðalskipulagi ásamt umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlana. Framkvæmdin skal vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Landeigendur geta, með samþykki sveitarstjórnar og í samræmi við deiliskipulag, haldið við eða byggt minni háttar bryggjur, en þó ekki á óbrotnu landi. Við allt viðhald og byggingu skal hafa almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins að leiðarljósi.

12.8 **Flugvellir**

Flugsamgöngur eru lykilþáttur í samgöngukerfi landsins, til að uppfylla þarfir um hraða og skilvirkni í viðskiptum, stjórnsýslu og þjónustusókn.

Sex lendingarstaðir eru í sveitarfélaginu. Tveir þeirra, Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvellir, eru skráðir hjá Flugmálastjórn og eru í grunnneti flugvalla skv. samgönguáætlun. Hinir eru við Alviðru, Holt, Ingjaldssand og Bæi. Að auki eru þrjú óskráð lendingar- og flugtakssvæði án nokkurs búnaðar í Reykjarfirði, Fljótavík og Aðalvík. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir alþjóðaflugvelli í sveitarfélaginu eða annars staðar á Vestfjörðum.

Áætlunarflug er á Ísafjarðarflugvelli en Þingeyrarflugvöllur er varaflugvöllur. Landfræðilegar hindranir, við núverandi staðsetningu flugvallarstæðis Ísafjarðarflugvallar, takmarka verulega stærð og afkastagetu loftfara sem nýtt geta flugvöllinn. Á Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvelli er ekki aðstaða til næturflugs, nema fyrir neyðar- og sjúkraflug. Þingeyrarflugvöllur var endurbættur árið 2006 með lengingu brautar, stækkun öryggissvæða og uppsetning á ljósa- og aðflugsbúnaði.

Yfir vetrartímann styttist tími á milli flugferða til og frá Ísafirði. Ef tímabilið væri lengra, gætu farþegar farið að morgni á áfangastað og komið heim að kvöldi, en þurfa nú oft að bíða til næsta dags með að ljúka ferð sinni.

Ísafjarðarflugvöllur gegndi áður mikilvægu hlutverki í Grænlandsflugi. Vegna breytinga á reglum um millilandaflug hefur völlurinn misst það hlutverk, þar sem vopnaleitarbúnaður er ekki til staðar. Engin tæknileg fyrirstaða er fyrir millilandaflugi til Ísafjarðar. Vegna nálægðar er Ísafjarðarflugvöllur heppilegasti flugvöllur landsins til að sinna flugi minni flugfélaga á milli Íslands og Austur-Grænlands.

Í dag þurfa flugvélar að millilenda á Ísafirði og taka eldsneyti til að geta flogið á næsta millilandaflugvöll. Farþegum er ekki heimilt að fara frá borði.

Hindranaflötur Ísafjarðarflugvallar hefur verið skilgreindur fyrir þann hluta sem snýr að Eyrinni, eins og sjá má á mynd 12.1. Eftir er að skilgreina þann hluta sem snýr að Engidal, Dagverðardal og Tungudal. Það er líklegt að flöturinn sé með svipuðum hætti og yfir Eyrinni nema að á honum er sveigur vegna landfræðilegra aðstæðna. Drög að hindranafleti Þingeyrarflugvallar hafa verið unnin en ekki er lokið við

þá vinnu. Hindranaflöturinn vallarins nær frá flugbraut að fjalli. Mikilvægt er að hugað verði að hugsanlegum hindranaflötum og þeim takmörkunum sem þeim fylgja við uppbyggingu á nærliggjandi svæðum.

Ísafjarðarflugvöllur í Skutulsfirði (GPE).



Mynd 12.1. Hindranaflötur Ísafjarðarflugvallar.

Þrír valkostir eru skoðaðir um mögulega stöðu millilandaflugs í sveitarfélaginu í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka greinargerðarinnar:

- Að nýta millilandaflugvelli í öðrum landshlutum eins nú er gert
- Endurbætur á núverandi flugvöllum í sveitarfélaginu
- Byggja nýjan millilandaflugvöll t.d. á Sveinseyri í Dýrafirði, Arnarnesi eða Völlum (Hnífsdalsbryggju) í Skutulsfirði

Bygging nýs millilandaflugvallar hefur mestu jákvæðu áhrifin á samfélagið en getur einnig haft mestu neikvæðu áhrifin á náttúru, landslag og minjar. Endurbætur á núverandi flugvöllum í sveitarfélaginu hafa að mestu jákvæð áhrif en lítil neikvæð áhrif og væri þetta því góður kostur sem hrinda mætti strax í framkvæmd. Óbreytt ástand er ekki álitlegur kostur. Sjá nánari umfjöllun í umhverfismatsskýrslu í viðauka, kafla 3.1.

Stefna

Markmið

— Styrkja stoðir flugsamgangna í sveitarfélaginu
— Varaflugvöllurinn verði ávallt jafn vel útbúinn og aðalflugvöllurinn
— Möguleiki verði á flugi frá Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvelli allan sólarhringinn
— Farþega- og sjúkraflug verði öruggt og áreiðanlegt
— Millilandaflugvöllur verði staðsettur í sveitarfélaginu

Afar mikilvægt er að flugsamgöngur til og frá sveitarfélaginu verði greiðar og öruggar, bæði til annarra landsvæða sem og annarra landa. Flugsamgöngur þurfa að vera áreiðanlegar, þannig að almenningur geti gert ráð fyrir því að komast leiðar sinnar á tilsettum tíma. Flugáætlun skal vera þannig háttað allt árið að farþegar þurfi að jafnaði ekki að dvelja lengur á áfangastað en þann tíma sem tekur að sinna erindinu.

Öruggar og tíðar flugsamgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnulífið, því ferðatími getur haft mikil áhrif samkeppnisstöðu og afkomu fyrirtækja. Þetta á bæði við um aðkeypta þjónustu og sölu á þjónustu. Flugsamgöngur skulu einnig gegna lykilhlutverki í aðgengi fyrirtækja að mörkuðum erlendis.

Góðar flugsamgöngur hafa veruleg áhrif á samkeppnishæfni og þróunarmöguleika rannsókna-, þjónustu- og menntastofnana, eins og háskóla. Háskólasetur Vestfjarða byggir kennsluna á stundakennurum og gestafyrirlesurum og eru því flugsamgöngur algjört skilyrði fyrir því að skólinn dafni.

Lögð er áhersla á það að Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvellir verði útbúnir fyrir næturflug og hafi þann búnað sem þarf til áætlunarflugs allt árið. Á átta stöðum er gert ráð fyrir minni flugvöllum eða lendingarstöðum, sbr. töflu 12.7.

Koma skal strax á millilandaflugi í sveitarfélaginu, með því að gera þær ráðstafanir sem þarf til þess á Ísafjarðarflugvelli, sbr. niðurstöðu umhverfismats í viðauka. Mikilvægt er að Ísafjörður missi ekki tengslin við Grænland, heldur geti eflt þau enn frekar. Áform eru um námuvinnslu og framleiðslu því tengdu á Grænlandi og því miklir möguleikar á því að sveitarfélagið geti þjónustað svæðið.

Aðalskipulag þetta gerir ráð fyrir því að nýr millilandflugvöllur geti risið innan sveitarfélagsins en tekur ekki afstöðu til staðsetningar. Flugvöllurinn skal geta þjónað algengustu farþega- og vöruflutningavélum sem nýttar eru í millilandaflugi í dag. Mikilvægt er að hefja sem fyrst rannsóknir á staðarvali flugvallarins, en nefndir hafa verið staðir eins og Sveinseyri í Dýrafirði, Arnarnes og Vellir (Hnífsdalsbryggja) í Skutulsfirði. Leggja ber áherslu á það að lágmarka neikvæð áhrif á náttúru og landslag, sbr. niðurstöðu umhverfismats í viðauka aðalskipulagsins. Endanleg ákvörðun um staðarval skal kynnt og auglýst sem breyting á aðalskipulagi ásamt

umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlana. Framkvæmdin skal vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins.

Tafla 12.7. Flugvellir og flugbrautir í sveitarfélaginu.

Svæði Millilandaflugvöllur, staðsetning óákveðin.	Ákvæði Flugvöllurinn skal uppfylla skilyrði flugvalla í flokki I skv. reglugerð nr. 464 um flugvelli. Gerð verði staðarvalsúttekt á millilandaflugvelli í sveitarfélaginu eða á Vestfjörðum. Leitast skal við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.
Svæði Þ17 - **Ísafjarðarflugvöllur** / 0,9 ha. Flugvöllur í grunnneti flugvalla skv. Samgönguáætlun 2007-2010. Þ38 - **Þingeyrarflugvöllur** / 0,2 ha. Flugvöllur í grunnneti flugvalla skv. Samgönguáætlun 2007-2010. Varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll.	Ákvæði Á svæðinu er heimilt að setja upp þann búnað sem þarf til næturflugs. Þar er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir sem þarft til að flugvöllurinn uppfylli skilyrði um millilandaflug. Leitast skal við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif við framkvæmdir. Taka skal mið af skilgreindum og óskilgreindum hindranafleti vallarins við uppbyggingu nærliggjandi svæða.
Svæði I - **Alviðra**, **Ingjaldssandur**, **Holt** og **Bæir**. Lendingarstaður, ekki á skrá hjá Flugmálastjórn.	Ákvæði Flugvöllur fyrir einkaflug. Gert ráð fyrir skráðum lendingarstað skv. reglugerð nr. 464 / 2007.
Svæði I - **Reykjarfjörður**, **Fljótavík**, **Látrar í Aðalvík**. Lendingar- og flugtakssvæði, ekki á skrá hjá Flugmálastjórn.	Ákvæði Gert ráð fyrir lendingarstað fyrir sjónflug án bygginga og búnaðar. Ekki verði gert ráð fyrir girðingum eða bundnu slitlagi. Áhersla lögð á það að öllu raski verði haldið í lágmarki. Landeigendur geta lokað tímabundið eða ótímabundið fyrir flugumferð á skilgreindum lendingarstöðum. Auk þess getur samgönguráðherra takmarkað flugumferð skv. 76. gr. laga um loftferðir.

Heimildaskrá

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Alda Davíðsdóttir, Íris Hrund Halldórsdóttir og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 2008. *Ferðamenn á Vestfjörðum sumarið 2008.* Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Anton Helgason, Sigurjón Þórðarson og Þorleifur Eiríksson. 2002. A*thugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði; Áfangaskýrsla 1.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Ágúst Guðmundsson. 2000. *Jarðgangaleiðir milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar; Könnun á jarðfræðilegum aðstæðum. Unnið fyrir Vegagerðina 1999.* Jarðfræðistofa ÁGVST.

Árni Traustason. 2009. *Endurskoðun sorpmála í Ísafjarðarbæ.* Skýrsla starfshóps. VERKÍS.

Engilbert S. Ingvarsson. 2007. *Undir Snjáfjöllum. Þættir um búsetu og mannlíf á Snæfjallaströnd.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2008. *Samgöngur á Vestfjörðum.* Skýrsla samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Grétar Þór Eyþórsson o.fl. 2001. *Áhrif samgöngubóta á byggðaþróun.* Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Hagþjónusta Landbúnaðarins 2008. 2008. *Lögbýlaskrá.*

Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson. 2008. *Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar.* Umhverfisráðuneytið.

Hallgrímur Daði Indriðason og Kristín Martha Hákonardóttir. 2009. *Ofanflóðavarnir; Gleiðarhjalli á Ísafirði.* Veðurstofa Íslands.

Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2005. *Samanburður vegtenginga á Vestfjörðum. Vestfjarðavegur og Djúpvegur. Samfélagsáhrif og arðsemi.* Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Hjálmar R. Bárðarson. 1996. *Vestfirðir.* Hjálmar R. Bárðarson.

Hjördís Sigursteinsdóttir og Grétar Þór Eyþórsson. 2004. S*amgöngur á Vestfjörðum – Könnun meðal Vestfirðinga á viðhorfum til samgöngumála.* Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Hönnun hf. 1990. *Sorpeyðing. Austurland – Vestfirðir. Sorphirða, urðun, brennsla. Forathugun.* Hönnun Reyðarfirði.

Jón Björnsson. 2008. *Könnun í Hornstrandafriðlandi.*

Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2007. *Umskipunarhöfn á Íslandi fyrir íshafssiglingar; Fjórir mögulegir staðir.* Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.

Kjartan Ólafsson. 1999. *Vestfjarðarrit I. Firðir og fólk, 900-1900.* Búnaðarsamband Vestfjarða. 1999.

Kjartan Ólafsson. 1999. *Vestfjarðarit II. Firðir og Fólk 1900-1999. Vestur-Ísafjarðarsýsla.* Búnaðarsamband Vestfjarða.

Landsnet hf. 2007. *Háspennulínur - aðgát skal höfð.* Upplýsingabæklingur.

Landsnet hf. 2007. *Flutningskerfi Vestfjarða.* Áfangaskýrsla desember.

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.* Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða.

Nordisk Ministerråd. 2007. *Miljö og sundhed for börn i nordiske börnehaver.* Nordisk Ministerråd. Köbenhavn.

Orkubú Vestfjarða ohf. 2007. *Ársskýrsla 2007.* Orkubú Vestfjarða ohf.

Orkuspárnefnd. 2008. *Raforkuspá 2008-2030.* Skýrsla OS-2008/007. Orkustofnun.

Ólafur Kristjánsson o.fl. 2002. *Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur.* Vegagerð ríkisins.

Óskar Leifur Arnarson og Ragnar Edvardsson. 2007. *Fornleifaskráning við Dýrafjörð, V- Ísafjarðarsýslu. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi.* Náttúrustofa Vestfjarða, nr. 13-07.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ; I. hluti Eyrarhreppur hinn forni; Svæðisskráning og aðalskráning.* Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands.

Ragnar Edvardsson. 2006. *Staða fornleifaskráningar í Ísafjarðarbæ.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Ragnar Edvardsson. 2007. *Greinargerð um fornleifar við Hvestu í Arnarfirði og Sanda í Dýrafirði; Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Ragnar Edvardsson og Caroline Paulsen. 2007. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Skrúð á Núpi í Dýrafirði. Unnið fyrir Skjólskóga.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Ragnar Edvardsson 2007. *Menningarminjar við hugsanleg jarðgöng og vegstæði á milli Bolungarvíkur og Hnífsdal. Unnið fyrir Vegagerðina.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Rannveig Guðmundsdóttir. 2008. *Viðhorf landeigenda á Hornstrandasvæðinu til nýtingar svæðisins fyrir ferðamennsku.* Bs. ritgerð við Háskóla Íslands.

Rögnvaldur Guðmundsson. 2003. *Ferðamenn á norðanverðum Vestfjörðum. Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp.* Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.

Samson B. Harðarson. 2005. *Skrúður á Núpi í Dýrafirði.* Garðyrkjuritið 2005, grein bls. 145-148.

Sigtryggur Guðlaugsson. 2004. *Skrúður á Núpi. Græðsla og gróður í fjörtíu ár (1909-1949).* Framkvæmdasjóður Skrúðs.

Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir. 2007. *Hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal og Dagverðardal.* Greinargerð 07008.

Tækniþjónusta Vestfjarða hf. 1994. *Urðunarstaður við Klofning. Frummat á umhverfisáhrifum.* Flateyrarhreppur.

Veðurstofa Íslands 2003. *Hnífsdalur – Hættumatskort.* Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ.

Veðurstofa Íslands 2003b. *Ísafjörður – Hættumatskort.* Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ.

Veðurstofa Íslands. 2004. *Flateyri – Hættumatskort.* Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ.

Veðurstofa Íslands. 2005. *Þingeyri – Hættumatskort.* Hættumat vegna ofanflóða fyrir Þingeyri.

Veðurstofa Íslands. 2005b. *Suðureyri – Hættumatskort.* Hættumat vegna ofanflóða fyrir Suðureyri.

Veðurstofa Íslands. 2008b. *Ísafjörður – Hættumatskort.* Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ.

Veðurstofa Íslands. 2008. Veðurgögn fengin frá Veðurstofu Íslands.

Vegagerðin. 2008. *Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Tillaga að matsáætlun. Drög.* Vegagerðin á Ísafirði.

Vegagerðin. 2008. *Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Kynning framkvæmdar.* Vegagerðin á Ísafirði.

Vegagerðin. 2008. *Hugmyndir að jarðgangaleiðum um Dynjandisheiði.* Vegagerðin á Ísafirði ágúst.

Þorleifur Eiríksson. 2000. *Greinargerð um fjörur við urðunarstað fyrir utan Flateyri í Önundarfirði.* Náttúrustofa Vestfjarða.

Vefheimildir

Flugmálastjórn ríkisins. 2008, ágúst. Slóðin er www.caa.is/Flugleidsagaogflugvellir.

Flugstoðir ohf. 2008, september. Slóðin er www.flugstodir.is.

Háskóli Vestfjarða. 2008, nóvember. Slóðin er www.hsvest.is

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbær. 2008, desember. Slóðin er www.fsi.is.

Hestafélagið Stormur. 2008, ágúst. Slóðin er www.123.is/stormur.

Ísafjarðarbær. 2008, september. Slóðin er www.isafjordur.is/thema/hafnir.

Orkubú Vestfjarða ohf. 2008, október. Slóðin er www.ov.is.

Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins. 2008. Slóðin er www.rala.is/kvasir.

Samgönguráðuneytið. 2008, september. Slóðin er www.samgonguraduneyti.is.

Siglingastofnun. 2008, október. Slóðin er www.sigling.is.

Slysavarnarfélag Landsbjargar. 2008, desember. Slóðin er www.landsbjorg.is.

Slökkvistöð Ísafjarðar. 2008, desember. Slóðin er slokkvilidid.isafjordur.is.

Sorpendurvinnslan Funi. 2008, október. Slóðin er www.isafjordur.is.

Vegagerðin. 2008, ágúst. Slóðin er www.vegagerdin.is.

Þjóðkirkjan. 2008, nóvember. Slóðin er www.kirkjan.is.

Ljósmyndaskrá

Ágúst Atlason (www.westfjords.is). 2.4 Dýralíf.

Ágúst Atlason (www.gusti.is). 7.3 Menningar- og búsetuminjar.

Ágúst Atlason (www.gusti.is). 8.3 Hafnarsvæði.

Ágúst Atlason (www.gusti.is). 11.2.4 Rafveita.

Baldur Páll Hólmgeirsson (www.flickr.com/photos/baldurpan). 7.4.4 Hverfisvernd í þéttbýli.

Baldur Páll Hólmgeirsson (www.flickr.com/photos/baldurpan). 11.1 Sorp

Ellert Örn Erlingsson (www.thingeyri.is). 10. Útivist, opin svæði og íþróttir

Gunnar Páll Eydal. 4.1.1 Hverfisvernd í dreifbýli og friðlýst svæði.

Gunnar Páll Eydal. 10. Útivist, opin svæði og íþróttir.

Gunnar Páll Eydal. 12.8 Flugvellir.

Hálfdán Pedersen (www.westfjords.is). 4.1 Náttúruminjar.

Jón F. Gíslason. 7.5.4 Frístundabyggð.

María Guðbjörg Jóhannsdóttir. 4.2 Skógrækt.

Páll Önundarson (www.pallio.net). 7.2.1 íbúafjöldi.

Páll Önundarson (www.pallio.net). 8.4 Landbúnaður.

Páll Önundarson (www.pallio.net). 8.5 Ferðaþjónusta.

Páll Önundarson (www.pallio.net). 9.3 Félags- og heilbrigðismál.

Þorsteinn H. Ingibergsson (www.kirkjan.net). 9.2.2 Kirkjur og kirkjugarðar.

Þorsteinn J. Tómasson (www.bb.is). 7.4.3 Miðsvæði.

Viðauki A

Fjöldi húsa norðan Djúps – Tafla og uppdrættir

Íbúðarhús og þjónustuhús norðan Djúps, utan landbúnaðarsvæða, sbr. kafla 7.5.4. Birt með fyrirvara um áreiðanleika heimilda.

BÆR / STAÐUR Hvenær síðast búið	Í dag	1908- 1965	Viðbótarhús	Mögulegur fjöldi 2020
INNAN FRIÐLANDS				
HRAFNFJÖRÐUR				
Álfstaðir - 1903 [5,8]	0	0	0	0
Sviðningsstaðir	0	0	0	0
LÓNAFJÖRÐUR				
Kvíar - 1948 [4,5]	1	2	1	2
Gautastaðir [4]	0	0	0	0
Lónbjarnastaðir [4,5]	0	0	0	0
Selningsskáli [4]	0	0	0	0
VEIÐILEYSUFJÖRÐUR				
Marðareyri - 1906 [5]	0	0	0	0
Steinólfsstaðir - 1920 [5]	0	1	1	1
Meleyri - 1903 - [5]	0	0	0	0
Karlstaðir [5]	0	0	0	0
Steig - 1927 [5]	0	1	1	1
HESTEYRARFJÖRÐUR				
Hesteyri [3,4,6]	9	18	9	18
Stekkeyri [4]	0	0	0	0
Slétta - 1947 [3,6]	2	2	0	2
AÐALVÍK				
Sæból og Garðar [4]	12	15	3	15
Lækur* [10]	1	1	0	1
Staður* - 1945 [5]	2	2	0	2
Þverdalur - 1952 og Húsatún [4,1,5]	2	3	1	3
Efri-Miðvík - 1946 [4, 5]	0	2	2	2
Neðri-Miðvík - 1948 [5]	0	2	2	2
Látrar [4]	9	21	12	21

*Jarðir í opinberri eigu skv. töflu 7.12 í greinargerð aðalskipulagsins

BÆR / STAÐUR Hvenær síðast búið	Í dag	1908- 1965	Viðbótarhús	Mögulegur fjöldi 2020
Stakkadalur - 1943 [5, 6]	1	3	2	3
Skálardalur - 1940 [5]	0	2	2	2
Rekavík bak Látur - 1947 [5, 6]	0	2	2	2
FLJÓTAVÍK				
Atlastaðir - 1946 [5,3,6]	5	7	3	8
Glúmstaðir - 1920 [5]	0	1	1	1
HÆLAVÍK				
Kjaransvík - 1921 [5]	0	1	1	1
Hlöðuvík* - 1943 [5]	0	1	0	0
Búðir - 1943 [5]	1	1	0	1
Hælavík* - 1937 [5]	0	2	0	0
HORNVÍK				
Rekavík bak Höfn - 1944 [5]	0	1	1	1
Höfn - 1934 [5, 6]	1	2	1	2
Horn - 1946 [5,4, 6]	2	7	5	7
ALMENNINGAR EYSTRI				
Látravík* [4]	1	2	0	1
Bjarnanes - 1900 / 1895 [4]	0	0	0	0
BARÐSVÍK OG SMIÐJUVÍK				
Smiðjuvík - 1933 [4,5]	0	1	1	1
Barðsvík* - 1911 [5]	0	1	0	0
BOLUNGAVÍK				
Bolungavík - 1949 [4,5,6]	2	2	0	2
Bolungavíkursel - 1944 [5]	0	1	1	1
FURUFJÖRÐUR				
Furufjörður - 1950 [4,5,6]	3	7	4	7
SAMTALS INNAN FRIÐLANDS	54	114	56	110

UTAN FRIÐLANDS				
SNÆFJALLASTRÖND				
Hlíðarhús - 1932 [9, 5]	0	1	3	3
Skarð* - 1939 [5]	0	2	0	0
Sandeyri - 1943 [5]	1	1	2	3
Berjadalsá - 1941 [9, 5]	0	1	3	3

*Jarðir í opinberri eigu skv. töflu 7.12 í greinargerð aðalskipulagsins

BÆR / STAÐUR

Hvenær síðast búið	Í dag	1908- 1965	Viðbótarhús	Mögulegur fjöldi 2020
Snæfjöll* - 1950/1940 [5]	0	2	0	0
Gullhúsá - 1947/1933 (II) [9]	0	2	6	6
GRUNNAVÍK				
Faxastaðir* [5]	0	1	0	0
Staður* - 1962 [3,5]	2	3	0	2
Oddsflöt - 1922+ [3,5]	1	1	2	3
Sútarabúðir I og II- 1962 [3,5]	2	2	4	6
Sætún* - 1962 og Steinhús [3,5]	4	3	0	4
Naust (Ytra Nes)- 1954 [3,5]	1	1	2	3
Nes (Innra / Nestún) - 1962 [3,5]	1	1	2	3
Staðareyrar 5, [4]	0	0	0	0
Kollsá - 1957 [5]	1	1	2	3
HÖFÐASTRÖND				
Neðri bær - 1939+[4,5, 6]	1	1	2	3
Efri bær / Hærri bær - 1957 [4,5, 6]	2	2	4	6
Steinhólar [6]	0	1	3	3
Höfði - 1956 [5, 6]	1	1	2	3
Flæðareyri - 1907 [4,5, 6]	1	0	0	1
Dynjandi - 1952 [5, 6]	2	2	5	7
Leira - 1926 [4,5, 6]	0	1	3	3
Kjós - 1952 [5, 6]	1	2	5	6
HRAFNFJÖRÐUR				
Hrafnfjarðareyri - 1943 [5, 8]	0	1	3	3
REYKJARFJÖRÐUR				
Reykjarfjörður - 1958 [6]	6	4	6	12
Sæból [5, 6]	0	0	0	0
Kirkjuból [6]	0	0	0	0
Nestún [5, 6]	0	0	0	0
ÞARALÁTURSFJÖRÐUR				
Þaralátursfjörður 1946 [5]	0	1	3	3
SAMTALS UTAN FRIÐLANDS	**27**	**38**	**62**	**89**
SAMTALS INNAN OG UTAN FRIÐLANDS	**81**	**152**	**118**	**199**

*Jarðir í opinberri eigu skv. töflu 7.12 í greinargerð aðalskipulagsins

Heimildir, sjá nánar í heimildaskrá.

[1] AMS loftmyndir og kort frá 1945-1946. Landmælingar Íslands. / [2] Loftmyndir frá 1960. Landmælingar Íslands. / [3] Túnauppdrættir, frá árinu 1922. / [4] Hjálmar R. Bárðarson, 1996. / [5] Guðrún Ása Grímsdóttir, 1994. / [6] Munnlegar heimildir staðkunnugra. / [7] www.fljótavík.is. / [8] Guðrún Ása Grímsdóttir, 1989. / [9] Engilbert S. Ingvarsson, 2007 / [10] Gísli Hjartarson, vesturferdir.is.

Fjöldi húsa á tímabilinu 1908-1965



Húsafjöldi í dag og viðbætur, tillaga
Möguleg staða 2020.

Skýringar
- hús í dag
- möguleg viðbótarhús


(Aðlastaðir)
(Tunga)
(Rekavik bak Látrum)
(Glúmsstaðir)
(Látrar)
(Stakkadalur)
(Neðri-Miðvik)
(Efri-Miðvik)
(Skáladalur)
(Sæbóll)
(Þverdalur)
(Garðar)
(Lækur)
(Staður)
(Stekkeyri)
(Hesteyri)
(Sléttu)
(Hælavík)
(Horn)
(Rekavik bak Hófn)
(Hófn)
(Búðir)
(Kjaransvík)
(Hlöðuvík)
(Látravík)
(Bjarnanes)
(Smiðjuvík)
(Bardsvik)
(Bolungarvikursel)
(Bolungarvik)
(Meleyri)
(Steinólfsstaðir)
(Karlsstaðir)
(Marðareyri)
(Steig)
(Kvíar)
(Álfsstaðir)
(Svidningsstaðir)
(Furufjörður)
(Nesteyri)
(Sel)
(Reykjafjörður)
(Parralátursfjörður)
(Sæbóll)
(Kirkjuból)
(Hrafnfjarðareyri)
(Kjós)
(Leira)
(Flæðareyri)
(Dynjandi)
(Höfði)
(Hæmibær)
(Steinhólar)
(Neðnbær)
(Kollsá)
(Staðareyrar)
(Sætún)
(Staður)
(Oddsflöt)
(Faxastaðir)
(Súðarabúðir)
(Naust)
(Nes)
(Gullhúsá)
(Snæfjöll)
(Berjadalsá)
(Sandeyri)
(Skarð)
(Hlíðarhús)
(Hávaðarstaðir)
(Tyrðilmýri)
(Unaðsdalur)
(Lyngholt)
(Æðey)
(Bæir)
(Lónseyri)

Viðauki B

Greining á áhrifum deiliskipulags

Í aðalskipulaginu er sett fram sú stefna að við gerð deiliskipulags, á hverfisvernduðum eða friðlýstum svæðum í dreifbýli, skuli gerð greining á áhrifum þess, í samræmi við staðlaða matstöflu sem hér er birt. Markmiðið með þessu er að tryggja að við ákvarðanatöku sé tillit tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Ákvarðanir um fyrirkomulag framkvæmda skulu teknar í samræmi við niðurstöður greiningarinnar. Vinnuferlið auðveldar meðferð umsókna um framkvæmdir og tryggir jafnrétti landeigenda og annarra hagsmunaaðila.

Það er á ábyrgð þess sem gerir deiliskipulagið að gera viðeigandi greiningu vegna deiliskipulags á umræddum svæðum.

Matstafla vegna greiningar á áhrifum deiliskipulags fyrir hverfisvernduð eða friðlýst svæði í dreifbýli

Heiti deiliskipulags					
Meginmarkmið deiliskipulagsins					
	Stærð svæðis		Áætlað hlutfall af heildarstærð landareignar (%)		
Umfang					
Svæði					
	Landnotkun	Hverfisverndarsvæði (auðkenni)	Svæði á Náttúruminjaskrá	Vatnsverndarsvæði	Minjar á Fornleifaskrá
Skilgreining í gildandi aðalskipulagi					
Stutt lýsing á staðháttum					

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir deiliskipulag						Framkvæmd skv. fyrirhuguðu deiliskipulagi						Þættir til athugunar
Byggð	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Samsvörun við landslag og núverandi byggð -Byggðamynstur -Sérstaða -Ásýnd svæðisins miðað við fyrri búsetu (á ekki við hverfis-vernduð svæði H5-H7) -Staðsetning byggðar miðað við fyrri búsetu (á ekki við hverfis-vernduð svæði H5-H7)
	Skýringar						Skýringar						
Byggingar og önnur mannvirki	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Samsvörun húsa-gerðar, stærðarhlutfalla og efnisnotkunar við þann byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu (á ekki við hverfis-vernduð svæði H5-H7) -Lóðarstærðir miðað við umhverfi -Heildarstærð fram-kvæmdasvæðis miðað við umhverfi
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir deiliskipulag						Framkvæmd skv. fyrirhuguðu deiliskipulagi						Þættir til athugunar
Eignir og efnisleg verðmæti	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Efnisleg verðmæti lands, húsa eða annarra mannvirkja -Aðrir þróunar-möguleikar -Áhrif á aðliggjandi landareignir
	Skýringar						Skýringar						
Gróður og dýralíf	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Gróðurfar. -Dýralíf og búsvæði dýra -Líffræðileg fjölbreytni -Sérstaða
	Skýringar						Skýringar						
Heilsa og öryggi	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Mengun -Slysahætta, hávaði eða annars konar ónæði -Hætta vegna náttúruvár, s.s. ofanflóð, sjávarflóð eða ofsaveður
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir deiliskipulag						Framkvæmd skv. fyrirhuguðu deiliskipulagi						Þættir til athugunar
Innviðir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Samnýting innviða, s.s. veitna -Aðlögun innviða að umhverfi -Umferð og samgönguleiðir -Þjónusta
	Skýringar						Skýringar						
Landbúnaður	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Landbúnaðarland -Áhrif deiliskipulags á búrekstur á jörðinni -Aðrir þróunarmögu-leikar á jörðinni
	Skýringar						Skýringar						
Landslag og náttúruvá	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Landslagsheildir -Sérstaða -Lítt snortin náttúra -Friðlýstar náttúruminjar -Náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum 1 -Heildarmynd svæðisins -Náttúrulegt landslag og sjaldgæf fyrirbrigði
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir deiliskipulag						Framkvæmd skv. fyrirhuguðu deiliskipulagi						Þættir til athugunar
Menningar-minjar og saga	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Fornminjar -Varðveisla húsa og búsetuminja sem eru frá því fyrir 1950 (á ekki við hverfisvernduð svæði H5-H7) -Búsetulandslag og menningarsaga -Bæjarleiðir -Sérstaða -Kennileiti
	Skýringar						Skýringar						
Útivist og upplifun	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Sérstaða -Aðgengi, framboð og gæði útivistarsvæða -Strandsvæði, ásýnd og útsýni til sjávar -Sýnileiki framkvæmda
	Skýringar						Skýringar						
Vatn	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Vatnsgæði og vatnabúskapur -Votlendi -Sérstaða
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir deiliskipulag						Framkvæmd skv. fyrirhuguðu deiliskipulagi						Þættir til athugunar
Aðrar áætlanir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Samræmi við markmið gildandi aðalskipulags -Samræmi við aðrar áætlanir, s.s. aðliggjandi deiliskipulag, verndar-áætlun eða Staðar-dagskrá 21
	Skýringar						Skýringar						
Mótvægis aðgerðir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Mögulegar mótvægisaðgerðir vegna fyrirsjáanlegra neikvæðra áhrifa deiliskipulagsins á tiltekna þætti
	Skýringar						Skýringar						

Niðurstaða	

Skýringar

+ +	Veruleg jákvæð áhrif	-	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	- -	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við	?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar

[1] Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum:

— Stöðuvötn og tjarnir sem eru 1000² m eða stærri
— Mýrar og flóar, 3 ha eða stærri
— Fossar, hverir og aðrar heita uppsprettur
— Sjávarfitjar og leirur

Viðauki C

Greining á áhrifum skógræktar

Í aðalskipulaginu er sett fram sú stefna að þar sem skógrækt er tilkynningarskyld til Ísafjarðarbæjar, þá ber framkvæmdaraðila að gera grein fyrir áhrifum hennar með því nota staðlaða matstöflu, sem hér er birt. Þetta á við á hverfisvernduðum svæðum og óbyggðum svæðum sem og öðrum svæðum innan sveitarfélagsins, þar sem fyrirhuguð skógrækt nær til 100 ha eða meira. Greiningunni er ætlað að tryggja að skógrækt sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins og faglega málsmeðferð sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila við ákvarðanatöku.

Það er á ábyrgð framkvæmdaaðila, að gera viðeigandi greiningu vegna undirbúnings skógræktar á umræddum svæðum. Ákvarðanataka um skógrækt skal byggja á niðurstöðum hennar.

Matstafla vegna greiningar á áhrifum skógræktar

Land						
Eigandi / framkvæmdaaðili						
Tilgangur / markmið skógræktar						
Gerð skógræktar	Fjölnytjaskógur	Viðarnytjaskógur	Útivistarskógur	Skjólskógur	Tilraunasvæði	Annað
	Innlendar tegundir (%)		Innflutt lauftré (%)		Barrtré (%)	
Áætlaðar plöntutegundir						
Umfang	Stærð svæðis			Fjöldi plantna		
Svæði						
Afstöðumynd						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir skógrækt						Nýtt skógræktarsvæði						Þættir til athugunar
Aðrar áætlanir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Samræmi við aðrar áætlanir s.s. gildandi deiliskipulag, náttúruverndaráætlun eða Staðardagskrá -Samræmi við markmið gildandi aðalskipulags
	Skýringar						Skýringar						
Dýralíf	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Áhrif skógræktar á dýralíf og búsvæði dýra
	Skýringar						Skýringar						
Gróður	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Áhrif skógræktar á gróðurfar á svæðinu -Áhrif skógræktar á náttúrulegan birkiskóg / kjarr -Áhrif skógræktar á berjalönd -Eru jaðrar skógræktarinnar aðlagaðir að öðrum gróðri á svæðinu?
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir skógrækt						Nýtt skógræktarsvæði						Þættir til athugunar
Heilsa	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Áhrif skógræktar hvað varðar mengun
	Skýringar						Skýringar						
Innviðir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá veitulögnum (minnst 25 m)? -Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá stofnvegum (minnst 30 m) eða tengivegum og öðrum vegum (minnst 15 m)?
	Skýringar						Skýringar						
Landbúnaður	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Er því landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu hlíft við skógrækt? -Áhrif skógræktar á búrekstur á jörðinni. -Áhrif skógræktar á aðra þróunarmöguleika á jörðinni -Var haft samráð við eiganda aðliggjandi jarðar (ef skógrækt er fyrirhuguð nær landamerkjum en 25 m)?
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir skógrækt						Nýtt skógræktarsvæði						Þættir til athugunar
Innviðir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Samnýting innviða, s.s. veitna -Aðlögun innviða að umhverfi -Umferð og samgönguleiðir -Þjónusta
	Skýringar						Skýringar						
Landbúnaður	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Landbúnaðarland -Áhrif deiliskipulags á búrekstur á jörðinni -Aðrir þróunarmögu-leikar á jörðinni
	Skýringar						Skýringar						
Landslag og náttúruvá	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Landslagsheildir -Sérstaða -Lítt snortin náttúra -Friðlýstar náttúruminjar -Náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum [1] -Heildarmynd svæðisins -Náttúrulegt landslag og sjaldgæf fyrirbrigði
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir skógrækt						Nýtt skógræktarsvæði						Þættir til athugunar
Landslag og náttúra	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Eru innfluttar tegundir eingöngu innan þess svæðis sem þær eru heimilar skv. lögum (undir 500 m h.y.s.)? -Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá friðlýstum náttúruminjum? -Hefur skógræktin áhrif á náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum? -Áhrif skógræktar á heildarmynd svæðisins -Hefur skógurinn tengsl við ásýnd landslagsins, þ.e. fylgir hann landslaginu? -Er skógræktarsvæðið aðgengilegt m.t.t. uppbyggingar og viðhalds?
	Skýringar						Skýringar						
Menningarminjar og saga	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	- Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá friðuðum mannvirkjum eða öðrum þekktum eða líklegum fornminjum (minnst 20 m)? -Áhrif skógræktar á landslag sem varðveitir búsetusögu -Er mikilvægum kennileitum og stöðum hlíft við skógrækt?
	Skýringar						Skýringar						

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir skógrækt						Nýtt skógræktarsvæði						Þættir til athugunar
Útivist og ferðaþjónusta	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Áhrif skógræktar á aðgengi, framboð og gæði útivistarsvæða -Áhrif skógræktar á strandsvæði, ásýnd og útsýni til sjávar -Hefur skógurinn fræðslugildi?
	Skýringar						Skýringar						
Vatn	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	- Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá vatnsbakka (minnst 50m)? -Er mýrlendi hlíft við skógrækt? -Er tryggt að skógrækt hafi ekki áhrif á vatnasvið votlendis?
	Skýringar						Skýringar						

Viðauki C - 8

Umhverfisþáttur	Núverandi ástand fyrir skógrækt						Nýtt skógræktarsvæði						Þættir til athugunar
Veðurfar	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Áhrif skógræktar á vindstrengi, snjóalög og skuggavarp
	Skýringar						Skýringar						
Mótvægis-aðgerðir	- -	-	0	+	+ +	?	- -	-	0	+	+ +	?	-Er mögulegt að bæta, með sérstökum aðgerðum, fyrir fyrirsjáanleg neikvæð áhrif skógræktar á tiltekna þætti?
	Skýringar						Skýringar						

Viðauki C - 9

Samantekt

Skýringar

+ +	Veruleg jákvæð áhrif	**-**	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	**- -**	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við	**?**	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar

[1] Náttúrufyrirbrigði sem njóta sérstakrar verndar:
— Stöðuvötn og tjarnir sem eru 1000² m eða stærri
— Mýrar og flóar, 3 ha eða stærri
—Fossar, hverir og aðrar heita uppsprettur
—Sjávarfitjar og leirur

Viðauki D

Umhverfismatskýrsla Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020

1. Inngangur

Í umhverfismatinu eru metin áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem ætlað er að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg áhrif eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða tekur mið af niðurstöðu þessa mats. Notast er við venslatöflur við matið, þar sem skýrt er umfang og vægi umhverfisáhrifa. Til að meta umfang og vægi áhrifa er notast við skilgreind viðmið sem m.a. er að finna í lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum og ýmsum stefnuskjölum stjórnvalda. Taflan að neðan sýnir þau umhverfisviðmið og -vísa sem miðað er við.

Helstu umhverfisþættir, viðmið og vísar sem notast er við í umhverfismatinu.

Umhverfisþáttur	Viðmið	Vísar
Atvinnulíf og þjónusta	- Byggðaáætlanir - Efnahagsspár - Vaxtarsamningur Vestfjarða - Samanburður við önnur sveitarfélög - Staðardagskrá 21	- Staða atvinnulífs - Hagvöxtur - Fjölbreytni - Þjónustustig
Íbúaþróun	- Byggðaáætlanir - Fasteignamat - Staðardagskrá 21	- Íbúafjöldi - Þróun fasteignaverðs - Eignarhald og nýting fasteigna
Menningarminjar	- 107/2001 Þjóðminjalög - Stefna íslenskra stjórnvalda um byggingarlist - Staðardagskrá 21 - Fornleifaskrá - Samningurinn um heimsminjar - Granada-samningurinn - Möltusamningurinn	- Fornleifaskráning - Húsasaga

Umhverfisþáttur	*Viðmið*	*Vísar*
Náttúra og landslag	- 44/1999 Lög um náttúruvernd - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Náttúruverndaráætlun - Náttúruminjaskrá - Staðardagskrá 21 - Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni - Ramsarsamningurinn - Bernarsamningurinn - Evrópski landslagsáttmálinn	- Gróðurfar - Fuglalíf - Náttúruminjar - Fágæti landslags - Nýtingarsaga - Mengun - Röskun
Samgöngur og öryggi	- Samgönguáætlun - Byggðaáætlanir - Stefna Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum - Reglugerð 505/2000 m.s.b. um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats - Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - 933/1999 Reglugerð um hávaða	- Umferð - Vegalengd - Vegflokkun - Áhætta vegna ofanflóða - Hljóðstig
Útivist og félags- og velferðarmál	- Stefnuskjöl um menntamál, menningarmál, félagsmál og heilbrigðismál - Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Staðardagskrá 21	- Framboð og eftirspurn þjónustu - Aðgengi að þjónustu - Aðgengi að útivist og tómstundum

Í matstöflunum er áhrifum gefin einkunn og matið nánar skýrt í texta. Eftirfarandi eru skýringar á einkunnum:

? Óvissa. Ekki ljóst hvaða áhrif valkosturinn hefur á umhverfisþáttinn, t.d. vegna skorts á grunnupplýsingum eða þess að áhrifin eru háð útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmd.

+ + Valkosturinn er líklegur til að hafa talsverð jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

+ Valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

0 Áhrif valkostsins eru óveruleg.

- Valkosturinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

- - Valkosturinn er líklegur til að hafa talsverð neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

2. Tengsl skipulagsins við aðrar áætlanir

Aðalskipulagið tekur mið af eftirfarandi áætlunum:

- Aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009
- Aðalskipulag Suðureyrar 1983-2003
- Aðalskipulag Flateyrar 1987-2007
- Aðalskipulag Mosvallahrepps 1996-2017
- Aðalskipulag Þingeyrar 1985-2005
- Aðalskipulag Bolungarvíkur 1980-2000
- Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018
- Aðalskipulag Súðavíkur 1999-2018
- Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 (drög)
- Aðalskipulag Strandabyggðar (drög)
- Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 (drög)
- Samgönguáætlun 2003-2014
- Samgönguáætlun 2005-2008
- Stefna Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum frá 2008
- Byggðaáætlun fyrir Vestfirði – unnin af sveitarfélögum á Vestfjörðum 2002
- Velferð til framtíðar – stefnumörkun stjórnvalda til 2020
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008
- Byggðaáætlun 2009-2013 (drög)
- Staðardagskrá 21

3. Umhverfismat

3.1. Samgöngur

Eins og fram kemur í kafla 12 um samgöngur í greinargerð aðalskipulagsins, þá er lögð áhersla á bættar samgöngur í Ísafjarðarbæ, bæði tengingar við aðra hluta fjórðungsins og aðra landshluta. Ísafjarðarbær er skilgreindur af stjórnvöldum sem einn af þremur byggðakjörnum utan höfuðborgarsvæðisins og eru góðar samgöngur forsenda þess að bærinn geti sinnt því hlutverki. Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi samgöngubætur skoðaðar:

- Vegur á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar
- Vegur á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar
- Vegur á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar
- Stórskipahöfn
- Millilandaflugvöllur

Viðeigandi markmið eru sett fram með hverju umhverfismati en meginmarkmið m.t.t. samgangna eru eftirfarandi, sbr. kafla 12:

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum.
  Mikilvægt er að samgöngubótum verði flýtt til að auka samkeppnishæfni svæðisins
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta
- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- Auka áreiðanleika flugsamgangna
- Koma upp millilandaflugvelli innan sveitarfélagsins til að auka tækifæri í atvinnumálum, s.s. ferðaþjónustu,
  iðnaði og auka möguleika á þjónustu við Austur-Grænland
- Auka vægi vöruflutninga á sjó
- Bæta tollafgreiðslu í sveitarfélaginu
- Efla almenningssamgöngur
- Á svæðinu norðan Djúps verði samgöngur fyrst og fremst sjóleiðis og nýir vegir ekki lagðir utan landbúnaðarsvæða
- Innan þéttbýlissvæða verði áhersla lögð á það að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum
- Komið verði upp neti reiðleiða sem tryggi öryggi hestaumferðar innan sveitarfélagsins og tengist reiðleiðum nágrannasveitarfélaganna

Vegur á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar

Í kafla 12 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er fjallað um nauðsyn þess að bæta samgöngur til nágrannasveitarfélaga. Vegur á milli Ísafjarðar og Súðavíkur er góður en öryggi er ekki viðunandi yfir vetrarmánuðina, vegna ofanflóðahættu, bæði á Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð. Hann uppfyllir því ekki kröfur samfélagsins um öryggi og áreiðanleika.

Markmið

Bæta veginn á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar til að tryggja öryggi á leiðinni og stytta vegalengdir. Þetta er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins í samgöngumálum, þ.e. að:

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta
- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Núverandi vegi haldið við með sama hætti og gert hefur verið		Leið II Endurbætur á núverandi vegi með vegskálum og skápum		Leið III Göng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar	
Atvinnulíf og þjónusta	-	Óbreytt ástand skekkir samkeppnisstöðu atvinnulífs á svæðinu. Eftir því sem samgöngur batna í öðrum landshlutum, aukast neikvæð áhrif á atvinnu- og efnahagslíf, þar sem samgöngur eru óáreiðanlegar og óöruggar. Samræmist ekki Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.	+	Líklegt er að umbætur á leiðinni hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf og þjónustu á svæðinu, samkeppnisstaða batnar vegna aukins áreiðanleika samgangna.	+ +	Líklegt er að göng hafi talsverð jákvæð áhrif á atvinnulíf og þjónustu á svæðinu, samkeppnisstaða batnar og þjónustusvæðið stækkar vegna tryggra samgangna og styttingar leiðar. Samræmist Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.
Íbúaþróun	-	Eftir því sem samgöngur batna í öðrum landshlutum, aukast neikvæð áhrif á búsetuskilyrði, þar sem samgöngur eru óáreiðanlegar og óöruggar.	+	Líklegt er að umbætur á leiðinni hafi jákvæð áhrif á íbúaþróun vegna aukins öryggis og áreiðanleika samgangna.	+ +	Líklegt er að umbætur á leiðinni hafi verulega jákvæð áhrif á íbúaþróun vegna aukins öryggis og áreiðanleika samgangna.

Náttúra og landslag	-	Í dag er talsvert rask, sem fylgir almennu viðhaldi, í hlíðum á leiðinni.	- -	Hluti strandlengjunnar á milli Ísafjarðar og Súðavíkur er á Náttúruminjaskrá, m.a. vegna landslags og lífríkis, sbr. 4. kafla aðalskipulagsins. Aukin umferð samfara bættum samgöngum eykur álag á lífríkið en líklega þó aðeins óverulega. Reynslan sýnir hins vegar að vegskálar og skápar hafa töluverð neikvæð áhrif á ásýnd landsins.	+ -	Með göngum færist umferðin frá svæði sem er á náttúruminjaskrá. Á móti kemur rask sem fylgir nýju landbroti, það sé almennt minna við jarðgangagerð. Búast má við því að umferð á milli Súðavíkur og Ísafjarðar aukist talsvert en á móti kemur veruleg stytting vegalengdar, þannig að ekki er líklegt að mengun vegna útblásturs aukist verulega. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	?	Háð útfærslu. Fornminjar hafa ekki verið fullskráðar á svæðinu. Elstu göng á Íslandi, sem liggja í gegnum Arnardalshamar, gætu verið í hættu.	?	Háð útfærslu. Nokkuð er af skráðum fornminjum í Engidal en svæðið er annars ekki fullskráð. Í Súðavíkurhreppi hefur ekki verið unnin fornleifaskrá.
Samgöngur og öryggi	- -	Á þeim tíma sem hætta er á ofanflóðum uppfyllir vegurinn ekki kröfur um öryggi. Leiðin lokast oft vegna ofanflóða eða hættu á þeim. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+	Öryggið eykst en áfram verður hætta á ofanflóðum. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+ +	Öryggi vegfarenda og áreiðanleiki samgangna eykst verulega og vegalengdin styttist. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og markmiðum amgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Útivist og félags- og velferðarmál	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	? +	Háð útfærslu. Að færa stofnveginn frá náttúruverndarsvæðinu eykur möguleika til útivistar. Gamla veginn má m.a. annars nýta sem hjólaleið eða útsýnisleið.

Niðurstaða

Núverandi staða er ekki viðunnandi. Með leið II eykst áreiðanleiki samgangna en verður þó tæpast viðunandi. Einnig getur leiðin haft talsverð neikvæð áhrif á sérstætt landslag. Leið III tryggir mestan áreiðanleika og tryggir ásættanlegt öryggi vegfarenda. Líklegt er að samkeppnishæfni svæðisins aukist bæði hvað varðar íbúa og atvinnulíf. Auk þess getur leiðin aukið útivistarmöguleika og hefur almennt jákvæð áhrif á umhverfið. Þó er ekki ljóst hvort einhverjar minjar geti verið í hættu, en það er háð útfærslu.

Vegur frá Dýrafjarðarbrú að Mjólká í Arnarfirði

Í kafla 12 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er fjallað um nauðsyn þess að bæta samgöngur á milli Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar. Til þess þarf að finna varanlega lausn sem leysir af hólmi vegina um Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Varanleg lausn felst í endurbótum á báðum þessum leiðum, en framkvæmdir þurfa þó ekki að vera samhangandi. Mun brýnna er að bæta samgöngur Dýrafjarðar og Arnarfjarðar vegna þess hve hættulegur og erfiður vegurinn um Hrafnseyrarheiði er. Hugmyndir hafa komið fram um göng undir sjó á milli Hrafnseyrar og Bíldudals en sú leið er ekki talin raunhæf. Allar aðrar hugmyndir gera ráð fyrir því að vegurinn liggi um Mjólká í Arnarfirði. Fjallað er um umhverfisáhrif vegtengingar á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar að neðan.

Markmið

Lagður verði góður og öruggur vegur á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar til að tryggja heilsárssamgöngur á milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar. Þetta er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins í samgöngumálum, þ.e. að:

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta
- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum

Umhverfismat valkosta

Miðað er við það að úrbætur verði gerðar á Dynjandisheiði, sbr. kafla 12 um samgöngur í aðalskipulaginu.

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Núverandi vegi haldið við með sama hætti og verið hefur, en hann endurbættur eins og aðstæður leyfa		Leið II 3,5 km göng undir Hrafneyrarheiði í 200-300 m hæð og allur vegurinn á milli Þingeyrar og Mjólkár endurbættur		Leið III 5,6 km göng á milli Dranga í botni Dýrafjarðar og Rauðsstaða í Borgarfirði í botni Arnarfjarðar. Ný veglína um land Kjaransstaða og Dranga í Dýrafirði og Rauðsstaða og Borgar í Arnarfirði	
Atvinnulíf og þjónusta	- -	Ótryggar samgöngur hafa veruleg áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum. Þjónustusvæði fyrirtækja og stofnana, m.a. heilbrigðis- og menntastofnana, takmarkast af skertum samgöngum. Ísafjörður getur ekki sinnt hlutverki sínu sem	+	Atvinnu- og þjónustusvæði fyrirtækja og stofnana stækkar verulega. Grundvöllur skapast til eflingar atvinnulífs á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum, sbr. umræður í skýrslum sem fjalla um byggðamál svæðisins. Svæðið verður samkeppnishæfara við aðra landshluta.	+ +	Atvinnu- og þjónustusvæði fyrirtækja og stofnana stækkar verulega. Grundvöllur skapast til mikillar eflingar atvinnulífs á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum, sbr. umræður í skýrslum sem fjalla um byggðamál svæðisins. Svæðið verður samkeppnishæfara við aðra

Atvinnulíf og þjónusta. Framhald	- -	byggðakjarni við þessar aðstæður. Íbúar af sunnanverðum Vestfjörðum sækja í auknum mæli í þjónustu og samstarf til annarra landshluta. Samræmist ekki Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.			+ +	landshluta. Vegalengdin á milli Ísafjarðar og sunnanverðra Vestfjarða styttist verulega. Samræmist Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.
Íbúaþróun	- -	Ótryggar samgöngur á milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða hafa verulega neikvæð áhrif á íbúaþróun og eru ekki líklegar til að ýta undir fólksfjölgun á svæðinu. Með þessari leið er tekin ákvörðun um það að samgöngur um þetta svæði verði, til lengri tíma litið, mun lakari en annars staðar þar sem þéttbýli er.	+	Jarðgöng eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á íbúaþróun, þar sem mögulegt verður að hafa samskipti og sækja þjónustu allt árið um kring. Stytting leiðarinnar er þó ekki mikil, þó svo að ferðatími muni styttast með bættum vegi.	+ +	Jarðgöng eru líkleg til að hafa afgerandi áhrif á íbúaþróun, þar sem mögulegt verður að hafa samskipti og sækja þjónustu allt árið um kring á tiltölulega öruggum vegi. Vegalengdin á milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða mun styttast verulega. Þessi leið er sambærileg við samgöngubætur í öðrum landshlutum og sveitarfélög á svæðinu verða því samkeppnishæf um íbúa. Nýr vegur mun færast fjær íbúðarhúsum í þéttbýli og dreifbýli miðað við leiðir I og II.
Náttúra og landslag	0	Skaginn á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, utan ræktaðs lands og þéttbýlis, ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði, er á náttúruminjaskrá vegna landslags og söguminja. Engin veruleg áhrif verða en helst ber að nefna útblástursmengun farartækja sem fara um fjallveginn. Á móti kemur þó að vegurinn er fáfarinn vegna aðstæðna.	0	Skaginn á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, utan ræktaðs lands og þéttbýlis, ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði, er á náttúruminjaskrá vegna landslags og söguminja. Ekki verða veruleg umhverfisáhrif m.t.t. gróðurs, dýralífs og landslags. Útblástursmengun farartækja er meiri en í leið III en minni en í leið I.	-	Skaginn á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, utan ræktaðs lands og þéttbýlis, ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði, er á náttúruminjaskrá vegna landslags og söguminja. Hluti vegarins í Dýrafirði liggur við sjávarmál, neðan eldri vegar. Þessi lega er valin í samráði við landeigendur með það að markmiði að skerða ekki landbúnaðarsvæði og önnur landgæði. Hins vegar munu verða neikvæð áhrif á landslag og lífríki strandsvæðisins. Þvera þarf Kjaransstaðaá og Bæjará en engin veiði er þó í þeim.

Náttúra og landslag. Framhald					+ +	Stytting leiðarinnar dregur talsvert úr útblástursmengun þeirra bíla sem fara á milli fjarðanna. Á móti kemur þó að búast má við aukinni umferð.
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	-	Alls eru fjórir minjastaðir innan 30 m frá miðlínu vegar, þrír í landi Kjaransstaða í Dýrafirði og einn í Arnarfirði, sbr. mynd 7.8 skráðar fornminjar í . Ekki er gert ráð fyrir því að minjarnar raskist en lagt er til að allar minjar innan 100 m frá vegi verði merktar og hugsanlega varðar á framkvæmdatímanum. Hrafnseyri fer úr stofnvegasambandi.
Samgöngur og öryggi	- -	Leiðin getur ekki þjónað sem samgönguæð á milli fjarðanna og byggðarlaga. Ekki er búist við mikilli aukningu umferðar en árið 2006 keyrði að meðaltali 71 bíl á dag yfir heiðina. Vegurinn um Hrafnseyrarheiði uppfyllir ekki kröfur um öryggi enda er hann mjög brattur og þar er oft mikil hætta á snjóflóðum og grjóthruni. Samgöngur verða mjög stopular yfir vetrartímann líkt og verið hefur. Vegurinn frá Hrafnseyri að Mjólká er mjór og krókóttur malarvegur. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+	Öryggi vegfarenda eykst en áfram þarf að fara um erfiða kafla og því vart hægt að segja að áhættan verði ásættanleg miðað við það hlutverk sem veginum er ætlað að gegna. Vegalengdin styttist óverulega, eða um 3 km á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar.	+ +	Öryggi vegfarenda eykst mikið og auk þess styttist vegalengdin verulega, eða um 27 km á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar. Búast má við verulega aukinni umferð, eða 200 bílum að meðaltali á dag. Þekkt er að snjóflóð falla ofan Rauðstaða og mikilvægt er að staðsetja gangamunna m.t.t. þess. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Útivist og félags- og velferðarmál	0	Engin veruleg áhrif verða á útivist. Umferð um Þingeyri veldur einhverjum óþægindum fyrir íbúa þar og á nærliggjandi býlum.	-	Aukin umferð um Þingeyri getur valdið auknum óþægindum fyrir íbúa þar og á nærliggjandi býlum. Þrjú íbúðarhús eru mjög nærri veginum á milli	+ -	Mögulegt verður að nýta veginn um Hrafnseyrarheiði til útivistar. Betra aðgengi opnast að innri hluta Dýrafjarðar en aukin umferð mun þó einnig skerða

Útivist og félags- og velferðarmál. Framhald	**0**	Þrjú íbúðarhús eru einnig mjög nærri veginum á milli Dýrafjarðarbrúar og Þingeyrar.	-	Dýrafjarðarbrúar og Þingeyrar. Samræmist ekki tillögu staðardagskrár 21 um hávaða- og loftmengun.	**+** **-**	útivistargildi þar. Umferð færist fjær byggð í dreifbýli og þéttbýli og eykur þar með umhverfisgæðin á þeim stöðum. Samræmist tillögu staðardagskrár 21 um hávaða- og loftmengun.

Niðurstaða

Ljóst er að leið III er besti kosturinn en munurinn á leiðunum er nokkuð mikill. Líklegt er að samfélagsleg áhrif leiðarinnar verði mjög jákvæð en að neikvæð áhrif á náttúruna verði ekki mikil, utan rasks vegna vegalagningar við fjöruborð í Dýrafirði. Leið II hefur ekki mikil neikvæð áhrif, hvorki á samfélag eða náttúru, en hún hefur ekki eins jákvæð áhrif og leið III. Leið I hefur ekki heldur mikil áhrif á náttúru en telja má víst að samfélagsleg áhrif verði afar neikvæð og að þau áhrif aukist með tímanum þegar samgöngur batna í öðrum landshlutum. Helstu neikvæðu áhrif leiðar III eru á menningarminjar. Nokkuð er af minjum nálægt veglínunni og því er mikilvægt að þær verði merktar og varðar. Þá er einnig mikilvægt að aðgengi að Hrafnseyri verði tryggt með öruggum vegi úr Borgarfirði.

Vegur á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar

Í kafla 12 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er fjallað um nauðsyn þess að bæta samgöngur á milli Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar. Til þess þarf að finna varanlega lausn sem leysir af hólmi vegina um Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Varanleg lausn felst í endurbótum á báðum þessum leiðum, en framkvæmdir þurfa þó ekki að vera samhangandi. Mun brýnna er að bæta samgöngur Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, vegna þess hve hættulegur og erfiður vegurinn um Hrafnseyrarheiði er. Hugmyndir hafa komi fram um göng undir sjó á milli Hrafnseyrar og Bíldudals en sú leið er ekki talin raunhæf. Allar aðrar hugmyndir gera ráð fyrir því að vegurinn liggi um Mjólká í Arnarfirði. Fjallað var um umhverfisáhrif vegatengingar á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar hér fyrir ofan.

Markmið

Bæta veginn á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar til að tryggja öryggi og stytta vegalengdir innan fjórðungsins og til annarra landshluta. Þetta er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins í samgöngumálum, þ.e. að:

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta
- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum

Umhverfismat valkosta

Miðað er við það að úrbætur verði gerðar á Hrafneyrarheiði, sbr. kafla 12 um samgöngur í aðalskipulaginu

Valkostir / Um-hverfis-þættir	Leið I Núverandi vegi haldið við með sama hætti og gert hefur verið		Leið II Nýr heilsársvegur yfir Dynjandisheiði		Leið III Göng á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar	
Atvinnulíf og þjónusta	- -	Samgönguleysi á milli byggðarlaga hefur þegar haft neikvæð áhrif á atvinnu og þjónustu. Óbreytt ástand skekkir samkeppnisstöðu atvinnulífs á svæðinu enn frekar. Eftir því sem samgöngur batna í öðrum landshlutum, aukast neikvæð áhrif á atvinnu- og efnahagslíf, þar sem samgöngur eru ekki áreiðanlegar. Samræmist ekki Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.	+	Líklegt er að tenging svæða, með heilsársvegi, hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu, aukinn möguleiki verður á samvinnu og samkeppnisstaða batnar. Samræmist Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.	+ +	Líklegt er að göng hafi talsverð jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu, samkeppnisstaða batnar og þjónustusvæðið stækkar vegna tryggari samgangna og styttingar leiðar. Líklegt er að jákvæð áhrif verði enn meiri á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem samgöngubótunum fylgir aukinn aðgangur að þjónustu. Samræmist Byggðaáætlun fyrir Vestfirði

Íbúaþróun	- -	Samgönguleysi á milli byggðarlaga hefur þegar haft neikvæð áhrif á íbúaþróun. Eftir því sem samgöngur batna í öðrum landshlutum, aukast neikvæð áhrif á búsetuskilyrði þar sem samgöngur eru óáreiðanlegar og óöruggar.	+	Líklegt er að tenging svæða með heilsársvegi hafi jákvæð áhrif á íbúaþróun, vegna aukins áreiðanleika samgangna.	+ +	Líklegt er að umbætur á leiðinni hafi veruleg jákvæð áhrif á íbúaþróun, vegna aukins áreiðanleika samgangna.
Náttúra og landslag	0	Óverulegt umfram það sem er í dag. Stór hluti núverandi vegar liggur um svæði sem eru á náttúruminjaskrá, þ.e. svæðið kringum Dynjanda í Ísafjarðarbæ, sem er náttúruvætti, svæðið í kringum Geirþjófsfjörð og friðland Vatnsfjarðar, en þessi svæði eru í Vesturbyggð. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir hverfisvernd í kringum Arnarfjörð. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 gerir jafnframt ráð fyrir hverfisvernd á hluta heiðarinnar. Auk þess nýtur Breiðafjörður verndar skv. lögum.	- ?	Stór hluti núverandi vegar liggur um svæði sem eru á náttúruminjaskrá og svæði sem eru hverfisvernduð skv. aðalskipulagi. Líklegt er að nýr vegur fylgi núverandi veglínu en mögulegt er að á köflum liggi hann um óbrotið land. Líklegt er að gera þurfi mjög stórar fyllingar á erfiðum köflum sem getur haft mikil áhrif ásýnd landsins. Þessi leið samræmist ekki stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	?	Mögulegar gangaleiðir liggja um svæði sem eru á náttúruminjaskrá eða njóta hverfisverndar skv. aðalskipulagi. Áhrif leiðarinnar á þessi svæði eru því háð útfærslu framkvæmdar, en með göngunum færist umferð frá verndarsvæðum á heiðinni. Almennt eru umhverfisáhrif minni af jarðgöngum en landvegum og þverunum. Búast má við því að umferð aukist talsvert, en á móti kemur nokkur stytting vegalengdar, þannig að ekki er líklegt að mengun aukist. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	?	Háð útfærslu. Fornminjar hafa ekki verið skráðar á þessu svæði í Ísafjarðarbæ, nema við Mjólká. Nokkuð er af skráðum og fornminjum í Geirþjófsfirði og Vatnsfirði í Vesturbyggð.	?	Háð útfærslu. Fornminjar hafa ekki verið skráðar á þessu svæði í Ísafjarðarbæ, nema við Mjólká. Nokkuð er af skráðum fornminjum í Geirþjófsfirði og Vatnsfirði í Vesturbyggð.
Samgöngur og öryggi	- -	Vegurinn yfir Dynjandisheiði er hálfrar aldar gamall krókóttur malarvegur. Vegurinn uppfyllir ekki kröfur um öryggi og áreiðanleika. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+	Öryggi og áreiðaleiki samgangna á milli Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslna eykst verulega, þó ekki verði um láglendisveg að ræða. Ekki er gert ráð fyrir því að leiðin styttist. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+ +	Öryggi vegfarenda og áreiðanleiki samgangna eykst verulega og vegalengdin styttist á milli svæða og til annarra landshluta. Með samgönguúrbótum á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verður þetta stysta leiðin á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Samgöngur og öryggi. Framhald	- -		+		+ +	Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Útivist og félags- og velferðarmál	0	Núverandi ástand samgangna hamlar samvinnu og samþættingu á félags- og velferðarþjónustu á milli svæða og veikir stöðu hennar.	+	Heilsárssamgöngur auka möguleika á samvinnu og samþættingu félags- og velferðarþjónustu á milli svæða. Fjallvegir geta þó haft hamlandi áhrif á vilja fólks til að sækja þjónustu.	+ +	Möguleikar aukast verulega á samvinnu og samþættingu félags- og velferðarþjónustu á milli svæða, s.s. menntun og heilbrigðisþjónustu. Að færa stofnveginn af Dynjandisheiði eykur möguleika til útivistar þar. Gamla veginn má m.a. annars nýta sem ferðamannaleið, hjóla- og/eða reiðleið.

Niðurstaða

Ljóst er að leið I er óviðunandi og skekkir samkeppnisstöðu sveitarfélagsins. Leið II er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið en hún opnar nýja möguleika á samvinnu atvinnulífs sem og félags- og velferðarmála. Talsverð óvissa er um áhrif leiða II og III á náttúruna, en almennt má segja að umhverfisáhrif jarðganga séu minni en á landvegum. Áhrifin ráðast þó mjög af þeim útfærslum sem fyrir valinu verða. Líklegast er að leið III hafi mestu jákvæðu samfélagslegu áhrifin.

Stofnbraut um Eyrina

Um Hrannargötu og Sólgötu liggur stofnbrautin sem þverar Eyrina. Göturnar eru í íbúðarbyggð og er nokkurt álag vegna umferðar þar, sérstaklega vegna hraðaksturs. Í síðasta aðalskipulagi var gert ráð fyrir því að stofnbrautin yrði lögð meðfram ströndinni utan við byggðina á Eyrinni, þ.e. utan við Fjarðarstræti og Sundstræti, en ekki í Pollgötu eins og síðar var framkvæmt. Með tilkomu jarðganga á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals er talið að umferð muni aukast úr rúmum 600 bílum á dag í um 1000 bíla. Þetta mun leiða til aukningar á umferð um Djúpveg í Skutulsfirði, þ.m.t. Hrannargötu og Sólgötu.

Markmið

Tryggja ásættanlega legu stofnbrautar í gegnum Eyrina á Ísafirði. Þetta er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins í samgöngumálum, þ.e. að:

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta
- Auka öryggi vegfarenda
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Stofnbrautin verði áfram um Sólgötu og Hrannargötu og haldið við með sama hætti og gert hefur verið		Leið II Stofnbrautin verði áfram um Sólgötu og Hrannargötu, en umferðahraði minnkaður með tryggum hætti, s.s. með því að breyta götunum í vistgötur		Leið III Stofnbrautin verði færð á fyllingu utan við Fjarðarstræti og Sundstræti og tengist þaðan Pollgötu um Sindragötu, í samræmi við aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009	
Atvinnulíf og þjónusta	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Vistlegt umhverfi getur haft jákvæð áhrif á og ímynd bæjarins m.t.t. íbúa, gesta og viðskiptavina á svæðinu.	-	Vegalengd í gengnum Eyrina eykst úr rúmum 0,7 km í 2,3 km sem getur leitt af sér aukinn rekstrarkostnað fyrirtækja sem þurfa að nýta sér þessa leið. Færsla stofnbrautarinnar leiðir einnig til þyngri umferðar um iðnaðar- og athafnasvæði á Eyrinni. Það að gestir og íbúar þurfi að keyra í gegnum iðnaðarsvæði, á leið sinni í gegnum bæinn, getur haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra og ímynd bæjarins.
Íbúaþróun	-	Þung og hröð umferð um Sólgötu og Hrannargötu hefur neikvæð áhrif	- +	Þung umferð um Sólgötu og Hrannargötu getur haft neikvæð	+ - -	Með færslu stofnbrautarinnar færist vandinn frá einu íbúðarsvæði til annars.

Íbúaþróun. Framhald	-	á íbúðarbyggð. Íbúum stafar nokkur hætta af hraðakstri í götunni. Gert er ráð fyrir því að umferð aukist með tilkomu ganga á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, sem mun auka vandann.	- +	áhrif á íbúðarbyggð, en með því að draga verulega úr umferðarhraða má takmarka verulega neikvæðu áhrifin.	+ - -	Aðstæður við Sólgötu og Hrannargötu batna verulega, auk þess sem vegurinn færist fjær húsum í Króki og efst í Fjarðarstræti, en þar eru um 30 íbúðir. Að sama skapi munu aðstæður versna við ytri húsaraðir í Króki, Fjarðarstræti og Sundstræti, en þar eru um 100 íbúðir. Auk þess gerir aðalskipulagið ráð fyrir þéttingu byggðar við Fjarðarstræti. Tenging þessara sjávarlóða við fjöruna rofnar og umferðarónæði í baklóðum eykst.
Náttúra og landslag	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	- -	Ljóst er að verulegt rask verður á fjörum á stórum hluta strandlengju Eyrarinnar, þar sem vegurinn verður
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	?	Háð útfærslu. Aðgerðir til að draga úr umferðarhraða geta haft neikvæð áhrif á sögulegt yfirbragð byggðar á Eyrinni, ef ekki er hugað að samræmi í yfirbragði nýrra mannvirkja og fyrirliggjandi byggðar.	- -	að stærstum hluta á nýjum fyllingum. Ásýnd Eyrarinnar mun breytast verulega og tenging byggðarinnar við fjörur rofnar, en náin tengsl byggðar og sjávar hefur verið eitt af höfuðeinkennum bæjarins. Það samræmist illa markmiðum hverfisverndar á Eyrinni og markmiðum skipulagsins um að hlífa strandsvæðum. Með aukinni vegalengd eykst mengun. Í gegnum tíðina hafa tengsl á milli byggðar og sjávar verið sterk. Með auknum framkvæmdum síðari ár hafa þessi tengsl víða verði rofin. Færsla vegarins út fyrir Fjarðarstræti mun minnka enn frekar þessi tengsl á mjög stórum hluta Eyrarinnar. Lítið er eftir af upprunalegum fjörum á umræddu svæði, en þó má finna minjar um útgerð við Norðurtanga.

Samgöngur og öryggi	- -	Vegna mikils umferðarhraða, sérstaklega í Sólgötu, er öryggi ekki viðunandi fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir því að umferð aukist með tilkomu ganga á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, sem mun auka vandann. Sólgata/Hrannargata er stysta leiðin í gegnum Eyrina. Samræmist ekki tillögu staðardagskrár 21 um hávaða- og loftmengun.	+	Aðgerðir sem draga úr umferðarhraða, s.s. gerð vistgötu, geta stórbætt öryggi íbúa og vegfarenda í Sólgötu og Hrannargötu. Hljóðvist getur einnig batnað með lækkuðum umferðarhraða. Sólgata/Hrannargata er stysta leiðin í gegnum Eyrina. Samræmist tillögu staðardagskrár 21 um hávaða- og loftmengun og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	- -	Gera má ráð fyrir því að umferðarhraði aukist með færslu vegarins út fyrir Fjarðarstræti. Leiðin frá Sundstræti við Mávagarð að Pollgötu liggur um iðnaðar og athafnasvæði. Líklegt er að umferðaröryggi minnki við það að leiða alla umferð í gegnum bæinn um iðnaðar- og athafnasvæði. Þessi leið er mun lengri en núverandi leið, auk þess sem umferðarhraði verður meiri. Þessari leið fylgir því aukin mengun. Jafnframt aukast líkur á því að vegfarendur stytti sér leið um götur þar sem ekki er gert ráð fyrir þungri umferð, s.s. um Túngötu eða þvergötur á miðri Eyrinni. Samræmist ekki tillögu staðardagskrár 21 um hávaða- og loftmengun eða stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.
Útivist og félags- og velferðarmál	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	+ +	Minni umferðarhraði á svæðinu getur bætt aðgengi að fjörum utan við Fjarðarstræti. Við gerð vistgatna er ávallt hugað að öruggum leiðum fyrir gangandi umferð. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	- -	Fjörur utan við Fjarðarstræti og við Norðurtanga eru vinsælar til útivistar. Með tilkomu vegarins hverfur þetta útivistarsvæði. Líklega mun þó með tímanum myndast ný fjara utan við veginn, en aðgengi að henni verður þó erfitt. Ytri húsaröð við Fjarðarstræti og Sundstræti stendur á sjávarlóðum með sérstöku útsýni. Vegurinn mun skerða þessi gæði íbúanna.

Niðurstaða

Ljóst er að Leið I er ekki nógu góð með tilliti til íbúðarbyggðar og að vandinn mun aukast á komandi árum. Leið III er ekki ásættanlega, þar sem hún færir vandann til og eykur hann heldur, því fleiri aðilar verða fyrir neikvæðum áhrifum. Leiðin lengist, umferðarhraði eykst, ónæði eykst fyrir fleiri aðila, útivistarsvæði tapast og ásýnd og hugsanlega ímynd bæjarins versnar. Leið II er án efa vera besti kosturinn, þar sem dregið er úr vandanum án þess að skapa nýjan vanda á öðrum stað. Tryggja verður þó að aðgerðir til lækkunar umferðarhraða hafi raunveruleg áhrif.

Vegalagning norðan Djúps

Þjóðvegur 635, Snæfjallastrandarvegur, liggur út að Tyrðilmýri á Snæfjallaströnd. Hornstrandafriðland er án vegtengingar en stakir bútar vegslóða eru í vestanverðu friðlandinu og í sunnanverðum Jökulfjörðum. Þeim hefur verið lítið viðhaldið og eru lítið notaðir. Vélknúin farartæki eru á svæðinu, einkum fjórhjól, en einnig nokkur vinnutæki og bílar. Innan friðlandsins hafa verið settar sérstakar umferðarreglur af Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun. Skoðaðar eru tvær leiðir, m.t.t. aðgengis að svæðinu norðan Ísafjarðardjúps, þ.e. innan Hornstrandafriðlands og svæðisins frá Snæfjallaströnd um Jökulfirði og austur í Reykjarfjörð.

Markmið

Tryggja aðgengi að svæðinu norðan Djúps, án þess að skerða sérstöðu þess. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins í samgöngumálum sem og verndarmarkmið þess, þ.e. að:

- Tryggja að ferðamannaleiðum verði viðhaldið
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar
- Öll nýting lifandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Engir vegir lagðir		Leið II Vegir lagðir til að tryggja aðgengi	
Atvinnulíf og þjónusta	+	Áfram verður þörf fyrir samgöngur á sjó. Nokkur fyrirtæki hafa sérhæft sig í farþegaflutningum og þjónustu við þetta landsvæði og munu þau geta eflst enn frekar.	- ?	Líklegt er að mikil breyting verði á samsetningu ferðamanna sem sækja svæðið. Þjónustuaðilar í siglingum verða fyrir neikvæðum áhrifum en önnur þjónusta gæti risið upp í staðinn, s.s. farþegaflutningar á landi.
Íbúaþróun	+	Jákvæð áhrif, því haldið yrði í sérkenni svæðisins sem getur áfram verið eftirsótt til útivistar og ferðalaga. Nálægð svo sérstæðs svæðis er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa og getur haft áhrif á val fólks um búsetu.	-	Mikil breyting á svæðinu sem yrði líkara öðrum svæðum í sveitarfélaginu. Sérkenni svæðisins glatast, sem dregur úr jákvæðri samkeppnisstöðu sveitarfélagsins um íbúa.
Náttúra og landslag	0	Lítil áhrif. Sérkenni svæðisins eru varðveitt. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og Staðardagskrár 21 um græna ferðamennsku.	- -	Mjög mikil breyting á ásýnd svæðisins með óafturkræfum framkvæmdum. Nýir möguleikar á uppbyggingu vegna betra aðgengis eru líklegir til að hafa enn frekari áhrif á náttúru og landslag svæðisins. Er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag. Sérkenni svæðisins eru varðveitt.	? -	Háð útfærslu. Minjar eru óskráðar á svæðinu. Bætt aðgengi eykur möguleika til framkvæmda og þar með eru meiri líkur á glötun menningarminja. Viðhald og möguleikar til að verja minjar í hættu, verður þó auðveldara með bættu aðgengi. Er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.
Samgöngur og öryggi	-	Samgöngur eru fyrst og fremst sjóleiðis en einnig með flugvélum. Þær eru óáreiðanlegar og mjög háðar veðri.	+	Mun auðveldara verður að heimsækja svæðið. Áreiðanleiki og öryggi eykst.
Útivist og félags- og velferðarmál	+	Svæðið verður áfram áhugavert fyrir þá sem vilja njóta gæða svæðisins án bílaumferðar og þeirrar röskunar sem fylgir slíkri umferð.	+ - -	Bætt aðgengi gerir fleira fólki fært að komast inn á svæðið. Nýir vegir munu hins vegar mjög líklega hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra gesta sem nú sækja svæðið.

Niðurstaða

Einangrun svæðisins hefur varðveitt náttúruverðmæti og búsetuminjar og skapað þá sérstöðu sem er til staðar. Þessi sérstaða er stór hluti af upplifun þeirra sem koma á svæðið til skemmri eða lengri dvalar. Vegalagning mun hafa óafturkræf og neikvæð áhrif á lífríki, landslag, búsetuminjar og upplifun gesta. Vegalagning mun því breyta verulega samsetningu þeirra gesta sem heimsækja svæðið og þannig yrði það líkara öðrum svæðum í sveitarfélaginu, því sérkennin myndu glatast. Það er ekki í takt við þau markmið sem sett eru í aðalskipulaginu. Sérstaða svæðisins verður best varðveitt með því að samgöngur verði með svipuðu sniði og hingað til, þ.e. á sjó.

Stórskipahöfn

Útlit er fyrir auknar siglingar í Norðurhöfum vegna breytinga á veðurfari og eru vonir bundnar við það að í því felist ný tækifæri fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar. Þá er einnig útlit fyrir aukin umsvif á Austur-Grænlandi, s.s. námuvinnslu. Vestfirðir eru landfræðilega best í stakk búnir til að þjónusta þetta svæði.

Markmið

Aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur-Grænlandi. Þetta er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins í atvinnumálum, þ.e. að:

- Grunnur verði lagður að fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi
- Hlúa að þeirri starfsemi sem er til staðar
- Efla tækifæri til nýsköpunar
- Virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu
- Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun
- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar á sjálfbæran hátt
- Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöru- og farþegaflutninga og ferðaþjónustu
- Efla iðngreinar, nýsköpun og útflutning

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Óbreytt aðstaða fyrir skipaþjónustu		Leið II Endurbætur á núverandi höfnum í sveitarfélaginu, þ.e. Ísafjarðar- eða Þingeyrarhöfn		Leið III Ný stórskipahöfn í sveitarfélaginu, s.s. á Mýrum eða Sveinseyri í Dýrafirði	
Atvinnulíf og þjónusta	0	Hafnaraðstaða er ágæt á Ísafirði og Þingeyri. Á Þingeyri er aðdýpi talsvert og skjól fyrir úthafsöldu. Aukning getur orðið í flutningum án breytinga á aðstöðu. Samdráttur í sjávarútvegi hefur gert flutninga á sjó til svæðisins óhagkvæmari en áður.	+	Mörg tækifæri kunna að skapast með bættri hafnaraðstöðu, s.s. þjónusta við A-Grænland. Aukin umsvif auka hagkvæmni flutninga á sjó. Samræmist Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.	+ + ?	Veruleg umsvif fylgja stórskipahöfn. Mörg ný tækifæri gætu skapast fyrir atvinnulíf og þjónustu. Óvissa er þó með það hvort alþjóðleg siglingaleið muni liggja vestur fyrir landið.
Íbúaþróun	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	+	Líklegt er að aukin umsvif tengd hafnarstarfsemi stuðli að jákvæðri íbúaþróun.	+ -	Líklegt er að aukin umsvif tengd hafnarstarfssemi stuðli að jákvæðri

Íbúaþróun. Framhald.	0		+		+ -	íbúaþróun. Stórskipahöfn getur þó einnig haft neikvæð áhrif á umhverfi íbúa, sbr. umræður um náttúru og landslag hér að neðan.
Náttúra og landslag	0	Engin veruleg áhrif á landslagið. Lítil umsvif í sjóflutningum hafa þó stuðlað að aukningu í landflutningum sem veldur aukinni mengun.	0	Ekki er líklegt að endurbætur hafi mikil neikvæð áhrif á náttúru og landslag. Mengun getur aukist vegna aukinna umsvifa. Að sama skapi er líklegt að landflutningar flytjist að nokkru leyti á sjó sem veldur minni mengun. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	- -	Í öllum tilvikum er líklegt að rask verði verulegt, þar sem nægt landrými er ekki til staðar en gera þarf ráð fyrir um 4 km² landi og um 2 km viðlegukanti. Mengun mun aukast á svæðinu, þó Norðuríshafssiglingar stytti vegalendir og valdi minni mengun. Aukin hætta verður á mengunarslysum við strendur Vestfjarða. Sveinseyri, utan ræktaðs lands, er á náttúruminjaskrá.
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Ekki er líklegt að endurbætur hafi áhrif á menningarminjar. Þó er nokkuð af minjum á Þingeyri en ekki líklegt að þær raskist.	? -	Menningarminjar hafa ekki verið skráðar í Dýrafirði en líklegt verður að telja að einhverjar minjar verði í hættu. Í Haukadal er sögusvið Gíslasögu og þar stóð þorp á fyrri hluta 20. aldar. Þekktir minjastaðir eru því í mikilli nálægð við Sveinseyri.
Samgöngur og öryggi	0	Óverulegt umfram það sem er í dag. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+	Aukin umsvif auka hagkvæmni flutninga á sjó. Færist flutningar á sjó, þá minnkar álag á vegakerfið og öryggi þar eykst. Samræmist markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+ + ?	Verulega aukin umsvif auka hagkvæmni sjóflutninga sem getur dregið úr landflutningum, en umsvifin gætu þó orðið það mikil að þau kalli á aukna landflutninga. Óvissa er um land- og haffræðilegar aðstæður í og við Dýrafjörð. Samræmist markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Útivist og félags- og velferðarmál	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Ekki er líklegt að þau strandsvæði sem nýtt eru til útivistar verði í hættu.	-	Í öllum tilvikum verður um landbrot að ræða og því líklegt að útivistarsvæði skerðist.

Niðurstaða

Leið II er líkleg til að hafa talsverð jákvæð áhrif en óveruleg neikvæð áhrif. Líklegt er þessi leið geti stuðlað að jákvæðri þróun atvinnulífs. Leið I er ekki líkleg til að leiða af sér verulegar jákvæðar breytingar, sbr. fyrri reynslu. Leið III getur haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið en óvissuþátturinn er stór. Óvíst er hvort flutningsaðilar sjái sér hag í umskipun á Vestfjörðum og óvíst hvaða stefnu stjórnvöld taka. Ljóst er að svo stór framkvæmd hefur neikvæð áhrif á náttúru og landslag og mikil óafturkræf áhrif.

Millilandaflugvöllur

Vestfirðir er eini landshlutinn sem er án millilandaflugs. Ísafjarðarflugvöllur gegndi áður mikilvægu hlutverki í Grænlandsflugi. Vegna breytinga á reglum um millilandaflug hefur völlurinn misst það hlutverk, þar sem vopnaleitarbúnaður er ekki til staðar. Engin tæknileg fyrirstaða er fyrir millilandaflugi minni flugvéla til Ísafjarðar. Vegna nálægðar er Ísafjarðarflugvöllur heppilegasti flugvöllur landsins til að sinna flugi minni flugvéla á milli Íslands og Austur-Grænlands. Í dag þurfa flugvélar að millilenda á Ísafirði og taka eldsneyti til að geta flogið á næsta millilandaflugvöll. Farþegum er ekki heimilt að fara frá borði.

Markmið

Koma á millilandaflugi innan sveitarfélagsins til að efla atvinnuþróun, s.s. í ferðaþjónustu og iðnaði og auka möguleika á þjónustu við Austur-Grænland. Þetta er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins í samgöngumálum, þ.e. að:

- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- Auka áreiðanleika flugsamgangna
- Efla almenningssamgöngur

Umhverfismat valkosta

Mjög litlar upplýsingar liggja fyrir um kosti og galla nýrra staða m.t.t. flugumferðar.

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Nýta millilandaflugvelli í öðrum landshlutum, eins nú er gert		Leið II Endurbætur fyrir millilandaflug á núverandi flugvöllum í sveitarfélaginu		Leið III Nýr millilandaflugvöllur í sveitarfélaginu, t.d. á Sveinseyri í Dýrafirði, Arnarnesi eða Völlum við Hnífsdal	
Atvinnulíf og þjónusta	- -	Ísafjarðarbær er mjög vel staðsettur til að þjónusta A-Grænland. Í dag er ekki heimild til millilandaflugs og verða flugvélar því að millilenda á Ísafirði og taka eldsneyti til að geta flogið á næsta millilandaflugvöll. Þetta er óhagkvæmt, auk þess sem mikil tækifæri fyrir atvinnulífið og sveitarfélagið glatast. Óbreytt ástand skekkir því samkeppnisstöðu atvinnulífs á svæðinu, auk þess sem dregur úr vægi Ísafjarðar. sem byggðakjarna.	+	Opnast mun fyrir Grænlandsflug. Mikil tækifæri fyrir atvinnulíf og þjónustu skapast. Möguleikar aukast á heilbrigðisþjónustu við A-Grænland. Samræmist Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.	+ +	Líklegt er að nýr millilandaflugvöllur hafi talsverð jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu, flutningskostnaður minnkar og samkeppnisstaða batnar. Möguleikar opnast fyrir beinan út- og innflutning og farþegaflug, m.a. Grænlandsflugs. Möguleikar aukast á heilbrigðisþjónustu við A-Grænland. Staða Ísafjarðar sem byggðakjarna styrkist.

Íbúaþróun	-	Atvinnutækifæri tapast, sem er líklegt til að hafa neikvæð áhrif á íbúaþróun.	0	Bein áhrif eru óveruleg.	+	Líklegt er að millilandaflugvöllur hafi jákvæð áhrif á íbúaþróun, vegna aukinna atvinnumöguleika. Staðsetning ræður því hvaða áhrif slíkur flugvöllur mun hafa á innanlandsflug og framtíð Ísafjarðarflugvallar.
Náttúra og landslag	-	Núverandi fyrirkomulag, m.t.t. Grænlandsflugs, hefur í för með sér aukna mengun vegna lengra flugs og auka flugtaka og lendinga. Þessi leið samræmist ekki stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	+	Breytingar eru að mestu innanhúss og því verða áhrifin óveruleg. Með styttingu vegalengdar minnkar mengun. Stefnan samræmist markmiðum stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	- - ?	Líklegt er að nýr völlur hafi talsverð áhrif á náttúru og landslag, þar sem um er að ræða brot á nýju landi eða landfyllingar og nokkurt ónæði er af fluginu. Ströndin á Arnarnesi og skaginn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar eru á náttúruminjaskrá. Með styttingu vegalengdar minnkar mengun en á móti kemur að búast má við aukinni flugumferð.
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag. Breytingar eru að mestu innanhúss.	- ?	Ekki liggur fyrir hvort einhverjar minjar gætu verið í hættu, þar sem skráningu er ekki lokið. Líklegt verður að telja að einhverjar minjar geti verði í hættu.
Samgöngur og öryggi	-	Áreiðanleiki flugsamgangna er ekki viðunandi í sveitarfélaginu í dag. Samræmist ekki markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+	Líklegt er að áreiðanleiki samgangna aukist. Samræmist markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.	+ +	Líklegt er að áreiðanleiki samgangna aukist verulega. Samræmist markmiðum Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Útivist og félags- og velferðarmál	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	?	Óvíst er að hve miklu leyti útivistarsvæði skerðast. Nokkur röskun gæti orðið, verði millilandaflugvöllur staðsettur á Arnarnesi.

Niðurstaða

Leið III hefur mestu jákvæðu áhrifin á samfélagið en getur einnig haft mestu neikvæðu áhrifin á náttúru, landslag og jafnvel minjar. Með heppilegri staðsetningu og útfærslu má minnka neikvæð áhrif leiðarinnar. Leið II hefur að mestu jákvæð áhrif en lítil neikvæð áhrif og er hún því góður kostur sem hrinda mætti strax í framkvæmd. Leið I hefur almennt neikvæð áhrif á umhverfið, bæði samfélagið og náttúruna og er því ekki álitlegur kostur.

3.2. Atvinna

Eins og fram kemur í kafla 8 um atvinnu í greinargerð aðalskipulagsins, þá er lögð áhersla á það að stuðlað verði að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi sem byggist m.a. á sjávarútvegi, landbúnaði, matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Í aðalskipulaginu eru m.a. skoðaðir möguleikar á eflingu atvinnulífsins með stóriðnaði.

Viðeigandi markmið eru sett fram í umhverfismatinu, en meginmarkmið m.t.t. atvinnumála eru eftirfarandi, sbr. kafla 8:

- Grunnur verði lagður að fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi
- Hlúa að þeirri starfsemi sem er til staðar
- Efla tækifæri til nýsköpunar
- Virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu
- Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun
- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar á sjálfbæran hátt

Iðnaðarsvæði fyrir stóriðnað

Metin eru umhverfisáhrif þess stóriðnaðar eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400 /1998 m.s.br., á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu. Ekki er lagt mat á áhrif mismunandi iðnaðarstarfsemi m.t.t. stærðar, mengunar og annarra slíkra þátta. Umfjöllun byggir m.a. á skýrslum sem unnar hafa verið vegna staðarvals fyrir stóriðnað á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Markmið

Tryggja fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að bættum búsetuskilyrðum í sveitarfélaginu. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins í atvinnumálum, þ.e. að:

- Grunnur verði lagður að fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi
- Hlúa að þeirri starfsemi sem er til staðar
- Efla tækifæri til nýsköpunar
- Virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu
- Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun
- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar á sjálfbæran hátt

Umhverfismat valkosta

Mjög litlar upplýsingar liggja fyrir um kosti og galla nýrra staða m.t.t. flugumferðar.

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Alviðra í Dýrafirði		Leið II Sandar – Hólar í Dýrafirði		Leið III Mosdalur í Arnarfirði		Leið IV Ekkert svæði fyrir stóriðnað	
Atvinnulíf og þjónusta	+ -	Almennt séð mun iðnaður auka fjölbreytni í atvinnulífi og skapa störf. Stóriðnaður getur þó gert atvinnulífið einsleitara. Sé um mjög afgerandi og mengandi starfsemi að ræða, þá geta áhrifin orðið neikvæð á aðrar greinar, svo sem landbúnað, ferðaþjónustu og sjávarútveg, bæði vegna	+ -	Almennt séð mun iðnaður auka fjölbreytni í atvinnulífi og skapa störf. Stóriðnaður getur þó gert atvinnulífið einsleitara. Sé um mjög afgerandi og mengandi starfsemi að ræða, þá geta áhrifin orðið neikvæð á aðrar greinar, svo sem landbúnað, ferðaþjónustu og sjávarútveg, bæði vegna	+ -	Almennt séð mun iðnaður auka fjölbreytni í atvinnulífi og skapa störf. Stóriðnaður getur þó gert atvinnulífið einsleitara. Sé um mjög afgerandi og mengandi starfsemi að ræða, þá geta áhrifin orðið neikvæð á aðrar greinar, svo sem landbúnað, ferðaþjónustu og sjávarútveg, bæði vegna	0	Hugsanlega glatast tækifæri til atvinnuuppbyggingar. Minni greinar geta átt auðveldara með að þróast sé ekki afgerandi iðnaðarstarfsemi fyrir hendi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Samræmist tillögu Staðardagskrár 21 og

Atvinnulíf og þjónusta. Framhald.	+ -	landfræðilegrar nálægðar en einnig vegna ruðningsáhrifa. Iðnaður getur stutt við aðrar greinar, t.d. með bættum innviðum eða tengingu við rannsóknir og þróun. Umrætt svæði er nýtt til landbúnaðar og þar hefur einnig byggst upp ferðaþjónusta síðustu ár. Líklegt er að stóriðnaður hafi neikvæð áhrif á þessa starfsemi. Samræmist ekki tillögu Staðardagskrár 21 og Byggðaáætlunar fyrir Vestfirði um að Vestfirðir verði grænt ferðamennskusvæði.	+ -	landfræðilegrar nálægðar en einnig vegna ruðningsáhrifa. Iðnaður getur stutt við aðrar greinar, t.d. með bættum innviðum eða tengingu við rannsóknir og þróun. Umrætt svæði er nýtt til landbúnaðar og á Þingeyri og í næsta nágrenni hefur einnig byggst upp ferðaþjónusta síðustu ár, einkum í tengslum við sögu svæðisins. Líklegt er að stóriðnaður hafi neikvæð áhrif á þessa starfsemi. Samræmist ekki tillögu Staðardagskrár 21 og Byggðaáætlunar fyrir Vestfirði um að Vestfirðir verði grænt ferðamennskusvæði.	+ -	landfræðilegrar nálægðar en einnig vegna ruðningsáhrifa. Iðnaður getur stutt við aðrar greinar, t.d. með bættum innviðum eða tengingu við rannsóknir og þróun. Umrætt svæði er nýtt til landbúnaðar. Líklegt er að stóriðnaður hafi neikvæð áhrif á þessa starfsemi. Samræmist ekki tillögu Staðardagskrár 21 og Byggðaáætlunar fyrir Vestfirði um að Vestfirðir verði grænt ferðamennskusvæði.	0	Byggðaáætlunar fyrir Vestfirði um að Vestfirðir verði grænt ferðamennskusvæði.
Íbúaþróun	+ -	Ný störf verða til sem getur laðað að íbúa. Svæðið er nokkuð miðsvæðis og getur því haft áhrif í flestum kjörnum sveitarfélagsins. Afgerandi iðnaðarstarfsemi getur einnig haft talsverð neikvæð áhrif á samfélagið og ímynd svæðisins sem getur haft neikvæð áhrif á val fólks um búsetu.	+ -	Ný störf verða til sem getur laðað að íbúa. Áhrifin yrðu mest á Þingeyri en minni á aðra staði vegna fjarlægðar. Afgerandi iðnaðarstarfsemi getur einnig haft talsverð neikvæð áhrif á samfélagið og ímynd svæðisins sem getur haft neikvæð áhrif á val fólks um búsetu.	+ ? -	Ný störf verða til sem getur laðað að íbúa. Þó er svæðið nokkuð fjarri helstu kjörnum sveitarfélagsins, þannig að óvíst er hvort um fasta búsetu yrði að ræða. Afgerandi iðnaðarstarfsemi getur einnig haft talsverð neikvæð áhrif á samfélagið og ímynd svæðisins sem getur haft neikvæð áhrif á val fólks um búsetu.	0	Komi ekkert annað til, þá glatast tækifæri til atvinnuuppbyggingar. Gera má ráð fyrir skiptum skoðunum um stóriðnað eftir gildismati og hagsmunum mismunandi hópa og einstaklinga. Fjallað er nánar um aðra atvinnuuppbyggingu í kafla 8 í greinargerð aðalskipulagsins.

Íbúaþróun. Framhald.	+ -		+ -		+ ? -	Vegna einangrunar þyrftu verulegar samgöngubætur að koma til eigi iðnaðarsvæðið að styrkja byggð í Ísafjarðarbæ.	0	
Náttúra og landslag	- -	Stóriðnaður getur haft afgerandi áhrif á náttúru og landslag. Fer það þó að miklu leyti eftir umfangi og starfsemi viðkomandi iðnaðar. Hafnarmannvirki og skipaumferð auka einnig álag á náttúru og landslag. Sjónræn áhrif af stóriðnaði yrðu þónokkur á þessum stað. Gróður og dýralíf á svæðinu eru dæmigerð fyrir þetta landsvæði. Ekki er að finna sjaldgæfar plöntur eða viðkvæm búsvæði dýra. Æðarvarp mun verða fyrir miklum áhrifum, einkum á framkvæmdartímanum og jafnvel leggjast af.	- -	Stóriðnaður getur haft afgerandi áhrif á náttúru og landslag. Fer það þó að miklu leyti eftir umfangi og starfsemi viðkomandi iðnaðar. Hafnarmannvirki og skipaumferð auka einnig álag á náttúru og landslag. Þeir sem búa í nágrenni svæðisins verða fyrir umtalsverðum neikvæðum sjónrænum og umhverfislegum áhrifum. Æðarvarp mun verða fyrir verulegum áhrifum og jafnvel leggjast af. Kría, lóa og spói verpa á svæðinu og verða fyrri neikvæðum áhrifum. Skaginn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan ræktað lands og þéttbýlis, er á náttúruminjaskrá. Dæmigerðar plöntur er að finna á svæðinu, en einnig krækiberjalyng og blóðberg auk skógræktarsvæðis.	- -	Stóriðnaður getur haft afgerandi áhrif á náttúru og landslag. Fer það þó að miklu leyti eftir umfangi og starfsemi viðkomandi iðnaðar. Hafnarmannvirki og skipaumferð auka einnig álag á náttúru og landslag. Svæðið er tiltölulega einangrað og yrðu því áhrifin nokkuð afgerandi m.t.t ásýndar. Í dalnum vex víða birkikjarr í hlíðum í um 40 m hæð. Dalurinn er mjög opinn og því yrðu mannvirki sýnileg víða að, s.s. frá Hrafnseyri. Iðnaður gæti hugsanlega haft neikvæð áhrif á eldi villtra þorska í Arnarfirði, einkum ef skipaferðir verða um svæðið. Miklar framkvæmdir í tengslum við samgöngubætur hafa neikvæð áhrif á náttúru og landslag svæðisins.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Náttúra og landslag. Framhald.	- -		- -	Jarðfræðin einkennist af áreyrar- og fjörusetmyndunum og malarhjöllum.	- -	Samgöngubætur eru líklegar til að hafa neikvæð áhrif á náttúru og landslag.	0	
Menningar-minjar	-	Í landi Alviðru eru einar friðlýstar fornminjar; Þrælsgerði, en staðsetning þeirra er óljós. Fornminjar eru neðan vegar við Alviðru. Herma sögur að þar sé heygður launsonur Haraldar hárfagra Noregskonungs. Aðrar tóftir er einnig að finna á svæðinu en lítið er vitað um þær. Samræmist ekki tillögu Staðardagskrár 21 um menningarminjar.	?	Hugsanleg áhrif á endurbyggt sjávaruppsátur og tóftir sem lítið er vitað um. Ekki er vitað um aðrar fornminjar.	?	Ekki er vitað um fornminjar en sjá má tóftir við sjávarkambinn og Kirkjuból.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.
Samgöngur og öryggi	?	Auknum flutningum fylgir aukið álag á innviði og meiri slysahætta. Góðar samgöngur eru forsenda fyrir stóriðnaði. Líklegt er að bæta þurfi veg 624 frá vegi 60. Hugsanlega þarf góða hafnaraðstöðu. Samgöngubætur eru annað verkefni og er fjallað um áhrif þeirra á öðrum stað í umhverfismatinu.	?	Auknum flutningum fylgir aukið álag á innviði og meiri slysahætta. Þungaflutningar munu að öllum líkindum aukast um Þingeyri. Góðar samgöngur eru forsenda fyrir stóriðnaði. Líklegt er að bæta þurfi veg 622 frá Þingeyri. Hugsanlega þarf góða hafnaraðstöðu. Samgöngubætur eru annað verkefni og er fjallað um áhrif þeirra á öðrum stað í umhverfismatinu.	?	Auknum flutningum fylgir aukið álag á innviði og meiri slysahætta. Góðar samgöngur eru forsenda fyrir stóriðnaði. Samgöngur við Mosdal eru lélegar. Líklegt er að ráðast þurfi í stórfelldar samgöngubætur ef byggja á upp stóriðnað á umræddu svæði. Hugsanlega þarf góða hafnaraðstöðu.	0	Engin breyting.

Samgöngur og öryggi. Framhald.	?		?		?	Samgöngubætur eru annað verkefni og er fjallað um áhrif þeirra á öðrum stað í umhverfismatinu.	0	
Útivist og félags- og velferðarmál	- -	Mengandi iðnaðarstarfsemi á ekki samleið með útivist. Í nágrenninu eru útivistarsvæði, svo sem Skrúður og fjörur. Iðnaðarsvæði myndi líklega skaða uppbyggingu á ferðaþjónustu og möguleika á útivist. Bættar samgöngur tryggja betra aðgengi en mannvirki geta einnig heft aðgengi, t.d. að fjöru.	- -	Mengandi iðnaðarstarfsemi á ekki samleið með útivist. Í nágrenninu eru útivistarsvæði, svo sem golfvöllur, aðstaða fyrir hestamenn, reiðhöll og reiðleiðir, gönguleiðir um náttúru og söguslóðir. Iðnaðarsvæði myndi líklega skaða uppbyggingu á ferðaþjónustu og möguleika á útivist. Bættar samgöngur tryggja betra aðgengi en mannvirki geta einnig heft aðgengi, t.d. að fjöru.	- -	Mengandi iðnaðarstarfsemi á ekki samleið með útivist. Umrætt svæði er ekki mjög aðgengilegt, enda afskekktari en þau tvö svæði sem skoðuð eru til samanburðar. Fyrir vikið gæti svæðið þó verið spennandi útivistarkostur fyrir ákveðinn hóp af fólki. Bættar samgöngur tryggja betra aðgengi en mannvirki geta einnig heft aðgengi, t.d. að fjöru.	+	Ekki breyting á gildi útivistarsvæða eða aðgengi. Sérkennum svæðisins verður viðhaldið. Samræmist stefnu stjórnvala um sjálfbæra þróun.

Niðurstaða

Hólar-Sandar í Dýrafirði er líklega það svæði sem hentar best fyrir stóriðnað í sveitarfélaginu. Iðnaðarsvæði í dreifbýli getur haft mjög mikil áhrif á aðrar atvinnugreinar og haft neikvæð áhrif á náttúru, landslag og sögu- og menningarminjar. Uppbygging stóriðnaðar stangast á við núverandi uppbyggingu og nýtingu á svæðinu, einkum útivist og ferðaþjónustu. Þessi áhrif fara þó eftir eðli iðnaðarstarfseminnar. Mikilvægt er að meta öll þessi áhrif þegar ákvörðun um iðnaðarstarfsemi er tekin, með virkri þátttöku hagsmunaaðila.

3.3. Byggð

Eins og fram kemur í kafla 7 um byggð í greinargerð aðalskipulagsins, þá er gert ráð fyrir því að íbúum sveitarfélagsins fjölgi á skipulagstímabilinu. Lögð er áhersla á góð búsetuskilyrði til að tryggja að svo verði. Í aðalskipulaginu eru valkostir í eftirfarandi málaflokka skoðaðir:

- Snjóflóðavarnir
- Íbúðarbyggð
- Bygging frístundahúsa

Viðeigandi markmið eru sett fram með hverju umhverfismati en meginmarkmið, m.t.t. þróunar byggðar, eru eftirfarandi, sbr. kafla 7:

- Áhersla verði lögð á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi í góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni
- Skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn, m.a. með varðveislu menningarverðmæta.
- Boðið verði upp á fjölbreytt sumarhúsasvæði án þess að skerða sérstöðu og ásýnd svæðisins og í sátt við aðra landnotkun
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á eyðijörðum

Auk þess eru eftirfarandi meginmarkmið í kafla 3 um náttúruvá:

- Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár

Snjóflóðavarnir

Eins og fram kom í kafla 3 um náttúruvá, þá ber sveitarstjórnum að tryggja öryggi fólks vegna snjóflóðahættu í samræmi við reglugerð 505/2000 m.s.br. Grípa þarf til ráðstafana á tveimur svæðum; neðan Gleiðarhjalla við Ísafjörð og í sunnanverðum Hnífsdal. Á báðum þessum svæðum eru íbúðarhús á hættusvæði C. Svæðin eru eingöngu íbúðarsvæði, fyrir utan leikskólann í Hnífsdals, sem er á svæði fyrir þjónustustofnanir. Umhverfismatið á við bæði þessi svæði, þar sem forsendur eru mjög sambærilegar.

Markmið

Tryggja öryggi íbúa m.t.t ofanflóða. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins um landnýtingu m.t.t. náttúruvár og um þróun byggðar, þ.e. að:

- Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Fólksfjölgun verði í Ísafjarðarbæ á skipulagstímabilinu

Umhverfismat valkosta

Núllkosturinn, þ.e. að tryggja öryggi eingöngu með eftirliti og rýmingu, kemur ekki til greina samkvæmt reglugerð, þar sem hluti hættusvæða er á C-svæði.

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Bygging snjóflóðavarnarvirkja		Leið II Flutningur byggðar á öruggari svæði, með uppkaupum eða flutningi húsa	
Atvinnulíf og þjónusta	+	Snjóflóðavarnir hafa jákvæð áhrif því aukið öryggi styrkir svæðið og þar með talið atvinnulíf og þjónustu. Til skamms tíma, þ.e. á framkvæmdatímanum, eru áhrif á atvinnulífið einnig jákvæð.	+	Flutningur byggðar hefur jákvæð áhrif, því aukið öryggi styrkir svæðið og þar með talið atvinnulíf og þjónustu. Til skamms tíma eru áhrif á atvinnulíf einnig jákvæð, þ.e. á framkvæmdatímanum.
Íbúaþróun	+ + -	Snjóflóðavarnir draga verulega úr óvissu og óöryggi vegna ofanflóðahættu og geta því haft jákvæð áhrif á íbúaþróun svæðisins. Breytt ásýnd svæðisins getur þó haft neikvæð áhrif á ímynd bæjarins og þar með val fólks um búsetu.	+ - -	Flutningur byggðar dregur verulega úr óvissu og óöryggi vegna ofanflóðahættu og getur því haft jákvæð áhrif á íbúaþróun svæðisins. Flutningur myndi hins vegar raska yfirbragði og breyta ásýnd þéttbýlis, sem gæti haft neikvæð áhrif á íbúa og gesti svæðisins. Einnig hafa flutningar í för með sér röskun á högum fólks, sem getur rofið tengsl þess við bæinn. Flutningur byggðar gengur jafnframt á möguleg byggingarsvæði til framtíðar og er dýr lausn.

Náttúra og landslag	- -	Varnarvirki verða sýnileg og valda neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á landslag og náttúru. Ekki er vitað um neinar sérstakar jarðmyndanir á svæðinu en sökum nálægðar við byggð breytist ásýnd svæðisins verulega og brýtur upp heildarmyndina.	-	Flutningur byggðar mun skilja eftir skarð í byggðinni sem hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Mótvægisaðgerðir til að lagfæra svæðið yrðu mjög mikilvægar. Flutningur byggðar myndi mögulega fela í sér nýtt landbrot í kjölfar flutninganna eða til lengri tíma litið.
Menningar-minjar	?	Ekki er vitað um menningarminjar á svæði fyrirhugaðs varnargarðs.	?	Háð staðsetningu byggðar. Taka verður tillit til þessa við flutninginn.
Samgöngur og öryggi	+ +	Áhrifin eru jákvæð, þar sem hætta vegna ofanflóða mun minnka verulega. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Á meðan á framkvæmdum stendur, þá má búast við áþægindum fyrir íbúa, m.a. vegna hávaða og óþrifa.	+ +	Áhrifin eru jákvæð, þar sem hætta vegna ofanflóða mun minnka verulega. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Hugsanlega verða neikvæð áhrif á framkvæmdatíma en það fer þó eftir útfærslum.
Útivist og félags- og velferðarmál	-	Bygging varnarvirkja spillir ásýnd svæðisins og takmarkar möguleika á því að njóta náttúrunnar ofan byggðar. Hins vegar má með mótvægisaðgerðum auka útivistargildi svæðisins á annan hátt, m.a. með göngustígum og aðstöðu til útivistar.	?	Háð útfærslu.

Niðurstaða

Báðar leiðirnar minnka verulega hættu vegna ofanflóða á umræddum svæðum. Snjóflóðavarnarvirkjum fylgja talsverð neikvæð áhrif á umhverfið sem breyta ásýnd svæðisins og geta rýrt gildi útivistar. Flutningur byggðar raskar talsvert þeirri byggð sem fyrir er með breyttri ásýnd og gengur á framtíðarbyggingarland. Auk þess raska flutningar högum fólks meira en bygging varna og er almennt dýrari leið. Slík röskun getur rofið tengsl íbúa við byggðina sem gæti leitt til fólksfækkunar. Í heildina er leið I ákjósanlegri, því hún raskar minna þeirri byggð sem til staðar er. Mikilvægt er að lágmarka neikvæð áhrif varnarvirkja með mótvægisaðgerðum.

Íbúðarbyggð

Aðalskiplaginu er ætlað að leggja grunn að fólksfjölgun í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Í því tilliti er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á aðlaðandi og fjölbreytta búsetukosti. Uppbygging nýrra íbúðarsvæða getur haft talsverð áhrif á umhverfið og marga þætti í samfélaginu, svo sem ferðatíma, aðgengi að þjónustu og atvinnugreinar.

Markmið

Tryggja nægt framboð á byggingarlandi fyrir íbúðarbyggð í sveitarfélaginu. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins um þróun byggðarinnar, þ.e. að:

- Fólksfjölgun verði í Ísafjarðarbæ á skipulagstímabilinu
- Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis
- Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Um-hverfis-þættir	Leið I Íbúðarhverfi á nýjum landfyllingum, s.s. innst í Skutulsfirði, við Torfnes og frekari fyllingar á Suðurtanganum á Ísafirði		Leið II Ný íbúðarhverfi án landfyllingar í námunda við eldri hverfi, s.s. í Dagverðardal		Leið III Þétting byggðar í þegar byggðum hverfum	
Atvinnulíf og þjónusta	0	Hvaða leið er valin hefur lítil áhrif á atvinnulíf. Þó er mikilvægt fyrir atvinnulífið að ávallt sé nægt framboð af byggingarlóðum.	0	Hvaða leið er valin hefur lítil áhrif á atvinnulíf. Þó er mikilvægt fyrir atvinnulífið að ávallt sé nægt framboð af byggingarlóðum.	0	Hvaða leið er valin hefur lítil áhrif á atvinnulíf. Þó er mikilvægt fyrir atvinnulífið að ávallt sé nægt framboð af byggingarlóðum.
Íbúaþróun	+ -	Landfyllingar geta tekið við auknum fólksfjölda. Þær leiða þó til skertra umhverfisgæða á strandsvæðum sem eru eftirsóknarverð m.t.t. útivistar og búsetu almennt. Ekki er þörf á slíkum fyllingum miðað við það landrými sem er til staðar.	+	Fjölbreyttir búsetukostir eru eftirsóknarverðir og laða að sér íbúa.	+ +	Fellur vel að stefnu sveitarfélagsins um varðveislu menningarverðmæta. Þétting byggðar getur skapað líflegt umhverfi og nálægð við sögu og menningarverðmæti.
Náttúra og landslag	- -	Landfyllingar hafa afgerandi áhrif á umhverfi, einkum landslag og	-	Nýtt landbrot felur í sér röskun á landslagi og náttúru. Náttúra í nálægð	0	Hefur takmörkuð áhrif, þar sem uppbygging fer fram innan

Náttúra og landslag. Framhald.	- -	lífríki, sem er mjög viðkvæmt á strandsvæðum. Strandsvæðin eru eitt af sérkennum sveitarfélagsins. Með auknum framkvæmdum hin síðari ár, þá hefur verið gengið á strandsvæði, sérstaklega í þéttbýli, þar sem lítið er eftir að upprunalegum fjörum. Þessi leið samræmist ekki stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	-	við íbúðarsvæði er oft röskuð en hefur gildi sökum sýnileika og aðgengis. Tækifæri er þó til að tengja íbúðarsvæði við umhverfið. Aukin ferðalög íbúa, sökum fjarlægðar við þjónustu, leiðir til aukinnar mengunar frá bílum.	0	raskaðs svæðis. Gæta þyrfti þó að náttúrufyrirbrigðum og landslagi sem setur svip sinn á byggðina. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.
Menningar-minjar	? -	Háð útfærslu. Fjörur og strandsvæði eru samofin ímynd sveitarfélagsins og tengsl á milli byggðar og sjávar hafa verið sterk í gegnum tíðina. Víða má finna minjar um þessi tengsl, s.s. útgerð. Með auknum framkvæmdum hin síðari ár hafa þessi tengsl víða verið rofin og er líklegt að frekari landfyllingar rjúfi þessi tengsl enn frekar.	?	Háð staðsetningu en þó er auðvelt er taka tillit til þeirra í deiliskipulagi og við framkvæmdir.	?	Mörg dæmi eru um menningarminjar í þéttbýli. Auðvelt er taka tillit til þeirra í deiliskipulagi og við framkvæmdir.
Samgöngur og öryggi	? -	Með hækkandi sjávarborði þarf að skoða samspil lands og sjávar og hvort sjór muni ógna byggð á fyllingum í framtíðinni.	- +	Aukin fjarlægð íbúðarbyggðar frá þjónustu lengir ferðatíma, með þeirri óhagkvæmni og hættu sem fylgir aukinni umferð. Mögulegt verður að velja örugg íbúðarsvæði m.t.t náttúruvár.	+	Með þéttingu byggðar má nýta þá innviði sem þegar eru til staðar. Forðast verður hættusvæði vegna náttúruvár.
Útivist og félags- og velferðarmál	-	Mikið rask á náttúrunni skerðir gildi útivistar.	?	Háð útfærslu.	0	Lítil áhrif sé þess gætt að þétting byggðar skerði ekki opin svæði innan þéttbýlis.

Niðurstaða

Talsvert svigrúm er fyrir nýbyggingar með þéttingu byggðar í sveitarfélaginu. Þétting byggðar er mjög hagkvæm, því þannig má nýta innviði og þau umhverfisgæði sem þegar eru til staðar. Þétting byggðar og hófleg uppbygging í innanverðum Skutulsfirði (leiðir II og III) samrýmast vel þeirri stefnu skipulagsins að vilja vernda fjörur og strandsvæði sem eru á meðal helstu sérkenna sveitarfélagsins. Þannig er gott byggingarland frátekið til langs tíma og sveitarfélagið verður vel í stakk búið til að mæta slíkri fjölgun. Landfyllingar eru hins vegar mjög dýrar og valda miklu umhverfisraski, bæði á landslagi og lífríki. Að svo stöddu er ekki þörf á landfyllingum fyrir íbúðarbyggð í Ísafjarðarbæ.

Bygging frístundahúsa

Skoðaðar eru mismunandi leiðir til uppbyggingar frístundahúsa innan Hornstrandafriðlandsins og á hverfisvernduðum svæðum H1, H2, H3, H4 og H18. Á stórum hluta svæðisins hefur heilsársbúseta lagst af. Hornstrandafriðland, Jökulfirðir og Snæfjallaströnd að Bæjum hefur þá sérstöðu að vera án vegtengingar.

Markmið

Tryggja sanngjarna nýtingarmöguleika, innan Hornstrandafriðlandsins og á hverfisverndarsvæðum H1, H2, H3, H4 og H18, án þess að skerða sérstöðu þeirra. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins í þróun byggðar, sem og almenn verndarmarkmið þess, þ.e. að:

- Boðið verði upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð á afmörkuðum svæðum í dreifbýli
- Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu
- Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum
- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar
- Öll nýting lifandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Engar nýbyggingar		Leið II Óheft uppbygging		Leið III Byggingarmagn miðast við eignarhald		Leið IV Byggingarmagn miðast við sögu		Leið V Byggingarmagn miðast við landslag og lífríki	
Atvinnulíf og þjónusta	- +	Erfitt verður að byggja upp aðstöðu og þjónustu fyrir landeigendur og ferðamenn. Svæðið mun þó haldast nokkuð ósnortið og þannig ekki útiloka ýmsa framtíðarmöguleika. Eftir því sem önnur svæði byggjast þéttar, þá eykst	+ -	Mikil uppbygging getur haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og bætt þjónustu við landeigendur og aðra gesti. Of mikil uppbygging og óvissa um þróun svæðisins er þó líkleg til að hafa neikvæð áhrif á þessa hópa, glati svæðið sérkennum sínum.	-	Eignarhald breytist og því er mikil óvissa falin í þessari leið. Óvissa um framtíð svæðisins mun hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu sem og ákvarðanir og skuldbindingar landeigenda.	+	Jákvæð áhrif, þar sem mörkuð er skýr stefna. Svæðið heldur sérkennum sínum og svigrúm verður til uppbyggingar sjálfbærrar ferðaþjónustu og annarrar þjónustu. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	+	Jákvæð áhrif. Svæðið heldur sérkennum sínum og svigrúm verður til uppbyggingar sjálfbærrar ferðaþjónustu og annarrar þjónustu. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Atvinnulíf og þjónusta. Framhald.	- +	gildi þessa svæðis, sem verður eftirsóknarverðara.	+ -	Samræmist ekki stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	-		+		+	
Íbúaþróun	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	-	Sérkenni svæðisins geta glatast. Ímynd sveitarfélagsins byggir að hluta til á sérstöðu þessa svæðis. Ímyndin hefur áhrif á val fólks um búsetu.	-	Breytilegt eignarhald mun fela í sér óvissu sem erfitt er að spá fyrir um. Mikil óvissa um skipulagsmál er óheppileg fyrir ímynd svæðisins og þar með þróun byggðarinnar.	+ +	Sérkenni svæðisins eru vernduð en ímynd sveitarfélagsins byggir að hluta til á sérstöðu þessa svæðis. Ímyndin hefur áhrif á val fólks um búsetu. Uppbygging tekur mið af sögu og hefðum og mætir þannig þörfum þeirra sem tengjast svæðinu.	+	Sérkenni svæðisins eru vernduð en ímynd sveitarfélagsins byggir að hluta til á sérstöðu þessa svæðis. Ímyndin hefur áhrif á val fólks um búsetu.
Náttúra og landslag	0 -	Lítil áhrif því engar nýbyggingar verða reistar. Áhrifin geta einnig verið neikvæð ef erfitt reynist að þjónusta ferðamenn.	- -	Mikil neikvæð áhrif, verði mikil uppbygging á viðkvæmum svæðum. Sérkenni svæðisins glatast, verði þolmörkum svæðisins náð. Þessi leið samræmist ekki stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	-	Óæskileg óvissa og erfitt að spá um þróunina. Hugsanlega verður mikil uppbygging frístundahúsa, á viðkvæmum svæðum, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á landslag og lífríki.	0	Náttúru og landslagi er ekki raskað mikið umfram það sem þegar hefur verið gert. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	0	Lítil neikvæð áhrif, því við ákvarðanir er einkum horft til landslags og lífríkis. Samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.
Menningar-minjar	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	- -	Líklegt að áhrifin verði mjög neikvæð, verði mörg hús byggð. Sérkenni svæðisins, s.s.	-	Óæskileg óvissa og erfitt að spá um þróunina. Hugsanlega verður mikil uppbygging og	+	Áhersla á viðhald og endurheimt menningarminja. Ásýnd svæðisins varðveitt. Tryggja	?	Áhersla á verndun lífríkis og náttúru. Áhrif á menningarminjar er háð útfærslu.

Menningar-minjar. Framhald.	0		- -	búsetulandslag, geta glatast. Samræmist ekki tillögu Staðardagskrár 21 um menningarminjar.	-	sérkenni svæðisins geta glatast.	+	þarf þó að minjar spillist ekki við endurbyggingu húsa. Samræmist tillögu Staðardagskrár 21 um menningarminjar.	?	
Samgöngur og öryggi	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	+	Mikil uppbygging mun auka umferð og líklega einnig áreiðanleika samgangna.	?	Erfitt að spá fyrir um þróunina. Áreiðanleiki samgangna gæti batnað á svæðum þar sem umferð eykst.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.	0	Óverulegt umfram það sem er í dag.
Útivist og félags- og velferðarmál	+ -	Verndun náttúru mun auka útivistargildi svæðisins. Áhrifin geta einnig verið neikvæð ef erfitt reynist að byggja mannvirki sem þjónusta ferðamenn.	- -	Neikvæð áhrif á náttúruna munu skaða útivistargildi svæðisins.	-	Óæskileg óvissa og erfitt að spá um þróunina. Mikið rask mun geta rýrt útivistargildi svæðisins.	+ +	Varðveisla menningar- og náttúruminja, með svigrúmi fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu, mun hafa jákvæð áhrif á útivist. Samrýmist friðlýsingarákvæðum, þar sem bæði er tekið tillit til náttúru og sögu.	+	Jákvæð áhrif á útivist, því áhersla er lögð á verndun lífríkis og landslags.

Niðurstaða

Óheft uppbygging (leið II) myndi hafa mikla óvissu í för með sér og mögulega mikil neikvæð áhrif á lífríki, landslag og upplifun þeirra sem sækja svæðið til dvalar eða útivistar. Að sama skapi er mikil óvissa fólgin í því að miða uppbyggingu frístundahúsa við eignarhald (leið III), sem getur verið mjög breytilegt frá einum tíma til annars. Leið I gefur landeigendum ekki mikið svigrúm til uppbyggingar á frístundahúsum og skerðir því verulega nýtingarmöguleika þeirra. Jafnframt má vera að slík stefna gæti aukið álag á náttúru svæðisins og leitt til verri umgengni vegna aðstöðuleysis. Gallinn við leið V er sá að ekki liggur fyrir nákvæm úttekt á náttúrufari svæðisins og því er mikil óvissa um byggingarmagn og framtíðarþróun svæðisins. Í þeirri leið er heldur ekki tekið tillit til menningarminja, en svæðið er friðað vegna menningarlegra verðmæta og náttúrufars.

Niðurstaða matsins er sú að þróun byggðar eigi að miðast við sögu svæðanna (leið IV). Þannig verður ásýnd og sérstaða umræddra svæða vernduð en jafnframt komið á móts við óskir landeigenda, ferðamanna og ferðaþjónustu um nýtingu svæðisins, án þess að raska svæðinu umfram það sem gert var á meðan svæðið var í byggð. Landeigendum, eða öðrum sem nýta vilja landið, verður heimilt að viðalda eða endurreisa byggingarhefð fyrri tíma. Með þessu er reynt að forðast að ráðstafa auðlindum svæðisins á skömmum tíma, með tilheyrandi skerðingu fyrir komandi kynslóðir.

3.4. Sorp

Eins og fram kemur í kafla 11 um veitur og sorp í greinargerð aðalskipulagsins, þá rennur starfsleyfi fyrir sorpbrennslu og –urðun út fyrir lok skipulagstímabilsins. Nokkur óánægja er á meðal íbúa vegna loft- og sjónmengunar frá sorpbrennslustöð og fokrusls frá urðunarstað. Umhverfisstofnun hefur gefið út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2004-2016. Áætlunin gildir fyrir allt landið og er ætlað að leiða til ábyrgari meðhöndlunar úrgangs, draga úr hættu á mengun umhverfis og sóun á verðmætum og landrými til urðunar, auk þess að vera sveitarstjórnum til leiðbeiningar. Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi möguleikar á meðhöndlun sorps skoðaðir:

- Meðhöndlun á brennanlegu sorpi
- Urðunarstaður fyrir óbrennanlegt sorp

Viðeigandi markmið eru sett fram með hverju umhverfismati en meginmarkmið m.t.t. sorpmála er eftirfarandi, sbr. kafla 11:

- Dregið verði úr myndun úrgangs og áhersla lögð á það að meðhöndlun hans valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið

Meðhöndlun á brennanlegu sorpi

Sorpbrennslan Funi var byggð árið 1994 og hefur starfsleyfi sem gildir til 1. okt. 2018. Líftími sorpbrennslustöðvarinnar er áætlaður 25 ár. Talið er að stöðin þurfi mikla endurnýjun innan 3-5 ára. Staðsetning Funa er nokkuð umdeild á meðal íbúa vegna loft- og sjónmengunar. Ekki hefur verið gerð úttekt á mögulegri staðsetningu nýrrar sorpbrennslustöðvar.

Markmið

Tryggja ásættanlega meðhöndlun sorps í sveitarfélaginu. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins í sorpmálum, þ.e. að:

- Fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins
- Öll umgengni um sorpförgunarsvæði og ásýnd þeirra verði til fyrirmyndar
- Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Um-hverfis-þættir	Leið I Sorpbrennsla í Engidal endurnýjuð		Leið II Sorpbrennsla byggð á nýjum stað		Leið III Urðun, endurnýting og endurnotkun í stað brennslu	
Atvinnulíf og þjónusta	+ -	Engidalur er miðsvæðis m.t.t. atvinnulífsins og er aðgengi fyrirtækja að sorpþjónustu því gott. Í Engidal er stundaður landbúnaður og getur nálægð við stöðina haft neikvæð áhrif ef mengunarvarnir eru ekki í lagi.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Sorpbrennslu yrði þó að öllum líkindum að byggja fjær þéttbýli en núverandi brennslustöð er. Við það myndi aðstæður í íbúðarbyggð batna en aðgengi notenda versna. Meta þyrfti hvort hægt yrði að nýta áfram umframorku til húshitunar eða annarra nota.	? -	Ekki eru góðar forsendur til að meta heildaráhrif og hagkvæmni þessarar leiðar og því er samanburður erfiður við aðra valkosti. Endurnýting og urðun eru talsvert dýrari kostir en brennsla, a.m.k. til skemmri tíma litið. Endurnýting og endurnotkun hafa jákvæð áhrif á ímynd svæðisins m.t.t. atvinnulífs en urðun neikvæðari áhrif.
Íbúaþróun	- +	Sjón- og loftmengun, sem stundum hefur lagt yfir byggðina, hefur vakið óánægju á meðal íbúa og líklega haft neikvæð áhrif á ímynd fjarðarins. Aðgengi er gott og viðurkennd sorpmeðhöndlun getur haft jákvæð	+	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Sorpbrennslu yrði þó að öllum líkindum að byggja fjær þéttbýli en núverandi brennslustöð er. Með heppilegri staðsetningu myndi mengun ekki leggja yfir byggðina	?	Erfitt er að meta áhrifin á íbúaþróun. Þau eru að miklu leyti háð áhrifum á náttúru og aðgengi að útivistarsvæðum.

Íbúaþróun. Framhald.	- +	áhrif á ímynd sveitarfélagsins. Með bættum búnaði má því draga verulega úr neikvæðum áhrifum.	+	með sama hætti og fyrr. Lífsgæði íbúa velta einnig á aðgengi að náttúrulegu umhverfi og útivist, sbr. umfjöllun hér að neðan.	?	
Náttúra og landslag	0	Lítil breyting. Við brennslu myndast ryk og loftmengun. Á móti kemur að ekki þarf mikið landrými til meðhöndlunar úrgangs og orkuna má nýta til húshitunar. Nýting orkunnar samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	- ?	Ekki eru góðar forsendur til að meta heildarumhverfisáhrif þessarar leiðar og bera mismunandi leiðir saman. Við brennslu myndast ryk og loftmengun. Á móti kemur að ekki þarf mikið landrými til meðhöndlunar úrgangs. Bygging nýrrar stöðvar felur í sér rask á umhverfinu og e.t.v. nýtt landbrot.	- ?	Ekki eru góðar forsendur til að meta heildarumhverfisáhrif þessarar leiðar og bera mismunandi leiðir saman. Aukin endurnýting og endurvinnsla er æskileg en miklir flutningar út af svæðinu eru kostnaðarsamir og valda loftmengun. Loftmengun vegna brennslu verður hins vegar úr sögunni. Nýr urðunarstaður krefst meira landrýmis en brennslustöð. Endurnýting og endurnotkun stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda.
Menningar-minjar	-	Á Kirkjubóli var kirkjustaður en flestar minjar á svæðinu hafa þegar verið eyðilagðar. Kirkjubólsmálið er eitt þekktasta galdramál 17. aldar.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því er erfitt að meta áhrifin.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því er erfitt að meta áhrifin.
Samgöngur og öryggi	+	Stærstur hluti sorps myndast í Skutulsfirði og nágrenni, þannig að flytja þarf sorp tiltöluleg stutta vegalengd. Funi er á þekktu snjóflóðahættusvæði, en með tilkomu varnargarðs er áhættan talin ásættanleg fyrir starfsemina. Röskun getur þó orðið á starfseminni við ákveðnar aðstæður.	- ?	Sorpbrennsla yrði líklega byggð fjær þéttbýli en núverandi brennslustöð. Aðgengi myndi því versna og öryggi hugsanlega minnka með aukinni vegalend fyrir notendur.	- ?	Urðunarstaður yrði líklega staðsettur fjær þéttbýli en núverandi brennslustöð. Aðgengi myndi því versna og öryggi hugsanlega minnka með aukinni vegalend frá notendum.
Útivist og félags- og velferðarmál	-	Sorpbrennslustöðin hefur neikvæð áhrif á frístundabúskap, kirkjugarð og almenna útivist í Engidal.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því er erfitt að meta áhrifin.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því er erfitt að meta áhrifin.

Útivist og félags- og velferðarmál. Framhald.	-		?	Nýtt landbrot er líklegt til að skerða útivistargildi viðkomandi svæðis, en á móti kemur að útivist í Engidal verður ákjósanlegri.	?	Nýtt landbrot er líklegt til að skerða útivistargildi viðkomandi svæðis, en á móti kemur að útivist í Engidal verður ákjósanlegri.

Niðurstaða

Talsverð óvissa er í þessu mati, þar sem ekki hefur farið fram úttekt á mögulegum stöðum fyrir nýjan urðunarstað eða nýja sorpbrennslu. Einnig skortir upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif og hagkvæmni endurnýtingar. Lausleg athugun hefur þó leitt í ljós að flutningur alls sorps á suðvesturhorn landsins, í samræmi við leið III, myndi fela í sér allt að 25% kostnaðarhækkun í þessum málaflokki. Helsti ókosturinn við leið I eru neikvæð áhrif á útivist og mengun sem berst yfir Ísafjörð frá Funa, en það má laga með bættum búnaði. Með byggingu nýrrar brennslustöðvar, yrði innleiddur betri tæknibúnaður til sorpbrennslu og má því draga úr mengun, sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Nýbygging á nýjum stað myndi valda raski og e.t.v. þyrfti að ráðast í nýtt landbrot, en hins vegar myndi útivistarsvæðið í Engidal verða eftirsóknarverðara. Urðun myndi einnig auka gildi Engidals en jafnframt valda umhverfisáhrifum og nýju landbroti. Almennt er urðun þó óæskilegri en brennsla, ef ekki kemur til endurnýting. Endurnýting og endurnotkun er æskileg og í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Valkostur I, áframhaldandi rekstur Funa með endurnýjuðum tækjakosti og aukinni endurnýtingu og endurnotkun, er ákjósanlegasti valkosturinn miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir.

Urðunarstaður fyrir óbrennanlegt sorp

Urðunarstaður við Klofning á Flateyri, á vegum Funa, hefur starfsleyfi og heimilt er að urða allt að 1.000 tonn af almennum óbrennanlegum úrgangi á ári. Starfsleyfið sem tekur til fyrsta áfanga, eða um 10.000 m² svæðis, var gefið út í febrúar 2007 og gildir til 1. júlí 2009. Í forathugun vegna sorpeyðingar árið 1990 var skoðuð hagkvæmni sorpurðunar og sorpbrennslu, auk mögulegrar staðsetningar fyrir urðun. Svæðin sem helst voru talin koma til greina voru Arnardalur, Bolungarvík og Önundarfjörður. Í kjölfarið var gert frummat á umhverfisáhrifum urðunarstaðar við Klofning í Önundarfirði, en svæðið hafði verið nýtt sem slíkt til margra ára. Skipulagsstjóri ríkisins úrskurðaði um matið 9. október 1995.

Markmið

Tryggja ásættanlega meðhöndlun sorps í sveitarfélaginu. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins í sorpmálum, þ.e. að:

- Fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins
- Öll umgengni um sorpförgunarsvæði og ásýnd þeirra verði til fyrirmyndar
- Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Umhverfisþættir	Leið I Urðun á Klofningi		Leið II Urðun á nýjum stað í sveitarfélaginu		Leið III Urðun á nýjum stað utan sveitarfélagsins	
Atvinnulíf og þjónusta	+ -	Svæðið er miðsvæðis og þjónustar stóran hluta Vestfjarða. Fyrirtæki á Flateyri verða hugsanlega fyrir neikvæðum áhrifum vegna nálægðar við urðunarstaðinn.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Lengri flutningsvegalengd leiðir til aukins rekstrarkostnaðar.	-	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Lengri flutningsvegalengd leiðir til aukins rekstrarkostnaðar. Þessi valkostur yrði því líklega dýrari en hinir tveir.
Íbúaþróun	-	Íbúar á Flateyri hafa verið óánægðir með urðun á Klofningi, einkum vegna rusls á víðavangi og sjónmengunar á útivistarsvæðinu og nálægðar við vatnsverndarsvæði. Þetta getur haft neikvæð áhrif á ímynd svæðisins og þar með val fólks um búsetu.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Gerð yrði krafa um að nýr staður spilli ekki náttúruverðmætum og útivistarsvæðum.	0	Lítil áhrif en hugsanlega skert þjónusta.

Náttúra og landslag	0	Urðun fer fram á þegar röskuðu svæði. Svæðið er ekki sérstætt m.t.t. náttúrufars, en óheppilegt er hve nálægt það er byggð á Flateyri. Einnig þarf að skoða hugsanleg áhrif fokrusls á vatnsverndarsvæðið ofan urðunarstaðarins.	? -	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Nýr staður myndi líklega fela í sér nýtt landbrot.	? -	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar. Nýr staður myndi líklega fela í sér nýtt landbrot, utan sveitarfélagsins.
Menningar-minjar	0	Urðunarstaðurinn hefur ekki áhrif á menningarminjar.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því ekki hægt að meta áhrifin.	?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því ekki hægt að meta áhrifin.
Samgöngur og öryggi	0	Flytja þarf mestan hluta sorpsins frá Skutulsfirði. Vegna snjóflóðahættu er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum eða urðun brotajárns. Ekki er mikil umferð bíla vegna starfseminnar.	? -	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því ekki hægt að meta áhrifin. Sorpurðun rúmast ekki í Skutulsfirði og yrði starfsemin tæpast nær en í valkosti I. Aðgengi versnar og öryggi minnkar með aukinni vegalend frá notendum.	? -	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því ekki hægt að meta áhrifin. Sorpurðun yrði líklega fjær Skutulsfirði en í valkosti I og II. Aðgengi myndi því versna og öryggi hugsanlega minnka með aukinni vegalend frá notendum.
Útivist og félags- og velferðarmál	- -	Urðun á Klofningi hefur neikvæð áhrif á útivist íbúa á Flateyri. Svæðið er nálægt skógræktarsvæði.	+ - ?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því er erfitt að meta áhrifin. Nýtt landbrot er líklegt til að skerða útivistargildi viðkomandi svæðis, en á móti kemur að útivist utan Flateyrar verður ákjósanlegri.	+ - ?	Ekki er tekin afstaða til nýrrar staðsetningar og því er erfitt að meta áhrifin. Nýtt landbrot er líklegt til að skerða útivistargildi viðkomandi svæðis, utan sveitarfélagsins, en á móti kemur að útivist við Klofning verður ákjósanlegri.

Niðurstaða

Ekki voru metnir mismunandi staðsetningarkostir í umhverfismatinu. Ljóst er þó að erfitt er að finna hentuga staðsetningu fyrir nýjan urðunarstað, miðað við þær forsendur sem liggja fyrir. Jafnframt er ljóst að urðun á nýjum stað mun hafa talsverð áhrif á umhverfið og jafnvel raska óbrotnu landi. Ráðast þarf í nánari staðarvalsgreiningu, eigi að finna mögulega urðunarstaði sem hentað geta betur en Klofningur. Urðunarstaðurinn við Klofning er staðsettur miðsvæðis og því er þjónusta nokkuð hagkvæm m.t.t. staðsetningar. Ókostir urðunar við Klofning felast einkum í nálægð við þéttbýli, en ákvörðun um nýtingu svæðisins var á sínum tíma tekin eftir mat á mismunandi valkostum og umhverfismat. Niðurstaðan hér er sú að valkostur I, áframhaldandi urðun við Klofning, sé heppilegasti kosturinn. Rík áhersla er þó lögð á það að umgengni við svæðið verði bætt, þannig að neikvæð áhrif á íbúa og aðra gesti í nágrenni svæðisins verði lágmörkuð eins og kostur er. Með aukinni endurnýtingu og endurnotkun mun urðun óbrennanlegs úrgangs verða lágmörkuð eins og kostur er.

3.5. Útivist

Eins og fram kemur í kafla 10 um útivist, opin svæði og íþróttir, í greinargerð aðalskipulagsins, þá eru möguleikar til útivistar og íþrótta í sveitarfélaginu almennt góðir vegna nálægðar við náttúru og menningarminjar. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar og íþrótta m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, m.a. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar. Í aðalskipulaginu er reynt að hámarka þennan ávinning og lögð er áhersla á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar, þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi. Þar eru því skoðaðir möguleikar á uppbyggingu fyrir aksturíþróttir.

Viðeigandi markmið eru sett fram með umhverfismatinu að neðan, en meginmarkmið m.t.t. útivistar eru eftirfarandi, sbr. kafla 10:

- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar
- Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþrótta- og tómstundastarfa
- Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru, og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi efld
- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri, öruggri og fjölbreyttri íþróttaiðkun með góðri aðstöðu
- Opin svæði með góðri íþróttaaðstöðu verði í tengslum við öll hverfi bæjarfélagsins
- Í öllum hverfum sveitarfélagsins verði leiksvæði sem stuðli að góðri hreyfingu og útivist
- Leitast skal við að varðveita náttúrulegt umhverfi sem leiksvæði við íbúðahverfi
- Vernda skal og viðhalda skrúðgörðum
- Bæta skal umgengni og viðhald á grænum svæðum
- Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis

Svæði fyrir akstursíþróttir

Engin aðstaða er fyrir akstursíþróttir í Ísafjarðarbæ en aukinn áhugi er fyrir slíkum íþróttum, einkum mótorkrossi. Nokkuð er um að áhugamenn nýti óskipulögð svæði á heiðum fyrir æfingar, en hætta er mikil á náttúruspjöllum og árekstrum við aðra útivist.

Markmið

Byggja upp aðstöðu fyrir akstursíþróttir í sveitarfélaginu. Þetta er í samræmi við markmið aðalskipulagsins í útivistarmálum, þ.e. að:

- Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþrótta- og tómstundastarfa
- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri, öruggri og fjölbreyttri íþróttaiðkun með góðri aðstöðu
- Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis

Umhverfismat valkosta

Valkostir / Um-hverfis-þættir	Leið I Engin aðstaða		Leið II Náma í Dagverðardal		Leið III Austmannafjallsnáma		Leið IV Breiðadalsheiði	
Atvinnulíf og þjónusta	0	Skortur á aðstöðu fyrir akstursíþróttir hefur lítil áhrif.	+	Góð aðstaða fyrir akstursíþróttir getur skapað möguleika fyrir nýja þjónustu.	+	Góð aðstaða fyrir akstursíþróttir getur skapað möguleika fyrir nýja þjónustu.	+	Góð aðstaða fyrir akstursíþróttir getur skapað möguleika fyrir nýja þjónustu.
Íbúaþróun	0	Skortur á aðstöðu fyrir akstursíþróttir hefur lítil áhrif.	+ -	Fjölbreytni í afþreyingu getur haft jákvæð áhrif á íbúaþróun. Nálægð við íbúðarbyggð getur haft neikvæð áhrif vegna ónæðis.	+	Fjölbreytni í afþreyingu getur haft jákvæð áhrif á íbúaþróun.	+	Fjölbreytni í afþreyingu getur haft jákvæð áhrif á íbúaþróun.
Náttúra og landslag	- -	Akstursíþróttir utan skipulagðra svæða geta valdið verulegum skaða.	+	Með því að færa akstursíþróttir í umbylt land, þá minnkar álagið á náttúruna. Ekki þarf að leggja nýjan veg að svæðinu.	+	Með því að færa akstursíþróttir í umbylt land, þá minnkar álagið á náttúruna. Ekki þarf að leggja nýjan veg að svæðinu.	- -	Svæðið er á náttúruminjaskrá og einnig vatnsverndarsvæði. Líklegast yrði um nýtt landbrot að ræða, en þó þarf ekki að leggja nýjan veg að svæðinu.

Menningar-minjar	- ?	Engin trygging er fyrir því að fornminjum verði hlíft.	0	Engar fornminjar, landið er verulega umbylt.	0	Engar fornminjar, landið er verulega umbylt.	?	Engar þekktar fornminjar. Möguleiki á því að hlífa hugsanlegum minjum.
Samgöngur og öryggi	-	Getur haft neikvæð áhrif ef akstur fer fram á vegum eða gönguleiðum.	+ -	Örugg aðkoma að svæðinu. Árekstrar geta orðið á milli akstursíþróttaiðkenda og gangandi og ríðandi fólks.	+ + -	Örugg aðkoma að svæðinu. Vel aðgengilegt frá flestum kjörnum sveitarfélagsins. Árekstrar geta orðið á milli akstursíþróttaiðkenda og gangandi og ríðandi fólks, því göngu- og reiðleið liggur hjá svæðinu.	+ + -	Örugg aðkoma að svæðinu. Vel aðgengilegt frá flestum kjörnum sveitarfélagsins. Árekstrar geta orðið á milli akstursíþróttaiðkenda og gangandi og ríðandi fólks, því svæðið er vinsælt útivistarsvæði með mörgum göngu- og reiðleiðum.
Útivist og félags- og velferðarmál	-	Eykur ekki fjölbreytni í útivist og hvetur því ekki til útivistar af þessu tagi. Líklegt er að árekstrar verði við aðrar greinar.	-	Svæðið hefur mikla möguleika til fjölbreyttrar útivistar og er í mikilli nálægð við byggð. Akstursíþróttir takmarka þessa möguleika.	+	Svæðið er í jaðri útivistarsvæðis, en næst því er skotæfingasvæði. Kostur að sameina sérhæfð útivistarsvæði sem valda nokkru ónæði. Líklegt til að auka fjölbreytni í útivist í sveitarfélaginu. Þessi leið samræmist stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	-	Svæðið er á vinsælu útivistarsvæði og getur það því valdið nokkru ónæði.

Niðurstaða

Áhugi fyrir akstursíþróttum fer vaxandi og því er líklegt að neikvæð áhrif aukist með tímanum, ef ekki er gerð viðunandi aðstaða fyrir þessa íþrótt. Leið IV hefur töluverð jákvæð áhrif, en er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á aðra útivist og verndargildi svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Leiðir II og III hafa jákvæðustu áhrifin og neikvæð áhrif eru ekki mikil. Svæðin eru á umbyltu landi með góðu aðgengi, svo ekki er þörf á nýju landbroti. Ókostir leiða II og III eru nálægð við göngu- og reiðleiðir, auk þess sem leið II getur takmarkað aðra útivistarmöguleika og gæti valdið ónæði í íbúðarbyggð. Leið III samræmist því best markmiðunum um fjölbreytta útivistarmöguleika fyrir alla, sem og verndarmarkmiðum skipulagsins.